allt

**AUÐUR EIR VILHJÁLMSDÓTTIR**

*Alsæl með nýja jeppann*

bílar ferðir

**Í MIÐJU BLAÐSINS**



**RAGNA FRÓÐA**

*Stendur fyrir veglegri tískusýningu*

nauðsynlegt að vera sýnilegur

**FÓLK 66**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. nóvember 2005 — 313. tölublað — 5. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


### Ógleymanleg stund



Valentína Björnsdóttir og Karl Eiríksson ættleiddu stúlkubarn frá Kína.

**HELGARVIÐTAL 34**

### Vonandi ekki á trúarflippi



Jón Gnarr hefur tekið saman pistlaskrif sín í bókinni Þankagangur. Þar kveður oftar en ekki við trúarlegan tón.

**VIÐTAL 38**

### Hægur í fasi en beittur í hugsun



Dagur Kári Pétursson kom, sá og sigraði á Edduverðlaunahátíðinni á sunnudag.

**MAÐUR VIKUNNAR 16**

### Roy Keane hættur hjá United



Írski harðjaxlinn Roy Keane yfirgaf herbúðir Manchester United mjög óvænt í gær eftir rúmlega tólf ára veru í Manchester. Engin skýring var gefin á þessu óvænta brotthvarfi Keane frá félaginu.

**ÍÞRÓTTIR 58**

### VEÐRIÐ Í DAG




**LOKSINS HLÝNAR NYRÐRA** Það verður hlýtt á landinu í dag. Víða væta, síst þó á Norðausturlandi. Hiti á bilinu 5-10 stig.

**VEÐUR 4**

# Kvótinn fluttur frá Akureyri

**Á tveimur síðustu fiskveiðiárum hafa Brim og Samherji leigt eða selt varanlega frá Akureyri um 22 þúsund þorskígildistonn. Forstjóri Brims segir Ísland eina verstöð og fyrirtækin haldi ekki úti byggðastefnu.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Sjávarútvegsfyrirtækið Brim hf. á Akureyri hefur á tveimur árum selt frá sér liðlega sex þúsund þorskígildistonn.

Á sama tímabili leigðu Brim og Samherji hf. frá Akureyri samtals um sextán þúsund þorskígildistonn. Þar af leigði Samherji frá sér tæplega tíu þúsund en Brim rúmlega sex þúsund þorskígildistonn.

Stórtækust í kvótaútleigu auk Samherja og Brims eru Vinnslustöðin, HB Grandi og Skinney-Þinganes, en öll leigðu þau frá sér meira en þrjú þúsund þorskígildistonn á tímabilinu.

Þetta kemur fram í skriflegu svari sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar, þingmanns Samfylkingarinnar, sem lagt var fram fyrir helgina.

„Það er ljóst að sala aflaheimilda og leiga er að aukast og verðið hefur hækkað líka. Stóru tölurnar frá Akureyri vekja athygli mína. Þaðan hefur Brim endanlega selt sex þúsund tonn. Aflaheimildir sem nema um 22 þúsund þorskígildistonnum eru að minnsta kosti ekki nýttar á Akureyri,“ segir Jóhann.

„Það er nauðsynlegt að vita á hvaða hreyfingu aflaheimildirnar eru. Mönnum tekst með þessum braskaðferðum að halda uppi mjög háu verðlagi á aflaheimildum, bæði í sölu og leigu þeirra. Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum hefur til að mynda borið uppi sinn rekstur með því að leigja frá sér aflaheimildir á þessu verði. Ég tel einnig greinilegt að eigendur Brims séu að selja og leigja frá sér kvóta til að fjármagna kaupin á fyrirtækinu,“ segir Jóhann Ársælsson.

„Við lítum á Ísland sem eina verstöð. Það breytir ekki öllu fyrir okkur hvar skipin eru skráð. Það er ekki hægt fyrir útgerðarfyrirtæki að halda úti byggðastefnu. Samherji geymir til dæmis kvóta á Háberginu sem er skráð í Grindavík,“ segir Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims.

- jh / - saj



**BALDVIN ÞORSTEINSSON EA 10** Stóru útgerðarfélögin á Akureyri hafa leigt frá sér sextán þúsund tonn af kvóta á tveimur árum.



**MEÐ ANGIST Í AUGUM** Gærdagurinn var blóðugur í Írak. Í bænum Khanaqin létust að minnsta kosti áttatíu manns þegar sjálfsmorðsárásir voru gerðar í tveimur sjíamoskum og í Bagdad létust átta í árás uppreisnarmanna á hótel þar sem erlendir blaðamenn dvelja gjarnan. Þessi feðgin sluppu ómeidd en húsið þeirra gjöreyðilagðist eins og sjá má. Sjá síðu 2.

NORDICPHOTOS/AFP

Ungt fólk með iPod:

## Verður fyrir heyrnarskaða

**HEILSA** Erlendar rannsóknir benda til að heyrnarskaði sé orðinn algengur meðal ungmenna sem reglulega hlusta á tónlist í hljómflutningstækjum á borð við iPod og mp3-spilurum.

Hljóðstyrkur í mörgum slíkum tækjum getur náð 135 desibelum og algengt er að fólk hlusti á háum styrk. Jafnast það á við að standa við hliðina á þotuhreyfli. Reglur Vinnueftirlitsins kveða á um að sé hávaði á vinnustað meiri en 85 desibel skuli starfsmenn nota eyrnahlífar.

„Þetta hefur ekki verið mælt eða rannsakað hér á landi en ég er viss um að staðan hér er sú sama og í öðrum löndum,“ segir Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður Félags íslenskra háls-, nef- og eyrnalækna. „Hins vegar er ekki algengt að ungmenni komi í heyrnarpróf hérlendis og því ómögulegt að segja til um nokkuð. Þetta er mikilvægt að kanna en ég tel fullvíst að sömu vandamál séu hér og í öðrum löndum í kringum okkur.“

Samkvæmt dönskum rannsóknum þola eyru um fimm klukkustunda hlustun á hæsta styrk á mp3-spilurum á einni viku án þess að heyrn skaðist. Mörg ungmenni hlusta hins vegar lengur en fimm tíma hvern einasta dag.

- aöe

Aldraðir, atvinnulausir og öryrkjar fá um 26 þúsund krónur í næsta mánuði:

# Fá sömu eingreiðslu og aðrir

**KJARAMÁL** Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í gær að öryrkjar, ellilífeyrisþegar og atvinnulausir fengju um 26 þúsund króna eingreiðslu í desember líkt og um samdist á almenna vinnumarkaðnum fyrr í vikunni.

Eingreiðslan reiknast sem álag á tekjutryggingu og er miðað við að hún komi til útborgunar 1. desember næstkomandi.

„Þetta er allt að sjö hundruð milljónir króna í heildina tekið,“ segir Árni Mathiesen fjármálaráðherra.

Öryrkjabandalag Íslands fagnar því að öryrkjar, ellilífeyrisþegar og fólk á atvinnuleysisskrá fái eingreiðslu í samræmi við það sem um var samið á almennum vinnumarkaði.

Um leið lýsir Öryrkjabandalagið fullum vilja til samráðs við stjórnvöld um málefni fatlaðra og æskir þess að fulltrúar heildarsamtaka þeirra fái aðild að fyrirhuguðu nefndarstarfi um breytingar á örorkumati.

„Mér finnst það gott að ríkisstjórnin skuli hafa munað eftir öldruðum í tengslum við þetta uppgjör,“ segir Borgþór Kærnested, framkvæmdastjóri Landssambands eldri borgara.

- jh



**ÁRNI MATHIESEN** Fjármálaráðherra.



**BORGÞÓR KÆRNESTED** Framkvæmdastjóri eldri borgara.



**SIGURSTEINN MÁSSON** Formaður Öryrkjabandalagsins.

SÞ boðið til Guantanamo:

## Féllust ekki á skilmálana

**GENF, AP** Starfsmenn Sameinuðu þjóðanna hafa hafnað boði Bandaríkjastjórnar um að heimsækja herstöðina í Guantanamo á Kúbu þar sem grunuðum hermdarverkamönnum er haldið án ákæru.

Stjórnin setti SÞ skilmála um að starfsmenn samtakanna töluðu við fangana í viðurvist bandarískra leyniþjónustumanna en á það var ekki hægt að fallast. Aðeins starfsmenn Rauða krossins fá slíkan aðgang en viðræður þeirra við fangana eru trúnaðarmál. Opinber skýrsla hefði aftur á móti verið gefin út um viðtöl starfsmanna SÞ við fangana. ■






## SPURNING DAGSINS

*Helgi, eru menn farnir að tala tungum í Orkuveitunni?*

„Já, þó orka og hiti séu alþjóðleg fyrirbæri látum við ekki undir höfuð leggjast að læra svo sem fjögur eða fimm tungumál. Vefsíða Orkuveitunnar hefur verið þýdd á ensku, pólsku, taílensku og víetnömsku.“

Helgi Pétursson er upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar.

Sjálfsmorðsárásir í bænum Khanaqin í Írak kosta í það minnsta áttatíu mannslíf:

# Moskurnar vettvangur blóðbaðsins

**BAGDAD, AP** Sjálfsmorðssprengjumenn létu til skarar skríða í tveimur moskum í Írak í gær með þeim afleiðingum að í það minnsta áttatíu manns létu lífið. Þá var gerð bílsprengjuárás á hótel blaðamanna í Bagdad þar sem átta manns biðu bana.

Í þann mund sem síðdegisbænir voru að hefjast í tveimur stórum sjíamoskum í bænum Khanaqin, sem er í norðausturhluta landsins, sprengdu árásarmennirnir sprengjur sínar. „Þakið féll ofan á okkur og moskan var allt í einu full af látnu fólki,“ sagði Omar Saleh, 73 ára, þegar fréttamenn ræddu við hann á sjúkrabeði sínum en honum varð það til lífs að krjúpa við bænir þegar ósköpin dundu yfir. Auk þeirra áttatíu sem létust slösuðust 75 manns í árásunum.

Fyrr um daginn höfðu uppreisnarmenn gert tvöfalda bílsprengjuárás á Hamra-hótelið í Bagdad þar sem erlendir blaðamenn hafa bækistöðvar sínar. Ökumenn fyrri bifreiðarinnar sprengdu öryggisgirðingu fyrir framan hótelið en þeir sem óku síðari bílnum reyndu að komast að hótelinu en brak úr girðingunni varnaði þeim vegarins. Engu að síður sprengdu þeir bíl sinn í loft upp og fórust átta manns í árásinni. **- shg**



**AF HVERJU?** Þessari konu virðist hafa fallið allur ketill í eld við að sjá eyðilegginguna fyrir framan Hamra-hótelið í Bagdad þar sem erlendir blaðamenn hafast við. Átta mann fórust í þeirri árás. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ÞRÍR FLOKKSFORMENN.** Matthias Platzeck (SPD), Angela Merkel (CDU) og Edmund Stoiber (CSU) eftir undirritunina í gær. MYND/AP

Stjórnarsáttmáli undirritaður:

## Lokaáfangi fyrir kanslarakjör

**BERLÍN, AP** Leiðtogar flokkanna sem standa að hinni nýju samsteypustjórn í Þýskalandi undirrituðu formlega stjórnarsáttmálann í Berlín í gær. Þar með var síðasta formlega áfanganum náð áður en þingið kýs Angelu Merkel kanslara og „stóra samsteypa“ jafnaðarmanna og kristilegra demókrata tekur við völdum, rúmlega tveimur mánuðum eftir þingkosningar. Áður hafði sáttmálinn verið samþykktur á aukaflokksþingum.

Áformað er að kosning kanslarans fari fram á Sambandsþinginu á þriðjudag. **- aa**

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

# Byrlaði fórnarlambi ólyfjan og nauðgaði

**Stefán H. Ófeigsson, 27 ára gamall Reykvíkingur, hefur verið dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir hrottafengna nauðgun í fyrrahaust. Stúlkan sem hann nauðgaði var þá átján ára. Grunur leikur á að hann hafi byrlað henni lyf.**

**DÓMSMÁL** Bæjarferð tveggja átján ára stúlkna síðustu helgina í nóvember í fyrra endaði með skelfingu þegar önnur þeirra varð fyrir svívirðilegri árás af hendi 27 ára gamals Reykvíkings, Stefáns H. Ófeigssonar.

Hann var á fimmtudag dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir að nauðga stúlkunni, en grunur leikur á að hann hafi byrlað henni einhvers konar nauðgunarlyf. Þá var hann dæmdur til að greiða stúlkunni 900 þúsund krónur í miskabætur og tæpar 590 þúsund krónur í sakarkostnað.

Dómurinn taldi framburð stúlkunnar trúverðugan og Stefáns að sama skapi ekki, en hann harðneitaði fyrir dómi að hafa átt við hana kynferðisleg samskipti. Hann þóttist hjá lögreglu geta fullyrt að hafa ekki laumað neinu í drykk stúlkunnar og vissi upp á hár hversu mikið hafði verið drukkið af hvítvíni sem hann bauð upp á, en bar fyrir sig minnisleysi sökum ölvunar um önnur atriði.

„Ég man ekki eftir þessu. Það er af leiðandi er illmögulegt fyrir mig að útiloka eitthvað,“ sagði hann þegar hann var spurður um hvort hann vildi kannast við að hafa haldið stúlkunni fastri og troðið fingri í endaþarm hennar þegar hún ætlaði að fara heim.

Vinkona stúlkunnar þurfti að fara fyrr þannig að hún varð ein eftir hjá Stefáni umrædda nótt. Hann höfðu vinkonurnar hitt þegar langt var liðið á nótt. Hann kynnti sig sem verkfræðing og bauð þeim heim í hvítvín.

Í dómnum kemur fram hvernig stúlkan brast í grát þegar hún þurfti að rifja upp hvernig hann í framhaldinu nauðgaði henni og setti lim sinn bæði í leggöng hennar og endaþarm. Þá kemur fram að minni hennar af atburðum er gloppótt og hún sýndi einkenni þess eftir árásina að vera undir áhrifum lyfja. Að kvöldi næsta dags sagði hún móður sinni frá því að hana grunaði að sér hefði verið nauðgað og fóru þær saman á neyðarmóttöku.

Í dómnum kemur fram að Stefán hafi ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi sem áhrif hefði getað haft á refsingu hans.

„Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess að brot ákærða var sérlega ruddafengið og gróft og einkenndist af einbeittum ásetningi. Þó svo brotaþoli gæfi ákærða skýrlega til kynna að hann meiddi hana og að kynferðislegt athæfi hans væri algerlega gegn hennar vilja skirrðist ákærði ekki við að beita brotaþola ofbeldi. Ákærði á sér engar málsbætur,“ segir í dómnum, en hann kváðu upp dómararnir Ingveldur Einarsdóttir, Páll Þorsteinsson og Símon Sigvaldason. **olikr@frettabladid.is**



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Dæmt var í máli ákæruvaldsins á hendur Stefáni Hjaltested Ófeigssyni í Héraðsdómi Reykjavíkur síðdegis síðasta fimmtudag. Hann var dæmdur í fangelsi og til að greiða stúlku sem hann nauðgaði bætur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**STEFAN H. OFEIGSSON** A sér engar málsbætur.



**KJARNORKUVÆÐAST** Íranskir klerkar í and-bandarískri kröfugöngu til stuðnings kjarnorkuáætlun Írans. MYND/AP

Kjarnorkueftirlit í Íran:

## Fundu gögn um kjarnavopn

**VÍNARBORG, AP** Alþjóða kjarnorkumálastofnunin (IAEA) upplýsti í gær að yfirvöld í Íran hefðu komist yfir svartamarkaðsgögn um umbúnað kjarnorkuvopnatæks úrans og erindrekar stofnunarinnar sögðu gögnin virðast vera hluta af leiðbeiningum um smíði kjarnaodda.

Háttsettur embættismaður Bandaríkjastjórnar sagði upplýsingarnar grafalvarlegar og erindrekar IAEA sögðust vænta þess að ráðamenn í Bandaríkjunum og Evrópu myndu nota þær til að knýja á um að íransstjórn yrði stefnt fyrir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fyrir meint brot á alþjóðasáttmálum um útbreiðslu kjarnavopna. **- aa**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Innbrot í skólana á Kjalarnesi**
Brotist var inn í grunnskóla og leikskóla á Kjalarnesi aðfaranótt föstudags. Báðir innbrotsþjófanna náðust. Annar þeirra var handtekinn er hann hafði kastað stórum steini í gegnum rúðu til að komast inn í skólann. Hann hafði fært muni úr skólanum í bíl sinn. Lagt var hald á bílinn og þýfi. Hinn var handtekinn í annarlegu ástandi í leikskólanum Bergi en hann kom tölvuskjá undan.

### HÆSTIRÉTTUR

**Hálfs árs fangelsi fyrir báða**
Hæstiréttur staðfesti á fimmtudag tvo dóma Héraðsdóms Reykjavíkur yfir tveimur mönnum sem báðir eiga sér nokkurn sakaferil. Báðir höfðu snemma árs verið dæmdir í hálfs árs fangelsi, annar fyrir að stela tölvum frá Bræðrunum Ormsson og hinn fyrir að aka bíl sviptur ökuréttindum.






Alfreð Þorsteinsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, hættir í stjórnmálum:

# Stýrir byggingu nýja spítalans

**STJÓRNMÁL** „Ég er ekki viss um að Sjálfstæðisflokkurinn muni ná meirihluta í borginni enda þótt hann komi vel út úr skoðanakönnunum í andránni. Ég er þeirrar skoðunar að Framsóknarflokkurinn eigi eftir að sækja í sig veðrið og fá einn til tvo borgarfulltrúa þegar kosið verður í vor. Þannig getur hann haft úrslitaáhrif á það hvers konar meirihluti verður myndaður,“ segir Alfreð Þorsteinsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins. Alfreð hefur ákveðið að draga sig út frá stjórnmálum.

Flokksbróðir Alfreðs, Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra, skipaði Alfreð í gær formann framkvæmdanefndar um byggingu hátæknisjúkrahúss. „Þetta verður full vinna í þessari nefnd. Undirbúningurinn hefst strax á næstu vikum og síðan tekur alvara lífsins við. Þetta er mikið verkefni því reiknað er með um fjörutíu milljörðum í þetta nýja sjúkrahús,“ segir Alfreð.

Alfreð mun sinna starfi borgarfulltrúa og forseta borgarstjórnar ásamt því að sitja í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur út kjörtímabilið. „Þá mun ég draga mig út úr borgarpólitíkinni. Það kemur einhvern tímann að því að menn hætta,“ segir Alfreð, sem hefur verið viðloðandi stjórnmál í yfir þrjátíu ár. **- saj**



**ALFREÐ ÞORSTEINSSON** Alfreð hefur ákveðið að draga sig út úr hringiðu stjórnmálanna í lok kjörtímabilsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**695**

~~1.495~~



**Aðventuljós**
5899631-33

**Tilboð**
aðventuljós
á **30%** afslætti
19. - 28. nóvember

# Jólin nálgast!

Ótrúlegt
**Úrval**
útiskreytinga



**1.995**

~~2.495~~



**Höggborvél, DWT**
550 W. Taska og borar fylgja.
5245280



**Jólaþorp m/ljósi**
2701398
**4.395**



Frábær til léttra verka

**Hleðsluskrúfvél, B&D**
3,6 V. 10 skrúfbitar fylgja.
5246002
**3.995**



**Kapalkefli**
10 m
6104835
Verð áður 990
**699**

**5.595**



**Jólatré með seríu**
Frábært á svalahandriðið
5899319



**Fjöltengi m/rofa**
6104819/28
**169**



**595**

**Verkfærataska**
5024700

# Er allt klárt?

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 18.11.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,84 | 62,14 |
| Sterlingspund | GBP | 105,89 | 106,41 |
| Evra | EUR | 72,21 | 72,61 |
| Dönsk króna | DKK | 9,684 | 9,74 |
| Norsk króna | NOK | 9,177 | 9,231 |
| Sænsk króna | SEK | 7,531 | 7,575 |
| Japanskt jen | JPY | 87,61 | 88,13 |
| SDR | XDR | 87,73 | 88,25 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**102,0777**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Réttur þrotabús var skertur með fjárnámi sem flýtt var með svikum:

# Lögmaður í hálfs árs fangelsi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur mildaði um tvo mánuði refsingu lögmanns, Sveins Skúlasonar, sem Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í ársbyrjun í átta mánaða fangelsi. Fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi yfir konu sem ákærð var með lögmanninum fyrir skilasvik var óbreyttur.

Konan og lögmaðurinn voru ákærð fyrir skilasvik með því að hafa gert fjárnám í fasteign sem var hluti af þrotabúi eiginmanns konunnar, á grundvelli tryggingavíxils upp á fimm milljónir króna. Krafa lögmannsins á hendur þeim hjónum var þó mun lægri.

Tvö fjárnám voru gerð í fasteigninni, annað að beiðni lögmannsins og hitt að beiðni þrotabúsins. Fjárnám lögmannsins og eiginkonu þrotamannsins hlaut forgang, en skiptastjóri þrotabúsins lagði svo í framhaldinu fram kæru vegna málsins. Bú mannsins var tekið til gjaldþrotaskipta árið 2000, en fjárnámsbeiðnirnar voru lagðar fram sumarið 2002.

Við rannsókn lögreglu á málinu árin 2003 og 2004 var meðal annars gerð húsleit á lögmannsstofu lögmannsins. Taldi Hæstiréttur ljóst að hann hefði vísvitandi hagrætt dagsetningum á víxli og greiðsluáskorun til að verða á undan annarri aðför í fasteign konunnar.




**HÆSTIRÉTTUR** Lögmaður verður að sitja af sér hálfs árs fangelsi vegna brota sem framin voru í starfi.

Refsing konunnar var skilorðsbundin í tvö ár. **- óká**

Tillaga í bæjarstjórn Ísafjarðar:

# Viðskiptum við Símann hætt

**BÆJARSTJÓRNARMÁL** Tillögu um að Ísafjarðabær láti af viðskiptum við Símann hefur verið vísað til atvinnumálanefndar og starfshóps um tölvumál. Magnús Reynir Guðmundsson, bæjarfulltrúi Frjálslyndra og óháðra, lagði tillöguna fram í bæjarstjórn í kjölfar þess að fimm konum var sagt upp störfum hjá Já, dótturfélagi Símans, og starfsemi fyrirtækisins hætt í bænum.

„Kanna á hvort raunhæft sé að slíta viðskiptunum og hvort sú ákvörðun verði til þess fallin að hagræða í símamálum sveitarfélagsins," segir Björn. **- óká**



**AMMANBÚAR REIÐIR** Fjölmenn mótmæli fóru fram í Amman í gær gegn hryðjuverkum og héldu göngumenn meðal annar á myndum af Abdullah konungi sínum. Al-Zarqawi hótaði í gær að drepa konung. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Abu Musab al-Zarqawi:

# Brúðkaupið ekki skotmark

**AMMAN, AP** Abu Musab al-Zarqawi, leiðtogi al-Kaída í Írak, sendi frá sér hljóðupptöku í gær þar sem hann lýsti því yfir að ekki hefði verið ætlunin að myrða gesti brúðkaupsveislu á Radisson SAS hótelinu í Amman 9. nóvember.

Mikil reiði greip um sig í Mið-Austurlöndum þegar sjálfsmorðsárásir voru gerðar á þrjú hótel í höfuðborg Jórdaníu sem kostuðu 59 mannslíf. Al-Zarqawi sagði að samtök sín réðust ekki viljandi á múslima. „Við elskum trúbræður okkar meira en okkur sjálfa," sagði hann á upptökunni.Hins vegar væri að vænta frekari árása á hótel og ferðamannastaði sem Vesturlandabúar sækja. ■

## NOREGUR

**Þrír handteknir á Ítalíu** Lögreglumenn í norsku víkingasveitinni tóku þátt í að taka höndum þrjá Alsíringa sem eru grunaðir um þátttöku í hryðjuverkastarfsemi. Að sögn Aftenposten hafa mennirnir búið í Noregi en voru handteknir á Ítalíu.

## DANMÖRK

**Rætt um aðstoðarborgarstjóra** Samningaviðræðurnar um embætti borgarstjóra í Kaupmannahöfn héldu áfram í gær. Ritt Bjerregaard, sem verður yfirborgarstjóri í Kaupmannahöfn, segir viðræðurnar snúast um hver fái eitt af embættum aðstoðarborgarstjóra. Líklegt þykir að frambjóðandi Einingarlistans verði fyrir valinu.

# Sviptur lífsviðurværinu

**Tryggingastofnun ríkisins hefur svipt alvarlega veikan MND-sjúkling lífsviðurværi sínu í þrjá mánuði og ætlar að draga tuttugu prósent af örorkubótum hans á næsta ári þar sem hann hefur tekið út lífeyrisrétt sinn. Framkvæmdastjóri hjá Tryggingastofnun ríkisins bendir honum á að leita til Félagsþjónustunnar.**

**ÖRORKUMÁL** Tryggingastofnun ríkisins hefur svipt alvarlega veikan MND-sjúkling, Val Höskuldsson, lífsviðurværi sínu í þrjá mánuði. Greiðslurnar féllu niður frá og með síðustu mánaðamótum og var honum tilkynnt það með ellefu daga fyrirvara. Tryggingastofnun rukkar Val enn fremur um tæpar 250 þúsund krónur frá og með áramótum og dregur þá tuttugu prósent af örorkubótunum mánaðarlega þar til skuldin er greidd.

Valur er 49 ára, heyrnarskertur og með vöðvahrörnunarsjúkdóminn MND. Hann hefur ekkert getað unnið í þrjú ár og veit ekki hversu langan tíma hann á eftir ólifaðan. Til að framfleyta sér hefur hann fengið 73 þúsund krónur á mánuði í greiðslur frá lífeyrissjóðnum sínum til viðbótar við þær 106 þúsund krónur sem hann hefur fengið frá Tryggingastofnun. Hann hefur því haft 179 þúsund krónur brúttó á mánuði og þannig hefur þetta verið frá 2004. Tryggingastofnun gerir athugasemd við þetta í fyrsta sinn núna.

„Ég greiddi í lífeyrissjóð í þrjátíu ár og auðvitað var það ætlað til elliáranna. Ef ég sleppi því að taka lífeyrinn út núna get ég ekki tekið hann út seinna því að MND-sjúkdómurinn sér til þess að ég verð ekki svo gamall. Flestir af vinum mínum í MND-félaginu fengu bara tvö til fjögur ár en ég vonast til að geta haldið upp á fimmtugsafmælið mitt á næsta ári," segir hann.

„Ég hef bent Tryggingastofnun á að ég þoli þetta áfall hvorki fjárhagslega né heilsufarslega en ekki fylgdu neinar leiðbeiningar um hvernig ég eigi að halda áfram að kaupa mat og borða, borga reikninga og húsaleigu enda stend ég gáttaður og dofinn og horfi á fjárhagslegan grunn tilveru minnar lagðan í rúst. Ekkert sem ég geri virðist geta bjargað því," segir Valur.

Valur óskaði eftir rökstuddum skýringum frá Tryggingastofnun og fékk greinargerð upp á þrjátíu síður sem hann kallar „lög og reglugerðafrumskóg". Hann hittir lögfræðing Öryrkjabandalagsins í næstu viku.

Ágúst Þór Sigurðsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðasviðs TR, segir að Valur sé líklega búinn með bótarétt sinn á þessu ári. Þá sé verið að fara yfir bótagreiðslurnar árið 2004 og hugsanlega fái Valur fljótlega nýtt bréf vegna þess, hafi hann fengið greiðslur úr lífeyrissjóði á því ári. Hann bendir Val og öðrum í svipaðri stöðu á að leita til Félagsþjónustunnar.

**ghs@frettabladid.is**



**SVIPTUR ÖRORKUBÓTUNUM** Valur Höskuldsson MND-sjúklingur hefur verið sviptur lífsviðurværinu frá Tryggingastofnun því að hann hefur fengið mánaðarlegar greiðslur úr lífeyrissjóðnum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA





*Mannvist*

Áður en allt verður kalt –

áður en neistinn
sem næst mér er falinn
deyr, og um dyragætt fnæsa
þeir hroki og hryssingur –

komdu nær mér! Hann kynni
að hrökkva í barm þér,
ljósta upp loga
sálarmegin:
samhug í skála
áður en allt verður kalt.

„Táknheimur ljóða Þorsteins frá Hamri hefur ævinlega verið stórbrotinn ... Þetta er ljóðabók í leit að öryggi og vissu í veröld sjálfbirgings og mannhroka."
*Skafti Þ. Halldórsson, Mbl.*

Edda
edda.is


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**MILD HELGI FRAMUNDAN**
Suðrænt loft hefur nú ýtt kalda veðrinu á brott sem hefur hangið yfir okkur að undanförnu. Helst er að sjá að milt verði í veðri um helgina en síðan fer heldur að halla undan fæti hvað hitann varðar og gæti farið svo að frostið heilsi á Vestfjörðum strax á mánudaginn. Tilvalið að galla sig upp og skreppa í göngutúr meðan færi gefst.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Fremur stíf suðaustanátt. Rigning í morgunsárið en síðar skúrir.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C heiðskírt | París | 9°C hálfskýjað | Alicante | 19°C léttskýjað |
| Osló | 3°C hálfskýjað | Berlín | 5°C hálfskýjað | Mílano | 12°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 2°C hálfskýjað | Frankfurt | 6°C alskýjað | New York | 8°C heiðskírt |
| Helsinki | 0°C léttskýjað | Madríd | 15°C léttskýjað | San Francisco | 24°C heiðskírt |
| London | 9°C hálfskýjað | Barcelona | 14°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 24°C léttskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



3 stk
Jólastjörnur
2 stórar ( rauð og hvít ) og 1 minni rauð
999

# Jólastjörnur...
## ...ómissandi um jólin



Gervijólatré
Verð-
sprengja

Verðdæmi

| | |
|---|---|
| 120sm | 1990 |
| 150sm | 2490 |
| 180sm | 3990 |
| 210sm | 5990 |



Alpafjóla 399

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind



## KJÖRKASSINN

*Ertu sáttur við frumvarp um bætta réttarstöðu samkynhneigðra?*

| | |
|---|---|
| Já | 70% |
| Nei | 30% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að byrja grunnvinnu fyrir Sundabraut að nýju?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Mikill gengishagnaður hjá FL Group og eignir í skráðum félögum 73 milljarðar:

# Hagnaðist um 6,5 milljarða

**VIÐSKIPTI** Mikill hagnaður af fjárfestingarstarfsemi einkennir níu mánaða uppgjör FL Group. Félagið hagnaðist um 6,5 milljarða króna eftir skatta á fyrstu níu mánuðum ársins.

Það sem liðið er af núverandi uppgjörstímabili hefur félagið hagnast um 4,3 milljarða af hlutabréfaeign sinni. Hagnaðurinn er óinnleystur.

Hannes Smárason, forstjóri FL Group, kveðst ánægður með niðurstöðu uppgjörsins. „Þetta er langbesta afkoma í sögu félagsins og endurspeglar árangurinn af þeim breytingum sem félagið hefur gengið í gegnum.“



**HANNES SMÁRASON** Afkoma FL Group einkennist af mikilli hækkun á gengi fjárfestinga félagsins.

Hann segir afkomu rekstrarfélaga í eigu FL Group, svo sem Icelandair, í samræmi við áætlanir og vel viðunandi í ljósi þess að eldsneytisverð hafi haldist hátt og gengi krónunar verið sterkt.

FL Group hefur tekið miklum breytingum og er nú fjárfestingarfélag með um 65 milljarða eigið fé. Heimilt var að greiða fyrir hluti í útboði félagsins með hlutabréfum í stærstu félögum í Kauphöll Íslands. Markaðsvirði eigna FL Group í skráðum félögum nemur ríflega 73 milljörðum króna. Þar af er markaðsvirði easyJet ríflega 21 milljarður og eignarhlutur í innlendum fjármálafyrirtækjum er 48 milljarðar að markaðsvirði. **- hh**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Rjúpnaskytta út í móa á jeppa**
Lögreglunni á Húsavík barst síðdegis í gær tilkynning frá vegfarendum skammt frá Kópaskeri um að rjúpnaskytta hefði farið um á jeppa sínum yfir girtar jarðir og jafnvel út í kjarr. Ekki kom lögreglan í tíma til að hafa hendur í hári skyttunnar en vitni eru næg, að sögn lögreglu, til að gefa út ákæru. Lögreglan á Húsavík segir aðfarirnar vítavert virðingarleysi við eigur annarra og náttúruna. Samkvæmt lögreglu er maðurinn að sunnan.

## TSJETSJENÍA

**Forsætisráðherrann í bílslysi**
Sergei Abramov, forsætisráðherra Tsjetsjeníu, slasaðist alvarlega í bílslysi í gær. Í fyrstu var talið að um hryðjuverk hefði verið að ræða en að sögn Interfax-fréttastofunnar leiddi rannsókn í ljós að aðgæsluleysi bílstjóra hefði verið orsök slyssins.


ANNÁLAÐUR SAGNAMEISTARI




Ótrúleg frásagnargáfa og leiftrandi kímni!

Örn Clausen, hæstaréttarlögmaður og fyrrum frjálsíþróttakappi, segir í þessari hressilegu bók sögur af ýmsum samferðamönnum, allt frá rónum upp í ráðherra - en að auki koma æðri máttarvöld við sögu.

Eyrún Ingadóttir tók saman.




Veröld BÓKAFORLAG

BRÆÐRABORGARSTÍG 9, SÍMI 414 1450
www.verold.is • verold@verold.is




**HÖFUÐSTÖÐVAR CIA Í LANGLEY** Porter Goss, forstjóri CIA, er handgenginn George W. Bush Bandaríkjaforseta. Hann hefur ekki lagt jafn mikla rækt við að viðhalda tengslunum við erlendar leyniþjónustustofnanir og George Tenet, forveri hans. NORDICPHOTOS/AFP

# CIA rekur net starfsstöðva um allan heim

**Bandaríska leyniþjónustan CIA rekur aðgerðastöðvar í ríflega tuttugu löndum um allan heim í samvinnu við ýmsar erlendar leyniþjónustustofnanir. Út frá stöðvunum eru grunaðir hryðjuverkamenn hremmdir og þeir fluttir á brott.**

**BANDARÍKIN** Undanfarin ár hefur bandaríska leyniþjónustan CIA myndað náin tengsl við erlendar leyniþjónustustofnanir og sett upp stöðvar í fjölda landa þaðan sem aðgerðum gegn grunuðum hryðjuverkamönnum er stýrt. Stöðvarnar tengjast ekki leynifangelsum sem talsvert hafa verið til umræðu að undanförnu.

Bandaríska dagblaðið Washington Post rekur í ítarlegri frétt hvernig CIA hefur á undanförnum árum komið sér upp nánum tengslum við leyniþjónustur helstu bandamanna Bandaríkjanna. Saman hafa þær sett á fót aðgerðastöðvar í rúmlega tuttugu löndum þaðan sem fylgst er með grunuðum hermdarverkamönnum og ákvarðanir teknar um hvort þeir skuli handteknir og yfirheyrðir.

Öryggissveitir viðkomandi lands sjá yfirleitt um sjálfar aðgerðirnar, þó undir dyggri handleiðslu starfsmanna CIA sem láta þeim í té búnað af ýmsu tagi og veita þeim gagnlegar ábendingar. Hinir handteknu eru svo jafnvel fluttir til annarra landa. Í greininni er fullyrt að yfir þrjú þúsund manns hafi verið handteknir með þessum hætti síðan 11. september 2001 og þá eru grunaðir hryðjuverkamenn sem teknir hafa verið í Írak ekki taldir með.

Þessi samvinna CIA og leyniþjónustustofananna hófst aftur á móti nokkru fyrr, eða um miðjan tíunda áratuginn, þegar herskáir múslimar frá Mið-Austurlöndum tóku að aðstoða trúbræður sína í Bosníu og Tsjetsjeníu. Eftir árásirnar 11. september voru hins vegar fjárframlögin til þessarar starfsemi aukin og fleiri vinveittum ríkjum bætt í hópinn.

Stöðvarnar er að finna í öllum heimshornum, einkum þó í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Suðaustur-Asíu. Sumar þeirra eru í ríkjum sem ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur gagnrýnt fyrir valdníðslu gegn þegnum sínum, til dæmis Úsbekistan og Indónesíu. Athygli vekur að höfuðstöðvar þessa starfsstöðvanets eru í París en Frakkar gagnrýndu Bandaríkjamenn mjög í aðdraganda innrásarinnar í Írak.

Washington Post segir aðgerðastöðvarnar alls ótengdar leynifangelsunum sem CIA rekur í átta löndum en þaðan hefur svonefndum fangaflugvélum verið flogið, meðal annars með viðkomu á Íslandi.

sveinng@frettabladid.is

Mjótt var á mununum í forsetakosningunum á Srí Lanka:

# Rajapakse var kjörinn forseti

**SRÍ LANKA, AP** Mahinda Rajapakse forsætisráðherra bar sigur úr býtum í forsetakosningunum sem fram fóru í landinu í fyrradag. Aðeins munaði tæpum tveimur prósentum á honum og helsta keppinauti hans.

Kosningarnar gengu prýðilega á suðvestanverðri eynni þar sem kjörsókn var um 75 prósent. Á henni norðvestanverðri, þar sem Tamílar eru þorri íbúa, var annað uppi á teningnum því Tamíltígrarnir svonefndu hvöttu fylgismenn sína til að sniðganga kosningarnar. Í borginni Jaffna neytti innan við eitt prósent kjósenda atkvæðisréttar síns.

Leikar fóru þannig að Rajapakse hlaut 50,29 prósent atkvæða og 48,38 prósent kjósenda merktu við Ranil Wickremeshinghe, oddvita stjórnarandstöðunnar, en



**SIGRINUM FAGNAÐ** Auk þess að gleðjast yfir kosningasigrinum fagnaði Mahinda Rajapakse sextugsafmæli sínu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

stuðningsmenn hafa farið fram á að kjörfundur verði endurtekinn norðvestanlands. Ellefu aðrir frambjóðendur deildu afgangnum með sér.

Rajapakse kvaðst í viðtölum við blaðamenn ánægður með sigurinn og hét því að friðarviðræður við Tamíla yrðu forgangsverkefni sitt. Hann útilokaði þó að þeir fengju að stofna sjálfstætt ríki.

Tígrarnir hafa undanfarna áratugi barist fyrir réttindum Tamíla, sem eru hindúar, í landi þar sem Sinhalar, sem aðhyllast búddisma, fara með völd. Borgarastyrjöldi geisaði lengi vel en vopnahlé komst svo á árið 2002. Talið er að 65.000 manns hafi látist í átökunum.

**- shg**



Landsins mesta úrval af leikföngum
Ertu búin að sjá leikfangablað Hagkaupa? Kíktu á blaðið á www.hagkaup.is. Yfir 500 tegundir af skemmtilegum leikföngum.
HAGKAUP LÆKKA VERÐ Á LEIKFÖNGUM
Fisher-Price
1.294 kr
verð áður 2.499 kr
ALLT AÐ 50% VERÐLÆKKUN
Barbie
1.999 kr
verð áður 2.799 kr
ALLT AÐ 30% VERÐLÆKKUN
BABY born
2.990 kr
verð áður 5.499 kr
45% VERÐLÆKKUN Á BABY BORN DÚKKU
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Porsche Carrera 4

Nýskr. 06.2005 3600cc, 320 hö, ekinn 55 þ. Með drifi á öllum



→9.200 þ.

bílaland B&L notaðir bílar

575 1230

Opið mán-fös 10 til 18 og lau 12 til 16

Grjóthálsi 1 bilaland.is




Svíi heimsótti al-Zarqawi og innti störf af hendi:

# Hannaði heimasíðu

**SVÍÞJÓÐ** Ungur Svíi sem grunaður er um þátttöku í hryðjuverkastarfsemi heimsótti hryðjuverkaforingjann Abu Musab al-Zarqawi í Írak, að því er breska dagblaðið The Times hermir. Svíinn er einnig grunaður um að hafa sett upp vefsíðu fyrir al-Zarqawi en á slíkum síðum lýsa samtök hans gjarnan ábyrgð á tilræðum sínum.



**ABU MUSAB AL-ZARQAWI** Svíinn Maximus er talinn hafa heimsótt hann.

Leyniþjónustumenn í Evrópu telja að al-Zarqawi hafi fengið unga múslima frá Evrópu til að mynda sellur í álfunni. Sænski músliminn, sem gengur undir nafninu Maximus, er talinn vera einn af þeim og að hann hafi verið í þjálfun til að gera sjálfsmorðssprengjuárás síðar.

Maximus er af bosnísku bergi brotinn en býr nú í vesturhluta Svíþjóðar. Hann var handtekinn í Sarajevó fyrir mánuði og kemur fyrir dómstóla fljótlega. Honum er gefið að sök að hafa undirbúið hermdarverk. - ghs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Vörubílstjóri meiddist** Ökumaður vöruflutningabíls slasaðist lítillega þegar bíll hans valt þar sem verið var að sturta vikri í Þorlákshöfn. Að sögn lögreglu á Selfossi var óskað aðstoðar skömmu fyrir klukkan fimm síðdegis í fyrradag, en maðurinn var fyrst fluttur á heilsugæsluna í Þorlákshöfn og svo á slysadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss í Fossvogi. Maðurinn reyndist þó minna slasaður en talið var í fyrstu.

## HEILBRIGÐISSTOFNUN

**Fékk loftdýnur að gjöf** Kvenfélag Selfoss hefur afhent Heilbrigðisstofnun Suðurlands tvær loftdýnur að gjöf en þess konar dýnur koma í veg fyrir legusár hjá langlegusjúklingum. Verðmæti gjafarinnar er tæpar 500 þúsund krónur.


# Brot

af því besta!





ENNEMM / SIA / NM18835

**Dunilin** gerir þér kleift að töfra fram glæsilega servíettuskreytingu í takt við tilefnið. Fjölbreytt litaúrval auðveldar þér að ná fram þeirri stemningu sem þú leitar eftir.

Í verslunum liggur frammi bæklingur frá Duni þar sem finna má fjölmargar hugmyndir að servíettubrotum og borðskreytingum.

Duni




**SÓLEYJARIMI Í REYKJAVÍK** Hópur Litháa starfar við byggingu fjölbýlishúss í Sóleyjarima. Verkalýðshreyfingin óttast að mennirnir séu á of lágum launum og ætlar að höfða mál fyrir Félagsdómi til að fá úr því skorið. Verður málið sent fyrir dóminn í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Mál Litháa í Félagsdóm

**Samiðn höfðar mál fyrir Félagsdómi og telur Litháa á of lágum launum. Þetta er í fyrsta mál starfsmanna erlendra starfsmannaleiga fyrir dóminum.**

**VINNUMARKAÐUR** Samiðn ætlar að höfða mál fyrir Félagsdómi til að fá upplýsingar um kjör hóps Litháa sem starfar við bygginguna fjölbýlishússins að Sóleyjarima 15 og 17 fyrir verktakafyrirtækið Sóleyjarbyggð. Samiðn telur að mennirnir, sem hafa komið hingað á vegum litháískrar starfsmannaleigu, séu á allt of lágum launum. Þetta er í fyrsta skipti sem mál vegna starfsmanna á vegum erlendrar starfsmannaleigu er sent fyrir Félagsdóm.

Finnbjörn Hermannsson, formaður Samiðnar, segir að allt að tólf Litháar hafi starfað hjá Sóleyjarbyggð mestallt þetta ár þó að í augnablikinu séu þeir bara átta, fjórir sem nú séu komnir í beint ráðningarsamband við fyrirtækið og fjórir sem enn séu hér á vegum starfsmannaleigunnar.

Talið er að mennirnir hafi verið látnir ganga í öll störf. Finnbjörn segir að Samiðn hafi reynt að komast að því á hvaða launum mennirnir séu en ekki hafi fengist óyggjandi upplýsingar um það. Svo virðist sem mennirnir séu á of lágum grunnlaunum og staðaruppbót. Verkalýðshreyfingunni sýnist þeir fá 400 krónur á tímann en eiga rétt á 988 krónum á tímann.

„Sóleyjarbyggð ber að standa við íslenska kjarasamninga eins og öllum öðrum. Þeir hafa allar upplýsingar um það á hvaða launum mennirnir eru þó að þeir skýli sér á bak við starfsmannaleiguna. Þeim ber að skila staðgreiðslu og halda tímaskýrslu. Þeir vita upp á hár á hvaða launum mennirnir eru,“ segir Finnbjörn.

Róbert Jón Jack rafvélavirkjameistari á Sóleyjarbyggð með bróður sínum Davíð. Hann segir Litháana vinna sem handlangara og vera á íslenskum taxta. Verkalýðshreyfingin hafi „fengið allar upplýsingar sem þeir þurfa og vilja“ en í síðasta bréfi frá verkalýðsfélaginu hafi fyrirtækinu verið hrósað fyrir að vera til sóma með aðstöðu og laun. ghs@frettabladid.is





# „Bráðlæsileg og spennandi“

Illugi Jökulsson / TALSTÖÐIN

JPV ÚTGÁFA www.jpv.is

„... rennileg og myndræn, vel stíluð og hárfínt jafnvægi ríkir milli skáldskapar og sagnfræði ... raunsæisleg og sannfærandi.“

Steinunn Inga Óttarsdóttir / MORGUNBLAÐIÐ

SAGAN UM JÖRUND HUNDADAGAKONUNG OG BYLTINGU HANS Á ÍSLANDI



# Helgartilboð!



VERÐ ÁÐUR 69.900,-

**44.900,-**

**„HONEY" BORÐ + 6 STÓLAR**

Glæsilegt borðstofuborð og stólar úr gegnheilum við
St. á borði 180 x 90 sm.




**JÓLASERÍUR Í MIKLU ÚRVALI**

| | |
|---|---|
| 20 ljósa innisería | 149,- |
| 50 ljósa innisería | 349,- |
| 100 ljósa innisería | 590,- |
| 50 ljósa útisería | 590,- |
| 100 ljósa útisería | 990,- |
| 160 ljósa grýlukerta útisería | 1.990,- |
| 200 ljósa útisería | 1.990,- |
| 400 ljósa útisería | 3.990,- |



SLÖNGUSERÍUR
METERINN ADEINS:

**159,-**



**„CHESTERFIELD" LEÐURSÓFASETT 3 + 1 + 1**

Glæsileg og klassísk „Chesterfield" sófasett. Vönduð og góð sófasett á frábæru verði! 3ja sæta st. 215 sm. Stóll st. 115 sm. Litir brúnn og rauður.

ALLT SETTIÐ 3 + 1 + 1
VERÐ ÁÐUR: 199.900,-

**169.900,-**



VERÐ ÁÐUR: 16.990,-

**9.990,-**

**„BREKI" SKRIFBORÐSSTÓLL**

Lúxus skrifborðsstóll með innbyggðri gaspumpu sem tryggir stiglausa hæðarstillingu. Leður á öllum slitflötum. Fæst í svörtu.



VERÐ ÁÐUR: 6.990,-

**4.990,-**

**„CHEF" SKRIFBORÐSSTÓLL**

Með innbyggðri gaspumpu sem tryggir stiglausa hæðarstillingu. Leður á öllum slitflötum. Fæst í svörtu.



VERÐ ÁÐUR: 5.990,-

**3.490,-**

**„VALENS" SKRIFBORÐSSTÓLL**

Léttur og þægilegur stóll með bláum og fjólubláum böndum í setu og baki. Stóll með gaspumpu.

-góð kaup

**RÚMFATA LAGERINN**

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is




Guðrún Eva Mínervudóttir

## Göfugar ástir og afkáralegar

Í gamalli lopaverksmiðju við Álafoss hefur óvenjulegt fjölleikahús búið um sig. Miklar sögur fara af þeirri dularfullu starfsemi sem þar fer fram og sum atriðin hljóma líkt og kraftaverk. Miðaldra doktor er sendur á vettvang að rannsaka málið ...

Metnaðarfyllsta skáldverk Guðrúnar Evu Mínervudóttur til þessa, kraftmikil skáldsaga um sársauka og mannlegt eðli, göfugar ástir og afkáralegar, meðfædda hæfileika og áunna – saga um það hvernig menn rækta þær guðsgjafir sem þeim eru gefnar.

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


# Heilbrigðisstarfsfólk í Nikaragva farið í verkfall:

# Sjúkrahúsin lömuð

**NÍKARAGVA** Um tuttugu þúsund heilsugæslustarfsmenn í Níkaragva lögðu niður störf í gær til að leggja áherslu á kröfur sínar um hærri laun og betri tækjabúnað á spítölum og heilsugæslustöðvum landsins.

Krefjast læknar allt að 140 prósenta launahækkunar en venjubundin mánaðarlaun þeirra eru um 28 þúsund íslenskar krónur. Hjúkrunarfólk og annað starfsfólk heilsugæslunnar krefst einnig umtalsverðra launahækkana.

Þá eru kröfur gerðar um bættan tækjabúnað á spítölum, sem margir hverjir eru aðeins búnir einföldustu tækjum sem völ er á.

**- aöe**


**SLÆMAR AÐSTÆÐUR** Sumir spítala í Níkaragva eru undir beru lofti og tæki og tól af skornum skammti. NORDICPHOTOS/AFP


**RÆKJUVINNSLA** Engin grunnsjávarrækja mun fara til vinnslu í vetur þar sem síðustu grunnslóð hefur verið lokað.

# Síðasta rækjufirðinum lokað

**Rækja verður ekki veidd í Arnarfirði í vetur. Þar með verður engin rækjuveiði á grunnslóð. Útgerðarmaður segir ástandið svart í Bíldudal.**

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** „Oft hefur útlitið verið dökkt á Bíldudal en aldrei sem nú,“ segir Snæbjörn Árnason, útgerðarmaður á Bíldudal, en Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til að rækjuveiðar verði ekki leyfðar í Arnarfirði í vetur. Þar með verður engin rækjuveiði stunduð lengur á grunnslóð.

Hafrannsóknastofnunin stendur fyrir verkefni í Arnarfirði sem stuðlar að því að vernda rækjustofninn með því að ala þorskinn í firðinum á loðnu. „Við byrjuðum á þessu verkefni síðasta vor þannig að þorskurinn hafði allan veturinn til að gæða sér á rækjunum og svo höfum við ekki náð nægilega til þorsksins á dýpri svæðum í firðinum. Eins og staðan er náum við aðeins til eins tíunda af þorskinum í firðinum svo þar er heilmikið sem sleppur inn fjörðinn og í rækjuna,“ segir Björn Björnsson hjá Hafrannsóknastofnuninni en hann hefur umsjón með verkefninu.


**BJÖRN BJÖRNSSON VIÐ HAFRANNSÓKNARVERKEFNI Í ARNARFIRÐI.**

Í fréttum Svæðisútvarps Vestfjarða sagði Unnur Skúladóttir, sérfræðingur á Hafrannsóknarstofnun, að mistök hefðu verið að auka rækjukvótann í Arnarfirði síðasta vor. Rækjustofninn væri hruninn eða mjög lítill á grunnslóð.

„Það var aðeins einn sjómaður hér sem vildi bæta við úthlutun hér á Bíldudal og sá er eins tengdur Hafrannsóknastofnuninni og sporður ýsunni,“ segir Snæbjörn. **jse@frettabladid.is**


NISSAN
PRIMERA
NISSAN
SKIPT_um stíl




EKKERT VENJULEGUR

Með nagladekkjum. Sjálfskiptur, cruise control og bakkmyndavél í lit.

Primera
Verðtilboð 2.090.000.-



Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Fíton / SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


# Níu mánaða uppgjör bæjarstjórnarinnar:

# Langtímaskuldir Hafnarfjarðar lækka

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Langtímaskuldir Hafnarfjarðar hafa lækkað um 1,5 milljarða króna samkvæmt níu mánaða uppgjöri sem lagt var fram í bæjarráði í vikunni.

„Niðurstöðurnar eru jákvæðar fyrir bæjarfélagið og gefa fyrirheit um góða afkomu bæjarins,“ segir í tilkynningu, en fyrstu níu mánuði ársins er 683 milljóna króna afgangur af rekstri bæjarins, en það er sagt umtalsvert betri árangur en áætlanir gerðu ráð fyrir. „Bætt afkoma ásamt auknum fjármunum af þeirri umfangsmiklu uppbyggingu sem á sér stað í Hafnarfirði og endurskipulagning langtímalána hefur skapað svigrúm til verulegrar niðurgreiðslu þeirra.“


**LÚÐVÍK GEIRSSON BÆJARSTJÓRI** Bæjarstjóri Hafnarfjarðar er að vonum ánægður með góða afkomu bæjarins.

Afkoman er sögð fylgja í kjölfar góðs árangurs síðasta árs í rekstri bæjarins og ráð fyrir því gert að afkoma bæjarins verði í lok árs jákvæð um rúman milljarð króna og yrði það þá í annað sinn í sögu sveitarfélagsins. **- óká**

# Nýjar dælur í Kópavogi!




Geir Sæmundsson, framkvæmdastjóri Atlantsolíu, Jökull Kristjánsson rekstraraðili bensínstöðvarinnar Kópavogi, Friðþjófur Friðþjófsson tæknideild Atlantsolíu, Hugi Hreiðarsson markaðsstjóri.

**-2kr**

**í dag Kópavogi**

Atlantsolía hefur tekið í notkun nýjar og fullkomnar bensíndælur á stöð sinni í Kópavogi. Hinar nýju dælur taka við öllum greiðslukortum auk þess sem viðskiptavinir geta greitt með peningum inni á bensínstöðinni.

Í tilefni nýju dælanna lækkum við verðið í dag laugardag um tvær krónur – frá klukkan 10.00 til 23:30.

**- Ávallt ódýr -**

hausverk / SÍA

ATLANTSOLIA

**Atlantsolía - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is**

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Mestu samgöngumannvirki á næstu áratugum.

## Sundabraut neðanjarðar

Skipulag og lega Sundabrautar er búin að vera lengi í undirbúningi, en þetta verður líklega ein mesta vegagerð sem ráðist verður í hér á landi á næstu áratugum. Þótt þessi samgöngumannvirki hafi lengi verið í undirbúningi er eins og fólk sé almennt nú fyrst að vaka til umhugsunar um legu og áhrif þessarar framkvæmdar, eða svo mátti skilja af fjölmennum fundi  sem efnt var til í Reykjavík um málið á fimmtudagskvöld.

Vegagerðarmenn, tæknimenn Reykjavíkurborgar og verkfræðingar og hönnuðir sem kallaðir hafa verið til samstarfs um Sundabraut eru búnir í mörg ár að velta þessu máli fyrir sér og leggja fram þrjá meginkosti varðandi brautina. Það er þá fyrst að nefna mikla brú utarlega yfir Kleppsvíkina, í öðru lagi að brúa Elliðavog, eða fara svokallaða innri leið, og í þriðja lagi hafa menn velt fyrir sér jarðgöngum, annað hvort alla leið úr Laugarnesi, undir Laugarás og Kleppsvík eða þá styttri göng aðeins undir Kleppsvík. Allir þessir kostir hafa eitthvað til síns ágætis og mismunandi mikla ókosti. Fulltrúar ríkis og borgar hafa lagt til að farin verði svokölluð innri leið, en þá yrði vogurinn brúaður á móts við Gelgjutanga og gerð eyja úti í miðjum voginum. Þetta er sú leið sem talin er ódýrust og gefa mesta arðsemi. Hefur hún verið nefnd Eyjalausn. Áætlaður kostnaður fyrir um þremur árum var 7,8 milljarðar króna og arðsemin áætluð fjórtán prósent. Komið hafa fram miklar efasemdarraddir um að brúa voginn og kemur þar margt til. Svo virðist því sem valið standi á milli þess að brúa voginn og gera göng þar undir.

*Þegar horft er fram á veginn virðist augljóst að langbesta lausnin í þessum efnum væri jarðgöng, annað hvort úr Kleppsvík eða Laugarnesi. Það mætti vel hugsa sér að gera þau í áföngum, svo sem með tveimur akbrautum til að byrja með og stutt jarðgöng aðeins undir Kleppsvíkina í fyrstu.*

Erfiðustu vandamálin varðandi þetta mikla samgöngumannvirki eru talin vera tengingin við land borgarmegin, og þar er að mörgu að hyggja, ekki síst íbúða- og atvinnuhverfunum í Vogunum. Þegar um svo mikið og dýrt mannvirki er að ræða þurfa menn að horfa til framtíðar en ekki láta kostnaðaráætlanir dagsins í dag villa sér sýn. Ef horft er fram á veginn virðist augljóst að langbesta lausnin í þessum efnum væri jarðgöng, annað hvort úr Kleppsvík eða Laugarnesi. Það mætti vel hugsa sér að gera þau í áföngum, svo sem með tveimur akbrautum til að byrja með og stutt jarðgöng aðeins undir Kleppsvíkina í fyrstu, en síðan yrðu þau lengd i vestur í átt að Kringlumýrarbraut og breikkuð eftir því sem umferðin á þessari leið ykist. Jarðlög á þessu svæði hafa ekki verið fullrannsökuð með tilliti til gangagerðar, en slíkt er forsenda fyrir því að menn geti metið þennan kost endanlega. Hér á landi er nú til staðar mikil reynsla af gerð jarðganga og alltaf bætist við hana. Jarðvísindamenn og verkfræðingar hafa á undanförnum árum öðlast dýrmæta reynslu við hönnun og gerð jarðganga og ætti hún að koma að góðum notum við Sundagöng.




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hvaða Jón?

Var Davíð Oddsson með Jón Ólafsson athafnamann í huga þegar hann fyrir nokkrum árum í ræðu á fimmtugsafmæli styrkjaskáldsins góða, Þórarins Eldjárns, vitnaði í ljóð hans „Jón Ólafsson slysast“ og lagði út af því? Jón athafnamaður og Einar Kárason höfundur ævisögu hans eru greinilega þeirrar skoðunar eins og lesa má um í nýútkominni Jónsbók.



Jón sagði í Kastljósi Sjónvarpsins  að Davíð hefði verið bitur í sinn garð í þessari ræðu; þá „heltekinn“ af nýlegum kaupum Jóns í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Þórarinn Eldjárn hafnar þessu. Hann er búinn að horfa á vídeóupptöku af ræðunni og segir í yfirlýsingu í Morgunblaðinu í gær að Davíð hafi bara verið að tala um Jón Indíafara sem uppi var á sautjándu öld. Þarna ber nokkuð á milli.

### Til varnar

Fleiri gamlir hirðmenn kveðja sér hljóðs í Mogganum í gær til varnar Davíð Oddssyni í kjölfar ævisögu Jóns athafnamanns. Hannes Hólmsteinn er hneykslaður á Einari Kárasyni fyrir að vitna í orð sín á kaffistofu Þjóðarbókhlöðunnar „án þess að biðja um leyfi“. Jamm. Baldur Hermannsson deilir á Jón fyrir að „grenja út samúð“ í sinn garð með „dylgjum og svigurmælum“ um hina og þessa. Jafnvel konungurinn sjálfur brást snöggt við á fimmtudaginn og vildi að það væri alveg á hreinu að hann hefði aldrei talað við Einar Kárason um Jón athafnamann eða „þessa bók“ eins og hann kemst að orði í tilkynningu sem birt var í  heiðursramma í Mogganum á fimmtudaginn.

### Góð fyrirmynd?

Þessi skrif eru út af fyrir sig upplífgandi í skammdeginu og bóksölu til framdráttar. En kannski ættu þeir sem kvarta yfir öðrum að líta í eigin barm. Baldur Hermannsson, leiðbeinandi um háttvísi í fjölmiðlum, mætti til dæmis rifja upp eftirfarandi texta úr Morgunblaðinu í apríl 1997 sem nafn hans sjálfs stendur undir: „Sannleikurinn er auðvitað sá, að framvinda tímans hefur leikið Árna Björnsson og hyski hans þannig, að hann stendur úti á berangri berrassaður og flengdur, ævistarf hans lítið að vöxtum, sálarlaust og flatneskjulegt, og hefði miklu betur verið unnið af öðrum mönnum.“

gm@frettabladid.is

## Aðhald og eyðsluklær

Í DAG
SVEITARSTJÓRNARMÁL
SVERRIR JAKOBSSON



Prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir komandi borgarstjórnarkosningar er nýlokið. Það sem einkenndi slaginn var ekki síst fjáraustur frambjóðenda sem eyddu milljónum til þess að hljóta hylli stuðningsmanna flokksins. Það lætur nærri að þeir sem kepptu um efsta sæti listans hafi eytt 10 milljónum hvor. Eyðslan var hins vegar ekki bundin við þá og dæmi eru um að frambjóðendur hafi eytt milljónum án þess að uppskera tiltakanlega hátt sæti á listanum.

Þessi eyðsla í prófkjörinu er athyglisverð fyrir margra hluta sakir. Fyrir kjósendur er hins vegar mikilvægast að hugleiða hversu vel hún fellur að yfirlýstri stefnu flokksins. Svo virðist nefnilega sem að helsta kosningamál sjálfstæðismanna í komandi kosningum sé - eins og jafnan þegar þeir eru í stjórnarandstöðu - að auka beri aðhald í rekstri borgarinnar. Þar sé allt í óefni en þeir muni snúa blaðinu við.

En er aðhalds von af fólki sem eyðir milljónum í prófkjörsbaráttu, meira að segja áður en eiginleg kosningabarátta er hafin? Við vitum að sjálfstæðismenn þreytast ekki á að halda því fram að fólk fari jafnan betur með eigin peninga en fjármuni annarra, t.d. skattgreiðenda. Í ljósi þess hversu miklar eyðsluklær þeir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Gísli Marteinn Baldursson og aðrir frambjóðendur í prófkjöri flokksins reyndust vera þegar kom að því að verja eigin fé til að kaupa sér sæti á listanum mætti ætla að þeir verði allt annað en aðhaldssamir á peninga skattgreiðenda. En það er kannski hótfyndni að taka sjálfstæðismenn alvarlega eða halda að þeir meini það sem þeir segja kjósendum á tyllidögum.

Þegar nánar er athugað snúast stefnumál Sjálfstæðisflokksins nefnilega um allt annað en aðhaldssemi. Það er t.d. farin af stað áberandi síbylja af þeirra hálfu um að rekstur almenningssamgangna sé að sliga borgarbúa og því eigi að fækka ferðum og leggja niður leiðir. Afleiðingin af því verður auðvitað ekki önnur en sú að borgarbúum verður gert erfiðara fyrir að velja samgöngumáta sem kostar þá rúmlega þrjú þúsund krónur á mánuði og þess í stað hvatt til notkunar einkabíla sem kosta um 50 til hundrað þúsund krónur á mánuði. Þetta er boðskapur sjálfstæðismanna til reykvískra heimila.

*Í eðli sínu snýst umhverfisstefna nefnilega um aðhald og skynsamlega nýtingu, bæði auðlinda og fjármuna. Markaðshyggjan snýst á hinn bóginn um neyslu og sóun.*

Góðar almenningssamgöngur draga verulega úr eyðslu lág- og meðaltekjuheimila, en þær eru líka hagkvæmar fyrir rekstur hins opinbera. Gegndarlaus fjölgun einkabíla kallar á byggingu og rekstur samgöngumannvirkja sem kosta skattgreiðendur langtum meira en að reka strætó. Það mun kosta jafn mikið að byggja fyrsta áfanga hinnar nýju Sundabrautar og að reka almenningssamgöngur á öllu höfuðborgarsvæðinu í fjögur ár. Og það er bara ein framkvæmd af mörgum sem aukinn umferðarþungi mun kalla á næstu árin. Auk Sundabrautar gætum við líka talað um nýja Hringbraut, mislæg gatnamót og alla stokkana sem þarf að byggja næstu árin, til þess eins að Reykjavík geti verið Houston Evrópu. Og hverjir vilja þetta? Hverjir aðrir en „vinir einkabílsins“ í Sjálfstæðisflokknum.

Þetta þarf auðvitað ekki að koma á óvart. Þeir sem er best treystandi til að sýna aðhald í samgöngumálum eru umhverfissinnar, ekki þeir sem aðhyllast markaðshyggju. Í eðli sínu snýst umhverfisstefna nefnilega um aðhald og skynsamlega nýtingu, bæði auðlinda og fjármuna. Markaðshyggjan snýst á hinn bóginn um neyslu og sóun.

Þess vegna eru stefnumál Sjálfstæðisflokksins ekki til þess fallin að auka aðhald eða hagkvæmni í rekstri. Þvert á móti munu þau leiða til meiri sóunar og eyðslu, þegar litið er á dæmið í heild. Hvað mun t.d. leiða af því ef helsta stefnumál Sjálfstæðisflokksins kemst til framkvæmda, sem er að efla einkarekstur í menntamálum. Hver er reynsla fólks af slíkum rekstri annars staðar? Staðreyndin er sú að hvarvetna þar sem slíku „tvöföldu kerfi“ hefur verið komið á fót eykst heildarkostnaður. Ef ekki af hálfu hins opinbera, þá af hálfu foreldra og heimila.

Enginn vafi er á því að von er á veglegri kosningabaráttu af hálfu Sjálfstæðisflokksins í vor. Þar verður ekkert til sparað. En þegar eyðsluklær Sjálfstæðisflokksins hefja sönginn um aðhaldssemi og sparnað í rekstri borgarinnar þá er ekki nóg að hlýða á orð þeirra. Þá verður að horfa bæði til verka þeirra og yfirlýstrar stefnu. Og þau benda í allt aðra átt. ■

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið
Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



# Allt á 20% afslætti

# Hönnunarhelgi

Opið í dag 10 til 16
og sunnudag 13 til 17



fhi innanhúsarkitektar verða í verslun okkar og aðstoða við efnisval í dag 13 - 16 og sunnudag 14 - 17





Þegar innrétta á fallegt heimili

**Egill Árnason hf**

Ármúli 8 - 108 Reykjavík
595 0500 - www.egillarnason.is





6.990
VERÐ ÁÐUR 7.990

NORTHBROOK SPORTS

NORTHBROOK **YOLANDA PARKA** Flott síð dömuúlpa fyrir veturinn. Stærðir: 36-44. Litur: svört og brún. Kr. **6.990**



3.990
VERÐ ÁÐUR 4.990

NORTHBROOK SPORTS

NORTHBROOK **WHAMMY JKT** Góð dömuúlpa með polyester fyllingu. Renndir vasar og hægt að taka hettu af. Stærð: 36-44. Litur: svört, rauð og brún. Kr. **3.990**

# VELKOMIN Í INTERSPORT

## frábær kaup um helgina

4.990

NIKE **TEAM FZ HOOD** Vönduð rennd hettupeysa á herra. Litir: brún, blá og rauð. Stærðir: S - XXL. Kr. **4.990** áður kr. **6.490**

MCKINLEY

5.990
VERÐ ÁÐUR 6.990

MCKINLEY **TAKOTNA** Góðir vetrarskór með multigrip sóla og thinslulate einangrun. Litur: brúnir. Stærðir: 38-46. Kr. **5.990**







adidas

4.990

ADIDAS **FEEL W C HOODIE** Góð bómullar dömupeysa. Litir rauð, græn og blá. Stærðir: 36-44. Kr. **4.990** áður kr. **6.490**

10.990
VERÐ ÁÐUR 12.990

NIKE **CL DOWN JKT** Flott og vönduð dúnúlpa á herra. Hægt er að renna hettu af. Litur: Grá. Stærðir: S-XXL. Kr. **10.990**

**100% ÖRYGGI**
við lofum þér lægra verði!

Við leggjum okkur 100% fram við að bjóða ávallt upp á lægsta verðið. Ef þú hefur keypt vöru í INTERSPORT og finnur sömu vöru á lægra verði í annarri verslun, þá **endurgreiðum** við þér mismuninn. Sýna þarf kassakvittun.

***Gildir í tvær vikur frá kaupdegi , gildir um allar vörur nema útsölu- eða tilboðsvörur.***

**Intersport Húsgagnahöll** SÍMI 585 7220 • Mán. - föstud. 10 -19 • Laugardaga 10 -18 • Sunnudaga 12 -18 • **Intersport Smáralind** SÍMI 585 7240 • Mán.




TOUCH9



TOUCH9



**4.990**

VERÐ ÁÐUR 6.490

**4.990**

VERÐ ÁÐUR 6.490

TOUCH9 **RACE SET JR** Gott vetrarsett á stráka með axlarbönd á buxum og polyester fyllingu. Stærð: 120-170. Litur: grænt, svart og blátt. Kr. **4.990**

TOUCH9 **LACEY SET JR** Gott vetrarsett á stúlkur með axlarbönd á buxum og polyester fyllingu. Stærðir: 120-170. Litur: Bleikt, rautt og svart. Kr. **4.990**

# INTERSPORT®

*Póstverslun*

**VIÐ SENDUM HVERT Á LAND SEM ER**



*Club Intersport, sjá nánar á www.intersport.is*

. - föstud.11 - 19 • Laugardaga 11 - 18 • Sunnudaga 13 - 18 • **Intersport Selfossi** SÍMI 480 7009 • Mán. - föstud. 09 - 21 • Laugardaga 10 - 21 • Sunnudaga 10 - 21






MAÐUR VIKUNNAR

# *Rólegur í fasi en beittur í hugsun*

DAGUR KÁRI PÉTURSSON LEIKSTJÓRI



Dagur Kári Pétursson leikstjóri kom, sá og sigraði á Edduverðlaunahátíðinni fyrir tæpri viku. Hann vann til fernraverðlauna fyrir mynd sína Voksne mennesker og er maður vikunnar að þessu sinni.

Dagur Kári fæddist hinn 12. desember árið 1973 í borginni Aix en Provence í suðurhluta Frakklands, þar sem foreldrar hans, Pétur Gunnarsson skáld og Hrafnhildur Ragnarsdóttir sálfræðingur, voru við nám. Þar bjó hann fyrstu tvö ár ævi sinnar þar til fjölskyldan flutti aftur heim til Íslands, en fjölskyldan fór þó alltaf reglulega aftur til Frakklands. Barnsskónum sleit hann að mestu í Hlíðunum, gekk í Hlíðaskóla og síðar Menntaskólann við Hamrahlíð. Unnusta hans er Helga Rakel Rafnsdóttir og saman eiga þau rúmlega árs gamla dóttur.

Dagur þótti einstaklega meðfærilegt barn og geðgott og listfengi hans kom snemma í ljós. Frá unga aldri gat hann dundað sér tímunum saman við að teikna, auk þess sem hann lærði á píanó um árabil og lék á önnur hljóðfæri. Á menntaskólaárunum gaf hann píanónámið upp á bátinn og gekk í rokkhljómsveit í MH en fór líka að læra á selló sextán ára gamall. Dagur hefur þó ætíð haft mörg járn í eldinum, auk tónlistarinnar skrifaði hann mikið og gerði sína fyrstu stuttmynd þegar hann var í menntaskóla.

Að stúdentsprófi loknu vann Dagur sem skrifta við sjónvarpsþáttinn Dagsljós hjá RÚV. Hann þótti þægilegur og góður starfskraftur, en ljóst var að sköpunarþörf hans var of rík til að hann entist lengi í þessu starfi, enda fór svo að hann sótti um inngöngu í Danska kvikmyndaskólann í Kaupmannahöfn árið 1995 og var einn sex umsækjenda sem fékk inngöngu. Á meðan náminu stóð gerði hann stuttmyndina Old Spice sem vakti nokkra athygli, auk auglýsinga fyrir Thúle-bjór sem vöktu þónokkra lukku hér á landi.

Dagur brautskráðist frá Danska kvikmyndaskólanum laust fyrir aldamót og hófst þá handa við kvikmyndahandrit sem hann hafði gengið með í maganum um hríð. Ekki leið á löngu þar til það var fullklárað og árið 2003 leit Nói albínói, fyrsta kvikmynd Dags Kára í fullri lengd, dagsins ljós. Þrátt fyrir að hafa helgað kvikmyndum starfsferil sinn hefur Dagur fráleitt lagt tónlistina á hilluna. Hljómsveit hans, Slowblow, hefur gefið út þrjár plötur á undanförnum árum og gert tónlistina við myndir hans. Þá hefur hann skrifað greinar í dagblöð og tímarit.

Þeir sem til Dags þekkja lýsa honum sem hæglátum og ljúfum manni með lunkinn húmor. Hann hefur litla þörf til að berast á og er jafnvel feiminn, en er hins vegar beittur í hugsun og langt því frá skoðanalaus, eins og blaðaskrif hans bera vott um. Hann gerir miklar kröfur til sjálfs síns sem og samstarfsmanna sinna og ætlast til að þeir skili góðu verki. Sumir segja þessa mótsögn valda honum ákveðinni togstreitu, því um leið og Dagur gerir miklar kröfur á hann stundum erfitt með að koma þeim í orð og vita leikarar því stundum ekki hverju hann er að sækjast eftir. Á móti kemur að þeir sem vinna með honum leggja sig alla fram því þeir vita að hann leggur ekki lokahönd á nokkuð verk nema hann sé fullsáttur.

Að feimninni frátalinni er Dagur Kári sagður hvers manns hugljúfi; engum líki illa við hann og sjálfur eyði hann ekki orku í fjandskap við aðra. Hann tekur föðurhlutverkið alvarlega, enda kominn af sálfræðingi, og spáir gaumgæfilega í þarfir og líðan dóttur sinnar. Þá er haft fyrir satt að hann sé flinkur dansari en taki sporið alltof sjaldan.

# Af góðum mönnum og fögnuði

**UMRÆÐAN**
RÉTTINDI SAMKYNHNEIGÐRA



**SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR**

Einn af þeim mönnum sem gera mig dapra þegar þeir ljúka upp á sér þverrifunni er biskupinn yfir Íslandi.

Í Fréttablaðinu í gær (föstudag) er hann spurður álits á nýju frumvarpi til laga um réttindi samkynhneigðra, sem hann segir „alla góða menn fagna“ og maður ætlar alveg að fara að gleðjast inni í sér yfir því að æðsti valdamaður íslensku þjóðkirkjunnar hafi séð mannréttindaljósið. En svo heldur hann áfram að tjá sig um ættleiðingar og tæknifrjóvgunarhlið frumvarpsins og segir: „Við þurfum að horfa á barnið. Réttur þess til lífs og gæða og ástar og umönnunar og öryggis er aðalatriðið en ekki réttur einhvers til að eiga barn. Mikilvægt er að velferð barnsins sé höfð í fyrirrúmi.“ Hvað er maðurinn að fara?

Veit hann ekki að hér eru lög og reglugerðir um ættleiðingar sem einmitt hafa velferð barnsins í fyrirrúmi? Heldur hann að hægt sé að vernda þennan rétt þeirra án þess að tilvonandi foreldrum sé veittur réttur til þess að ættleiða þau eða gangast undir gtæknifrjóvgun? Eða, álítur hann samkynhneigða ekki hæfa til þess að veita barni líf og gæði og ást og umönnun og öryggi? Telur hann hann gagnkynhneigða aðeins búa yfir slíkum mannkostum? Var ekki faðir Thelmu og þeirra systra gagnkynhneigður? Hver er þessi maður að telja sig umkominn að dæma út í bláinn hver getur veitt kærleika? Já, já, já, já, auðvitað höfum við öll heyrt að í Biblíunni kveði á um að maður skuli ganga að eiga konu og þau skuli geta af sér ávöxt og allt það. En, fyrir utan það að Biblían hefur verið þýdd og aðlöguð að ótölulegum fjölda veraldlegra valdakerfa, var hún rituð fyrir hartnær tuttugu öldum. Á þeim tíma var kannski ekki gert ráð fyrir því að börn í þúsundatali biðu þess á stofnunum um allan heim að einhver vildi elska þau. Föðurlaus og móðurlaus, þegar markeruð af styrjöldum og fátækt. Á þeim tíma var það vandamál kannski ekki orðið svo áberandi að þau væru flutt á milli landa frá unga aldri til þess að selja þau í vændi í „siðmenntuðum“ löndum. Því yngri, því betra. Kannski gengu þau ekki heldur um götur Suður-Ameríku og fyrrum austantjaldslanda, betlandi, stelandi, seljandi sig hverjum sem getur borgað þeim fyrir límí í poka til þess að deyfa sársaukann sem fylgir því að eiga enga von í kristilegum kærleiksheimi.

Hvað vill herra biskupinn að gert verði við þessi börn? Hvernig vill kirkjan hans stemma stigu við að slíkt helvíti á jörðu geti þrifist? Hvað tæknifrjóvgun varðar, efast ég um að nokkur manneskja leggi slíkt ferli á sig nema hún þrái mjög heitt að fá að veita þann kærleika sem stærstur er og hreinastur; foreldrakærleikann. Þeir sem ættleiða börn og gangast undir tæknifrjóvgun gera það að vel athuguðu máli. Kynhneigð hefur ekkert með foreldrahæfni eða kærleikamagn að gera. Getur ekki biskupinn og hans hámenntaða ríkisbákn farið að snúa sér að meira aðkallandi verkefnum en þeim að koma í veg fyrir mannréttindi til handa öllum Guðs börnum?

*Höfundur er rithöfundur.*

# Tilboð helgarinnar

EKKERT BRUDL

bonus.is



3999 KR.
1.7 METRA HÁTT

2999 KR.
1.4 METRA HÁTT

Þau fella aldrei blöð!

Alvöru stofustáss:
**Stór silkitré**
Margar tegundir

SERVÖRU VERSLANIR

ERAN/Landlist

## Bókin á náttborðið:




1899 KR.
Með lífið að láni

Góð hvíld eftir amstur dagsins. Uppbyggjandi bók með það að markmiði að njóta dagsins og líðandi stundar til hins ýtrasta. "**Með lífið að láni**", er skrifuð af Jóhanni Inga Gunnarssyni og Sæmundi Hafsteinssyni sem eru meðal okkar þekktustu sálfræðinga.

## DVD D-421 spilarinn

2 Channel/DVD/CD/CDR
CDRW/VCD/SVCD/JPEG
MP3 spilari
Spilar öll kerfi (multi region)
Dolby Digital, AC3 Digital
Theatre Sound (DTS)
Valmyndakerfi NTSC
Afspilun yfir í Pal RCA, Scart,
Coax og Optical tengi
Fjarstýring

-fyrir öll kerfin




JDV D-421 DVD SPILARI
3895 KR.

## Fjölkerfa DVD spilari

*Dolby digital AC3
*Digital Theatre Sound (DTS)
*NTSC afspilun yfir í Pal
*Scart með RGB, RCA
og Component (Y, Pb, Pr) tengi
*Coaxial tengi *Fjarstýring
*Barnalæsing

DivX




FJÖLKERFA JDV DivX DVD SPILARI
5999 KR.

FJÖLKERFA JDV DivX DVD SPILARI
SPILAR: DivX3.11 or above, DivX4.X, DivX5, DivX Pro, Xvid files up to 10M bit-rate.
COMPATIBLE WITH DVD/DVCD/SVCD/VCD/CD/MP3/CD-R/CD-RW/DVD+RW/JPEG/Kodak picture CD
Digital Direct Progessive Scan

ÖFLUGT
NUDDTÆKI
* Hitar og nuddar
* Eykur blóðstreymi
* Örvar súrefnisupptöku fruma
* Dregur úr vöðvaverkjum
* Fjórar hraðastillingar

4999 KR.

Kættu frúna!




Engin móða!

2999 KR.




MÓÐULAUS
RAKSPEGILL
Einstakur á baðið
* Móða sest ekki
* Með lýsingu
* Með rakhnífsfestingu
* Digital klukka

As seen on TV

Nýtt á Íslandi!

www.bonus.is

-og fleiri bækur á náttborðið:



SMÁBARNABÓK
199 KR.

Góðar vinasögur fyrir yngstu börnin

# Hálfvitadýrkun og góðir getnaðarmánuðir



Í Dagbók Þráins er að þessu sinni skýrt frá yfirvofandi umhverfisslysi og lýst snörpum skeiðspretti hjá vakrasta höfundi Íslands. Auk þess er fjallað um glæpasögur, góða getnaðarmánuði og afdrifarík mistök heilags anda.



Kæra Dagbók

Þráinn Bertelsson skrifar

■ LAUGARDAGUR 12. NÓV.

## Einstaklingur með kaupstaðarréttindi

Fór til Vestmannaeyja og las upp úr **Valkyrjum** og hlotnaðist formleg staðfesting á vinabæjatengslum við Vestmannaeyjar, þrátt fyrir að sem einstaklingur hafi ég ekki kaupstaðarréttindi. Bæjarstjórn Vestmannaeyja ákvað þó að láta ekki slík formsatriði standa í veginum og færði mér **uppstoppaðan lunda** að gjöf til að staðfesta tengslin. Ég er því eini einstaklingurinn á Íslandi með viðurkennd kaupstaðarréttindi, fámennasta byggðarlag á landinu, hreppur án landamæra, nokkurs konar farandsveitarfélag.

Mér kom mjög á óvart að ég reyndist aðeins hafa **7 rétta** í getraunum dagsins en ekki 13 eins og ég hafði gert ráð fyrir. Svo bregðast knattspyrnumenn sem aðrir menn.



■ SUNNUDAGUR 13. NÓV

## Íslensk uppskeruhátíð

Ég er kominn með **ígerð í vísifingur** vinstri handar en með honum skrifa ég stafina f, t, r, v, b, g og jafnvel c, og einnig tölustafina 6, 5 og 7. Íslenskur höfundur getur sjálfsagt komist þokkalega af án þess að skrifa c, en það mundi takmarka ritstörfin mikið að þurfa að sleppa hinum stöfunum. Ég ákvað því að grípa til aðgerða og hitaði saumnál yfir eldi og stakk á bólguna á fingrinum.

**Hallgrímur Helgason** kom við og við býttuðum á bókum. Las í **Roklandi** Hallgríms fram á rauða nótt. Flétti með vísifingri hægri handar.

Úr sjónvarpshorninu heyrði ég óminn af uppskeruhátíð íslenskrar kvikmyndagerðar. Tvær ágætar útlendar myndir fengu verðlaun sem bestu íslensku myndirnar. **Sjónvarpsmaður ársins er myndarleg og greind stúlka** sem hefur öðlast feiknavinsældir með því að þykjast vera hálfviti. Það er nýnæmi að sívaxandi eftirspurn sé eftir slíku fólki nú um stundir í mörgum starfsgreinum sem maður hélt að væru fyrir löngu komnar með nógan mannskap.










■ MÁNUDAGUR 14. NÓV

## Yfirgengileg göngubrú

Á meðan nefnd frá félagsmálaráðuneytinu ornar sér við að semja **lög um starfsmannaleigur og þrælahald** er skyndilega mættur hér hópur manna frá Austur-Evrópu og hamast við það í hraglandanum að reisa stillans við Hlaðvarpann fyrir utan gluggann minn.

Kvenfélag sem eignaðist Hlaðvarpann á sínum tíma er víst dáið og kvennahúsið keyptu **athafnaskáld** sem reistu nýverið svonefnt Plaza-hótel hérna við Ingólfsplaza. Svo datt einhverjum smekkleysingja í hug að tengja saman Hlaðvarpann og Plaza með yfirbyggðri göngubrú svo að hótelgestir gætu komist yfir Fischersundið á náttfötunum.

Hótelbyggingar eru virkjanaframkvæmdir til að virkja ferðamannastrauminn. Íbúar í Grjótaþorpi mótmæltu þeirri **klúru umhverfismengun** að byggja göngubrú yfir Fischersund. Hvaða glóra er í að byggja göngubrú yfir göngugötu? Hvaða pervertar vilja sjá ferðamenn á náttfötum striplast yfir höfði sér? Falleg og einstæð götumynd verður eyðilögð þrátt fyrir að raddir skynseminnar hafi reynt að tala um fyrir borgaryfirvöldum.

Því miður er komið í ljós að það **vantaði eyrun á R-listann**, hann er ekkert nema túlinn. Eins og broskall eða broskerling.

Það yrði allt vitlaust ef það ætti að smíða svona göngubrú yfir einhvern foss í óbyggðum en umhverfisslys í þéttbýli eru ekki fréttnæm. Sennilega þarf maður að fara að svipast um eftir grænum lit út í skyrið. Fréttamenn nenna ekki að hlusta á fólk nema það sletti skyri, helst grænu, eða eigi milljarð og sé frægt í útlöndum eða hafi verið misnotað í æsku nægilega mikið til að endast í tvo fréttatíma.

Kláraði Rokland eftir Hallgrím Helgason: Sigur fyndinnar yfir hægðatregðu alvörunnar. Riddarinn sjónumhryggi á reyklausum hesti beinir lensu sinni að ruslfæði sálarinnar. **Stórkostlegur skeiðsprettur hjá vakrasta höfundi Íslands** í dag.

■ ÞRIÐJUDAGUR 15. NÓV

## Skynsemi í stað kreditkorts

Nú er ég kominn á fúkkalyf. Ónæmiskerfið í mér er komið í jólafrí. Uppskurðurinn sem ég gerði á fingrinum á mér með sótugri saumnál hefur mistekist. Fingurinn bólgnaði upp og ég var farinn að finna blóðeitrun fikra sig upp frá fingrinum og upp í handlegginn. Spurning hvort ég geti **kært sjálfan mig fyrir læknamistök** og fengið skaðabætur? Hvað eru það annað en læknamistök að leita ekki læknis?

Ég er orðinn námskeiðsfíkill: Búinn með sundnámskeið, klára þýskunámskeiðið á morgun. Og í kvöld fór ég á **fjármálanámskeið**. Það var uppljómun! Nýtt líf, skuldlaust framhaldslíf bíður mín á næsta leiti! Allt sem ég þarf að gera er að nota skynsemina í staðinn fyrir kreditkortið.

■ MIÐVIKUDAGUR 16. NÓV

## Góðir getnaðarmánuðir og Heilagur andi

Norsk rannsókn: „Meiri líkur eru á að börn sem fædd eru á fyrstu þrem mánuðum ársins fái háar einkunnir en þau sem fædd eru á þrem síðustu mánuðunum. Það kom á óvart hvað munurinn var greinilegur. Í rannsókninni var ekki kannað hvað kunni að valda þessum mun.

Nemendur sem fæddir eru í janúar, febrúar eða mars fá að jafnaði hærri einkunn en önnur börn. Einnig kom fram að drengir sem fæddir eru seint á árinu eiga erfiðara með að eignast vini.“

Þarna er komin skýringin á því hvers vegna ég er vinafár og gekk illa í skóla.

Það er greinilega forgangsmál að vara fólk við að gera það nema í góðum getnaðarmánuðum nema gera mjög strangar varúðarráðstafanir. Þessa norsku könnun hefði **Heilagur andi** átt að sjá fyrir, því að hugsanlega hefði farið betur fyrir Frelsaranum ef hann hefði beðið með að koma í heiminn þar til í janúar í stað þess að fæðast í ólukkumánuðinum desember.

Þýskunámskeiðið búið. En nú er ég kominn á bragðið og les þýska grammatík í staðinn fyrir reyfara.

■ FIMMTUDAGUR 17. NÓV

## Glæparegistur

Bæði útgefendur og höfundar virðast vera að fara á límingunum. Nýir höfundar eru kynntir sem bókmenntalegir krónprinsar og auglýst að **óskrifaðar bækur** hafi selst til 100 landa. Mikið vildi ég að allt væri satt sem sagt er um þessar mundir. Ekki síst þau gullkorn sem útgefandinn minn hefur tínt saman úr þeirri lærðu gagnrýni sem birst hefur um bókina mína.

**Hið íslenska glæpafélag** gekkst fyrir upplestri í **Grand Rokk**. Þarna var nóg af spennandi bókum, **Viktor** með raðmorðingjasöguna og **Ævar Örn** með Kárahnjúkakrimmann voru í feiknastuði, sömuleiðis **Súsanna Svavarsdóttir** með Dætur hafsins og **Árni Þórarinsson** með Tíma nornarinnar, **Reynir Traustason** með heimildasöguna Skuggabörn, Set þessar bækur á jólagjafalistann og líka Krosstréð eftir **Jón Hall Stefánsson** sem las kafla um fölan japanskan leigumorðingja sem var að tékka sig inn á hótel í Reykjavík. Vonandi ekki Hótel Plaza.

Hvorki var lesið úr **Jónsbók** né sungið úr **Davíðssálmum**.

■ FÖSTUDAGUR 18. NÓV

## Samviskubit

Vaknaði með **samviskubit** af því að ég hef ekki gert neitt af því sem ég ætlaði að koma í verk þessa viku. Reyndi að koma mér að verki en gat lítið unnið fyrir samviskubiti.

Í næstu viku ætla ég að gera allt sem ég trassaði í þessari viku - nema ég geti frestað því lengur.




Af hverju er sagt að vín þurfi að anda?

ALLT SEM ÞÚ VILT VITA UM LÉTTVÍN

VÍNSÝNINGIN 2005
19.-20. nóv.
í Smáralind

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum




Við óskum íslenskum jeppaeigendum
og **Arctic Trucks**
til hamingju með hina nýju,
glæsilegu jeppamiðstöð að Kletthálsi

Landsteinar Strengur
Ármúla 7 · 108 Reykjavík · Sími 550 9000 · www.landsteinarstrengur.is

olís

WÜRTH
FAGFÓLK
VELUR WÜRTH

VÉLASALAN

Glitnir

OPIN KERFI

HEGGUR
Innréttingaverkstæði

VIRKJUN
Virkjun vatns er okkar verk

Stilling

Straumver ehf.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15 5.028 +0,56%**

**Fjöldi viðskipta:** 653
**Velta:** 8.789 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Flaga Group** | **+17,10%** | **SÍF** | **-3,12%** |
| **Össur** | **+3,88%** | **Kögun** | **-0,72%** |
| **Dagsbrún** | **+3,72%** | **Marel** | **-0,62%** |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:**
**ACTAVIS 46,60 +0,20%** ... Bakkavör 46,60 +1,80% ... FL Group 15,40 +1,30% ... Flaga 5,00 +17,10% ... HB Grandi 9,35 +0,50% ... Íslandsbanki 16,50 +1,20% ... Jarðboranir 23,00 +0,00% ... KB banki 641,00 +0,20% ... Kögun 55,20 -0,70% ... Landsbankinn 24,30 +0,40% ... Marel 64,00 -0,60% ... SÍF 4,04 -3,10% ... Straumur-Burðarás 15,60 +0,00% ... Össur 107,00 +3,90%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**Innlendar áhyggjur**
Bakkavör skilaði góðu uppgjöri af starfsemi sinni svo sem vænst var á markaði. Þeir bræður í Bakkavör kynntu greiningardeildum og fjárfestum reksturinn í kjölfarið og svöruðu spurningum. Meðal þess sem þeir voru spurðir um á fundinum var hvort umræða um stærð Tesco á breska markaðnum hefði áhrif þeirra stöðu. Morgunblaðið hefur birt fréttir unnar um grein Observer um stærð Tesco á breska matvælamarkaðnum. Tesco er stærsti viðskiptavinur Bakkavarar. Stjórnendur Bakkavarar höfðu ekki miklar áhyggjur af þessari umræðu, hún væri gömul og afmörkuð og ætti ekki mikinn hljómgrunn. Kom fram í máli þeirra að fregnir af henni hér væru sennilega sprottnar af áhuga á stöðunni hérlendis fremur en í Bretlandi.





**Samsæriskenningasmiðir mæna á Moggann**
Straumur og Ólafur Jóhann Ólafsson bætast nú í hluthafahóp Morgunblaðsins. Sem kunnugt er ráða Björgólfsfeðgar för í Straumi, en þar á bæ er fullyrt að þeir hafi ekki mikinn áhuga á fjölmiðlarekstri. Þessi fjárfesting í Mogganum sé áhugamál Kristins Björnssonar sem einnig er stór hluthafi, bæði í Straumi og Árvakri. Fulltrúar Straums hafa lagt áherslu á að þarna sé á ferðinni umbreytingarverkefni og ekki markmið að vera langtímaeigandi að fjölmiðli.

Við lifum hins vegar á tímum stórra samsæriskenninga og einhverjir segjast ekki trúa því að Björgólfsfeðgar sleppi Mogganum fyrr en þeir sjái það með eigin augum. Hin kenningin er svo sú að Straumur muni stýra tiltekt og síðan verði útgáfan seld Símanum.

## MARKAÐSPUNKTAR

Vísitala íbúðaverðs hækkaði um 0,8 prósent í október síðastliðnum samkvæmt útreikningum **Fasteignamats ríkisins**. Hins vegar var hækkuninni mjög misdreift á milli eignaflokka þar sem sérbýli lækkaði um 1,3 prósent en fjölbýli hækkaði um 1,5 prósent.

Vanskil einstaklinga og fyrirtækja hafa ekki verið minni síðastliðin fimm ár. Vanskilahlutfall einstaklinga lækkaði á þriðja ársfjórðungi í 1,5 prósent úr 1,8 prósent á öðrum ársfjórðungi. Vanskil fyrirtækja hafa einnig minnkað.

Hlutafé **FL Group** hefur verið hækkað um 3.235.294.118 hluti í kjölfar nýafstaðins hlutafjárútboðs. Heildarhlutafé félagsins hækkar þar með úr 2.537.000.000 hlutum í 5.772.294.118 hluti.

# Úrvalsvísitalan rauf fimm þúsund stigin

Miklar hækkanir voru á innlendum hlutabréfamarkaði í vikunni. Úrvalsvísitala Kauphallarinnar, sem samanstendur af fimmtán fyrirtækjum, hækkaði um tæp sex prósent í vikunni og hefur því hækkað um helming frá áramótum. Er hún kominn yfir fimm þúsund stig í fyrsta skipti. Á síðasta ári nam hækkunin um 60 prósentum.

Mörg fyrirtæki hækkuðu mikið í þessari viku en þó ekkert eins og Flaga Group sem hækkaði um 23 prósent. Össur, Straumur - Burðarás Fjárfestingabanki og FL Group hækkuðu öll yfir tíu prósent.

Margar góðar fréttir bárust fjárfestum í vikunni. Það hafði mikil áhrif á markaðinn að Exista stærsti hluthafinn í KB banka bætti við sig fimm prósenta hlut sem hækkaði mjög gengi bankans. Landsbankinn tilkynnti um kaup á írska verðbréfafyrirtækinu Merrion Capita og bæði Actavis og Bakkavör skiluðu góðum afkomutölum. Atorka Group eignaðist yfir helming hlutafjár í Jarðborunum og stefnir að því að yfirtaka félagið.

Hlutabréfaveltan var ekki síður mikil en alls var verslað með hlutabréf fyrir 86 milljarða í vikunni.

Greiningardeild KB banka hefur tekið saman verðþróun á helstu hlutabréfamörkuðum á fjórða ársfjórðungi. Þar kemur í ljós að mesta hækkunin er á íslenska markaðnum eða um 8,6 prósent frá upphafi hans en japanski markaðurinn kemur næst þar á eftir.

# Skoðar flugvélar til kaups

**Ferðaskrifstofan Heimsferðir hefur keypt dönsku ferðaskrifstofuna Bravo Tours.**

Andri Már Ingólfsson, forstjóri Heimsferða, segir Bravo Tours fjórðu stærstu ferðaskrifstofuna í Danmörku. Hún velti um fjórum milljörðum íslenskra króna og muni flytja yfir hundrað þúsund farþega á næsta ári.

Fyrr á þessu ári keyptu Heimsferðir norska og sænska ferðaskrifstofu. Umsvifin hafa aukist, bæði með innri vexti og kaupum á öðrum fyrirtækjum að sögn Andra. Áætluð samanlögð velta á þessu ári séu sextán milljarðar króna en tuttugu á því næsta. Stefnt sé að því að flytja alls 400 þúsund farþega árið 2006.

Andri segir það hafa verið til skoðunar í nokkurn tíma að stofna flugfélag til að flytja alla þessa farþega. Allt sé opið í þeim efnum. „Þegar við erum farin að flytja svona marga farþega er spurning hvort hagkvæmara sé að annast þetta sjálf og aðlaga betur að okkar þörfum. Tvær leiðir eru færar í því; annað hvort að stofna okkar eigin flugfélag eða fá rekstraraðila til að reka fyrir okkur flugfélar," segir Andri.

Aðspurður hvort hann sé að skoða Iceland Express neitar Andri. Heimsferðir séu að fara í samkeppni við Iceland Express.

Andri Már segir hann vera eina eigandann að Heimsferðum. ■



**ANDRI MÁR INGÓLFSSON, FORSTJÓRI HEIMSFERÐA** Leigir nú flugvélar til að flytja farþega sína.






# Listagalleríið opnar í dag á www.ils.is

Níu ára listamenn af öllu landinu sýna í listagalleríinu afraksturinn úr myndasamkeppninni „Draumahúsið“ sem **Íbúðalánasjóður** stóð fyrir í tilefni afmælisins **Húsnæðislán í 50 ár**.

Dagana 19. - 20. nóvember verða myndirnar sýndar í Laugardalshöll á sýningunni Hús og híbýli. Þar gefst börnum og fylgdarmönnum þeirra tækifæri til þess að hanna eigið jólaskraut og teikna draumahúsið sitt.

FABRIKAN

**Íbúðalánasjóður fyrir alla**

**www.ils.is** | Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími: 569 6900 - 800 6969 | Fax: 569 6800

Íbúðalánasjóður

**FRANZ SCHUBERT (1797-1828) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Þegar ég óskaði þess að syngja af ást snerist það í sorg. Þegar ég óskaði þess að syngja af sorg umbreyttist hún fyrir mig í ást.“*



*Franz Schubert var austurrískt tónskáld sem samdi meðal annars sex hundruð sönglög.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 19. NÓVEMBER 1969

# *Pele skorar þúsundasta markið*

Á þessum degi árið 1969 skoraði brasilíska fótboltastjarnan Pele þúsundasta markið á ferli sínum sem atvinnumaður í knattspyrnu. Markið gerði hann í leik gegn liðinu Vasco da Gama í Rio de Janeiro. Þetta voru stór tímamót fyrir þennan kappa, sem hafði að baki þrjá heimsmeistaratitla.

Pele, sem heitir í raun Edson Arantes do Nascimento, hóf ungur að leika knattspyrnu og gekk til liðs við Santos í heimalandi sínu þegar hann var sextán ára. Hann stýrði liðinu margoft til sigurs í brasilísku deildarkeppninni. Hann sló hvert markametið á fætur öðru og skoraði í allt 1.281 mark á ferlinum, þar af eitt mark að meðaltali í leik með brasilíska landsliðinu.



PELE

Blómaskeið Pele var á sjötta og sjöunda áratugnum. Hann vann heimsmeistaratitilinn árin 1958, 1962 og 1970. Hann gat þó ekki leikið úrslitaleikinn árið 1962 þar sem hann meiddist um mitt mót.

Pele hætti að leika með landsliðinu árið 1971 en hélt áfram að leika með Santos. Árið 1975 gerði hann sjö milljóna dollara samning við New York Cosmos og lék þar um tveggja ára skeið áður en hann lagði skóna á hilluna.

## MERKISATBURÐIR

**1594** Hvítá í Árnessýslu þornar upp á tveimur stöðum í stormi.

**1946** Ísland fær aðild að Sameinuðu þjóðunum.

**1959** Auður Auðuns tekur við starfi borgarstjóra í Reykjavík, fyrst íslenskra kvenna.

**1969** Geimfarið Apollo 12 lendir á tunglinu.

**1974** Geirfinnur Einarsson hverfur í Keflavík.

**1977** Anwar Sadat, forseti Egyptalands, heimsækir Ísrael, fyrstur íslamskra leiðtoga.

**1983** Fyrsta bjórkráin í Reykjavík, Gaukur á Stöng, er opnuð. Þar er selt bjórlíki þar til sala bjórs er heimiluð sex árum síðar.

## ANDLÁT

**Jón Agnar Friðriksson,** elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, áður til heimilis að Hólatorgi 6, lést þriðjudaginn 15. nóvember.

**Gyða Erlingsdóttir,** Þórðarsveigi 1, áður Framnesvegi 55, er látin.

**Guðmundur Guðmundsson,** Hraunbæ 176, lést þriðjudaginn 15. nóvember.

## JARÐARFARIR

13.00 **Margrét Hafsteinsdóttir,** Húnabraut 42, Blönduósi, verður jarðsungin frá Blönduóskirkju.

13.00 **Sigríður Jósefsdóttir,** Hringbraut 50, áður Tómasarhaga 44, Reykjavík, verður jarðsungin frá Eyvindarhólakirkju, Austur-Eyjafjöllum.

14.00 **Ágúst Guðbrandsson,** frá Stígshúsi, Stokkseyri, verður jarðsunginn frá Stokkseyrarkirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000.**




## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1831** James A. Garfield, forseti Bandaríkjanna.



**1905** Tommy Dorsey tónlistarmaður.



**1917** Indira Gandhi, forsætisráðherra Indlands.

## AFMÆLI



Larry King spjallþáttastjórnandi er 72 ára.



Franz Gíslason sagnfræðingur er sjötugur.



Hanna María Karlsdóttir leikkona er 57 ára.



Finnbogi Pétursson myndlistarmaður er 46 ára.



Ágúst Borgþór Sverrisson rithöfundur er 43 ára.



Jodie Foster leikkona er 43 ára.



Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari er 41 árs.



**GUÐRÚN ÁSMUNDSDÓTTIR LEIKKONA** Býr sig undir leik í Sölku Völku í Borgarleikhúsinu á fimmtudagskvöld. Á sama stað verður afmælisveislan hennar á mánudag og á hún von á um 200 gestum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

GUÐRÚN ÁSMUNDSDÓTTIR LEIKKONA ER SJÖTUG Í DAG

# Á fremsta bekk í afmælinu

„Framan af ævinni varð ég voða sár ef fólk mundi ekki eftir afmælinu mínu en þegar fer að síga á seinni hlutann hef ég læknast af þessu,“ segir Guðrún Ásmundsdóttir leikkona, sem er sjötíu ára í dag. Hún ætlar að taka daginn rólega og bíða með veisluhöld þar til á mánudag en þá verður aldeilis húllumhæ. „Þá býð ég um tvö hundruð vinum mínum í veislu í Borgarleikhúsinu,“ segir Guðrún, sem kveðst afar þakklát fyrir að hafa kynnst jafn mörgu góðu fólki um ævina og raun ber vitni. Og gestirnir fá að borga fyrir sig á mánudaginn, ef svo má segja. „Ég ætla að setjast á fremsta bekk og láta vini mína skemmta mér.“ segir hún og hlær.

Ástæða þess að Guðrún bíður með veisluhöld til mánudagsins er sú að mánudagar eru frídagar leikhússfólks, sem jafnan vinnur um helgar. Því er líklegast að vinir hennar úr leikhúsheiminum eigi heimangengt á mánudegi.

Spurð um eftirminnileg afmæli hverfur hún tuttugu ár aftur í tímann. „Við héldum saman upp á fimmtugsafmæli okkar; Bríet Héðinsdóttir, Kristbjörg Kjeld og ég. Þá gátum við sett á boðskortin að KGB byði í knallið. Þetta var fádæma skemmtilegt,“ rifjar Guðrún upp en veislan sú var haldin í Þjóðleikhúskjallaranum.

Guðrún hefur leikið um eitt hundrað hlutverk á leiksviðinu, flest í Iðnó og Borgarleikhúsinu á vegum Leikfélags Reykjavíkur, en einnig leikstýrt og samið leikrit. Þessa dagana leikur hún í Sölku Völku í leikstjórn Eddu Heiðrúnar Backman. ■



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gyða Erlingsdóttir**

Þórðarsveigi 1, áður Framnesvegi 55,

er látin.

| | |
|---|---|
| **Aðalsteinn Dalmann Októsson** | |
| **Hjörtur O. Aðalsteinsson** | **Hildur Jónsdóttir** |
| **Eygló Aðalsteinsdóttir** | **Flosi S. Valgarðsson** |
| **Guðrún Aðalsteinsdóttir** | **Jón G. Guðmundsson** |
| **Erling Ó. Aðalsteinsson** | |
| **Gylfi Dalmann Aðalsteinsson** | **Magnea Davíðsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Bændahátíð á Ströndum í kvöld

Bændur og búalið á Ströndum og í nágrenni koma saman til Bændahátíðar í félagsheimilinu Sævangi í kvöld. Margt verður til gamans gert og meðal annars hafa systkinin Jón og Svanhildur Jónsbörn frá Steinadal smíðað skemmtidagskrá sem félagar úr Leikfélagi Hólmavíkur setja upp. Miðlar og piparsveinar munu koma þar við sögu og eflaust verður góðlátlegt gys gert að sveitungum, líkt og tíðkast á samkundum sem þessari.

Ræðumaður kvöldsins verður hinn landsfrægi hagyrðingur og kvæðameistari Sigurður Sigurðsson, dýralæknir á Keldum.

Vitaskuld verður boðið upp á lambasteik og að mat og skemmtiatriðum loknum verður stiginn dans við tónlist Gunnlaugs Bjarnasonar og Sigríðar Óladóttur.



**HRÚTAÞUKL Á STRÖNDUM** Hrútarnir fá að vera í friði í kvöld á meðan bændurnir skemmta sér í Sævangi.





# Hafðu það sætt um hátíðarnar

## ...með því besta frá Nóa Síríus







Bókin **Súkkulaði – það besta frá Nóa Síríus**, er full af súkkulaðiréttum úr einmitt rétta súkkulaðinu. Þessi veglega og alíslenska hátíðarútgáfa hefur að geyma allar bestu uppskriftirnar frá uppskriftabæklingum liðinna ára frá Nóa Síríus. Bókin mun að sjálfsögðu fást í bókaverslunum en einnig í öllum helstu matvöruverslunum sem hafa vörur frá Nóa Síríus á boðstólum. Án efa munu fjölmargir taka þessari glæsilegu og löngu tímabæru bók fagnandi. Það er enda þægilegt að hafa allar bestu uppskriftirnar á einum stað og öruggt að bókin verður endalaus uppspretta ánægjustunda á heimilum landsmanna, rétt eins og bæklingarnir.









Meðvitund og þekking á súkkulaði meðal neytenda vex stöðugt. Nói Síríus leggur metnað í að uppfylla óskir viðskiptavina sinna og bjóða þeim aðeins úrvals gæðavörur úr besta hráefni. Vöruvalið eykst ár frá ári og nú hefur ný súkkulaðitegund nýlega bæst við, **Síríus 56%**. Kökur og konfekt, eggjandi eftirréttir, tertur og töfrandi drykkir. Lykilinn að öllum þeim guðdómlegu dásemdum er að finna í **Súkkulaði – það besta frá Nóa Síríus**. Njótið vel!

85 NS
NÓI SÍRÍUS
1920 - 2005

Nói Síríus | Hesthálsi 2–4 | 110 Reykjavík | www.noi.is



Fíton / SÍA



**HALLGRÍMUR HELGASON** Nýtt líf og ný bók. „Það má segja að Böddi í Roklandi lifi gamla lífinu mínu. En ég er útskrifaður úr því lífi og þeirri veröld.“ FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

# *Betri maður og höfundur*

Það fer enginn rithöfundur í glímuskóna hans *Hallgríms Helgasonar* þegar kemur að því takast á við íslenskan samtíma. **Jón Kaldal** hitti Hallgrím og spjallaði við hann um bækur, börn og bláa hönd.

Það hefur margt breyst í lífi Hallgríms Helgasonar undanfarin rúm tvö ár eða svo.

Frá 1993 til 2003 var hann áberandi piparsveinn og glaumgosi í miðbæ Reykjavíkur en líka rithöfundur, stand-up grínari, listmálari, beinskeyttur samfélagsrýnir og skopmyndateiknari. Og þetta er hann að vísu allt enn þá, nema það tvennt fyrstnefnda. „Ég er útskrifaður úr því lífi,“ segir hann. Ástæðan fyrir því er unnustan Oddný Sturludóttir og tvö lítil börn, tveggja ára sonur og sex mánaða dóttir, sú önnur í röðinni, en stóra systir er orðin tuttugu og eins árs.

Það er kannski táknrænt fyrir umskiptin að Hallgrímur stingur upp á að hittast á Ömmukaffi í Austurstræti. Áður fyrr átti hann sinn fasta stól á Kaffibarnum. Þegar ég kem í Austurstrætið sefur dóttirin vært í vagni fyrir utan glugga kaffihússins en faðirinn situr í makindum fyrir innan. „Það er búið að vera mikið að gera. Konan er lasin og ég einn með heimilið. Það er miklu erfiðara en að skrifa skáldsögu,“ segir hann og hlær.

Auk barnauppeldis og heimilisstarfa þarf Hallgrímur að koma fyrir á dagskrá næstu daga að fylgja eftir nýrri bók sinni **Roklandi** og standa við loforð um upplestra í Þýskalandi þar sem þýðing á Höfundi Íslands fékk fádæma góða dóma fyrr á árinu. Það er sem sagt nóg að gera. En Hallgrímur er óbugaður, í góðu stuði og ekki fer á milli mála að fyrir framan mig situr maður sem hamingjusamur með lífið og tilveruna.

### Útskriftin

**JK: Þetta gerðist ansi hratt hjá þér, að þú fórst frá því að vera piparsveinn og glaumgosi í miðbænum yfir í að vera ráðsettur heimilisfaðir með tvö ungbörn.**

Hallgrímur: Ja, glaumgosi segi ég nú kannski ekki, en ég var í tómu rugli. Þetta átti auðvitað að gerast miklu fyrr en ég var bara að bíða eftir konunni. Hún var bara svo ung að ég þurfti að bíða eftir að hún eltist. Svo það drægi aðeins úr aldursmuninum (hlær). En þetta er frábært líf núna. Ég var einn í tíu ár og það var orðið ótrúlegur tómleiki sem fylgdi því. Það vantar svo mikið í lífið þegar maður er einn. Ég held að þetta hafi líka haft áhrif á skrifin. Klukkan sex síðdegis var maður að spá í hvað maður ætti að gera. Maður var orðinn þreyttur eftir langan vinnudag en nennti samt ekki að elda eða þvælast eitthvað út. Tómleikinn helltist yfir svo ég hélt yfirleitt bara áfram að vinna. Bækurnar sem ég var að skrifa gerðu því ekkert nema að lengjast. Rokland er mun agaðri en bækurnar frá þessum tíma. Vinnudagurinn er styttri og stöðugri. Manni leyfist ekki að halda endalaust áfram. Fjölskyldulífið kallar á agaðri vinnubrögð.

**Fjölskyldulífið hefur sem sagt bætt þig sem mann og höfund?**

Já, ég efast ekki um það.

**En þú býrð líka að piparsveinsárum eins og má greinilega sjá í mörgum senum í Roklandi og að sjálfsögðu í 101 Reykjavík.**

Jú, margra ára seta á Kaffibarnum skilaði sér í þeirri bók og það má segja að Böddi í Roklandi lifi gamla lífinu mínu. En ég er útskrifaður úr því lífi og þeirri veröld. Maður er auðvitað alltaf nokkrum árum á eftir sjálfum sér með skáldsögurnar. Og meðgöngutíminn er yfirleitt nokkur ár. Böddi kom til mín sumarið 2000 þegar ég var í Hrísey að skrifa Höfund Íslands. Ég lá í flensu 17. júní þegar þessi týpa, Böðvar H. Steingrímsson, fæddist fullskapaður í höfðinu á mér. Það lá beint við að láta söguna gerast úti á landi en Hrísey fannst mér of lítið samfélag svo ég ákvað að setja hann niður á Sauðárkrók. Krókurinn er hluti af þessum nýja veruleika á Íslandi, einn af þessum kúltúrstöðum á landsbyggðinni þar sem er drift og uppgangur í loftinu. Selfoss og Egilsstaðir eru svona líka. Það eru fjölbrautaskólar á þessum stöðum og jafnvel litlar kringlur. Þarna er öðruvísi tegund af landsbyggðarlífi en á þeim stöðum þar sem allt snýst um fisk.

**Þú hefur áður skrifað um lífið í landsbyggðabæ. Fyrsta bókin þín Hella gerðist einmitt í samnefndum bæ. Barstu þig eitthað öðruvísi við rannsóknarvinnuna fyrir Rokland?**

Já, ég var þrjú klukkutíma á Hellu áður en ég skrifaði þá bók (hlær). Ég var aðeins lengur á Króknum. Ég fór nokkrar ferðir gagngert norður fyrir þessa bók en ég þekkti þó Skagafjörð ágætlega. Ég var í sveit í þrjú sumur á Brekku í Seyluhreppi, rétt fyrir ofan Varmahlíð, og hef fjöllin og héraðið dálítið í mér eftir þann tíma.

Árið 2003 bjó ég svo í tvo mánuði á Vesturfarasetrinu á Hofsósi og leit reglulega við á Króknum. Fór til dæmis á ball í Ólafshúsi og á skagfirskt show í Reiðhöllinni þar sem öllu var skartað sem skagfirsk menning býður upp á. Þar voru stóðhestar, karlakórinn Heimir, stórkostleg leiksýning um Djáknann á Myrká leikin á hestbaki, lausamálsvísur og svo Óskar Pétursson með klámbrandara. Undir þessu voru menn að sjússa sig í stúkunni. Þetta var mjög falleg og sérstök skemmtun. Skagafjörður í hnotskurn: Hestar, söngur, húmor og brennivín. Það var flott að sjá svona þjóðlega menningu blómstra þarna enn.



**Hvað ertu að lesa?** Var að klára On Beauty eftir Zadie Smith. Skemmtilega skrifuð en full blóðlaus fyrir minn smekk. Einhver slappleiki í þessu sem minnir á augnsvip höfundarins. Þessar bresku stjörnur eru ofmetnar.

**Hlusta á?** Ég kalla mig nú góðan ef ég heyri fjórðung úr fréttatíma þessa dagana. Síðasti diskurinn sem mér tókst að rúlla í gegnum var sá nýi með Jonathan Richman. Sáum hann einmitt á Grand Rokki í sumar. Sannur gleðigjafi.

**Horfa á?** Strákurinn okkar er alvarlega háður Bangsímon-myndunum og maður kóar duglega með honum. Held ég sé búinn að sjá Tuma tígur-myndina yfir tuttugu sinnum. Og verð að segja að túlkun Ladda á honum verðskuldar nokkrar Eddur ef ekki Óskar.

**Ertu ekki á vissan hátt kominn aftur að upphafinu? Út á land og með raunsæislega bók?**

Jú, mér finnst að með þessari bók sé ég byrjaður á nýjum hring. Höfundarferillinn byrjaði með Hellu í litlu þorpi, svo fikraði ég mig inn í menningarlífið með Þetta er allt að koma, þaðan alla leið niður í miðbæ í 101 Reykjavík. Í Höfundi Íslands var það svo landið allt og að lokum allur geimurinn í Herra Alheimi. Með Roklandi er ég kominn aftur niður á jörðina í lítinn bæ og ég hef á tilfinningunni að næsta bók verði í ætt við bók tvö úr fyrri hring. Mig langar að skrifa kvennabók næst þar sem aðalpersónan er kona, rétt eins og í Þetta er allt að koma. Þá má einnig segja að Rokland sé á ýmsan hátt skrifuð gegn mínum fyrri bókum, einkum 101 Reykjavík. Böddi fyrirlítur fátt meir en þann litla landshluta og hatar í raun allt sem Hlynur Björn elskar.

### Mitt hlutverk er að gagnrýna

**Þú ert höfundur þessa fræga hugtaks, „bláu handarinnar“, hefurðu eignast marga óvini fyrir þá smíð?**

Nei, en ég hef hins vegar eignast mjög marga vini út á þetta. Og meira að segja óvinirnir heilsa manni alltaf þótt þeir missi sig stundum. Rétt eftir að greinin birtist öskraði Hannes Hólmsteinn til dæmis á mig á Austurvelli: „Þú gerðir okkur mikinn óleik! Af hverju varstu að þessu?!“ Annars finnst mér gaman að heyra að þetta sé notað ennþá. Kannski er þetta eina vopnið sem fólk hefur á móti ljótu svörtu klíkunni sem hefur ríkt yfir okkur allt of lengi.

**Saknar þú Davíðs?**

Nei, ég var þeirri stundu fegnastur þegar hann gekk inn í bankabjörgin og vona að við heyrum aldrei frá honum aftur. Biturðin og þessi orðljóti yfirgangur í honum voru orðin þjakandi fyrir þjóðlífið og gott fyrir alla að losna við hann, ekki síst mig.

**Hefurðu aldrei verið hræddur um að það gæti komið sér illa fyrir þig að láta valdhafana heyra það?**

Nei, nei. Af og frá. Ég er líka í þeirri aðstöðu að ég er ekki að sækja um neina stöðu og er ekki í vinnu hjá einum eða neinum. Það er einmitt mitt hlutverk að skrifa svona greinar og gagnrýna. Ég held að ég hafi aldrei þurft að blæða fyrir það. Þvert á móti finn ég fyrir miklu þakklæti.

**Finnst þér íslenskir höfundar eigi að gera meira af því að taka á þennan hátt þátt í umræðunni?**

Já, en flestir höfundar eru bara rithöfundar. Þá langar ekki til að taka þátt í samfélagslegri umræðu, hafa ekkert sérstakt að segja og vilja bara sitja heima og skrifa sínar bækur. Sem er allt í lagi. En ég er þó hrifnari af hinsegin rithöfundum og þeir mættu alveg vera fleiri.

**Hvaða íslenska samtímahöfunda fílar þú?**

Þrjár bestu íslensku bækur sem ég hef lesið undanfarið eru Mýrin eftir Arnald Indriðason, Skugga-Baldur eftir Sjón og Rigning í nóvember eftir Auði Ólafsdóttur. Svo grunar mig að það leynist framtíðarrithöfundar í ungum snillingum eins og Hugleiki Dagssyni og Erpi Eyvindarsyni.

**En útlenskir kollegar?**

Maður er alltaf að leita að einhverri snilld en endar samt alltaf aftur á Philip Roth. Mér finnst hann besti starfandi rithöfundur í heimi.

### Meira fyrir sjálfstraustið en budduna

**Höfundur Íslands fékk frábæra dóma í Þýskalandi. Er útrásin jafn mikilvæg fyrir íslenska rithöfunda og viðskiptajöfrana?**

Já, hún skiptir miklu máli. Það var ágætt sem Baltasar sagði í viðtali um daginn. Hér heima eru það alltaf sömu þrír fjórir mennirnir sem skrifa dóma um verkin. Þegar bækurnar koma út erlendis margfaldast viðbrögðin. Ég held ég eigi yfir hundrað dóma um 101 Reykjavík. Það er hollt fyrir mann að sjá öll þessi mismundandi sjónarmið. Það gefur manni auðvitað líka sjálfstraust að sjá góða dóma í þýskum stórblöðum. Það segir manni að maður sé á réttri leið.

**En snýst þetta um peninga, eins og hjá viðskiptavíkingunum?**

Nei, þetta er meira fyrir sjálfstraustið en budduna. Við erum ekkert að selja neina gáma af bókum, nema Arnaldur auðvitað.“

**Arnaldur Indriðason fékk gamlan torfbæ á kápuna á þýsku útgáfu Mýrinnar, sem gerist þó í Reykjavík nútímans. Hefur þú lent í einhverju slíku með þínar bækur í útlöndum?**

Á finnsku útgáfunni af Höfundi Íslands er Geysir að gjósa, en mér fannst það alveg sleppa (glottir).

**Og tekur þú Íslandsmyndir með þér til Þýskalands, Gullfoss, Þingvelli...?**

Nei, það er líklega það leiðinlegasta við þessa útrás að maður lendir alltaf annað slagið í landkynningarstörfum. Fólk er enn mjög upptekið af því að maður sé „íslenskur rithöfundur“ og maður er því orðinn vel sjóaður í spurningum um sérstöðu og skringileika Íslands. Í stað þess að fá að tala um bókmenntir verður maður að ræða bjórbari og goshveri. En maður telur það svosem ekki eftir sér. Og eftir á að hyggja lenda annarra þjóða höfundar oft í því sama, að þurfa að fjalla meira um land sitt en verk. Bandarískir höfundar eru krafðir um afstöðu sína til Bush og þýskir og franskir höfundar eru spurðir út í vandræðin heimafyrir og svo framvegis. Ég hef meira að segja nokkrum sinnum lent í því að útskýra Baugsmálið fyrir erlendum blaðamönnum. Það er þrælerfitt að gera svo vel sé, en um leið og maður byrjar lýkst það upp fyrir manni og verður kristaltært. Besta leiðin til að afhjúpa íslenskan veruleika er að tala um hann á ensku.

**Góða ferð.**

Bílaþing efnir til ofurútsölu á Kletthálsi með ævintýralegum tilboðum. Glæsilegt úrval af nýlegum og eldri bílum. Við ætlum að selja 150 bíla á nokkrum dögum svo það er um að gera að hafa hraðar hendur og fætur.

Þú gerir ekki betri kaup.

# ÚTSALA

**Tryggjum stöðugleika!**
Vetrardekk fylgja öllum fólksbílum



**100%**
Allt að 100% lán á völdum bílum til allt að 60 mánaða

**VW Polo 1,4 árg. 2003**
ek. 92.000, 5 gíra. Ásett: 830.000. Tilboð: 650.000.

**Skoda Octavia 1,6 árg. 2003**
ek. 44.000, sjálfsk. Ásett: 1.390.000. Tilboð: 1.090.000.

**VW Passat 1,6 árg.2003**
ek. 45.000, 5 gíra. Ásett: 1.690.000. Tilboð: 1.350.000.

**Skoda Fabia 1,4 árg. 2002,**
ek. 59.000, 5 gíra. Ásett: 890.000. Tilboð: 690.000.

**VW Golf 4motion 4x4 árg. 2001**
ek. 74.000, 5 gíra. Ásett: 1.250.000. Tilboð: 990.000.

**Izusu Trooper 3.0 diesel árg. 2000**
ek. 95.000, sjálfsk. Ásett: 1.850.000. Tilboð: 1.480.000.

**Nissan Almera 1.8 árg. 2002**
ek. 42.000, sjálfsk. Ásett: 950.000. Tilboð: 760.000.

**MMC Lancer 1.6 árg. 2004**
ek. 42.000, sjálfsk. Ásett: 1.420.000. Tilboð: 1.150.000.

## Opið Kletthálsi frá kl. 10 til 20

Athugið: Bílaþing Laugavegi lokað á meðan útsölunni stendur

SP-FJÁRMÖGNUN

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 4702

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5760 | www.bilathing.is

HEKLA

www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

Einnig er útsala hjá söluumboðum okkar Selfossi, Reykjanesbæ og Akureyri

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*

HEKLA, Kletthálsi 11, sími 590 5760
www.hekla.is, hekla@hekla.is


JÓLAMARKAÐURINN
FELLSMÚLA
35% AFSLÁTTUR
Sagnamaðurinn
ÖRN CLAUSEN
EYRÚN INGADÓTTIR SKRÁÐI
Bókatíðindaverð: 3.990,- 2.594,-
Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir
Í FYLGD MEÐ FULLORÐNUM
Bókatíðindaverð: 4.680,- 3.042,-
Auður Eir
SÓLIN KEMUR ALLTAF UPP Á NÝ
Bókatíðindaverð: 4.990,- 3.244,-
Þráinn Bertelsson
VALKYRJUR
Bókatíðindaverð: 4.680,- 3.042,-
JÓNSBÓK
Bókatíðindaverð: 5.990,- 3.894,-
Harry Potter og Blendingsprinsinn
J. K. ROWLING
Bókatíðindaverð: 3.980,- 2.587,-
DAN BROWN
BLEKKINGALEIKUR
Bókatíðindaverð: 4.280,- 2.782,-
Myndin af pabba
Saga Thelmu
Bókatíðindaverð: 4.690,- 3.049,-
DÆTUR HAFSINS
Bókatíðindaverð: 4.480,- 2.912,-
Þú ert það sem þú borðar
Dr. Gillian McKeith
Bókatíðindaverð: 3.380,- 2.197,-
FÓLKIÐ
Bókatíðindaverð: 2.490,- 1.619,-
AFTURELDING
Bókatíðindaverð: 4.690,- 3.049,-
TÍMI NORNARINNAR
ÁRNI ÞÓRARINSSON
Bókatíðindaverð: 4.680,- 3.042,-
JÓLABÆKUR • HEIMILISTÆKI • HLJÓMTÆKI • LEIKFÖNG • BÚS
JÓLAPAPPÍR • JÓLASVEINAR • JÓLAHÚS • JÓLAHANDKLÆÐI • JÓLAK

# 20-35% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM NÝJU JÓLABÓKUNUM UM HELGINA!

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 11-19




Bókatíðindaverð: 4.280,- 2.782,-




Bókatíðindaverð: 4.690,- 3.049,-




Bókatíðindaverð: 4.280,- 2.782,-




Bókatíðindaverð: 4.980,- 3.237,-




Bókatíðindaverð: 4.980,- 3.237,-




Bókatíðindaverð: 4.680,- 3.042,-




Bókatíðindaverð: 4.280,- 2.782,-




Bókatíðindaverð: 4.480,- 2.912,-




Bókatíðindaverð: 2.990,- 1.944,-




Bókatíðindaverð: 2.690,- 1.749,-




Bókatíðindaverð: 3.480,- 2.262,-




Bókatíðindaverð: 3.990,- 2.594,-




Bókatíðindaverð: 4.880,- 3.172,-

ÁHÖLD • JÓLADISKAR • JÓLATRÉ • JÓLAKÚLUR • JÓLASKRAUT
ERTI • JÓLASTYTTUR • JÓLAKRANSAR • JÓLAKONFEKT • JÓLAGRENI



Líkneski Bertel Thorvaldsen í Hljómskálagarðinum í Reykjavík.




Á framhlið fótstalls Thorvaldsenstyttunnar er letrað auk fæðingar- og dánarárs: „Mestur listasmiður Norðurlanda. Að faðerni kominn af gömlum íslenzkum ættum.



ÞJÓÐÓLFUR.

Forsíða *Þjóðólfs* þar sem greint er frá Thorvaldsenshátíðinni fyrir 130 árum.

# Þegar Reykjavík varð stórborg

**Í dag eru 130 ár frá því að fyrsta myndastyttan var reist í Reykjavík. Jafnt höfðingjar sem alþýða fögnuðu tímamótunum, en hvort í sínu lagi.**

Nú um helgina eru nákvæmlega 130 ár liðin frá þeim atburði sem á sinn hátt markar upphaf þess að Reykjavík breyttist úr sveitaþorpi í stórborg; varð borg meðal borga. Þetta var þegar Reykjavík eignaðist sína fyrstu myndastyttu, líkneskið af listamanninum Bertel Thorvaldsen sem afhjúpað var á Austurvelli 19. nóvember 1875.

Traustar heimildir eru um þennan atburð og hve stór hann þótti í annars fábreyttu bæjarlífinu. Helstu blöð landsins, sem þá voru *Ísafold* og *Þjóðólfur*, gerðu honum vandlega skil. Síðarnefnda blaðið lagði forsíðuna og drjúgan hluta af öðru rými undir frásögnina. „19. nóvember á 105. afmælisdegi Alberts Thorvaldsens var líkneski hans blæju svipt og birt almenningi í Reykjavík. Var dagurinn heilagur haldinn, sem stórhátíð, og nálega öllu því tjaldað er til var til hátíðisbrigðis“, sagði blaðið. „Albert“ kölluðu blöðin Bertel Thorvaldsen til að leggja áherslu á íslenskan uppruna hans. Faðir hans var Gottskálk Þorvaldsson, tréskurðarmaður úr Skagafirði, og móðir hans dönsk kona, Karen Dagnes.

Gottskáld og fjölskylda hans voru blátæk. Skólaganga sonarins var sáralítil, en hann náði þó að verða tekinn inn í listaakademíið (Kunstakademiet) í Kaupmannahöfn. Hann hefur þá verið búinn að sýna listræna hæfileika. Í skólanum fór honum skjótt fram og að námi loknu hélt hann til Rómar þar sem frægðarferill hans sem myndhöggvara hófst. Er óþarfi að rekja þá sögu svo kunn sem hún er. Vorið 1838 ánafnaði Thorvaldsen fæðingarborg sinni, Kaupmannahöfn, öll verk sín gegn því að borgarstjórnin reisti sérstakt safn yfir þau. Það gekk eftir og er Thorvaldsenbyggingin eitt helsta listasafnið í miðborginni.

**Sjálfsmynd**

Áður en Thorvaldsen lést hafði hann gert af sjálfum sér meira en mannhæðarháa höggmynd. Þar er hann berhöfðaður og ber niður á brjóst, klæddur kyrtli og belti gyrtur. Styður hann vinstri höndinni á gríska gyðjumynd sem á að tákna Vonina; í hægri höndinni heldur hann síðan á smíðahamri sínum. Þessi mynd varð fyrir valinu þegar Kaupmannahafnarborg ákvað að gefa Íslendingum gjöf í tilefni af þúsund ára afmæli byggðar í landinu árið 1874. Var ákveðið að steypa hana í eir og flytja afsteypuna til Íslands en frummyndin er í Thorvaldsensafninu. Ástæðan fyrir því að Thorvaldsen varð fyrir valinu var áreiðanlega sú að Dönum var kunnugt um hve Íslendingar voru hreyknir af þessum syni sínum. Og það voru Danir líka, en þeir hafa löngum litið á hann sem fremsta listamann Danmerkur. Og Thorvaldsen var alveg ópólitískur, menn gátu sameinast um hann án tillits til þess hvaða skoðanir þeir höfðu á sambandi Íslands og Danmerkur.

**„Einkennilega íslenzkulegt“**

Ritstjóri *Þjóðólfs* skoðaði myndastyttuna af Thorvaldsen vandlega þegar hún hafði verið afhjúpuð á Austurvelli. Hann skrifaði um myndina: „Hann er miðaldra að sjá, og allra manna svipþýðastur og þokkabeztur sýnum; virðist allur svipur og andlitslag hans einkennilega íslenzkulegt.“

Hátíðarhöldin í Reykjavík þegar líkneski Thorvaldsen var afhjúpað gáfu þjóðhátíðinni ári fyrr ekkert eftir. Austurvöllur var allur skreyttur eftir forsögn dansks manns sem Kaupmannahafnarborg hafði sent til Íslands til að annast uppsetningu myndastyttunnar. Járngirðing var reist umhverfis styttuna og allt umhverfis hana voru fánastangir.

„Prýddu þannig Austurvöll í einu 52 dannebrogsflögg og blæjur“, sagði *Þjóðólfur*. Blaðið sagði að utan um stengurnar hafi verið slöngvað lyngfléttum og kransar festir, og um kvöldið hafi allar girðingarnar verið upplýstar með litlömpum úr pappír. Skreytingarnar voru verk hóps kvenna af betri heimilum í Reykjavík en upp úr starfi þeirra varð til Thorvaldsenfélagið, líknar- og kvenfélag sem enn starfar.

**Höfðingjar sér**

Þennan dag var veður í Reykjavík nokkuð kalt og hvasst, en hreint og fjallabjart samkvæmt blöðunum. Til athafnarinnar sem hófst á hádegi með klukknahringingu frá Dómkirkjunni kom þorri bæjarbúa og auk þess fólk úr nálægum sveitum. Á dagskrá var söngur og ræðuhöld. Höfðu þjóðskáldin, Matthías Jochumson og Steingrímur Thorsteinssom, ort bragi. Fyrstur talaði biskupinn, Pétur Pétursson, síðan Hilmar Finsen landshöfðingi og eftir að styttan hafði verið afhjúpuð talaði Árni Thorsteinson landfógeti. Loks bað Bergur Thorberg amtmaður menn að minnast konungs vors „og svöruðu menn því með níföldu húrra“, sagði *Þjóðólfur*. „Lengi dags var fullt af fólki kringum myndina að skoða hina fásjenu gersimi“, sagði *Ísafold*.

Síðdegis var efnt til samsætis á veitingahúsum bæjarins. „Sátu höfðingjarnir að veislu í sjúkrahúsinu [við Kirkjustræti þar sem var veislusalur], en alþýða í Glasgow [við Vesturgötu]“, sagði *Ísafold*. Stéttaskipting var skörp á Íslandi á þessum tíma og ekki kom til greina að háir og lágir sætu saman til borðs.

Líkneskið af Bertel Thorvaldsen er ekki lengur á Austurvelli. Það var árið árið 1931 flutt í Hljómskálagarðinn til að rýma fyrir styttunni af Jóni Sigurðssyni forseta. Í garðinum stendur það enn. ■


ÚRVAL NÆTURLJÓSA
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
Opið lau.: 11:00 - 16:00 / Opið sun.: 13:00 - 16:00
Rafkaup er á Hönnun & Heimili í Laugardalshöll um helgina

# Í okkar huga er glasið hálffullt

**Omar Sabri Kitmitto** hefur um árabil gegnt embætti yfirmanns aðalsendinefndar Palestínu og Frelsissamtaka Palesínu í Noregi og á Íslandi en nú hillir undir lok langrar starfsævi. ***Sveinn Guðmarsson*** ræddi við Kitmitto um vonir og væntingar Palestínumanna um frið fyrir botni Miðjarðarhafs.



**OMAR SABRI KITMITTO** „Þegar kemur að því að greiða atkvæði vona ég að þið munið alltaf nota atkvæði ykkar í þágu réttlætisins. Þeir sem eru hlynntir málstað okkar Palestínumanna eru það fyrst og fremst vegna þess að þeir eru stuðningsmenn réttlætisins.“ MYND/HARI

Kitmitto kom hingað til lands í síðasta sinn í opinberum erindagjörðum í vikunni. Hann kvaddi félaga sína, talaði á fundum og ræddi ástandið í Palestínu við Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra. Tengslin við Ísland munu þó ekki rofna með öllu því sonur hans er búsettur hérlendis ásamt eiginkonu sinni.

Ef einkunnin „hokinn af reynslu“ á við um nokkurn þá er það Omar Sabri Kitmitto. Hann hefur í hartnær tvo áratugi talað máli þjóðar sinnar í Noregi og Íslandi og stundum hefur verið á brattann að sækja. Oftast hefur starfið hins vegar verið bæði árangursríkt og ánægjulegt, sjálfsagt þó aldrei eins mikið og þegar Óslóarsamkomulagið svonefnda var í höfn árið 1993. Með því var grunnur lagður að friði á milli Ísraela og Palestínumanna og var Kitmitto meðal þeirra sem fengu Norðmenn upphaflega til að miðla málum á milli þjóðanna tveggja. „Þetta tók tíma en hafðist að lokum,“ segir Kitmitto brosandi.

### Ástandið væri annað í dag

Það verður að viðurkennast að þær væntingar sem urðu til við undirritun Óslóarsamkomulagsins hafi að mestu snúist upp í vonbrigði. Um þessar mundir eru liðin tíu ár síðan Yitzhak Rabin var ráðinn af dögum og lítið virðist hafa þokast í friðarátt. „Ég held að með morðinu á Rabin hafi allur gagnkvæmur skilningur verið úr sögunni. Í kjölfarið komust nýir menn til valda í Ísrael sem voru ósammála öllum okkar kröfum. Rabin hefði áreiðanlega virt ákvæði Óslóarsamkomulagsins ólíkt forystumönnum Likud-bandalagsins.“

Palestínumenn minnast þessa dagana annars stjórnmálamanns sem skildi ekki síður stórt skarð eftir sig en ár var liðið í vikunni síðan Yasser Arafat hvarf á vit feðra sinna. Kitmitto segir að þrátt fyrir allt sé ástandið á herteknu svæðunum í dag skárra en margir hafi óttast í kjölfar dauða Arafats. „Við höfum alltaf vilja koma dúfum til valda, þeim sem raunverulega vilja frið. Þess vegna kusum við Abbas, ólíkt til dæmis Ísraelum sem kusu Ariel Sharon sem verður seint talinn til dúfna.“ Máli sínu til stuðnings vitnar Kitmitto í samtal sem hann átti við norskan stjórnmálamann. Sá hafði sagt honum hversu mikið sér hefði brugðið eftir að hafa talað við Sharon og skilið að hann leit ekki svo á að Ísraelar hefðu hertekið Vesturbakkann og Gaza-ströndina heldur að svæðin væru lönd gyðinga sem arabar hefðu tekið ófrjálsri hendi fyrir tvö þúsund árum. „Hvernig er hægt, með þetta í huga, að segja að Arafat hafi verið hindrunin á friðarveginum?“

### Misjafnir leiðtogar

Ariel Sharon lagði pólitískt líf sitt að veði í sumar þegar hann lét ryma landnemabyggðir gyðinga á Gaza-ströndinni. Kitmitto er hins vegar ekki þeirrar skoðunar að af því megi draga þá ályktun



**SÖGULEGUR BROTTFLUTNINGUR** Þótt brottflutningurinn hafi verið jákvætt skref telur Kitmitto hann breyta litlu. „Fangelsið hefur bara verið stækkað örlítið.“ FRÉTTABLAÐIÐ/AP

að forsætisráðherrann sé í raun dúfa í hópi herskárra hauka Likud-bandalagsins. „Sharon lenti í átökum við félaga sínum í Likud vegna þess að þeir vilja losna við hann, ekki vegna raunverulegs málefnaágreinings. Fyrir Sharon var þetta fyrst og fremst leikur í valdatafli frekar en að vilja friðmælast við Palestínumenn.“

Kitmitto ber hins vegar ákveðna virðingu fyrir Sharon þótt hann hafi ímugust á stefnu hans á meðan hann vandar Shimoni Peres, fyrrverandi leiðtoga Verkamannaflokksins, ekki kveðjurnar. „Sharon kemur til dyranna eins og hann er klæddur og er trúr sínum hugsjónum. Hann hefur til dæmis alltaf verið hreinskilinn með að hans stefna sé að halda áfram uppbyggingu landnemabyggða á Vesturbakkanum. Peres er hins vegar slægur eins og refur, segir eitt en gerir svo annað. Ég held að Verkamannaflokknum finnist Peres hafa svikið sig með því að draga þá inn í ríkisstjórnina með Likud-bandalaginu án þess að hafa nein teljandi áhrif á stefnu stjórnarinnar og því kusu þeir Amir Peretz sem leiðtoga í hans stað í síðustu viku.“ Kitmitto væntir góðs af Peretz en segir þó of snemmt að segja til um hvaða áhrif hann muni hafa á framvindu mála.

### Brottflutningurinn frá Gaza

Enda þótt brottflutningurinn í sumar hafi ekki gengið átakalaust fyrir sig var um mikilvægt skref að ræða. Kitmitto segir það út af fyrir sig fagnaðarefni að Palestínumenn hafi fengið hluta þess landsvæðis til baka sem hernumið var í sex daga stríðinu árið 1967. Hins vegar bendir hann á að Ísraelar hafi enn töglin og hagldirnar á svæðinu. „Fangelsið hefur bara verið stækkað örlítið. Ísraelar ráða yfir vegatálmunum og við höfum ekkert um það að segja hverjir geta farið inn og út af svæðinu, Þetta er því enginn brottflutningur.“ Í þessu samhengi bendir Kitmitto á tvo íslenska lækna sem á dögunum þurftu að bíða í margar klukkustundir á mörkum svæðisins. „Fyrst að farið var svona með tvo íslenska lækna, ímyndaðu þér hvaða meðferð Palestínumenn fá.“

### Þolinmæðin á þrotum?

Ýmis teikn eru hins vegar á lofti um að vonin fari þverrandi hjá Palestínumönnum sjálfum og að þeir telji að tími enn harðari aðgerða sé þörf. Uppgangur Hamas-samtakanna er merki um það en kannanir benda til að þau muni fá 25-50 prósent atkvæða í þingkosningum Palestínumanna í janúar. Af því hefur Kitmitto ekki teljandi áhyggjur. „Hamas eru ekki við völd í dag og því taka þeir stórt upp í sig. Hamas eru ekki sá öfgasinnaði flokkur sem þeir eru gjarnan sagðir vera. Ég hitti leiðtoga Hamas, Khaled Mashal, í Damaskus og þar fullvissaði hann mig um að Hamas væri að breytast í stjórnmálahreyfingu sem myndi vinna að framgangi lýðræðisins af einhug kæmust samtökin til valda. Mashal benti mér hins vegar á að ríkisstjórn Ísraela sæti um líf sitt og því væri hreyfingin ófús til að gefa upp vopn sín.“

Í vikunni voru tveir hátt settir Hamas-liðar felldir í bænum Nablus á Vesturbakkanum og Kitmitto hefur bersýnilega áhyggjur af því að drápin geti dregið dilk á eftir sér. „Ég vona svo sannarlega að Hamas hefni ekki þessara morða því ef það gerist lendum við enn og aftur í sama vítahringnum.“

### Ísland getur hjálpað

Kitmitto lítur greinilega stöðu Palestínumanna raunsæjum augum en viðurkennir þó að til lítils væri að berjast ef vonin væri ekki til staðar. „Við lítum þannig á að glasið sé frekar hálffullt en hálftómt. Vonin er vissulega fyrir hendi og við vitum að þeir sem nú eru við völd í Ísrael munu ekki halda þeim til eilífðarnóns. Ef þeir vilja sigra okkur þá verða þeir að fella hvern einasta Palestínumann því við munum berjumst til síðasta manns. Við getum ekki sigrað þá heldur svo við gætum þurft að berjast í langan tíma. Þegar allt kemur til alls verða því báðir aðilar að semja. Hví ekki að gera það núna í stað þess að fórna enn fleiri lífum?“

Í þessu samhengi víkur þessi sendiherra Palestínu hérlendis talinu næst að Íslandi og segist vænta mikils af okkur þrátt fyrir smæðina. „Þið hafið jafn mikið vægi á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og hver önnur þjóð og þess vegna lítum við ekki á ykkur sem lítið land. Þegar kemur að því að greiða atkvæði vona ég að þið munið alltaf nota atkvæði ykkar í þágu réttlætisins. Þeir sem eru hlynntir málstað okkar Palestínumanna eru það fyrst og fremst vegna þess að þeir eru stuðningsmenn réttlætisins.“ ■



# Íslenskir tónlistardagar

Öll íslensk tónlist án virðisauka í nóvember

# TAX FREE TÓNLIST



1.605kr verð áður 1.999-

**ÓSKAR PÉTURSSON - Þú átt mig ein**



1.605kr verð áður 1.999-

**BERGSVEINN - September**
Áritar nýju plötuna í Hagkaupum
Skeifunni í dag kl. 14:00
Spönginni í dag kl. 16:00

ÁRITAR Í SMÁRALIND KL. 14:00



1.605kr verð áður 1.999-

GARÐAR THOR CORTES - Cortes

ÁRITAR Í KRINGLUNNI KL. 16:00



1.605kr verð áður 1.999-

HELGI BJÖRNS - Yfir Esjuna

ÁRITAR Í SMÁRALIND KL. 15:00



2.007kr verð áður 2.499-

BJÖRGVIN HALLDÓRS - Ár og öld

ÁRITA Í KRINGLUNNI KL. 15:00
ÁRITA OG SPILA Í SMÁRALIND KL. 16:00



1.605kr verð áður 1.999-

KK & ELLEN - Jólin eru að koma

ÁRITAR Í SPÖNGINNI KL. 14:00



1.605kr verð áður 1.999-

HEIÐA - Hluti af mér

ÁRITAR Í KRINGLUNNI KL. 14:00



1.605kr verð áður 1.999-

JÓNSI



1.605kr verð áður 1.999-

NYLON - Góðir hlutir



1.605kr verð áður 1.999-

RAGNHEIÐUR GRÖNDAL - After the rain



1.605kr verð áður 1.999-

SÁLIN HANS JÓNS MÍNS - Undir þínum áhrifum



1.605kr verð áður 1.999-

JÓN SIGURÐSSON - Til þín



1.605kr verð áður 1.999-

INGIBJÖRG ÞÓRBERGS - Í sólgulu húsi



1.605kr verð áður 1.999-

BRYNHILDUR G. - grrr...

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður fullan virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir til 30. nóvember eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla



**LÍBERÍUMAÐUR MEÐ KALASHNIKOV-RIFFIL** Uppreisnarmaður í liði Charles Taylor, fyrrum forseta landsins, heldur á Kalashnikov-riffli. Myndin er tekin árið 1990 og í forgrunni er höfuðkúpa hermanns þáverandi stjórnar landsins. Talið er að Bout hafi séð Taylor fyrir vopnum.



**TALIBANI Í AFGANISTAN** Þegar Talibanar börðust gegn afgönskum stjórnvöldum sá Bout þeim fyrir vopnum. Samband Bouts við Talibana varð til þess að hann varð hundeltur af bandarískum stjórnvöldum sem telja hann hafa haft tengsl við al-Kaída. NORDICPHOTOS/AFP

Þegar þú lest þetta er í þann mund verið að drepa einhvern í stríði einhvers staðar í heiminum. Nokkrar líkur eru á því að nákvæmlega núna standi einhver andspænis Kalashnikov-riffli frá vopnasmyglaranum Victor Anatoliyevich Bout biðjandi um grið. Talið er að 550 milljónir handvopna séu til í heiminum sem þýðir ein byssa á hverja tíu jarðarbúa. *Trausti Hafliðason* skyggndist inn í heim vopnasöluviðskipta og kynnti sér starfsemi alræmdasta vopnasmyglara samtímans.

# Blóðugi vopnasalinn Bout

Flest lönd, sem eru með her eða vilja hervæðast, þurfa að kaupa vopn frá öðrum. Fyrir utan Bandaríkin, Rússland, Bretland, Frakkland, Kína og nokkur önnur lönd framleiða fá lönd sín eigin vopn. Það er ugglaust hægt að segja að það hvíli ekki meiri leynd yfir nokkrum viðskiptum en vopnaviðskiptum, og eflaust er óhætt að fullyrða að hrollur fari um marga þegar minnst er á þessi viðskipti enda ótal siðferðislegar spurningar sem vakna í tengslum við þau.

Þó að vopnasmyglarar séu ekki söluhæstir í heimi vopnaviðskiptanna eru þeirra viðskiptahættir samt ógeðfelldastir. Þeir selja vopn til landa sem Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt viðskiptabann á, oftast til einræðisherra eða uppreisnarmanna í þróunarlöndunum. Þá víla þeir það oft ekki fyrir sér að sitja báðum megin borðsins – selja vopn til landa sem eru í stríði hvort gegn öðru. Tölur um ólögleg viðskipti með vopn eru á reiki og rakst greinarhöfundur á tölur frá 120 milljörðum króna á ári upp í 600 milljarða. Skekkjumörkin eru mikil, en hvað sem því líður þá getur vopnasala augljóslega verið mjög ábatasöm.

### Vopnasali eða vopnasmyglari

Skilin milli lögmætra vopnasala og vopnasmyglara eru oft óljós. Það eru ekki aðeins ríki sem mega selja vopn því með því að fá sérstök leyfi mega einkarekin fyrirtæki einnig gera það. Til að smygla vopnum þarf hins vegar að falsa tollaskjöl og ýmiss önnur skjöl. Mikilvægasta skjalið er hins vegar svokallað heimildarvottorð viðtakanda (end-user certificate). Aðeins ríki sem hefur heimild til að kaupa vopn getur gefið út þetta vottorð. Vopnasmyglarar leggja höfuðáherslu á að fá heimildarvottorð því að séu þeir með það í höndunum eru þeir í raun ekki lengur ábyrgir fyrir því í höndum hverra vopnin lenda á endanum. Vegna þess hversu erfitt er að sanna vopnasmygl eru flestir vopnasmyglarar eftirlýstir fyrir annars konar brot eins og til dæmis skjalafals og peningaþvætti.

### Túlkur verður vopnasali

Victor Anatoliyevich Bout er einn umsvifamesti vopnasmyglari heims í dag. Hann eftirlýstur bæði af bandarískum yfirvöldum og Interpol og Sameinuðu þjóðirnar hafa ítrekað sakað hann um að brjóta viðskiptabönn. Bout er gott dæmi um nýja kynslóð vopnasala sem komst til valda eftir fall járntjaldsins.

Hann er fæddur 13. janúar árið 1967 í borginni Dushanbe í fyrrum Sovétlýðveldinu Tadsjikistan. Bout útskrifaðist úr Herskólanum í Moskvu með tungumál sem sérgrein. Bout, sem talar átta tungumál, starfaði sem túlkur í Angóla um tíma, meðal annars fyrir friðargæsluliða Sameinuðu þjóðanna, og er talið að þá hafi hann aflað sér tengsla sem hann síðar nýtti sér og urðu til þess að hann varð einn alræmdasti vopnasmyglari í Afríku. Interpol segist búa yfir gögnum sem tengi Bout við ólöglega vopnasölu í fjölda Afríkuríkja, til dæmis Angóla, Rúanda, Sierra Leone, Líberíu, Kongó og Súdan.

Bout hefur stofnað fjölda fyrirtækja sem flest eru skráð sem flutningafyrirtæki. Hafa þessi fyrirtæki haft aðsetur víða um heim til dæmis í Rússlandi, Belgíu, Suður-Afríku og Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Bout hefur yfirleitt notað rússneskar flutningaflugvélar til að smygla vopnum. Vitað er að Bout hefur selt ýmiss konar vopn en líkt og flestir vopnasmyglarar selur hann mest af minni vopnum, hríðskotabyssum, handsprengjum og þess háttar vopnum.

### Blóðugir demantar í Afríku

Starfsemi Bouts í Afríku er lygasögu líkust. Í skýrslum Sameinuðu þjóðanna um ástandið í Angóla og Líberu er hann nefndur sérstaklega. Ýjað er að því að hann fái greitt í demöntum enda hefur hart verið barist um yfirráð yfir demantanámum í þessum ríkjum. Verslun með demanta frá þessum löndum er hins vegar með öllu óheimil, því er talið víst að hann hafi sett á laggirnar demanta-slípunarverksmiðjur, til dæmis í Kígali í Rúanda. Þegar búið er að slípa demanta er ekki hægt að greina hvaðan þeir koma og því ekki hægt að stöðva verslun með þá.

Vitneskjan um ólöglega vopnasölu Bout í Afríku vakti hins vegar ekki áhuga bandarískra yfirvalda á honum. Það var ekki fyrr en eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september sem bandaríska leyniþjónustan hóf að kanna hvað væri til í meintum tengslum Bouts við Talibana í Afganistan en af og til höfðu birst fréttir um þessi tengsl í fjölmiðlum. Í ágúst árið 1995 greindi franska fréttastofan AFP til að mynda frá því að herþota Talíbana hefði neytt flugvél frá Transavia Export Cargo, sem var fyrirtæki í eigu Bouts, til að lenda í Kandahar í Afganistan. Talibanarnir, sem þá höfðu ekki enn steypt stjórnvöldum frá völdum, tóku farminn, 30 tonn af Kalashnikovrifflum (AK 47), í vörslu sína.

### Í viðskiptum við Talibana

Byrjun janúar árið 2002 birti tímaritið Washington Monthly grein þar sem fullyrt er að Bout hafi setið beggja megin borðsins. Til að byrja með hafi hann stundaði viðskipti við ríkjandi stjórnvöld og hjálpaði þeim þannig í stríðinu við Talibana og aðra uppreisnarhópa. En síðar hafi hann hafið viðskipti við Talíbana. Í tímaritsgreininni er vitnað í heimildarmann sem þekkti Bout og sagði hann: „Bout er mjög framtakssamur. Þegar flugvélin var tekin notaði hann tækifærið til að semja við Talibanana.“

Nokkrum vikum eftir að tímaritsgreinin birtist greindi dagblaðið Los Angeles Times frá því að Bout væri með starfsemi í Sharjah í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Var hann sagður einn af eigendum flugfélagsins Flying Dolphin sem flygi tvisvar í viku með hergögn, varahluti í herflugvélar og vopn, til höfuðstöðva Talíbana í Kandahar. Skráður eigandi flugfélagsins var hins



JEAN-BERNARD LAUSNAUD



**HEIMASÍÐA CARIBBEAN GROUP OF COMPANIES** Á heimasíðunni er hægt að panta þotuhreyfil í F-16 orustuþotu og varahluti í F-14, bandarískar vélbyssur eins og Colt M4 Carbine og M60; belgíska vélbyssu af gerðinni FN Minimi/M249 SAW, kínverska gerð 79 vélbyssu og bandaríska hálfsjálfvirka MP5/10 SMG-byssu. Þá er hægt að panta sjókött sem kafar niður á nokkurra metra dýpi, en einnig fullkomnustu gerð af nætursjónaukum og þá segir á heimasíðunni að fyrirtækið eigi á lager 1,2 milljónir byssukúla sem geymdar eru á lager í Austur-Evrópu.

## Vopnasmyglari með heimasíðu

Jean Bernard Lasnaud hefur verið umsvifamikill vopnasölumaður í fjölda ára. Lasnaud er pólskættaður og þótt hann gangi venjulega undir ofangreindu nafni er skírnarnafn hans Bernard Lasnosky. Líkt og margir sem skipta með vopn er fortíð Lasnauds, sem nú er 63 ára gamall, í meira lagi vafasöm. Hann er meðal annars sagður hafa selt vopn frá Argentínu til Króatíu þegar stríðið geysaði þar, en einnig til Ekvador og brotið þar með viðskiptabann með vopn til þessara landa. Talið er að hann hafi hagnast um nokkra milljarða á þessum viðskiptum.

Þrátt fyrir að hafa verið eftirlýstur af argentínskum stjórnvöldum og Interpol lifði Lasnaud góðu lífi á Flórída. Bandarísk yfirvöld gerðu lítið sem ekkert til að hafa uppi á honum. Það var ekki fyrr en hann fór til Evrópu árið 2002 sem hann var handtekinn í lest á leiðinni til Genfar og framseldur til Argentínu. Þar var hann í fangelsi þar til hann borgaði tryggingu og flúði landið. Í dag er lítið vitað um Lasnaud en talið er að hann sé í felum í Frakklandi. Þrátt fyrir að vera eftirlýstur maður er Lasnaud ekki hættur vopnaviðskiptum. Svo ótrúlegt sem það kann að virðast þá heldur hann enn úti heimasíðu (www.carigroup.com) þar sem hægt er að panta allt frá þotuhreyflum í F-16 herþotur til byssukúlna.

Verslað er með vopn fyrir hundruð milljarða á ári:

# Bandaríkjamenn selja langmest af vopnum

Á hverju ári er verslað með vopn fyrir hundruð milljarða króna. Reyndar hefur verðmæti opinberra vopnasölusamninga verið á bilinu eitt til tvö þúsund milljarðar króna undanfarinn áratug. Það kemur kannski ekki á óvart, en er samt áhugavert, að meginþorri vopnasölusamninga eru gerðir við þróunarlönd. Á árunum 1996 til 2003 voru tæplega 65 prósent allra samninga við þróunarlönd.

Sú þjóð sem selur mest er Bandaríkin. Árið 2003 er áætlað að bandarísk yfirvöld og vopnasalar hafi gert vopnasamninga fyrir 900 milljarða króna sem er ríflega þrisvar sinnum meira en Rússar, sem eru sú þjóð sem selur næstmest af vopnum. Mikil vopnasala Bandaríkjamanna hefur óneitanlega haft sínar afleiðingar fyrir þá sjálfa. Sem dæmi má nefna að í bæði skiptin sem Bandaríkin hafa ráðist inn í Írak hafa bandarískir hermenn staðið andspænis íröskum hermönnum sem að stórum hluta voru vopnaðir bandarískum vopnum.

**OPINBERAR TÖLUR UM VERÐMÆTI VOPNASÖLUSAMNINGA FRÁ ÁRINU 1996 TIL 2003 (MILLJARÐAR KRÓNA)**

| | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Bandaríkin | 650 | 445 | 600 | 735 | 1.100 | 730 | 820 | 900 | 5.980 |
| Rússland | 300 | 210 | 155 | 280 | 385 | 320 | 360 | 265 | 2.275 |
| Frakkland | 155 | 300 | 190 | 105 | 265 | 240 | 25 | 60 | 1.340 |
| Þýskaland | 10 | 40 | 310 | 270 | 75 | 75 | 70 | 85 | 935 |
| Bretland | 300 | 60 | 125 | 85 | 35 | 30 | 50 | 5 | 690 |
| Kína | 60 | 80 | 40 | 185 | 35 | 60 | 15 | 25 | 490 |
| Ítalía | 25 | 20 | 35 | 45 | 10 | 45 | 65 | 35 | 280 |
| Evrópuþjóðir* | 250 | 120 | 120 | 350 | 285 | 220 | 250 | 145 | 1.740 |
| Aðrir | 210 | 45 | 95 | 140 | 135 | 100 | 105 | 70 | 900 |
| **Samtals** | **1.960** | **1.320** | **1.670** | **2.195** | **2.325** | **1.820** | **1.760** | **1.590** | **14.630** |

*Aðrar Evrópuþjóðir en tilgreindar eru í töflunni

Upplýsingarnar byggja á skýrslu CRS sem er sjálfstæð stofnun sem starfar fyrir bandaríska þingið.



**BOUT Í ANGÓLA** Victor Bout sést hér í hvítum fötum á flugvelli Unita-hreyfingarinnar í Angóla. Bout sá Unita fyrir vopnum og var í góðum tengslum við Jonas Savimbi, stofnanda hreyfingarinnar.

vegar Abdullah bin Zayed al Sagr al Nahyan sem hafði verið sendiherra Sameinuðu arabísku furstadæmanna í Bandaríkjunum frá 1989 til 1992. Nahyan var sagður náinn samstarfsmaður Bouts.

Í skýrslu, sem bandaríska stofnunin Center for Public Integrity í Washington birti, er talið að Bout hafi hagnast um þrjá milljarða króna á viðskiptum sínum við Afgana. Í skýrslunni sem byggir að hluta á belgískum leyniskjölum er sagt að ekki hafi sannast að Bout hafi átt bein viðskipti við al-Kaída. En vegna tengsla Talibana og al-Kaída sé ljóst að einhver hergögn sem keypt hafi verið af Bout hafi endað í höndum liðsmanna Osama bin Laden.

### Bara venjulegur viðskiptamaður

Í kjölfar þess að belgíska lögreglan réðst inn í átján íbúðir meintra lögbrjóta snemma árs 2002 og handtók meðal annars náinn samstarfsmann Bout, Sanjivan Ruprah, var Bout ákærður fyrir peningaþvætti. Vegna meintra tengsla Bout við al-Kaída og ólöglega vopnasölu til hryðjuverkamanna var nafn Bouts töluvert mikið í fjölmiðlum. Hann var eftirlýstur af Interpol og bandarískum yfirvöldum sem töldu hann vera í felum í Moskvu. Bout sá sig knúinn til að svara ásökununum og í viðtali við rússnesku útvarpsstöðina Ekho Moskvy sagðist hann alsaklaus. Hann væri bara venjulegur viðskiptamaður og allar ásakanir á hendur sér væru í Hollywoodstíl. Á sama tíma og Bout var í viðtalinu barst fréttatilkynning frá Rússlandsdeild Interpol þar sem sagt var að vegna gruns um að Bout hefði selt al-Kaída vopn hefði hans verið leitað í fjögur ár í Rússlandi. Í tilkynningunni sagði enn fremur: „Í dag getum við sagt með vissu að Bout er ekki í Rússlandi.“ Fáeinum dögum seinna barst leiðrétting frá Rússnesku öryggislögreglunni (Russian Federal Security Service) þar sem sagði: „Það er engin ástæða til að ætla að þessi rússneski þegn hafi brotið lög.“

### Frjáls eins og fuglinn

Eins og fyrr sagði eru skilin milli lögmætra vopnasala og vopnasmyglara oft óljós. Ágætt dæmi um það er að árið 1993 flutti Transavia, eitt flutningafyrirtækja Bout, vopn til belgískra friðargæsluliða í Sómalíu.

Vegna stöðu sinnar innan rússnesku mafíunnar er talið að Bout hafi gríðarlega sterk ítök á ýmsum sviðum rússnesks samfélags. Victor Anatoliyevich Bout gengur enn frjáls ferða sinna. ■





HJÓNIN VALENTÍNA BJÖRNSDÓTTIR OG KARL EIRÍKSSON ÁSAMT DÓTTURINNI KRISTÍNU SHU RUI.

# *Ólýsanlegt að fá hana loks í fangið*

Hundrað þúsund börn eru borin út í Kína á hverju ári. Eitt þeirra var Kristín Shu Rui Karlsdóttir, sem fjórtan mánaða gömul fékk nýja foreldra og nýja ættjörð. *Anna Margrét Björnsson* ræddi við hjónin **Valentínu Björnsdóttur** og **Karl Eiríksson** um hvernig litla prinsessan kom inn í líf þeirra, og um hina ástríðu þeirra, heilnæmt og hollt fæði.

Í júní síðastliðnum fengu hjónin Valentína og Karl mynd af lítilli stúlku í hendurnar. Þetta var tilvonandi dóttir þeirra, og mánuði síðar héldu þau til stóra risans í austri til að fara með hana heim. Kristín Shu Rui er ein af tæplega áttatíu börnum sem hafa verið ættleidd til Íslands frá Kína frá árinu 2002. „Það er vissulega skrýtið að standa frammi fyrir því að velja ætterni á barninu sínu. Það er nógu stór ákvörðun að ættleiða lítið barn, og svo bætist við þá ákvörðun að velja frá hvaða landi það á að vera," segir Valentína og Karl tekur undir. „Það sem réði vali okkar um að ættleiða barn frá Kína er það að biðlisti þar er styttri en í öðrum löndum," útskýrir hann. „ Kínverjar standa mjög vel að þessu. Við vorum að velta fyrir okkur Indlandi fyrst og Austur-Evrópa var eiginlega alveg út úr kortinu þar sem það er svo erfitt og langt ferli þar." En hversu langan tíma tekur að ættleiða barn frá Kína?

„Í dag tekur það eitt ár að fá barn frá Kína. Maður fær ekkert val um kyn, en í Kína eru auðvitað miklar líkur á að fá stelpu. Það er aðeins einn strákur ættleiddur til Íslands frá Kína eins og er. Svo spilar það auðvitað sterkt inn í að það eru svona mörg lítil börn úti í heimi sem þurfa á okkur að halda. Þetta snýst ekki bara um það að okkur langaði til þess að verða foreldrar, maður er líka að reyna að láta gott af sér leiða."

**Stúlkurnar hétu í höfuðið á borginni**

Eins og flestir munaðarleysingjar í Kína þá hafði Kristín litla verið skilin eftir úti á fjölförnum stað. „Hundrað þúsund börn eru borin út í Kína á hverju ári. Þessi einbirnisstefna Kínverja er að leiða til þess að innan tuttugu ára verða fjörutíu milljónir kínverskra karla á giftingaraldri konulausir. Stjórnvöld eru þó að reyna að breyta þessu og ætla að setja af stað lífeyri fyrir fólk svo það þurfi ekki að eiga strák til að sjá fyrir sér þegar það verður gamalt. Við fengum sem sagt að vita í byrjun júní að það væri þarna lítil stúlka sem biði okkar. Þá fengum við mynd af henni og myndin breytti öllu og við gátum farið að tengja litlu manneskjuna inn í líf okkar. Við fórum út til Kína sextán saman, sex hjón, tvö systkini og einhleyp kona, til að ná í börn frá sama barnaheimilinu í borg sem heitir Fu Zhou. Við flugum fyrst til Beijing og svo til Nanjing, og þangað komu allar litlu stúlkurnar. Þær hétu allar Fu-eitthvað, í höfuðið á borginni. Litla stúlkan okkar hét Fu-Shu Rui og nú heitir hún Kristín Shu Rui. Við hittum hana klukkan þrjú á ákveðnu hóteli og svo þegar nafnið hennar var kallað upp þurftum við að sýna skilríki og bara fengum hana í fangið," útskýrir Valentína. Og hvernig var sú tilfinning? „Þegar við heyrðum þau koma upp stigann þá var tilfinningin ólýsanleg. Ég hef aldrei upplifað annan eins gleðiskjálfta og geðshræringu þegar ég fékk hana í fangið," segir Valentína. Upplifir maður ástina strax? „Já, algerlega. Og maður heldur að maður geti ekki elskað þetta barn meira, en ástin bara vex og vex eftir því sem mánuðirnir líða."

Þau segja það vissulega átakanlega upplifun að heimsækja barnaheimili. „Eftir þessa reynslu gæti ég óskað þess að ég gæti komið með tíu til baka. Aðstæður eru svo sem ágætar, mun betri örugglega í Kína en í mörgum öðrum löndum, en það var mjög sorglegt að sjá öll þessi foreldralausu börn. Svo var mikið af fötluðum börnum, sum jafnvel upp í fimmtán ára aldur, sem verða ekki ættleidd. Það eru fáir sem eru tilbúnir til að taka slíka byrði á sig. Þetta eru börn sem hafa litla framtíð. Kínverjar eru mjög barngóðir og börnin njóta þó ástúðar og atlætis. Það eru svo allt allt aðrar hugmyndir um lífið og tilveruna í þessu fjölmenna landi en við höfum á þessari góseneyju þar sem við höfum allt til alls."

Er svo eitthvað sérstakt prógramm fyrir nýbakaða foreldra? Einhver sem hjálpar ykkur í gegnum ferlið?

„Nei, það er ekkert sérstakt prógramm nema ströng læknisskoðun," svarar Valentína. „En það er staðið afar vel að ættleiðingum hér á Íslandi. Félagið Íslensk ættleiðing á mikið hrós skilið fyrir að leiða okkur svona vel í gegnum þetta ferli. Ef það er eitthvað að þá er alltaf hægt að leita til þeirra. Hópurinn sem fór saman til Kína er mjög samhentur og við hittumst oft. Við fundum mjög mikinn stuðning frá samfélaginu yfirleitt. Svo er þetta bara eins og með alla aðra foreldra, manni er bara hent út í djúpu laugina og þarf að læra þetta sjálfur. Fylgja sínu brjóstviti!" En hvernig tók Kristín litla nýja landinu? „Fyrstu þrjá dagana fannst okkur hún afskaplega stillt og uppgötvuðum svo að hún hafði ekki látið frá sér eitt aukatekið hljóð. Litla barnið var auðvitað í sjokki og var lasið og veikburða. Reyndar leið okkur mjög undarlega sjálfum, vorum að takast á við stórar tilfinningar." Hafið þið hugsað ykkur að fræða Kristínu um upprunaland sitt síðar? „Við ætlum að sjálfsögðu að fræða hana um sitt upprunaland," segir Karl. „Ég geri ráð fyrir því að þessi hópur okkar haldi áfram að hittast til dæmis. Kristín á eftir að vera meðvituð um hvernig hún kom hingað, og við viljum endilega fara síðar með henni til Kína og ferðast þar um. Þetta er ótrúlega mikið og merkilegt land með mörg þúsund ára gamalt menningarsamfélag og við viljum að hún sé stolt af sínum uppruna." „Við vitum auðvitað ekkert um foreldra hennar en oft velti ég fyrir mér hvort hún líkist móður sinni eða föður sínum," bætir Valentína við. „Hún ber allavega foreldrum sínum gott vitni, hefur gott upplag og er yndisleg á allan hátt." Eruð þið eitthvað hrædd um að hún mæti fordómum hér á landi þar sem eru svo fáir hlutfallslega af erlendum uppruna, miðað við önnur lönd? „Ég hef engar stórkostlegar áhyggjur," segir Karl. „Þetta er eflaust erfiðara fyrir innflytjendur, en Kristín samlagast strax og á íslenska foreldra, hún lærir málið og verður Íslendingur. Það er erfiðara fyrir fólk sem flytur hingað og þarf að samlagast þjóðfélaginu og læra málið."

„Íslenskt samfélag hefur líka breyst svo mikið," segir Valentína. „Það eru börn á næstum hverri leikskóladeild sem eru af öðrum uppruna og þetta er orðinn þeirra veruleiki. „ Og hvernig barn er Kristín? „Hún er afar skemmtilegt barn, mjög ákveðin og prakkari," segja þau hlæjandi." „Hún er mjög tónelsk, syngur mikið og dansar. Fyndin, hlý og yndisleg. Okkur fannst merkilegt að uppgötva hvernig málrómur hennar breyttist stuttu eftir að við komum heim. Hún hafði hjalað fyrst með kínverskum hreim, og svo hefur hún væntanlega lært ný hljóð þegar hún kom til Íslands. Kínversk hljóðfræði er allt öðruvísi en íslensk. Hún er mikill dugnaðarforkur, mikið hörkutól og veigrar

*„Þetta er ótrulega mikið og merkilegt land með mörg þúsund ára gamalt menningarsamfélag og við viljum að hún sé stolt af sínum uppruna."*

sér ekki við hlutina. Ætli hún gráti sjaldnar en önnur börn? Þessir munaðarleysingjar hafa þurft að hafa meira fyrir tilveru sinni." Hafið þið hugsað ykkur að eignast fleiri börn? „Já, við höfum talað mikið um það. Þetta hefur verið svo jákvæð reynsla að við myndum ekki hika við að fara sömu leið. Það væri líka gaman fyrir Kristínu litlu að eignast systkini."

**Leikskólafæðið og móðir náttúra**

Valentína varð fræg meðal leikskólamæðra þegar hún vann sem kokkur á leikskólanum Laufásborg í Þingholtunum. Þar kynnti hún spennandi og holla matargerð fyrir litlum börnum. „Ég notaði alltaf mikið grænmeti handa þeim litlu. Baunir, hrísgrjón og bygg er mjög æskileg fæða fyrir lítil börn." Áhuginn á heilsufæði leiddi reyndar þau hjónin saman en þau kynntust þegar þau unni saman á veitingastaðnum Grænum kosti. Fyrir tveimur árum síðan stofnuðu hjónin fyrirtækið Móðir náttúra sem sérhæfir sig í tilbúnum hollum mat. Fannst þeim vanta svona fæði inn á íslenska markaðinn?

„Við sáum mörg tækifæri í þessu, og við höfum brennandi áhuga á svona fæði," útskýrir Karl. „Þetta er stórt og erfitt ævintýri að leggja út í matvælaiðnaðinn. En við vorum búin að ná okkur í ákveðna reynslu og svo vill maður bæta við þá reynslu, reyna meira á sig," útskýrir Valentína." „Við erum lítið fjölskyldufyrirtæki og erum afar lánsöm að vera með gott starfsfólk sem stendur þétt við hlið okkar við uppbygginguna fyrirtækisins og það er ómetanlegt. Við Íslendingar erum frekar framarlega hvað varðar hollustu og grænmetisfæði, þrátt fyrir að þetta er tiltölulega ný bylgja hér á landi. Við notum eins mikið af lífrænu hráefni og býðst fyrir vörurnar okkar, og vonandi getum við í framtíðinni boðið upp á alveg lífræna fæðu." Móðir náttúra er með grænmetisbuff, hummus, sósur, fræblöndur og nýkomið er á markaðinn spennandi pottréttir. Þau selja vörurnar vítt og breitt um landið og einnig í mötuneyti, skóla og leikskóla. „Það er til afskaplega mikið af tilbúnum matælum en okkur fannst vanta meira af svona persónulegum mat. Maturinn sem við erum að elda er matur sem við myndum bjóða upp á heima hjá okkur. Við erum með rúmlega eldhúsútgerð og viljum ekki tapa þessu persónulega „touch-i". Við erum með mat á heilanum og erum miklir matgæðingar. Manni líður svo vel af hollu fæði, þar sem uppistaðan er flókin kolvetni. Þá nýtist orkan úr fæðinu mun betur." En eru börn frá svona ólíkri heimsálfu með sama þol á mat og við Íslendingar? „Kristín er með mjólkuróþol enda nota Asíubúar ekki mikið af mjólkurvörum og hafa ekki gert í gegnum aldirnar. Það er gaman að velta því fyrir sér hvernig mat mismunandi fólk þolir, enda erum við öll svo ólík og fólk verður að þekkja inn á sjálft sig og sneiða hjá því sem það þolir ekki."

Eru einhver góð ráð til að láta lítil börn borða hollan mat?

„Ég held að það séu oftast foreldrarnir eða afarnir og ömmurnar sem ákveða fyrir fram að börnin borði ekki svona. Það er um að gera að leyfa þeim að smakka og prófa. Börnin eru alveg sólgin í þetta, það þarf bara að kenna þeim að borða það og gefast ekki upp þótt þau vilji matinn ekki strax. Þau vilja kannski ekki flókinn mat og mikið blandað saman, og svo er upplagt að gefa þeim bygg og baunir í kássum og í grænmetisbuffi. Það er líka mjög gott að gefa þeim nýpressaðan ávaxta- og grænmetissafa. Kristín litla er alveg sólgin í það og eins í matarmiklar súpur með grænmeti," útskýrir Valentína. Er þetta ekkert strembið, að vera með vaxandi fyrirtæki og nýtt barn á heimilinu? „Við erum ólík og vegum hvort annað upp. Erum voðalega vel gift," segja þau og hlæja. „Það er líka aldrei réttur tími til þess að eignast barn. Þetta færir manni svo ómælda hamingju tilbaka, eins og allir foreldrar vita.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.09 | 13.13 | 16.16 |
| Akureyri | 10.11 | 12.58 | 15.44 |

Heimild: Almanak Háskólans

# allt

FRÉTTABLAÐIÐ


bílar o.fl.

**ARCTIC TRUCKS**

Þjónustumiðstöð fyrir jeppaeigendur bls. 2



ferðir o.fl.

**FJARLÆGAR SLÓÐIR**

Tveir ungir Reykvíkingar á ferð í Mongólíu bls. 8





*Góðan dag!*

**Í dag er laugardagur 19. nóvember 323. dagur ársins 2005.**

## KRÍLIN




## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**


Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar


**SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000**



Auður Eir Vilhjálmsdóttir er mjög ánægð með nýja jeppann sinn. HARI

# Finnst nýir bílar hafa of óákveðnar línur

***Auður Eir Vilhjálmsdóttir prestur er með mikla bíladellu og hefur ákveðnar skoðanir á nútímabílum. Hún keyrir um á glænýjum jeppa og segir þá heppilega farkosti bæði í innan- og utanbæjarakstur.***

Í nýlegri ævisögu sinni segist Auður Eir einmitt hafa mikla bíladellu. „Strax og ég fór að horfa á bíla vaknaði þessi áhugi minn. Fjölskyldan átti Austin og Mercedes Benz og þetta voru yndislegir bílar. Benzinn var einmitt fyrsti bíllinn sem ég keyrði þegar ég fékk bílpróf,“ segir Auður Eir en í seinni tíð hafa jeppar verið hennar uppáhalds. „Fyrsti jeppinn minn var Nissan jeppi og ég eignaðist hann um 1980. Hann var stór, hvítur, með röndum og ég hélt að ég myndi aldrei sætta mig við að keyra á öðrum jeppum,“ segir Auður Eir og hlær.

Auður Eir á glænýjan Kia jeppa en hún flutti aftur á höfuðborgarsvæðið árið 1998. Henni þykir mjög gott að eiga jeppa í borginni eða svo framarlega sem þeir séu liprir. „Af því að ég fer líka svolítið út á land verð ég bara að eiga jeppa eða einhvern stæðilegan bíl.“ Auk nýja jeppans á Auður einnig Volvo Amazon sem er glæsilegur fornbíll.

Auður Eir hefur ekki mikið álit á nútímabílum og finnst þeir ekki nógu fallegir. „Mér finnst þeir ekki hafa nógu fallegar línur. Ég horfi mikið á bíla og mér finnst of óákveðnar línur í þessum nýju bílum. Þær eru hvorki mjúkar né harðar, ég vona að þetta fari að breytast.“ Hún segir að hún kjósi frekar beinni línur og fallegra form, jafnvel kassalagað. Auður Eir er hins vegar mjög ánægð með nýja jeppann sinn og segir að lokum að hún vonist eftir að eiga hann til margra ára.

steinthor@frettabladid.is

## LIGGUR Í LOFTI

**[BÍLAR OG FERÐIR]**

**Ferðajólapakkar** eru alltaf að njóta vaxandi vinsælda. Hjá Icelandair er til dæmis hægt að kaupa ferðir til allra viðkomustaða félagsins nema Orlando á hagstæðu verði. Um er að ræða fjóra mismunandi pakka og gilda þeir frá 10. janúar til 14 maí 2006. Eftir það nýtast þeir sem greiðsla upp í ferð.

**Ofurútsala** á að lágmarki 150 bílum er hafin hjá Bílaþingi Heklu, Klettahálsi. Meðan á útsölunni stendur mun Bílaþingið á Laugavegi hins vegar vera lokað. Útsalan hófst á miðvikudag og mun hún standa yfir í nokkra daga, þannig að það fer hver að vera síðastur.



**Stórleikur** í Meistaradeild Evrópu verður þriðjudaginn 6. desember næstkomandi í London. Þá mætast stórveldin Chelsea og Liverpool á heimavelli Chelsea, Stamford Bridge, í London. Þeir fjölmörgu Íslendingar sem verða á staddir í London á þeim tíma ættu því að reyna að nýta sér þetta einstaka tækifæri og reyna að smella sér á miða.

**1.540 milljónum** verður varið til umferðaröryggismála til ársins 2008. Þetta kom fram á ráðstefnu sem Vegagerðin hélt fyrirskömmu. Þar voru kynnt rannsóknarverkefni sem hlutu styrk Vegagerðarinnar árið 2004. Peningunum verður varið til umferðaröryggisaðgerða sem allar miða að því að gera umferðaröryggi á Íslandi eins og best gerist í heiminum.





ALLT AÐ 100% LÁNS HLUTFALL

EKKERT LÁNTÖKUGJALD

LÆGRI VEXTIR

ENGIN SKILYRÐI UM TRYGGINGARFÉLAG

**BÍLALÁN**

Við lánum fyrir nýjum og notuðum bílum á hagstæðum kjörum án tillits til þess hvar þú tryggir bílinn eða hefur þín bankaviðskipti. Reiknaðu lánið þitt á **www.frjalsi.is**, hringdu í síma **540 5000** eða sendu okkur línu á **frjalsi@frjalsi.is**. Við viljum að þú komist sem lengst!

**DÆMI UM MÁNAÐARLEGA GREIÐSLUBYRÐI AF 1.000.000 kr.***

| Lánstími | 5 ár | 7 ár | 8 ár |
|---|---|---|---|
| 5,95% vextir | 19.310 kr. | 14.585 kr. | 13.117 kr. |

*Lán með jafngreiðsluaðferð án verðbóta

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN

Fiton/SÍA FI015128

## Kattasandur

getur komið sér vel ef bíllinn spólar í snjó eða hálku. Það er ágætt að vera alltaf með poka af kattasandi í bílnum yfir veturinn. Dekkin ná betra gripi ef smá sandur er notaður.





Loftur Ágústsson, markaðsstjóri Arctic Trucks, og Bjarni Brynjólfsson, starfsmaður Arctic Trucks í Noregi.

# Alhliða þjónustumiðstöð fyrir jeppa og eigendur þeirra

***Í nýrri þjónustumiðstöð sem opnar um helgina ætla Arctic Trucks að þjónusta allar jeppategundir og eigendur þeirra.***

Arctic Trucks hafa um árabil verið í brjósti fylkingar þegar kemur að jeppabreytingum og -þjónustu. Auk þess að breyta fjölmörgum bílum hefur fyrirtækið þróað og hannað ýmsa hluti sem eru sérsniðnir að íslenskum aðstæðum, nú síðast alíslensk jeppadekk sem hafa fengið góðar viðtökur.

Þangað til nýlega voru það Toyota-eigendur sem helst nýttu sér þjónustu Arctic Trucks. Eftir breytingar á eignarhaldi er fyrirtækið orðið sjálfstætt og ætlar sér að þjónusta allar tegundir jeppa til jafns, sem og eigendur þeirra. „Við erum að útvíkka starfsemina en ætlum okkur að halda í sama gæðastaðal og við höfum unnið eftir hingað til, enda teljum við hann vera að virka vel,“ segir Loftur Ágústsson, markaðsstjóri Arctic Trucks.

Nú um helgina er opnunarsýning á nýju 1.700 fermetra húsnæði fyrirtækisins að Klettthálsi 3. Auk þess að vera með sýningarsal fyrir breytta jeppa og stærstu sérverslun landsins með jeppavörur og fylgihluti verður í húsnæðinu fullkomin alhliða þjónustumiðstöð fyrir jeppabifreiðar.

„Á breytingaverkstæðinu vinna þaulreyndir starfsmenn sem leggja mikinn metnað í vinnubrögð sín. Þeir fylgja stöðlum í smíðum og breytingum og það gerir okkur kleift að þjónusta bíla eftir á, mikið betur en ef hver breyting væri einstök,“ segir Loftur.

Þá er í húsinu sérhæft dekkjaverkstæði fyrir jeppaeigendur, sem og smurstöð sem einnig er sérsniðin með þarfir jeppabifreiða í huga. Fullkomnasta skoðunarbraut landsins er líka í nýju þjónustumiðstöðinni en hún býður upp á hverskyns prófanir og athuganir á fólksbílum og jeppum. Í lok skoðunar er hægt að prenta út niðurstöður brautarinnar, til dæmis eftir bremsuprófanir eða athugun á ljósastillingu.

Loks verður settur á fót jeppaskóli Arctic Trucks. „Við höfum reynslu af því að leiðbeina ökumönnum jeppabifreiða og höfum í hyggju að bjóða fleirum upp á þesshátta fræðslu,“ segir Loftur. Í jeppaskólanum verður meðal annars hægt að fræðast um virkni fjórhjóladrifs og kynnast aðstæðum sem geta komið upp við akstur allan ársins hring.

Nú um helgina leggur starfsfólk Arctic Trucks áherslu á að kynna fólki hvaða starfsemi verður boðið upp á í þjónustumiðstöðinni. Opnunarsýningin stendur frá klukkan 12 til 16 í dag og frá 13 til 16 á morgun.



Breytingaverkstæðið mun væntanlega eftir sem áður verða hjarta Arctic Trucks. Gestum og gangandi gefst kostur á að skoða það nú um helgina í opnunarsýningu á nýrri þjónustumiðstöð Arctic Trucks að Kletthálsi 3. HEIÐA



Nýja þjónustumiðstöðin er 1.700 fermetrar og rúmar alhliða þjónustu, sérsniðna að jeppum og eigendum þeirra.

Hvellur.com
Við bjóðum heildarlausnir í snjókeðjum
Viðgerðir
Breytingar
Þjónusta
Súðavogi 6 104 Reykjavík Sími 577 6400

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU þjónusta · HONDA þjónusta · NISSAN þjónusta

BÍLSTJÓRAR - HÆTTIÐ AÐ PRÍLA!
RAFSTÝRÐAR YFIRBREIÐSLUR
FYRIR VÖRUBÍLA, VAGNA OG GÁMA
G.T. ÓSKARSSON EHF
VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6000 • www.islandia.is/scania

CABAS verkstæði
Viðurkennt CABAS-verkstæði
NÝ SPRAUTUN
BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • FRAMRÚÐUÍSETNINGAR
Njarðarbraut 15 • Reykjanesbær • S: 421 2999 • Fax: 421 2090
Netfang: nysprautun@nysprautun.is
www.nysprautun.is

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
HJARTAR
Hágæða verkstæði með nútíma tækjabúnaði.
• Réttum og málum allar tegundir bíla.
• Þjónustum öll tryggingafélögin.
• Útvegum bílaleigubíla.
• Tjónaskoðun.
TOYOTA ÞJÓNUSTA
Viðurkennt CABAS verkstæði
Smiðjuvegi 56 (rauð gata) • 200 Kópavogi
Sími 587 9020 • Fax 587 9021 • rettingar@rettingar.is

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Frá frumsýningu Audi Q7 í Listasafni Íslands fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Fágaður lúxusjeppi með yfirdrifið afl

***Fyrsti jeppinn frá Audi frumsýndur á 25. afmælisári quattro fjórhjóladrifsins.***

Eitt af meginatriðunum í hönnun Audi bíla er að sleppa öllu óþarfa skrauti og halda sig við fá grundvallarútlitsatriði. Það er líklega þess vegna sem útlit þeirra segir ekki endilega „sjáðu mig“ heldur miklu frekar „njóttu mín“. Þegar hulunni var svipt af Q7, nýja lúxusjeppanum frá Audi, í Listasafni Íslands í vikunni, heyrðust heldur engin andköf. Þess í stað horfðu gestir á gripinn með dreymnum augum og sælubros á vör. Sportlegar en yfirvegaðar hliðarlínurnar gefa tóninn í fáguðu yfirbragði bílsins. Að framan sést nánast í tennur í grimmu og stóru grillinu sem lýgur engu til um kraftinn sem leynist bak við það.

Mörgum kann að virðast það skrítið að Audi sé fyrst núna að byrja að framleiða jeppa. Fyrir tuttugu og fimm árum kynntu þeir quattro fjórhjóladrifið sem hefur fylgt Audi æ síðan. Það er þó enginn byrjendabragur yfir bílnum því ef marka má fyrstu kynni er hann Audi út í gegn. Fyrir utan hið margrómaða quattro drif er bíllinn á stillanlegri loftpúðafjöðrun og fullkomnum stöðugleikabúnaði.

Á myndum virðist Q7 kannski lítið annað en skutbíll í stærri kantinum. Í návígi áttar maður sig á stærðinni og sér að hér er fullvaxinn lúxusjeppi (SUV) á ferðinni. Til að mynda er furðulega mikið farangursrými fyrir aftan þriðju sætaröðina, sem er niðurfellanleg, í sjö manna útgáfunni. Innanrými er gott og ætti að fara vel um alla farþega. Tvær vélar verða í boði, 3,0 V6 TDI dísilvél og 4,2 V8 FSI bensínvél, sem báðar gæta hófs í neyslu eldsneytis en ekki þegar kemur að afli. Sú síðarnefnda telur 350 hestöfl. Eins og sjöan í nafninu gefur til kynna er bílnum stillt upp á milli A6 og A8 bílanna. Q-ið stendur svo að sjálfsögðu fyrir nýjustu útgáfu af quattro fjórhjóladrifinu.

Bíllinn er ekki enn farinn í framleiðslu en Hekla, umboð Audi á Íslandi, ætlar sér að bjóða hann til sölu á vormánuðum næsta árs. Ekki verður boðið upp á ódýrustu útgáfur bílsins hérlendis en verðið kemur þó skemmtilega á óvart. Áætlað er að Audi Q7 með leðri og öllum þeim búnaði sem er að finna í dæmigerðum Audi og meiru til kosti undir 7 milljónir króna.



Einfalt og gott. Q7 er greinilega Audi, meira að segja heilmikið af Audi.

# Varast sprungur með radartækni

***Snjósleði og jeppi í einu farartæki.***

Gleymdu öllum fínu tækjunum sem þú hefur séð í spæjaramyndum til þessa. Hér er komin græja sem hljómar lygilegri en þær flestar til samans en er samt tilbúin til fjöldaframleiðslu.

Hönnuðurinn James Moon tók að sér það verkefni að gera þetta tveggja manna farartæki fyrir leiðangra á Suðurskautslandið. Meðal þess sem þurfti að huga að við hönnunina eru sterkir og óvarðir sólargeislar sem skína í gegnum gat ósónlagsins yfir suðurskautinu. Farartækið, sem er kallað 90 gráður suður, er létt og fyrirferðarlítið og notast við stór hjól og beltabúnað til að komast úr sporunum. Það passar inn í Twin Otter flugvélar sem notaðar eru af vísindamönnum á Suðurskautslandinu og er sérlega umhverfisvænt.

Það erfiðasta við að ferðast um þetta svæði, eins og önnur jökulsvæði, er að vara sig á sprungum en komast samt hratt yfir. Moon leysti þennan vanda með því að lítið könnunarfarartæki fer á undan því stóra og notar radargeisla til að skyggnast undir yfirborðið í leit að sprungum. Það er fest með taug í stóra farartækið, ferðast eftir GPS-eiðum og sendir stöðugar upplýsingar til ökumannsins.

Það er spurning hver íslensku jeppamannanna verður fyrstur til að smíða svona fyrir jeppann sinn?



Ninety Degrees South, eða 90 gráður suður, er sérhannað farartæki fyrir Suðurskautslandið.


























Lexus IS 250 var frumsýndur í vikunni á Nordica Hótel. Fyrsta augljósa breytingin er skarpari línur í yfirbyggingunni sem minna töluvert á stóra evrópska lúxusbíla. HEIÐA

# Andlitslyfting og aukið öryggi

***Nýr Lexus IS 250 er stöðugur og stilltur, en líka skemmtilegur.***

Framleiðendur Lexus hafa verið iðnir við kolann undanfarnar vikur og mánuði við að kynna nýjungar. Skemmst er að minnast RX 400h, hybrid lúxusjeppans sem hefur tvo rafmagnsmótora til stuðnings V6 bensínvél.

Síðasta útspilið er nýr Lexus IS 250 sem frumsýndur var hérlendis í vikunni. Fyrri árgerðir hafa notið töluverðra vinsælda, enda býður bíllinn upp á búnað og gæði lúxusbíla á verði sem er viðráðanlegt fyrir flesta. Nýr IS 250 fer skrefi lengra í útliti en áður. Skarpar línur og afturendi sem minna á stóra evrópska lúxusbíla, sportlegur framendi og einstaklega smekkleg innrétting. Hverjum sem horfir á IS 250 er fyllilega ljóst að þar er á ferðinni lúxusbifreið.

Það sem gerir bíl að lúxusbifreið er þó auðvitað ekki útlitið heldur það sem leynist undir því. IS 250 veldur engum vonbrigðum á því sviði heldur. Lyklalaus læsing gerir ökumanni kleift að aflæsa öllum fjórum hurðum bílsins með því einu að snerta hurðarhúninn að innanverðu. Punktvísandi ljósdíóður gefur innilýsingunni fágað yfirbragð og 13 hátalara hljóðkerfi skilar tónlist úr innbyggðum sex diska fjölsniða geislaspilara með hljómgæðum sem hæfa besta heimabíói.


Glæsilegur á alla kanta. Bíllinn er vandaður í hólf og gólf.

Sem aukabúnað má til dæmis fá fullkomið DVD leiðsögukerfi um gervihnött með snertiskjá en af staðalbúnaði má nefna ABS hemla, rafræna hemladreifingu, spólvörn, spyrnustýringu og stöðugleikastýringu. Til þægindaauka er í bílnum tveggja svæða loftkæling, flötur á stýrishjólinu til að hvíla þumla ökumanns og í mælaborðinu hefur verið gerð sérstök dæld til að auka rými fyrir hné ökumanns.

Af öryggisbúnaði má nefna framljós með breytilegri stefnu sem fer eftir akstursstefnu bílsins. Að auki eru 10 loftpúðar í bílnum, þar á meðal í hnéhæð fyrir ökumann og farþega í framsæti. Sérstök árekstrarvörn fæst í sjálfskiptu útgáfunni af IS 250 sem aðstoðar ökumann við að forðast árekstur og vinnur með skriðstilli bifreiðarinnar. Sé árekstur óumflýjanlegur breytir kerfið líka fjöðrun og hemlunareiginleikum bílsins, til að draga eins mikið úr högginu og hægt er, og strekkir að lokum á öryggisbeltum.

Nýr Lexus IS 250 er sprækur, þægilegur og öruggur. Allt sem hægt er að óska sér í nýrri lúxusbifreið. Nýtt og ferskt útlit skemmir alls ekki fyrir og þar sem verðið er frá 3.800.000 kr. ætti hér að vera raunhæfur kostur fyrir hvern þann sem vill láta sér líða vel í bílnum sínum.


Ekki amalegt að fá frítt bensín fyrir um 150 þúsund krónur með nýjum bíl.

# Veglegur kaupauki á Bandaríkjamarkaði

***Daimler-Chrysler býður öllum sem kaupa nýjan bíl hjá þeim á Bandaríkjamarkaði veglegan kaupauka.***

Daimler-Chrysler, sem er fimmti stærsti bílaframleiðandi í heiminum, hefur ekki gengið sem skyldi á þessu ári, en það sem af er árinu hefur salan dregist saman um 17% miðað við sama tíma í fyrra. Þess vegna hafa forsvarsmenn fyrirtækisins brugðið á það ráð að bjóða viðskiptavinum sínum veglegan kaupauka. Kaupaukinn er inneign á bensínstöðvum fyrir heila 2.400 dali eða sem samsvarar um 150.000 íslenskum krónum. Auk þess fær kaupandinn fimm ára eða 60.000 mílna ábyrgð á varahlutum auk gjaldfrjáls eftirlits. Alls telur fyrirtækið að kaupaukinn sé að verðmæti um 3.400 dollarar eða um 210.000 íslenskar krónur.

Þá er bara að vona að íslensk bílaumboð taki sér þetta til fyrirmyndar. ■

# Mazda hjá Brimborg

***Mazda varahlutir fást nú hjá Brimborg.***

Brimborg hefur nú hafið sölu á varahlutum í Mazda. Verið er að byggja upp öflugan lager og verður lögð áhersla á mjög hátt þjónustustig og hagstætt verð. Verð á flestum gerðum varahluta hefur nú þegar lækkað verulega. Öflug sérpöntunarþjónusta verður í boði og hafa þegar margir Mazda eigendur og bílaverkstæði nýtt sér þá þjónustu.

## Skráningargjöld }

### Hvað kostar?

Á VEF UMFERÐARSTOFU ER GJALDSKRÁ YFIR ÞJÓNUSTU TENGDA BIFREIÐUM.

Meðal þess sem finna má í gjaldskránni er að skráning eigendaskipt ökutækis kosta 2.330 krónur en nýskráning ökutækis 5.260 krónur. Skráningarmerki, eða bílnúmeraplötur eins og þau eru oft kölluð, kosta 2.600 krónur stykkið. Réttindagjald einkanúmers er 25.000 krónur en að auki þarf að greiða 500 krónur til að skrá einkanúmer af eða á bíl. Heimamerki, merki sveitar- eða bæjarfélags á númeraplötur, kosta 100 krónur hvert.
Vefur Umferðarstofu er á slóðinni www.us.is.



Nú er tilvalinn tími til að eignast draumabílinn.

# Gósentíð bílkaupenda

***Sterk staða krónunnar gerir bílkaupendum hægara um vik að eignast draumabílinn en áður.***

Aldrei áður hefur verið eins auðvelt að kaupa draumabílinn. Gengismunur hefur verið íslenskum neytendum í hag síðustu mánuði og endurspeglast það í bílverði, sem nær nýrri lægð í nánast hverjum mánuði. Sala á nýjum bílum hefur tekið beina stefnu upp á við og ekki vantar mikið upp á að bílar séu orðnir fleiri en íbúar landsins.

Bílaáhugamenn hugsa sér því margir gott til glóðarinnar og láta gamla drauma rætast. Dýrir og fínir bílar eru nú í seilingarfjarlægð fyrir marga sem áður höfðu ekki tök á að eignast þá. Sem dæmi má nefna að Porsche 911 Carrera 2 hefur lækkað um rúmlega 1,6 milljónir á einu ári. Flesta ætti að muna um minna í bílainnkaupum en svipuð dæmi má finna í flestum tegundum.

Þessi sögulega staða mun skýrast að hluta til vegna þess að yfirvöld hafa ekki svigrúm til tollahækkana líkt og áður en óspart var gripið til þeirra þegar gengi krónunnar var hátt eins og nú.



Opel Zafira hlaut Gullna stýrið í ár í sínum flokki.

# Zafira fær gullna stýrið

***Fékk fimm stjörnur hjá Euro NCAP fyrr á árinu.***

Þýska blaðið Bild am Sonntag veitti nýlega verðlaunin Gullna stýrið í þrítugasta skipti. Nýr Opel Zafira hreppti hnossið í sínum flokki þetta árið, rétt eins og á fyrsta framleiðsluári bílsins, 1999.

Í júní var settur á markað nýr og endurbættur Zafira sem er metsölubíll í Þýskalandi í ár. Bíllinn fékk einnig viðurkenningu Euro NCAP fyrir öryggi fyrr á árinu. Þessi sjö manna bíll, sem er byggður á Opel Astra undirvagni, fékk hæstu öryggiseinkunn Euro NCAP eða fimm stjörnur.

Ingvar Helgason, umboð Opel á Íslandi, fékk nýlega sendingu af þessum verðlaunabíl. ■




# Aukin ökuréttindi á stóra pallbíla

***Til að koma til móts við stærri bíla og fjölskyldur er nú boðið upp á aukin ökuréttindi á millistærð bíla.***

Ökumenn sem tóku bílpróf eftir 1. júní 1993 hafa réttindi til að aka bifreið með heildarþunga allt að 3,5 tonnum. Amerískir pallbílar sem hafa streymt hingað til lands á undanförnum mánuðum fara margir yfir þennan þunga og því eru ungir ökumenn réttindalausir undir stýri á þeim, nema þeir hafi aukin ökuréttindi. Til þessa hefur verið tímafrekt og dýrt að öðlast þau réttindi og þau því ekki vænlegur kostur fyrir alla.

Til að koma til móts við þessa ökumenn hafa yfirvöld ákveðið að bjóða upp á styttra ökunám fyrir millistærð af bílum. Umferðarstofa hefur gert breytingar á reglum um ökunám þannig að ökumenn geta frá 18 ára aldri tekið ökuréttindi á litla vörubifreið en frá 21 árs aldri á litla rútu. Gildistími þessara réttinda er 10 ár.

Til að bæta þessum réttindum á ökuskírteinið sitt þarf að sækja almennt grunnnám í ökuskóla, sem eru 52 kennslustundir, og bæta við um 10 kennslustundum um stór ökutæki og 6 ökutímum. Þeir sem vilja réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni bæta að auki við 16 kennslustundum í farþegafræði og tveimur ökutímum á rútu fyrir 16 farþega. Námskrá þessa efnis tók gildi 1. september og kennsla er þegar hafin hjá nokkrum ökuskólum.



Ford F350 er einn þeirra bíla sem ungir ökumenn mega ekki aka. Nú geta þeir bætt við réttindi sín án þess að fara í gegnum það sem venjulega er kallað meirapróf.

Eldri réttindi haldast óbreytt eftir sem áður. Þannig geta ökumenn með skírteini sem voru gefin út fyrir 1. mars 1988 aka allt að 16 farþegum án gjaldtöku. Enn fremur mega allir sem tóku próf fyrir 1. júní 1993 aka bifreið sem skráð er fyrir að hámarki 5 tonna farmi. Þessi réttindi gilda til 70 ára aldurs sem fyrr.





## Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

# Bílbelti eru góð fyrir hjartað

Ég var stopp á ljósum um daginn. Upp að hlið mér renndi glæsilegur sportbíll. Kom aftan að mér á miklum hraða og negldi niður. Flottar þessar nýtísku bremsur. Án þess að ég hefði neitt um það að segja sneri undirmeðvitundin hausnum á mér til hliðar og ég renndi augunum eftir gripnum. Glæsilegt. Leit snöggvast á fólkið í bílnum líka. Ungt og myndarlegt par í hrókasamræðum og skellihlæjandi. „Mikið er gaman hjá þessum,“ hugsaði ég með mér. „Úti að keyra, kemur vel saman, ung og ástfangin, og, bíddu við, hvorugt í öryggisbelti?“ Ekki glæsilegt.

Við skulum orða þetta svona: Þegar þú lendir í samstuði verða í raun þrír árekstrar. Sá fyrsti þegar bílarnir lenda hvor á öðrum. Annar þegar þú lendir á bílnum og sá þriðji þegar innyfli þín lenda á þér. Ímyndaðu þér að þú haldir á... tja, segjum hjarta. Ímyndaðu þér að þú missir það á gólfið úr 10 sentimetra hæð. Og svo aftur úr 2 metra hæð. Sennilega svolítið subbulegra, ekki satt?

Við árekstur koma bílbelti í veg fyrir að líkami okkar fari á mikla hreyfingu. Við getum því losnað að miklu leyti við árekstur númer tvö og ef líffærin ferðast bara stutta leið ná þau ekki miklum hraða og árekstur númer þrjú verður ekki eins slæmur heldur.

Við vitum öll að öryggisbelti geta skilið á milli lífs og dauða, meira að segja á lægsta löglega umferðarhraða. Það eru til mýmörg dæmi um slys og varanlegt örkuml úr umferðaróhöppum sem urðu við lítinn hraða. En hvað með þá sem æða um götur borgarinnar á þjóðvegahraða beltislausir í þeirri villutrú að bílbelti séu bara „svona úti-á-landi fídus“? Jú, manstu eftir hjartanu sem þú hélst á? Grýttu því af alefli í jörðina af svölum á þriðju hæð, hentu ísskáp á eftir, hlauptu svo niður og hoppaðu ofan á ísskápnum.

Finnst þér þetta ógeðslegt? Spenntu þá beltin. Alltaf.


SMS
Bílasprautun og réttingar
- Réttum og málum allar tegundir bíla
- Við vinnum fyrir öll vátryggingarfélögin
- Fljót og góð þjónusta
- Útvegum bílaleigubíla
- Yfir 20 ára reynsla

CABAS tjónamat

Smiðshöfði 12
110 Reykjavík
bilasprautunsms@simnet.is

Sími 567 1101
Gsm 868 8317
Fax 567 1182



RÆSIR HF
Skúlagötu 59, sími 540 5400 www.raesir.is

Nýr Mercedes-Benz C200K, 163 hestöfl
Verð 3.990.000.



Búnaður m.a. sjálfskiptur, 17“ álfelgur, Elegance, „Sport Edition“, Xenon framljós, regnskynjari fyrir rúðuþurkur , hiti í sætum, handfrjáls búnaður fyrir GSM, loftkæling.

RÆSIR HF. sími 540 5400 Opið laugardaga 12-16.



allt tíska
Alla fimmtudaga




Góð fjöðrun er undirstaða drifgetu. Bíllinn er hinn glæsilegasti á að líta og vekur athygli hvert sem hann fer. GVA

# Þarf að komast enn lengra en þeir bestu

*Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík er um þessar mundir að taka í notkun 2005 árgerðina af Nissan Patrol björgunarbifreið. Hallgrímur Kristinsson, varaformaður sveitarinnar, segir bílinn færan í flestan sjó.*

„Bíllinn er breyttur fyrir 44“ dekk. Hann kemur læstur að framan og aftan og til að mýkja bílinn eru Toyota-gormar í fjöðruninni,“ segir Hallgrímur.

Í bílinn hefur líka verið settur auka millikassi. Það býður upp á lægri gírun sem þýðir að bíllinn getur farið hægar á hærri snúningi. „Það getur skipt miklu máli í vondri færð. Bíllinn tekur 250 lítra af olíu. Í honum er olíufýring til að halda hita í bílnum þegar vélin er ekki í gangi. Framlenging á loftinntakinu gerir bílinn færari til vatnsaksturs. Undir bílinn fara svo 16“ breiðar felgur með „Deadlock“ búnaði sem gerir affelgun ómögulega.

„Svo eru tengingar fyrir spil, loftdæla fyrir dekkin er felld inn í innréttinguna, sverara púst fyrir aukinn kraft, vatnsheldir kastarar, þokuljós, blá og appelsínugul blikkljós, öflugt leitarljós sem er algjör nauðsyn, fullkomið GPS-tæki með kortagrunni, VHF-talstöð, NMT-sími og flugvélaradíó sem við notum í samstarfi okkar við flugmálastjórn,“ segir Hallgrímur. Listinn er hvergi nærri tæmdur og til að öll þessi tæki fái það afl sem þau þurfa er auka rafkerfi í bílnum.

„Á toppnum verðum við svo með toppgrind, en ekki fasta kassa eins og algengt er,“ segir Hallgrímur. „Á grindina eru settar viðeigandi útbúnaðarkistur eftir því í hvernig útkall við erum að fara. Við erum til dæmis með fjallabjörgunarkistu, sjúkrabúnaðarkistu og varahlutakistu.“ Aftan á bílnum er svo kassi fyrir kaðal og festing fyrir drullutjakk en hvort tveggja er nauðynlegt í erfiðar ferðir.

„Við verðum að vera á eins öflugum bíl og hægt er. Jeppaeign almennings er orðin það mikil að við verðum að komast það sama og bestu bílarnir og í raun aðeins meira. Annars getum við ekki komið þeim til hjálpar,“ segir Hallgrímur og segir það margra ára verkefni að fjármagna björgunarbíl. „Við treystum nær eingöngu á stuðning fólks í flugeldasölu fyrir áramótin. Þaðan kemur okkar rekstrarfé.“

Bíllinn er merktur á áberandi hátt og segir Hallgrímur það til marks um breyttar áherslur hjá sveitinni. „Við viljum færa okkur nær fólki og vera meira áberandi. Starf björgunarsveita þrífst á sjálfboðaliðum og við erum að selja almenningi ímynd sveitarinnar. Þetta eru ekki hefðbundnar merkingar en við teljum þær nauðsynlegar.“

Af 300 meðlimum í Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík eru um 50-60 virkir hverju sinni. „Þar á meðal eru nýliðar sem hófu þjálfun með sveitinni í haust til að læra allt sem björgunarsveitarfólk þarf að kunna, eins og til dæmis að keyra svona jeppa á fjöllum,“ segir Hallgrímur að lokum.

einareli@frettabladid.is



Hallgrímur fjarstýrir leitarljósinu á toppi bílsins sem hann segir mikilvægt hjálpartæki.



Allur frágangur er mjög snyrtilegur. Rofar fyrir leitarljós, aukaljós, dríflæsingar, olíufýringu og fleira taka lítið pláss.




Nýr dráttarbíll til sölu:

Einn með öllu, 612 hö. 6 hjóla MB Actros mega space black edition. Leður, álfelgur ofl. 3ja ára ábyrgð eða 450.000.-
**Verð 8.300.000,- án vsk**

Uppl í síma 821-4625


## Ökupróf á netinu

*Verðandi og núverandi ökumenn geta athugað þekkingu sína á netinu.*

Á vef Umferðarstofu, www.us.is, er að finna svæði tileinkað ökuprófum. Auk leiðbeininga og æfingaverkefna fyrir verðandi ökumenn eru þar tengingar inn á ökupróf tryggingafélaganna. Þar er hægt að taka raunsæ ökupróf og athuga hvernig útkoman yrði ef viðkomandi færi í próf til ökuréttinda. Fyrir utan að geta hjálpað ökunemum að meta stöðu sína er þetta stórsniðugt fyrir reynda ökumenn. Það hafa allir gott af því að athuga þekkingu sína og sjá hvort þeir teldust hæfir í dag til að stíga sín fyrstu skref í umferðinni.



# Aðgengilegar upplýsingar fyrir fólk á ferðinni

*Á vef Vegagerðarinnar má finna ítarlegar upplýsingar um færð og ástand vega.*



Það er vissara að hafa vaðið fyrir neðan sig þegar lagt er í ferðalag á þessum árstíma.
FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Ef það er eitthvað eitt sem einkennir íslenskt vetrarveður þá er það óáreiðanleiki. Sólríkur morgunn getur breyst í kafbyl um miðjan dag með rigningarsudda um kvöldið. Það er því mikilvægt fyrir ferðalanga að undirbúa sig vel og vita út í hvað þeir eru að fara.

Á heimasíðu Vegagerðarinnar er hægt að nálgast ítarlegar upplýsingar um ástand og þjónustustig vega, veður og annað sem getur skipt máli þegar komast þarf á milli landshluta. Þekktast er sennilega kort yfir færð og ástand helstu vega. „Eins og sést á kortinu er hálendið sagt ófært. Það er sett þannig á haustin og afnumið á vorin þegar færð skánar,“ segir Kristinn Jónsson, þjónustufulltrúi Vegagerðarinnar. „Það er auðvitað ekki þar með sagt að það sé ekki hægt að fara í jeppaferðir þarna en við getum ekki ábyrgst færðina.“

Kristinn segir mjög misjafnt hversu oft vegir séu þjónustaðir. „Reykjanesbrautin er til dæmis þjónustuð allan sólarhringinn. Ef snjór á henni nær tveggja sentimetra dýpt er hún hreinsuð. Vegir með lágt þjónustustig eru ekki ruddir fyrr en snjódýptin nær 8-19 sentimetrum. Sumir eru meira að segja bara látnir eiga sig yfir veturinn,“ segir Kristinn. Ferðafólki er augljóslega hagur í því að vita hverju von er á og því gæti heimasíða Vegagerðarinnar verið fyrsti áfangastaðurinn í langferðum að vetri til.

Á kortunum eru notuð hugtök til að lýsa ástandi vega. „Það versta að mínu mati er flughálka. Það er notað yfir blautan ís og glæru. Fólk talar oft um flughálku ef vegyfirborð er mjög hált, en skilgreiningin er þessi. Það væri betra að hafa snjó en flughálku, bílstjórar ráða lítið við hana,“ segir Kristinn.

Á heimasíðu Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is, er kafli sem heitir Ferðaupplýsingar. Þar undir eru kaflar á borð við Vetraruppýsingar og Færð og veður sem eiga að geta komið að miklum notum. Til dæmis er undir Verklagsreglum hægt að velja landshluta og ákveðna vegi og sjá hvaða hlutar eru sand- eða saltbornir í hálku. Þar má líka finna snjómokstursreglur þar sem sjá má á hvaða tíma sólarhringsins er unnið við að halda ákveðnum vegum opnum, gerist þess þörf.



Kort af færð og ástandi vega, ásamt veðurlýsingum, sem er á heimasíðu Vegagerðarinnar.



Á vef Vegagerðarinnar má finna margs konar upplýsingar sem geta hjálpað til við skipulagningu ferða. Til dæmis yfirlit yfir snjómokstursstíðni.












**Sumarbústaðaferðir**
geta verið jafn skemmtilegar á veturna og á sumrin. Ekki þarf endilega að eiga sumarbústað til þess að fara í sumarbústaðaferð því að mörg félagasamtök eiga bústaði sem hægt er að leigja helgi og helgi yfir vetrarmánuðina.



Hreindýrafólkið. Sigurður og Jón Bjarki eru fyrir miðju í efri röð. Sigurður með rauða húfu og Jón Bjarki stendur hægra megin við hann með gulleita húfu.



Það var oft glatt á hjalla inni í tjöldum hreindýrafólksins.



Lítil börn frá þorpi hreindýrafólksins.

# Á ferðalagi frá einum heimshluta til annars

***Jón Bjarki Magnússon og Sigurður Eyþórsson eru 21 árs gamlir Reykvíkingar. Þeir eru nú í heljarinnar heimsreisu eins og við höfum reyndar áður greint frá. Við fengum bréf frá þeim þar sem þeir segja magnaða sögu þegar þeir héldu upp í merkilegt ferðalag um sléttur Mongólíu ásamt þremur öðrum piltum frá Bandaríkjunum og Englandi. Hér segja þeir okkur meðal annars frá heimsókn þeirra til hreindýrafólksins. Hægt er að lesa frekar um ferðalög þeirra á austurferd.blogspot.com.***

Eftir mánaðarferðalag um þvert og endilangt Rússland enduðum við i Ulaan Baator, Mongólíu. Mongólía, heljar stórt land, kramið á milli stórveldanna tveggja, Rússlands og Kína. Við vissum nærri því ekkert um þetta land áður en við komum þangað. Svo fjarlægt, svo langt í burtu frá öllu, ferðalag um sveitir þessa lands hljómaði stórkostlega.

Við fyrstu sýn er höfuðborgin eins og hver önnur iðnaðarborg í Síberíu en þegar betur er að gáð þá má sjá að þar kennir ýmissa grasa. Á götuhornum situr fólk með símana sína og selur vegfarendum aðgang. Gamall maður situr allan daginn á Friðarstræti og leyfir fólki ad vikta sig gegn vægu gjaldi, 2 íslenskar krónur og þú brosir, gamli ferðalangurinn er alltaf að leggja af.

Það má líkja ferðalagi okkar um Mongólíu við tímaferðalag, þar sem við fjarlægðumst nútímann með hverjum kílómetranum. Fyrst um sinn fylgjum við malbikuðum og nútímalegum vegi út úr borginni, en loks tökum við beygju og við taka hjólför bílanna sem á undan hafa farið, þetta er hin eina sanna mongólska hraðbraut. Í Mongólíu keyra menn þar sem þeir vilja, vegir eru af skornum skammti. Eftir nokkra klukkutíma á keyrslu áttum við okkur á því að Mongólía er land án girðinga. Allt virðist einfaldlega vera í sameign, enginn sem slær eign sinni á ákveðið landsvæði.

Mongólskir hirðingjar lifa flökkulífi. Þeir setjast að á svæði þar sem dýrin hafa nóg að bíta og brenna. Lífið snýst um tað að halda dýrunum í kringum gerin, slátra kindum og svo verka allt heila klabbið. Allt er notað, hver einasti biti er étinn, augun, heilinn og tungan. Kássan bragðast ekkert sérstaklega vel en við reynum að sýna kurteisi í fjarlægu landi.

Aðal farkosturinn eru hestar, en þó má sjá að hér og þar þeysa mennirnir sperrtir um á rússneskum mótorhjólum. Þrátt fyrir það að lifnaðarhættir hirðingjanna séu af gamla skólanum þá er ýmislegt að breytast. Gervihnattadiskur utan á geri er ekki svo sjaldgæf sjón, nútíminn er að banka á dyrnar, Mongólía mun breytast, spurningin er einungis, hversu hratt mun það gerast?

Við komum að Tsaganuur, þorpi í norðurhluta Mongólíu. Við kveðjum bílstjórann okkar, við komumst ekki lengra keyrandi. Frá þessu litla þorpi héldum við í tveggja daga ferð á hestum í átt til hreindýrafólksins sem heldur til við landamæri Rússlands, upprunnið frá Túva í Rússlandi. Þau eru kölluð hreindýrafólkið eða Tsaatan á móðurmálinu, vegna þess að allt þeirra líf snýst um hreindýrin, án þeirra myndu þau ekki þrauka. Hreindýrafólkið býr í tjöldum eins og indíánarnir gerðu í N-Ameríku.

Bat, einn af þeim 30 sem búa í þessu 11 tjalda þorpi, býður okkur í tjaldið sitt og við ræðum við hann. Með aðstoð túlksins okkar náum við að ræða við þennan merkilega mann, mann sem lifir lífi sem er svo ólíkt okkar raunveruleika.

Næsta dag er haldið í veiðitúr með Bayandalay og syni hans Bat. Vopnaðir Kalishnikov rifflum þjótum við um skógana í leit að villtum hreindýrum, við náum þó ekki í meira en einn íkorna og kanínu. Bayandalay talar ekki stakt orð í ensku og við tölum hvorki túvu né mongólsku en þrátt fyrir það þá skiljum við hvor annan. Það er ótrúlegt hvað leikrænir tilburðir og fingramál getur skilað miklu, við skiljum það sem við þurfum að skilja. Í augum þeirra skynjum við að þeir vilja okkur aðeins gott, það skiptir öllu.



Kjötið verkað.



Jón Bjarki bregður á leik með einu hreindýrinu.

Daginn eftir er haldið til baka, sáttir veiðimennirnir fá góðar móttökur og svo er slegið til veislu. Tilfinningin var ótrúleg, eftir tvo daga með þessu fólki, þá leið okkur öllum eins og við værum partur af þessari stóru fjölskyldu, viðtökur þeirra voru ólýsanlegar.

Seinasta kvöldið sitjum við inni í tjaldinu hans Bat. Í tjaldinu var margt um manninn, gleðilegt kvöld með þessu hreina fólki, þessu tæra fólki. Við dreypum á blautum drykkjum, syngjum söngva frá okkar heimalöndum og segjum nokkur vel valin orð.

Í lokin segir Bat okkur að hann muni sakna okkar, hann vonar að við komum aftur í heimsókn til þeirra. Hann viðurkennir að hann muni verða einmana þegar við förum, það er ekki oft sem þau fá heimsóknir. Hann vill meina að við strákarnir séum núna synir hans og héðan í frá séum við að eilífu velkomnir á heimili hans. Það er góð tilfinning að finna fyrir fegurð og sannleika þess sem hann segir, þessi maður sem á ekki nein verðmæti á vestrænan mælikvarða, býður okkur allt sem hann á einungis vegna góðmennsku sinnar. Alvöru maður, þetta var svo sannarlega alvöru fólk. ■



Jón Bjarki og Sigurður gistu meðal annars í geri sem eru lítil hirðingjatjöld.

SVEITAHÓTELIÐ Í SVEINBJARNARGERÐI
COUNTRYHOTEL
Svalbarðsströnd Akureyri • Sími: 462 4500 • Gsm: 862 4502

Við erum í óða önn að taka niður pantanir í okkar vinsæla Jólahlaðborð verð 4.300-

Gistitilboð
Gisting í eina nótt, Jólahlaðborð & Jólamorgunverðarhlaðborð.
Aðeins 8.300-



Upplifðu Ísland
með Iceland Excursions Allrahanda



Við aðstoðum við skipulagningu á hvataferðum, óvissuferðum, íþróttaferðum, starfsmannaferðum o.fl.
Ekkert er of stórt eða of smátt fyrir okkur!

Gerum góð tilboð í allar hópferðir

Hafðu samband í síma 540 1313 eða í gegnum tölvupóst iea@iea.is

Icelandexcursions Allrahanda

Höfðatún 12 · 105 Reykjavík · Sími 540 1313 · Fax 540 1310 · www.allrahanda.is · iea@iea.is

**MAGNÚSSON EHF**



Range Rover TD 6 07/2002, 225 hö. Ek. 89 þ. km, 18" álfelgur, ABS, glertopplúga, hraðastillir, leðuráklæði, NAV+TV, loftpúðafjöðrun, Xenon aðalljós, þjónustubók. Verð 5.900.000 stgr. Ágúst s. 862 2000, myndir á www.bilasolur.is/magnusson

**Magnússon ehf.**
**Sími: 862 2000**
**a.magnusson**

## Bílar til sölu







Leitin að nýjum bíl hefst á www.islandus.com. Við seljum bíla langt undir markaðsverði, veitum öfluga þjónustu, allt að 5 ára ábyrgð og útvegum bílalán. Ef draumabíllinn þinn er ekki til á vefnum okkar í dag, finnum við hann fljótt með alþjóðlegri bílaleit. Gerðu kjarakaup í Bílabúð eða reyfarakaup á BílaUppboði Islandus.com. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com



Sunny2.0 GTi, kraftpúst, tölvukubbur, coldair loftinntak ofl. v.250þ. s:8497910



Ford F-150 XLT árg. 2004, ekinn 56 þ. km. Verð 2.950.000, tilboð 2.650.000!! Uppl. í síma 660 1704.



Grand Cherokee Laredo 3.7L 2005, ek. 13 þús. Verð 3.350 þús. Sveinn s. 856 7334.



Toyota Yaris árg. 1999, ekinn 137 þús. km, spoiler, CD og álfelgur einnig Toyota Touring 1996 4x4. Uppl. í síma 893 6404.



Ford Bronco '93. Eddie Bauer. Vél 351, á nýjum 32" dekkjum. Bíll í mjög góðu ástandi. Nýskoðaður. Tilboð óskast. Sími 896 4644 & 660 7614.



Ford F 150 King Rance árg. 2005, ekinn 16 þ. km. Einn með öllu. Gott verð. S. 898 2811.



Ford F 150 V8 5,4 Triton Lariat árg. 2005, ekinn 34 þ. km. Einn með öllu S. 898 2811.



Musso Sports 2900 TDI árg. 2005, sjálfskiptur, ekinn 11 þús. km. 31" dekk. Góður bíll á góðu verði. S. 898 2811.



Til sölu Hyundai Accent árg. '98, 2 dekkjaumgangar, topplúga, CD spilari. Verð 150 þús. Uppl. í s. 898 8835.



BMW 540 M, einn með öllu. Ek. 155 þ., aksturstölva, TV, CD, leður o.m.fl. Ásett verð 2.450 þ. Ótrúlegt stgr.tilboð 1.900 þ. Áhv. 1 milljón. Uppl. í s. 698 0885.



Glæsilegur silfurgrár BMW 318 I m. toppl. til sölu, árg. '00, ek. 123 þ. Uppl. í s. 822 9530. Áhv. 1 milj. Tilboð óskast.



Til sölu VW LT 35 árgerð '98, ekinn 140 þ. Einnig camper stuttur, passar á alla japanska pikkupa, ísskápur, miðstöð eldavél allt í toppstandi. MMC Pajero árg. '87, 2.5 dísel. Sími 861 1662.



Lincoln Continetal 4,6. '98. Leður, rafmagn, nýja lagið. Verð 2.290 þ. Tilboð 1.690 þ. áhv. lán 900 þ. getur fylgt. S. 895 5577.



Hundai H-1 árg. '98, í góðu standi, fæst gegn yfirtöku á láni. Einnig Bjalla árg. '62 og '72, 40 feta gámur. S. 848 3256 Rúnar.



Volvo S60 Turbo, árg. 2002. 17" álfelgur, leður, mjög vel farinn bíll. Ekinn 71 þús. km. Listaverð 2.390, áhvílandi bílalán. Tilboð 2.150 Uppl. í síma 822 7991.



SeaDoo XP 2001 lítur vel út og nýyfirfarinn. Selst á góðu verði. Uppl. gefur Jón Þór í s. 696 7704.



**200 þúsund út!**
Subaru Forester Outdoor '99, nýsk. Ný negld v. dekk á felgum. Áhv. 650 þús. Mikið af aukahlutum. S. 663 2123.

Nissan Patrol SE+ '99 38", Ford F350 '05 og Toyota Touring '95 4x4. S. 893 4595.

Daewoo Nubira Polarwagon árg. '99, ek. 97 þ. fæst gegn yfirtöku á lánum ca 390 þ. afb. 15 þús. á mán. Ásett v. 490 þ. Ford Explorer árg. '99, ek. 82 þ. km. Gott eintak. V. 1.650 þ. S. 866 5953.

Til sölu dekur konubíll, Subaru Impreza GL wagon 4WD 2.0 sjálfsk. árg. '88, ekinn aðeins 85 þ. km, vetrardekk fylgja. Selst á 650 þ. Sími 896 2514.

Toyota Corolla '00, nýsk., ek. 130 þús., vel með farinn, vetrar og sumardekk. Áhv. lán 340 þús, afb. 17 þús. á mán. Yfirtaka á láni + 250 þús. Uppl. 663 4630.

Til sölu Nissan Sunny árg. '95, þarfnast smá lagfæringa. Sk. '06. Ford Probe árg. '93 með bilaða skiptingu. Audi 80 árg. '88. S. 892 0040.

**Ódýrir bílar til sölu!**
Einnig dýrari bílar. Á sama stað búslóð til sölu. Uppl. gefur Bragi í s. 863 1861 & 821 1861.

## 0-250 þús.



MMC L-300 (4x4), 1992, bensín, ekinn aðeins 137 þ. Heilsársdekk á álfelgum/negld snjódekk á felgum Mjög gott boddí, fínn að innan. Toppbíll fyrir utan bilað hedd/framdrif. Sími 893 3081. Tilboð óskast.



Ford Escort '97, ek. 117 þús., skoðaður '06, smurbók. Þarfnast minnih. lagfæringa. Ásett verð 290 þús, tilboð 200 þús. s: 8473460 Haffi



VW Golf árg. '97, ek. 120 þús. Verð 250 þús, lágt verð fyrir góðan bíl! S. 698 4459.



Hvít Mazda 323 Wagon 4x4, ek. 140.000 km. Skoðuð í september 2005. Fjögur dekk á felgum fylgja með. Uppl. í síma 588 6607 eftir kl. 19



MMC L 300, árg. '92, ek. 150 þús., góð dekk, sk. '06. Uppl. í s. 867 5347.



VW Golf árg. '91, beinsk., ek. 185 þús. sk. '06, sumar- og vetrard. á felgum. S. 691 9138.



Nissan Almera SRX 1600 árg. '97 ek. 170 þús., beinsk., 5 dyra, rafm. í rúðum, glæný vetrardekk. S. 662 3344.



Hyundai Accent árg. '95, ek. 150 þús., beinsk., þarfnast lagfæringar fyrir skoðun. Verð 100 þús. eða besta tilboðið. Uppl. í s. 659 7858.



Huyndai Accent 98, ek.125þ beinsk. sk.06, s/v dekk 180þ eða yfirtaka á láni, 11þ á mán. uppl. 897 1250



Til sölu Toyota Corolla 1,3 árg. '94, beinsk. Toppeintak. Uppl. í s. 866 4224.



Til sölu Oldsmobile Silhouette árg. 1991 V6, leðurklæddur, 7 manna. Í mjög góðu lagi. Verð 140 þús. Uppl. í s. 856 2794.

Nýleg Good Year Wrangler LT265/75R16 negld dekk á álfelgum undir Pajero 2003. Upplýsingar í síma 896 0001.

Toyota 4runner árg. 1991, V6, 35", ek. 168 þús. Rafmagn í rúðum, breytt púst, samlæsingar, topplúga, dráttarkúla. Ásett verð 200 þús. Uppl. í síma 899 2771.

Nissan Sunny árg. '92, 1.6, ssk., ný vetrar og sumardekk. sk. '06. Verð 120 þús. Uppl. í s. 848 6896.

Ódýr bíll til sölu, Subaru Legacy '91, Uppl. í s. 897 6756.

VW Golf 1400, árg. '94, ek. 174. Beinsk., mikið endurn. Tilb. 145 þús. S. 898 0636.

Til sölu MMC Colt GLXI árg. '91. Nýskoðaður, vetrar og sumardekk á felgum. Ekinn 141 þús, góður bíll. Verð 140 þús. S. 897 8895.

Til sölu Isuzu pickup dísel árg. '82, vél ekinn 100 þús., er ekki á nr. Verð 30.000. S. 694 8669.

Kerra til sölu stærð 2.30x1.30 m B.G 500 kg+, kr. 40.000. Upplýsingar í s. 894 0632.

Volvo 460gl, ek. 142 þ. km, ssk., rauður. Fín drusla, fæst fyrir 150 þ. kr. S. 867 4629.

Wagoneer '87 og Charade '92 til sölu. Báðir sk. '06. Tilboð óskast. Uppl. í s. 866 8760.

Til sölu Suzuki Vitara '93, ekinn 177 þús. Í fínu standi, góð dekk, CD. Verð 135 þús. stgr. Uppl. í s. 892 9198.

Til sölu Ghevrolet Pick-Up '86, 6,2 diesel, gott gangverð, ryðgaður. Verð 70 þús. Uppl. í s. 487 7737.

Til sölu BMW 750 iA '92, bilður vél, önnur vél fylgir. Einnig MMC Galant '92. S. 868 3069.

VW Golf '95 til sölu á 130 þús. Izuzu pickup árg. '91 selst fyrir lítið. S. 895 1666.

VW Caddy árg. '98, ek. 90 þús. Vsk. bíll. Verð 240 þús. Uppl. í s. 869 9633.

Nissan Sunny ssk., nýsk. Verð 70 þús. BMW 318. Verð 80 þús. Uppl. í s. 896 2552.

MMC Colt '92, ek. 186 þús. Verðtilboð. S. 860 0015.

MMC Lancer '92 ekinn 126 þús. Rauður á litinn. Uppl. í s. 898 9324.

Til sölu Toyota Corolla '96 station ek. 219 þús. Góður bíll. Verð 260 þús. stgr. S. 897 3673.

Mazda 323 F árg. '92, ek. 133 þús., mjög góður og nýtt hedd, þarfnast lagfæriongar. Uppl. í s. 662 5954.

Escort '98, ek. 142 þús. station, beinsk., 1600. Tilboð óskast. Uppl. í s. 897 1352.

## 250-499 þús.



Opel Corsa Swing 1.4 Árg. 1997, ekinn 129 þ. rauður. Skoðaður '06, án aths. Mjög vel með farinn. 5 gírar, 3 dyr, heilsársdekk. Tilboð Óskast. Uppl. 820 3303.



Cherokee Jeep Limited 4.0L. árg. '93. Ek. 150 þ. Góður og heillegur bíll. Verð 250 þ. S. 692 9288.



Toyota Corolla 96' ek 89.þús sjálfskiftur vel með farinn sumar og vetrardekk 460.þús uppl 8976600.



Nissan Micra '97, ek. 122 þ. Frábær bíll, eyðir litlu. Selst á 270 þ. S. 868 5294.



Vel með farinn Hyundai Atoz árg. '98, ssk., ek. 80 þús. Uppl. í s. 847 1313 & 554 1229.

## TIL SÖLU







## BÍLAR TIL SÖLU






## Verslun



**Nýtt!! Nýtt!!**
Venus erotic store. Var að lenda 10-16 tíma 2ja diska DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.



**Kr.4.900 (fást í svörtu og hvítu)**
Opið 10.00-18.00 þriðjud.- föstud. Praxis S. 568 2878 & 691 0808 Síðumúla 13, 108 R. www.praxis.is , praxis@praxis.is

## Fyrirtæki

Ís-Café við Suðurlandsbraut er til sölu. Verð aðeins 6,5 milj. Uppl. í síma 6611902

## Heildsala

**Bókabúð Grímsbæ**
25% afsláttur af öllum leikföngum í nóvember.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**Þrifvirkni Hreingerningar þjónusta.**
Tökum að okkur öll almenn þrif, gluggaþvott sem og fyrirtækja og heimilisþrif, stigaganga og teppahreinsanir. Tilboð. Tímavinna.
**Allar nánari Uppl. í s. 869 3868 & 861 6512 eða senda fyrirspurnir á trifvirkni@hotmail.com**

## Ræstingar

**Heildarlausn fyrir húsfélög og fyrirtæki**
Reglubundin þrif stigahúsa og fyrirtækja Gluggaþvottur,teppahreinsun,bónvinna, o,fl Húsfélagaþjónustan ehf s: 863-8855 husfelag@husfelag.is www.husfelag.is

## Málarar

Málari, tek að mér smærri verk. Eyjólfur. S. 867 4325.

Stigahús - íbúðir - nýsmíði eða endurmálun. Föst verðtilboð. Arnar málarameistari. S. 893 5537.

## Búslóðaflutningar

**Flutningaþjónusta Brynjars. S. 898 6565.**

Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald




Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Húsaviðhald.**
Getum bætt við okkur verkefnum í málningarvinnu, flísalögnum og fl. Vönduð vinna. Upplýsingar í síma 892 2752 & 695 4661.

Húsasmiður auglýsir. Þarf að skipta um rennur, glerja. Tilboð, tímavinna. S. 553 2171.

Fyrirtæki sem sérhæfir sig í viðgerðum innanhúss, málningarvinnu og trésmíði. S. 861 7294 & 691 2326.

## Stífluþjónusta

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur




Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

## Snyrting







## Spádómar

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Hanna 908 6040**
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01.

908 6116 er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáindraumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Eruð tilfinningarnar í ólagi, eða fjármálin? Miðlun, símaspá og fyrirbænir. Opið til 24:00 alla daga. Laufey spámiðil. 908 2200.

## Múrarar




## Rafvirkjun




## Trésmíði

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. múrun, málun, flísa-& parketlagnir. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum. Nýsmíði, viðhald og viðgerðir. Uppl. í s. 894 0031.

## Viðgerðir

Við erum tveir lærðir píparar sem tökum að okkur alla viðhaldsvinnu og nýsmíði. S. 869 6659.

**allt atvinna**
Alla sunnudaga

## Önnur þjónusta




# HEILSA

## Heilsuvörur




Þú léttist með Herbalife! Persónuleg ráðgjöf og stuðningur. S. 892 8463 & 868 4884.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Þú getur það með Herbalife! 6 ára reynsla/góð eftirfylgni. Edda Borg S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

## Líkamsrækt

Fit - Pilates leikfimi Skráning á byrjendanámskeið núna 896 2300 og á einka.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife - nýr lífsstíll. Sveinbjörn s. 898 5434, netfang: svbjarna@simnet.is

## Nudd

**Heilunarsetrið**
Dvergshöfða 27. Símar: 567 7888 og 868 3894. heilunarsetrid.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, akstursmat. Kenni á Opel Vectra. sími 898 2833, Marteinn Guðmundsson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu antik kommóða með spegli og kommóða úr Tekk-húsinu, upplýsingar í s. 695 0787.

Sófasett 3+1+1 m/útskurði, Hensvik hv. hornsjónv.hirsla (Ikea). Hjónarúm úr járni. Góð verð. S. 847 4684.

Til sölu fallegt hjónarúm úr beiki með latex dýnum. Verð 45.000. Uppl. í s. 555 1060.

Nýlegt amerískt rúm frá Ragnari Björnssyni til sölu vegna flutninga. Br 1,35. Teppi og 4 lök fylgja. Selst á hálvirði. S. 554 5266 & 695 4303.

Eldhúsborð hálfmána stækkanl. + Bókaskápur kirsuberja Linda s. 849 9712 & 554 4610.

Til sölu leðursófasett/ 3+1 + 2 borð verð 25.000. Borðstofuborð með stækkun+ 4 stólar + skenkur+ Hliðarskápur með gler hurðum verð 30.000. Uppl. í s. 5543087.8989307.6937907

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

FRÉTTABLAÐIÐ ER SMÁAUGLÝSINGABLAÐIÐ

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

póst húsið

Pósthúsið ehf
Suðurhrauni 12a
210 Garðabæ
sími 585 8300
fax 585 8309
posthusid@posthusid.is

**Póst- og blaðberar óskast**

Um er að ræða hressandi útiveru við útburð á blöðum og pósti milli kl. 6 og 7 á morgnana. Hafðu samband í síma 585 8330 eða fylltu út umsókn á www.posthusid.is

**Reykjavík:**

| | |
|---|---|
| **101-11** | Frakkastígur |
| **101-12** | Klapparstígur, Njálsgata |
| **101-13** | Laugavegur, Snorrabraut |
| **101-14** | Hverfisgata |
| **101-16** | Grettisgata, Vitastígur |
| **101-17** | Bárugata, Stýrimannastígur |
| **101-20** | Framnesvegur |
| **101-21** | Blómvallagata, Brávallagata, Hringbraut, Ljósvallagata, Ásvallagata |
| **101-22** | Hávallagata, Túngata |
| **101-24** | Ránargata |
| **101-29** | Hörpugata, Reykjavíkurvegur, Þorragata |
| **101-36** | Vesturgata |
| **101-37** | Hólavallagata, Suðurgata, Túngata |
| **101-38** | Sólvallagata |
| **101-39** | Bjarkargata, Hringbraut, Suðurgata, Tjarnargata |
| **101-44** | Bræðraborgarstígur, Drafnarstígur |
| **101-45** | Blómvallagata, Brávallagata, Hofsvallagata, Hringbraut, Ásvallagata |
| **101-46** | Baldursgata |
| **101-47** | Laugavegur |
| **101-49** | Aðalstræti, Lækjargata, Pósthússtræti, Tryggvagata |
| **101-51** | Barónsstígur, Hlemmur, Hverfisgata, Snorrabraut |
| **101-56** | Brekkustígur, Holtsgata, Sólvallagata, Vesturvallagata |
| **101-58** | Garðastræti |
| **104-03** | Laugarásvegur, Sunnuvegur |
| **104-07** | Langholtsvegur |
| **104-12** | Skipasund |
| **104-14** | Hlunnavogur, Njörvasund, Sigluvogur |
| **104-24** | Skipasund, Sæviðarsund |
| **104-34** | Dragavegur, Kleppsvegur, Norðurbrún |
| **105-01** | Auðarstræti, Bollagata, Gunnarsbraut, Guðrúnargata, Miklabraut, Snorrabraut |
| **105-02** | Flókagata, Hrefnugata, Kjartansgata |
| **105-03** | Grettisgata, Karlagata, Njálsgata, Skarphéðinsgata, Þverholt |
| **105-06** | Hjálmholt, Skipholt, Vatnsholt |
| **105-07** | Flókagata |
| **105-12** | Langahlíð, Skaftahlíð |
| **105-13** | Reynihlíð, Suðurhlíð, Víðihlíð |
| **105-19** | Drápuhlíð, Mávahlíð |
| **105-21** | Engihlíð, Miklabraut, Mjóahlíð |
| **105-22** | Drápuhlíð |
| **105-37** | Bólstaðarhlíð, Langahlíð, Úthlíð |
| **105-40** | Hamrahlíð, Stigahlíð |
| **105-41** | Grænahlíð, Stigahlíð |
| **105-42** | Barmahlíð, Mávahlíð, Reykjahlíð |
| **105-43** | Engjateigur, Sigtún |
| **105-47** | Flókagata, Skeggjagata |
| **105-48** | Bólstaðarhlíð |
| **110-17** | Álakvísl |
| **110-18** | Birtingakvísl, Bleikjukvísl |
| **110-28** | Bröndukvísl, Fiskakvísl, Stangarhylur |


Svartur skenkur á hjólum 2,5 m, svartur sjónvarpsskápur 3.000 kr., bambusborð, breiður bambus 10.000 kr., sv/grátt borðst.borð stækkanlegt (14-16), 6 svartir IKEA eldhússtólar (500 kr. stk.), 2 funkisstólar úr 1928 (dýramunstur), skrifborð úr Míru. Sanngjarnt verð. Sími 866 9044.

Hornsófi með vönduðu svörtu leðuráklæði til sölu á kr. 35 þús. Uppl. í s. 895 8954.

Til sölu dökk skápa/hillusamstæða, 2 dökk sófaborð, rúm frá RB 120x200, rúmgrind 90x200 og Ísfólkið öll bókaserían. Uppl í s. 553 4946 & 868 4160.

Glæsilegt borðstofuborð með innlögðum rósum og útskorið, 6 útskornir stólar. Uppl. í s. 553 8410.

Amerískt hjónarúm til sölu á lágu verði. Upplýsingar í síma 554 2957 og 695 8955.

Ektorp 3ja sæta sófi til sölu. Einnig stakur hægindastóll. Uppl. í síma 863 5300.

Til sölu Simmons Amerískt rúm. Stærð Cal.King 213x183. Uppl. í s. 898 6732.

## Heimilistæki

Til sölu lítið notuð og í góðu lagi, 3 ára (1 og hálft ár) Siemens uppþvottavél. S. 820 0961.

## Fatnaður

Refaskinnskápa í mjög góðu ástandi til sölu á góðu verði. Uppl. í s. 451 2787 & 868 7974 frá kl. 18.

## Barnavörur



**ÚTSALA ÚTSALA!**
25 % afsláttur af öllum vörum. Róbert Bangsi og unglingarnir. Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 www.robertbangsi.is sími 555 6688.

Til sölu. Barnarimlarúm 60x120cm, brúnt að lit hægt að hafa í 2 hæðum. Með dínu, himnasæng/stöng og hlífðarkönntum. 5.000.- Sími 557 2549 & 863 0180, (Rikki).

## Dýrahald

**30% Kynningarafsláttur**
Erum þessa dagana með 30% kynningarafslátt af Arden Grange hágæða hunda- og kattafóðri í verslunum Dýralands. Verð á 15 kg hundafóðri er frá kr 3.920,- með afsl. og verð á 2,5 kg kattafóðri er frá kr 1.120,- með afsl.
**Dýraland Mjódd, s. 587 0711, Dýraland Kringlan, s. 588 0711 Dýraland Spöng. s. 587 0744.**



Til sölu þessi yndislegi Papillon strákur m/HRFÍ ættbók. Uppl. í s. 824 0115 og á www.simnet.is/omard

**Hundabúr-Hundabæli. 30% afsl.**
Nutró þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Til sölu sölu 2 hvolpar, vandaðir, frekar litlir. Uppl. í s. 897 9883, e. kl. 16.

**Hundaföt - Hundarúm**
Mikið úrval. 20% afsl.af hunda og kattamat. Dýrabær Hlíðasmára 9 s. 553 8835.

Papillon hvolpar til sölu. Skemmtilegir smáhundar, erum í félagar í HRFÍ. Uppl. um tegundina á www.papillon.is fyrir áhugasama og í s. 692 7949.

**Am. Cocker Spaniel**
Til sölu amerískir Cocker Spaniel hvolpar með ættbók frá HRFÍ. S. 868 0019.

Vegna óviðráðanlegra ástæðna eru til sölu 9 vikna Labrador hvolpur og 2ja ára Rottweiler tík. Uppl. í síma 691 7301.

## Ýmislegt



Góð jólagjöf fyrir 6.900.- Grænlenskar selskinnslúffur. kulusukart.com S. 8936262

Til sölu hvít eldhúsinnrétting Keramik eldavél 3x Fataskápar, 9 innihurðir, ofnar o.fl. Uppl. í s. 891 8833.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

**Gisting á spáni.**
Íbúð til leigu í Barcelona, Costa Brava og Menorca. Uppl. í s. 899 5863 & http://helenjonsson.ws

## Byssur

22 cal riffilpakki & 3-9X40 sjónauki, poki, 50 skot 4 skotgeymar og myndbandið Veiðiklær.



36.900.- kr.
Útivist og Veiði. Síðumúla 11. www.utivistogveidi.is

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is

## Ljósmyndun

Eru myndirnar þínar öruggar? Hrynur talvan á morgun? Eru þær á geisladiski sem endist í 6 ár? Er tekið afrit af myndunum þínum reglulega þar sem þú hýsir þær. Ef ekki, þá áttu á hættu að glata þeim fyrir fullt og allt. Bíð upp á 5 gígabæta fría vistun. Ótrúlegir möguleikar í myndnotkun. Nánari upplýsingar; heimsmynd@simnet.is eða 699 1114.

Nikon F56 hús, 28-80mm & 70-300mm linsa, lítil & stærri taska, 3fótur, UV & stækkunarfilterar o.fl. Í toppstandi! Verð 30 þús, s: 659 6091 / netfang: gvi@hi.is

## Ýmislegt




Jólakort með mynd af börnunum! Nú þarf að fara að huga að jólakortunum. Get boðið upp á jólakort með þinni eigin mynd, allt niður í 40 kr. stykkið. Tvær gerðir. Mismunandi verð eftir stykkjafjölda. Heimsmynd ehf, heimsmynd@simnet.is, sími 699 1114.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Snyrtileg 2 herb. kjallaraíb. á svæði 104. Reyklaus. Leiga 65.000 + 3 mán trygging. íb. er laus. s. 896 5412.

Til leigu einstaklingsíbúð í Mosfellsbæ. Uppl. s. 691 1603 eða 699 8832.

Til leigu 4ra herbergja íbúð í Fossvoginum í 6 mánuði frá 01. des. Uppl. í s. 897 1775 & 692 3078.

Herb. á sv. 105, búið húsgögnum, allt í eldhúsi, þvottavél, Stöð2, Sýn. S. 895 2138.

Herbergi á sv. 111, aðgangur að eldhúsi, þvottavél og baðh., aðeins reglusamir og reyklausir. S. 698 9859.

Bílskúr til leigu fyrir hreinlega starfsemi, Hjallahlíð í Mosfellsbæ. Uppl. í s. 847 2819 & 561 3428.

## Húsnæði óskast

Ung hjón með 2 börn óska eftir leiguhúsnæði (4 herb. eða stærra) í amk. 1 ár. Öruggar greiðslur. Íris s. 661 1864.

Reglusamt par með barn óskar eftir snyrtilegri 3ja herbergja íbúð til leigu á sv. 110. Á verðbilinu 70-80 þús. Frá og með 15 jan. Langtímleiga. Uppl. í s. 698 0498.

Óska eftir 2-3 herb. íbúð sem fyrst, svæði 105 (Hlíðar). 2 á heimili. reyklaus og reglusöm. Leigutími til 1. júní '06. Fyrirframgreiðsla. Uppl. í s. 861 4440.

Feðgar óska eftir húsnæði til hljómsveitar æfinga í Hafnarfirði. Góðri umgengni og skilvísum greiðslum heitið. Upplýsingar í síma 698 9275.

30 karlm. reyklaus og reglusamur óskar eftir íbúð til leigu,skilvísar greiðslur,góð umgengni. S. 899 8886.

Óska eftir stúdíóíbúð, herb. með aðg. að snyrt, ósamþ.íbúð eða íb.hæfum bílskúr til leigu/kaups á höf.b.sv, helst Kópavogi. s.862-4086. Hólmfríður

Bráðvantar 3-4 herb. íbúð á leigu í Grafarholti sem fyrst. Uppl. í síma 845 2240.

Hjón utan af landi með 2 börn bráðvantar 3-4 herb. íbúð til leigu á höfuðborgarsv. frá og með 1. jan. 06. Reglusemi og skilvísum gr. heitið. Uppl. í s. 866 5554.

Einstæður faðir með 13 ára dreng óskar eftir 2-3 herb. íbúð í Hfj, helst þar sem má hafa rólegan hund. Uppl. í s. 848 4890.

Óska eftir 2ja herbergja íbúð frá og með 01.01.06. Greiðslugeta 50-60 þús. Reglusemi og góð umgengni heitið. Uppl. í s. 869 7846 e.kl. 11.

## Húsnæði til sölu



Tilboð óskast í einbýlishús á Ólafsfirði. Upplýsingar í s. 466 2128 e. kl.20.

## Atvinnuhúsnæði

**50 fm, 35 þús og 100 fm, 65 þús, húsn. í Skeifunni til leigu.**
Tilvalið geymsluhúsnæði. Innkeyrsludyr á 100 fm. (ekkert útipláss). Uppl. í . s 892 0808.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Nokkur pláss laus í upphituðu geymsluhúsnæði fyrir tjaldvagna, fellihýsi og húsbíla á Höfuðborgarsv. Uppl. í síma 661 3131 & 897 2000.

## Bílskúr

Góður 28 fm bílskúr með hita og rafmagni til leigu fyrir búslóð eða geymslu. Uppl. í s. 581 2247 & 692 0625.

## Gisting



Gisting Vantar ykkur gistingu? Erum með GLÆSILEGAR Hótelíbúðir að Reykjavíkurveg 72 í Hafnafirði Tilboð í gistingu nóvember/desember/janúar Frá föstudegi-mánudags. KR 3.000.- á mann hver nótt BP Hótelíbúðir Sími 540-9700 Netfang bphotelqbphotel.is Heimasíða bphotel.is

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 24609552

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Veitingahúsa vinna**
Vegna anna viljum við bæta við okku í eftirtalin störf. Pizzabakari fulltstarf. Afgreiðsla í sal fullt starf. Afgreiðsla í sal hlutastarf um helgar. Dyravarsla helgarvinna.
**Uppl. og umsókir á staðnum eða á www.kringlukrain.is**

## TILKYNNINGAR

**Basar tombóla og kaffisala félag austfirskra kvenna**
verður í Safnaðarheimili Grensáskirkju í dag laugardaginn 19 nóvember kl. 14 til 17.
**Basarnefnd.**

## TIL LEIGU

**Heildsala – Smásala**
Til sölu með eigin innflutning og góða álagningu, ásamt fínum samböndum. Góð uppgrip framundan. Verð ca. 12 m. Svar merkt: „Tækifæri" sendist á netfang: galle@isl.is.

**Ýmis störf í boði**
í fullu starfi í vaktavinnu á American Style. Viltu vinna í góðum hópi af skemmtilegu fólki? Hentar best fólki 18-40 ára, en allir umsækjendur velkomnir! Vaktavinna og hlutastörf í boði. American Style er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836, einnig umsóknir á americanstyle.is og á stöðunum.
**Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836, einnig umsóknir á americanstyle.is og á stöðunum.**

**Vantar þig góða vinnu?**
Viltu vinna með skemmtilegu fólki á Aktu Taktu? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Vaktavinna og hlutastörf í boði. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu.
**Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836.**

**Leikskólinn Laufásborg, Laufásvegi 53-55.**
Starfsmann vantar í afleysingar í 100% stöðu, í 2-3 mánuði, Starfið er laust nú þegar.
**Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 551 7219.**

Domino's Pizza

Domino's Pizza óskar eftir starfsmönnum í fullt starf og í hlutastarf. Frábær starfsandi og skemmtilegur vinnustaður fyrir hressa og duglega einstaklinga. Áhugasamir sæki um á www.dominos.is

VÉLVÍK

**Rennismiður óskast-framtíðarstarf**
Vélvík ehf óskar að ráða rennismiði með sveinspróf. Í boði eru góð laun á afar velbúnu verkstæði þar sem verkefni eru fjölbreytileg. Tækifæri fyrir vandvirka menn með metnað. Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar. Vélvík ehf, Höfðabakka 1, 110 Reykjavík Sími 587 9960, netfang: velvik@velvik.is

**Stuðningsfulltrúi**
Stuðningsfulltrúi óskast í 75-100% starf í Safamýraskóla, sérskóli fyrir fjölfatlaða nemendur í Rvk.
**Uppl. gefa Erla/Guðrún sími 568 6262.**

**Við bjóðum þér gott starfsumhverfi!**
Ingvar Helgason óskar eftir starfsmönnum við þrif og bón á nýjum og notuðum bílum.
Taktu þátt í uppbyggingu í vaxandi fyrirtæki.
**Upplýsingar veitir Svanberg í síma 525 8043. svanberg@ih.is www.ih.is**

**energia/smáralind**
Óskum eftir starfsfólki í sal og eldhús.
**Upplýsingar í s. 864 6600 & 896 4000 eða senda á energia@energia.is.**

**Sjómenn**
Tvo vana háseta vantar á Eldhamar til netaveiða frá Grindavík strax.
**Uppl. í s. 894 2013.**

**Vaktstjóri á Pizza Hut**
Pizza Hut leitar að vaktstjóra á Sprengisandi. Starfið felst í þjónustu, stjórnun vakta og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur eru reynsla af þjónustu, mikil þjónustulund, samviskusemi og hæfni í mannlegum samskiptum. Æskilegur aldur 25 ára og eldri. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is sem fyrst eða á Sprengisand. Nánari upplýsingar veitir Þórey Björk veitingastjóri í síma 822 3642.

**Viltu koma í Pizza Hut liðið?**
Pizza Hut getur bætt við sig starfsfólki í hlutastörf í sal og eldhús. Lágmarksaldur er 18 ára. Áhugasamir sendi inn umsóknir á www.pizzahut.is eða loa@pizzahut.is

Ertu peningalaus? Vantar þig meiri peninga? Viltu gera eitthvað í málinu? S. 696 2096

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Óska eftir mjög þrifnum og samviskusömum starfskrafti til að þrífa í fyrirtæki einu sinni í viku 2-4 tíma í senn uppl 8202845

Óskum eftir bílstjórum, vélamönnum, verkamönnum og viðgerðamanni fyrir austan fjall. Uppl. í s. 862 0727.

Just-Eat.is vantar nokkra góða bílstjóra á eigin bíl til að keyra út mat á kvöldin. Uppl. í síma 820 6992.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Vinnutími er frá kl. 7.30-13 og 13-18.30. Áhugasamir hafi samban við Sigríði í síma 699 5423.

Skólafólk. Heildsala óskar eftir fólki í vinnu í jólafríinu og einnig í aukavinnu eftir jólin. Umsóknir sendist til Fréttablaðsins á smaar@smaar.is á e-mail merkt "vinna 12"eða í síma 530 3500.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða starfsfólk í fullt starf til þess að sinna áfyllingum í verslunum á höfuðborgarsvæðinu. Leitað er að skilvirkum og ábyrgðarsömum einstaklingum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega og vera með bílpróf. Áhugasamir sendi umsóknir til Ölgerðarinnar merktar "Áfylling" eða á netfangið keli@egils.is

Hárnyrtisveinn eða meistari óskast. Vinnut. samkomulag. Hárgr.st. Hrafnhildar s. 567 1544 & 862 8443.

**Lagerstarf**
Starfskraft vantar til útkeyrslu og á lager. Uppl. veitir Elías í s. 824 6611.

**Vaktmaður**
Starfskraftur óskast í aukavinnu, aðra hvora helgi. Starfið felst í vakt á meðferðarheimili. Vinnutími er frá 18.00 á föstudögum til 15.00 á sunnudögum. - Hentar vel fyrir fólk í námi, sem þarf frið og kyrrð í góðu umhverfi og getur nýtt sér tímann til náms. Umsóknir sendist á netfangið lovisa@krysuvik.is fyrir 26/11.

Ertu til í að reyna eitthvað nýtt. Getur þú hugsað út fyrir "boxið". Viltu auka tekjurnar þínar? Áttu 2 tíma til að kynna þér málið. Hringdu þá í 699 1114.

Háseta og stýrimann vantar á 150 tonna netabát frá Þorlákshöfn. Uppl. í s. 695 5796 & 892 0367.

Húsameistarinn Ehf óskar eftir mönnum vönum byggingarvinnu. Uppl. í s. 865 2954.

## Atvinna óskast

64 ára ungleg og þróttmikil þýsk kennslukona óskar eftir starfi hvar sem er á Íslandi. T.d. við kennslu, handiðn eða barnagæslu. Er byrjuð að læra íslensku. Vinsamlegast skrifið á ensku eða þýsku til Ms Irmgard Grosse Freese, Paulstrasse 16, 18055 Rostock Germany.

18 ára strákur óskar eftir vinnu. Hef reynslu af útkeyrslu og sölustörfum. Uppl. í s. 692 8188.

Húsasmíðmeistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 897 5347.

Framtíðarstarf óskast á stórhöfuðborgarsvæðinu er með meirapróf og rútupróf. S. 848 8856.

20 ára karlmaður í Rvk. óskar eftir vinnu, allt kemur til greina. Sími 867 9647.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Týnt blátt reiðhjól, lásinn er inn út inn inn út. Þeir sem hafa samband við Jóhann Gunnar í s. 867 4056. Allir sem geta veitt uppl. um hjólið fá vegleg verðlaun.

## Einkamál

XXX DVD
BESTA VERÐIÐ
2 Diska DVD kr 3.990 nýjar myndir frá USA 2950, allar VHS á 1498.
grensasvideo.is
Grensásvegi 24 s. 568 6635
Opið 15.00 - 23.30

**Viltu kynnast fólki?**
Fólk með sömu þarfir og þú er akkúrat núna að spjalla saman á einkamal.is. Einfalt og skemmtilegt að kynnast góðu fólki. Einkamal.is


# Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24

**Virka daga kl. 8–18.**
**Helgar kl. 11–16.**

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.

DV FRÉTTABLAÐIÐ vísir

Fiton/SÍA F014416




allt

Allt um bíla
á laugardögum í Fréttablaðinu.



# FÁÐU ÁHUGA Á AÐ AUKA TEKJUR ÞÍNAR

Í fyrsta sinn mun Rino Solberg frá Noregi halda opið hvatningarnámskeið á Íslandi

**Hann mun kenna eftirfarandi:**
*Hvernig þú getur hugsað jákvætt*
*Hvernig þú getur náð markmiðum þínum*
*Hvernig þú getur vakið sjálfsáhuga*
*Hvernig þú getur nýtt tímann betur*
*Hvað þarf til betri lífsgæða*

Rino Solberg mun eftir fundinn kynna í fyrsta sinn á Íslandi sérstaka verslunarmöguleika, þar sem þú lærir;

*„Hvernig þú getur haft tekjur af að hjálpa fólki í nauðum“.*

Ekki missa af þessu einstaka tækifæri á að kynnast Rino Solberg, það verður upplifun sem seint gleymist.
Ath.: Fyrirlesturinn er á ensku.

**Staður: Kaffi Reykjavík, Vesturgötu 2**
**Stund: Mánudag 21. nóvember – kl. 18.00 til 21.00**

AÐGANGUR ÓKEYPIS

## Til sölu er einkahlutafélag í sjávarútvegi

Helsta eign félagsins er Sómi 860, árg. 1998, krókaaflahlutdeild og krókaaflamark. M.v. núverandi úthlutun gefur aflahlutdeildin 39.132 kg. í þorski, 39.059 kg. í ýsu og 396 kg. í karfa, löngu, keilu og steinbít. Aflamarkið er óveitt. Báturinn er með 360 hestafla Volvo Penta vél, 5 DNG rúllum og útbúnaði til línuveiða.

**Upplýsingar veitir Guðmundur í síma 899 9600.**

hof fasteignasala
*Guðmundur Björn Steinþórsson,*
*löggiltur fasteigna- firma- og skipasali*
**Síðumúla 24 - Sími 564 6464**
**www.hofid.is**

Frum

# HB FASTEIGNIR

Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík, S: 534 4400
Hrafnhildur Bridde, löggiltur fasteignasali

## HB FASTEIGNIR KYNNA HEITAR EIGNIR

### Einbýlishús

Logafold 112 Rvík – verð 61,5 millj.
Miðtún m/aukaíbúð Selfss – verð 31,4 millj.
Sólvellir m/stúdííbúð- Selfoss – verð 24,3 millj.

### Parhús

Klukkurimi 112 -2 parhús – Seld
Logafold 112 Rvík frábær eign – verð 39,2 millj. Nýtt

### 4ra herbergja

Rauðhamrar 112 Opið hús sunud 14-16 – verð 29,7 millj.
Kristnibraut 113 Rvík jarðh gott aðg. – verð 28,4 millj. Nýtt
Garðhús 112 Rvík 3hæð með bílsk. – verð 24,8 miilj. Nýtt

### 3ja herbergja

Öldugrandi 107 – Seld
Sóleyjarhlíð Hafnarfj 77,2fm frábær eign – verð 17,5 millj.
Hringbraut 101 Rvík 57,3fm – verð 15,5 millj.
Hringbraut 101 Rvík 57,3fm – verð 14,5 millj. Laus

### Fyrir fjáfesta

7 íbúðir allar í útleigu – (seldar)
Hús með 4 íbúðum í Hveragerði – nýtt í sölu



**Kári Kort,**
*sölustjóri*
**S. 892-2506**

Kaupendur/ hjá okkur er alltaf opið hús
Seljendur/skoðum / og verðmetum samdægurs.

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
Kjöreign ehf
SÍMI 533 4040
FAX 533 4041
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign.is@kjoreign.is • www.kjoreign.is

## LINDARSMÁRI - ENDARAÐHÚS



Tveggja hæða endaraðhús á frábærum stað í Kópavogsdalnum. Stærð 206,4 fm og skiptist húsið í tvær stofur, 3 – 4 herbergi, tvö baðherbergi, eldhús, þvottahús og innb. bílskúr. Góður og skjólsæll staður. Þaksvalir og sólpallur. Stutt í alla þjónustu og skóla. **Verð 38,6 millj. LAUST FLJÓTLEGA.**

## HRAUNBÆR M/BÍSKÚR



Endaraðhús á einni hæð ásamt sérbyggðum bílskúr. Stærð húss er 133,4 fm. og bílskúrs 21,2 fm., alls 154,6 fm. samkv. FMR. Góð staðsetning. Timburverönd út frá stofu í suður. **Verð: 32,0 millj.** nr. 5274.

Kristinn Valur Wiium Sölumaður Sími: 8966913
Ólafur Guðmundsson Sölumaður Sími: 8964090








Kíktu í heimsókn til okkar að Drekavöllum 26, laugardaginn 19. nóvember eða sunnudaginn 20. nóvember, frá kl. 13-17. Komdu og skoðaðu fallegar íbúðir í glæsilegu 9 hæða lyftuhúsi.

Ekki missa af þessu einstaka tækifæri. Sjón er sögu ríkari!

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Söluaðilar

ÁS FASTEIGNASALA
Sími 520 2600

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA
Sími 520 7500

HÖFÐI FASTEIGNASALA
Sími 565 8000

HÚSASMIÐJAN
Sími 525 3000 • www.husa.is

BYGGINGAVERKTAKAR INGVAR & KRISTJÁN ehf.

## SJÓNARHORN



Jólin eru komin á Laugaveginn. LJÓSMYND/HEIÐA.

## VISSIR ÞÚ

... að yngsti sjónvarpsþáttastjórnandinn er Luis Tanner, sem sér um þáttinn Luis eldar fyrir krakkana í Ástralíu, en hann var aðeins sex ára og 168 daga gamall fyrst þegar þátturinn fór í loftið?

... að hávaxnasti núlifandi maður er Radhouane Charbib frá Túnis en hann er 235 senitmetrar á hæð?

... að hávaxnasti maður sem vitað er að hafi verið uppi var 272 sentimetrar á hæð?

... að John Brower Minnoch frá Bandaríkjunum var 635 kíló árið 1978? Hluta af þyngdinni má rekja til vatnssöfnunar vegna hjartasjúkdóms.

... að kona Johns Brower Minnoch var aðeins 50 kíló og því var þyngdarmunurinn á þeim 585 kíló?

... að lágvaxnasta núlifandi kona er ekki nema 65 sentimetrar á hæð? Hún þjáist af beinbrotasýki og er því bundin við hjólastól.

... að Kolya Kolev frá Búlgaríu lifði það af að skjóta sjálfan sig óvart í höfuðið með þeim afleiðingum að kúlan fór inn á bak við hægra eyrað?

... að kúlan sem fór í höfuð Kolev er enn við rætur höfuðkúpu hans, 61 ári síðan óhappið varð?

... að Kim Goodman getur kreist augu sín þannig að þau standa 11 millimetra út úr tóftunum?

... að þegar Stephen Taylor frá Bretlandi rekur út úr sér tunguna eru 9,4 sentimetrar frá efri vörinni fram á tungubroddinn?

... að bræðurnir Tribhuwan og Triloki Yadav frá Indlandi eru haldnir sjúkdómi sem kallast fjölfingrun/fjöltáun? Þeir eru með sex fingur á hvorri hendi og sex tær á hvorum fæti?

## UPPÁHALDSSTAÐURINN



Klara Ósk Elísdóttir í Nylon er mikil fjölskyldumanneskja.

### *Í faðmi fjölskyldunnar*

„Uppáhaldsstaðurinn minn er bara í faðmi fjölskyldunnar,“ segir Klara. „Ef maður er umkringdur fjölskyldu og vinum þá skiptir ekki máli hvar maður er.“ Klöru finnst gott að vera heima hjá sér og hún segist líka eiga margar góðar minningar frá jólum heima hjá afa sínum og ömmu. „Ég á stóra og mjög góða fjölskyldu,“ segir hún.








Hinn þekkti danski rithöfundur, **Irma Lauridsen verður í IÐU** við Lækjargötu í **dag kl. 14 -16.30.** Lesið verður úr nýútkominni bók Irmu, Hið óþekkta, og einnig úr barnabók hennar, **Hundurinn sem átti að verða stór.** Irma **áritar** og svarar spurningum. Túlkað.

**Frábær tilboðsverð á bókunum!**

allt tilboð
Alla föstudaga

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

PORSCHE NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR PORSCHE



**Porsche Boxster S**
Nýskráður 6.2001
**Dekur bíll**
Ekinn 21 þús.
252 hö.
6 gíra beinskiptur
Bi-Xenon framljós
Leðurklædd sportsæti og mælaborð
Blæja og harður toppur
18" felgur, ný dekk.
**Verð kr. 3.980.000,-**



**Porsche 911 Turbo**
Nýskráður 3.2003
**Einn af örfáum bílum frá Weissach**
Ekinn 12 þús.
Yfir 450 hö
Hámarkshraði, 318 km/klst
4,1 sek 0 - 100 km/klst
6 þrepa Tiptronic sjálfskipting
Innbyggður sími
Leiðsögukerfi
Bose hljómkerfi.... o.fl.
**Verð kr. 12.900.000,-**



**Porsche Cayenne S**
Nýskráður 9.2003
**Vel með farin Amerikuútgáfa**
340 hö.
Ekinn 39 þús.
Titanium metalic litur
6 gíra Tiptronic sjálfskiping
Bose hljómkerfi
Cruise Control
Sóllúga
Dráttarbeisli
**Verð kr. 5.690.000,-**

Bílabúð Benna

VÍSINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Olíuflutningaskip og umhverfismengun

### HVERNIG ER OLÍA HREINSUÐ ÚR SJÓ EFTIR OLÍUSLYS?

Hafa skal í huga að mestur hluti þeirrar olíu sem berst í hafið kemur af landi og á það bæði við um tíðni og heildarmagn. Næst að tíðni og umfangi eru óhöpp sem verða við meðhöndlun olíu fyrir skip, bæði lestun og losun. Stærstu einstöku óhöppin sem vekja mesta athygli verða hins vegar þegar skip farast, stranda eða lenda í árekstri við önnur skip.

### Ekkert er gert ef léttar olíur fara í sjóinn

Þegar olía fer í sjó er hægt að bregðast við á ýmsan hátt. Ein leiðin er sú að gera ekki neitt, og það á sérstaklega við ef um er að ræða léttar olíur eins og bensín, steinolíu eða gasolíu (e. diesel). Þetta á ekki síst við ef óhappið er langt frá landi enda hverfa þessar tegundir fljótt bæði vegna uppgufunar og eins af því að olían blandast saman við vatnið vegna ölduróts. Áður en slík ákvörðun er tekin þarf þó að huga vandlega að lífríkinu sem olían er í og vakta umhverfið gaumgæfilega á eftir. Mörg af stærstu óhöppum síðustu 30 ára hafa ekki krafist neinnar hreinsunar, en mun minni slys með þyngri olíur eins og svartolíu, oft í litlu magni, hafa hins vegar krafist mikilla hreinsiaðgerða.

Þegar ákveðið er að hreinsa upp olíu sem farið hefur í sjó er um þrjár meginaðferðir að ræða:

1. Að safna olíunni saman og dæla henni upp með flotgirðingum og olíufleytum eða olíuupptökutækjum (e. skimmer)
2. Að kveikja í olíunni
3. Að dreifa olíunni eða fella hana út með felliefnum

### Flotgirðingar og olíufleytar

Þegar olía fer í sjó er talið að bestu viðbrögðin séu að safna henni með flotgirðingum og dæla svo upp með sérhæfðum olíufleytum. Þetta er eina aðgerðin sem fjarlægir olíuna algerlega úr umhverfinu, það er að segja þá olíu sem næst í. Þessi hreinsiaðferð byggist á þeim eiginleikum olíu að flest efnin í henni eru torleyst í vatni og léttari en vatn þannig að þau fljóta ofan á. Aðferðin hefur þó ýmsar takmarkanir eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

Þegar olíu er safnað er flotgirðingum, sem ná 30-100 cm niður í sjóinn og standa 10-50 cm upp úr honum, komið fyrir umhverfis olíuflekkinn. Girðingarnar eru svo dregnar saman þar til þykkt olíunnar á vatnsyfirborðinu er orðin nægjanleg til þess að fleytarnir sem veiða olíuna ofan af sjónum geti unnið, en þeir dæla olíunni um borð í bát eða pramma. Þessi aðferð hefur þann ókost að það fer ávallt mikið vatn með olíunni og eins hrærist mikið vatn saman við olíuna ef eitthvert öldurót er. Árangurinn er því afar háður aðstæðum eins og vindi, straumum, ölduróti, uppblöndunareiginleikum olíunnar við vatn, uppgufun og ekki síst því hve olían breiðir fljótt úr sér á vatni. Reynslan er sú að jafnvel við bestu aðstæður næst afar lítill hluti olíunnar aftur, eða á bilinu 10-15%. Eru flotgirðingar því oft notaðar til að verja mikilvæga staði og svæði fyrir flekkjum fremur en að ráðast á þá sjálfa. Á vef Umhverfisstofnunar má sjá staðsetningu flotgirðinga og olíufleyta á Íslandi.

### Stundum er olían brennd

Vegna þess hve erfitt er að ná olíunni úr sjónum og þess hve mikið vatn fer saman við hana, sem margfaldar það vökvamagn sem flytja þarf í land, hefur í einstaka tilfellum verið beitt þeirri aðferð að brenna olíuna. Er henni þá safnað í eldþolnar flotgirðingar og þegar nægjanlegri þykkt er náð er kveikt í henni. Þessi aðferð hefur marga ókosti. Erfitt er að kveikja í olíunni því eldfimasti hluti hennar gufar afar hratt upp, sjálf íkveikjan er afar hættuleg vegna sprengihættu og síðast en ekki síst falla öskuleifar til botns og mikill reykur myndast, sem hvort tveggja getur haft afar slæm umhverfisáhrif. Helst hefur íkveikju verið beitt þegar ljóst er að ekki sé hægt að dæla olíunni frá borði við skipsstrand. Eru þá notaðar herþotur til að sprengja skipið til að losa olíuna úr því um leið og kveikt er í henni. Engar eldþolnar girðingar eru til á Íslandi.

### Felliefni geta dregið úr umhverfisáhrifum

Felliefni sem dreift er yfir olíuflekkinn auka uppleysanleika olíunnar í vatni og gera það að verkum að hún hrærist í litla dropa sem dreifast um hafið, þynnast og brotna svo að lokum niður á náttúrulegan hátt. Þegar þessari hreinsunaraðferð er beitt er mikilvægt að dreifa felliefnum eins fljótt og auðið er þar sem virkni þeirra dvínar mikið um leið og vatn blandast saman við olíuna vegna ölduhreyfinga. Notkun felliefna getur dregið úr umhverfisáhrifum olíuslysa, sérstaklega áhrifum á strandlíf og fugla. Hins vegar gera felliefnin það að verkum að olían fer niður í sjóinn þannig að langtímaáhrif hennar geta orðið þó nokkur og jafnvel meiri en ef hún fær að brotna niður og gufa upp af yfirborðinu. Þess vegna verður að meta það gaumgæfilega í hverju tilfelli hvort beita eigi felliefnum á viðkomandi stað.

Þegar olía er komin að strönd er hægt að beita mörgum aðferðum til að hreinsa svæðið. Oft er hægt að dæla olíunni upp með dælum eða ná henni upp með ísogsefnum sem draga í sig olíu en ekki vatn. Einnig er hægt að moka upp menguðum sandi og möl eða skola olíuna með heitu eða köldu vatni með eða án íblandaðra felliefna eða sápu.

Í öllum tilfellum þegar velja þarf hvaða hreinsunaraðferð á að beita, hvort sem olían er á hafi úti eða við strönd, verður að meta gaumgæfilega hvort sjálf hreinsunin valdi meiri skaða en þeim sem verður ef ekkert er að gert.

*Gestur Guðjónsson, umhverfisverkfræðingur.*

Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Þar er nú að finna svör við um 5.300 spurningum frá almenningi. Á virkum dögum heimsækja tæplega 3.000 gestir Vísindavefinn og þeir fletta rúmlega 10.000 síðum. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförnu eru: Hvað vissu Evrópuþjóðir um Ísland á miðöldum, hvernig verka taugaboð og hvaða flanki er á Flankastöðum? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is






FLYTJENDUR:

JÓHANN FRIÐGEIR VALDIMARSSON, TENÓR
HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR, SÓPRAN
BERGÞÓR PÁLSSON, BARITÓN
SIGRÚN EÐVALDSDÓTTIR, FIÐLA
GUNNAR KVARAN, SELLÓ
EINAR JÓHANNESSON, KLARINETT
ELÍSABET WAAGE, HARPA
HRAFNHILDUR VALGARÐSDÓTTIR, ORGEL
ÚLRIK ÓLASON, ORGEL

KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR,
STJÓRNANDI ÁRNI HARÐARSON

VOX FEMINAE,
STJÓRNANDI MARGRÉT J. PÁLMADÓTTIR

CARITAS ÍSLAND EFNIR TIL
STYRKTARTÓNLEIKA
Í ÞÁGU FATLAÐRA BARNA
Í KRISTSKIRKJU VIÐ LANDAKOT,
SUNNUDAGINN 20. NÓVEMBER KL. 16.00

ALLUR ÁGÓÐI RENNUR TIL GREININGAR- OG RÁÐGJAFARSTÖÐVAR RÍKISINS

MIÐAVERÐ KR. 2.500

FORSALA AÐGÖNGUMIÐA
PENNINN EYMUNDSSON Í AUSTURSTRÆTI OG SMÁRALIND

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins · BÓNUS · SAMSKIP · h2 hönnun · prentmet


RYAN PHILLIPPE OG REESE WITHERSPOON


JULIETTE LEWIS


LOU REED


CLINT EASTWOOD

# Íslandskort fræga fólksins

Undanfarinn áratug hafa fleiri og fleiri erlendar stjörnur af ýmsum toga þyrpst til litla Íslands vegna náttúrufegurðarinnar, rokksins, rólsins og einhvers konar hipp og kúl-status borgarinnar sem erlend tímarit tala um í tíma og ótíma. Margir ráfa um og leita og finna hann aldrei, en aðrir njóta betri leiðsagnar. *Anna Margrét Björnsson* athugaði hvert leið fræga fólksins liggur.

## NÁTTÚRAN

**BLÁA LÓNIÐ** Það er spurning hvort Íslendingar fara nokkurn tímann í Bláa lónið nema í fylgd útlendinga. Kannski við ættum að fara oftar, því ef útlendingum finnst þetta gott þá er þetta örugglega gott. Allar stjörnurnar eiga viðkomu hér. Og þetta er víst sérlega vinsæll þynnkubani; að láta höfuðverkinn líða úr sér í volgu vatninu.

**ÞINGVELLIR OG HÓTEL VALHÖLL** Vinsæll áfangastaður bæði vegna sögulegs gildis, fallegrar náttúru og svo matarins á Hótel Valhöll sem hefur runnið ljúflega niður margan frægan magann. Kerið og leiðin yfir Hengilinn að Nesja völlum eru líka vinsælir staðir.

**GULLFOSS OG GEYSIR** Hinn klassíski lopapeysurúntur er alltaf jafn vinsæll. Hæfilega stutt frá bænum og alltaf gaman að sjá vatn sprautast upp og niður.

**LANGJÖKULL** Tarantino flaug þar af snjósleðanum sínum um síðustu helgi. Stórstjörnur vilja ævintýramennsku.

**SNÆFELLSNES** Heillandi landslag og ekki of langt frá höfuðborginni. Hótel Búðir þykir líka afburða sjarmerandi og flott.

**VIÐ FJÖRUBORÐIÐ** Þessi humarveitingastaður á Stokkseyri hefur, að sögn tónleikahaldara, verið einn vinsælasti viðkomustaður stjórstjarnanna sem hrífast af látleysi staðarins og staðsetningu hans á svörtum fjörukambinum. Meðal gesta í sumar voru Foo Fighters, Queens of the Stone Age, Rob Schneider, Cherie Blair og Clint Eastwood.

## VERSLANIR

**LAUGAVEGURINN** Jú, fólki er beint þangað, á aðalverslunar- og djammgötu Reykjavíkur. Þó kemur oftast fyrir að fólk rambar upp og niður Laugaveginn í leit að miðbæ Reykjavíkur, sem tekur kannski hálftíma að finna.

**NONNABÚÐ** Við vitum ekki alveg hvers vegna stjörnurnar vita allar af búðinni hans Jóns Sæmundar. Þær hljóta að hafa sambönd sín á milli. Það er að minnsta kosti enginn rokkari, leikari eða kvikmyndaleikstjóri sem fer úr landi án þess að hafa keypt bílfarm af „dead“-jökkum og bolum. Meðal þeirra sem þar hafa staldrað við eru Quentin Tarantino, Rob Schneider, Pink og Metallica.

**RAMMAGERÐIN** Nei, þetta er ekkert grín. Búumst við því að lopapeysurnar séu það vinsælasta og einstaka maður kaupir kannski uppstoppaðan lunda eða víkingabol.

**12 TÓNAR** Lou Reed fór þangað. Og auðvitað öll Airwaves-böndin. Þurfum ekki að hafa fleiri orð um það.

**TRILOGIA** Flottasta stelpubúðin í bænum með fullt af framúrstefnulega íslenskri og evrópskri hönnun. Merkið La Petite Salope er til dæmis eitt vinsælasta merkið hjá stjörnunum í Hollywood, og Madonna klæðist fötum frá Spijkers N Spijkers. Meðal gesta í sumar voru franski rapparinn MC Solar, kvikmyndaleikstjórinn Steven Spielberg og spúsa hans Kate Capshaw, og flestallir sem komu frá á Airwaves-hátíðinni.

**EYMUNDSSON** Hér hafa flestir viðkomustað og ná sér í bók um land og þjóð. Meðal viðskiptavina hafa verið Damon Albarn, John F. Kennedy Jr heitinn, Bill Clinton og Viggo Mortensen.

*„Þeir sem koma í gegnum okkur eru hérna svo brjálæðislega stutt að þeir hafa ekki tíma í neitt nema rúntinn milli Kaffibarsins og Sirkuss. Sirkus er langvinsælasti staðurinn hjá öllum rokkurum og þeir hafa allir farið þangað.“*

Árni E. hjá Hr. Örlyg, aðstandenda Airwaves-hátíðarinnar.

## VEITINGA- OG SKEMMTISTAÐIR

**VIÐ TJÖRNINA** Þessi heimilislegi staður með dásamlegu fiskréttunum er ofarlega á vinsældalistanum hjá stórstjörnunum. Björk Guðmundsdóttir kemur hingað reglulega og meðal erlendra gesta hafa verið Damien Rice, Bobby McFerrin, Metallica, The Stranglers, Michael Bolton, Paul Auster og barónessa Francesca Von Habsburg.

**BÆJARINS BESTU** Erlendar stjörnur

KLINK OG BANK var vinsælt meðal erlendu neðanjarðarmafíunnar.




ALLIR FARA í bláa lónið nema íslendingar


STEVEN SPIELBERG fyllti ferðatöskurnar í Trílogíu.




BJÖRK


CAMERON DIAZ


QUENTIN TARANTINO

## MEST OFSÓTTA FÓLKIÐ Í SUMAR:

**Björk** Fellur hreint ekkert inn í fjöldann þrátt fyrir að hún segi það við erlendu pressuna. Íslendingar láta hana ekki vera.
**Cameron Diaz** Var elt á röndum af ljósmyndurum DV og Hér og nú.
**Quentin Tarantino** Fékk lítinn frið, meira að segja í frumsýningarpartíinu. Fólk þyrptist að honum og vildi láta taka myndir af sér með honum.




**SIRKUS** Rokkarar streyma þangað.

verða að smakka hina einu sönnu íslensku pylsu með öllu. Meira að segja Bill Clinton gæddi sér á einni.

**REX** Hér hafa mörg partí verið haldin fyrir stjórstjörnurnar, meðal annars fyrir Snoop Dogg, Rob Schneider og Quentin Tarantino. Einhverri óskilgreindri íslenskri elítu er alltaf boðið með og er þar að finna sömu kunnunglegu djammrisaeðlur borgarinnar.

**SIRKUS** Þessi litli skrítni og druslulegi bar er einfaldlega eini staðurinn sem blífur fyrir rokkara og tískutýpur. Þykir með endemum frumlegur og skemmtilegur. „Best bar in the world,“ segja þeir.

**KAFFIBARINN** Damon Albarn átti einhvern tímann að hafa átt hluta í honum og frá því hefur hann notið „költ-status“ í Reykjavík. Stjörnurnar koma þar við til að segjast að minnsta kosti hafa verið þar.

**ÓLIVER** Enginn einasti rokkari hefur fundist á þessum stað en leikarar og fótboltamenn virðast hrifnir og drekka dýrt kampavín, Meðal gesta sumarsins voru Rob Schneider, Ryan Phillippe og Damien Duff, leikmaður í Chelsea.

**101 BAR** Þar sem stjörnurnar gista svo oft á hótelinu er fremur algengt að sjá þær við barinn. Meðal gesta hafa verið Julia Stiles, Harrison Ford og fullt af ljósmyndurum og tískuliði frá tímaritum eins og Dazed and Confused og Elle.

### VINSÆLUSTU HÓTELIN

**1919, HOTEL NORDICA, 101 HOTEL** og lúxusíbúðirnar **ROOM WITH A VIEW** eru ofarlega á listanum.

*„Það hefur aukist til muna að frægir útlendingar verði fyrir áreitni hér á landi. Þetta á sér ýmsar ástæður: tíðni heimsókna fræga fólksins er orðin meiri sem þýðir að fólk orðið vanara því og sýna minni kurteisi, og er minna feimið. Svo er það aðallega þetta þroskahefta ástand í slúðurblöðum hér á landi. Fólk fær ekki að vera í friði fyrir þeim. Mér finnst reyndar að fólk ætti að reyna að fá meiri áhuga á sjálfum sér heldur en þessu fræga fólki.“*

Kári Sturluson tónleikahaldari.

**KAFFIVAGNINN** Fyrir þennan ósvikna sjómannafíling. Hér er hægt að bjóða stjörnunum upp á kjötfars, kleinur og kaffi.

**KAFFIBRENNSLAN** Mjög vinsæll í hádeginu og til að fá sér kalda kollu áður en haldið er lengra út á djammið.

**FJÖRUKRÁIN** Duran Duran fór hingað. Við vitum ekki af hverju.

**KLINK OG BANK** Var mjög vinsælt meðal erlendu neðanjarðarmafíunnar áður en dæmið leið undir lok. Meðal gesta voru Lou Reed, Lori Anderson, Anton Newcombe og Peaches.

**BESSASTAÐIR** Einstaka stjörnur (utan kóngafólks) verða þess heiðurs aðnjótandi að fá heimboð á Bessastaði, þeirra á meðal Quentin Tarantino.

FABRIKAN

ERTU AÐ ÚTSKRIFAST UM JÓLIN?

VILTU HEFJA HÁSKÓLANÁM Á VORÖNN?

Háskólanám með vinnu eða fjarnám í tölvunarfræði gæti hentað þér.

Háskólinn í Reykjavík býður fjarnám og háskólanám með vinnu (HMV) í tölvunarfræði á vorönn og geta nemendur valið um að taka 1–5 námskeið. Fjarnemum er boðið að koma tvisvar á önn í staðbundna lotu til að vinna með kennurum og samnemendum en HMV nemendum er kennt 1–3 daga í viku frá kl. 16:15.

Umsóknarfrestur er til 24. nóvember. Kynntu þér málið á **www.ru.is** en þar er einnig hægt að sækja um.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

# Vonandi ekkert trúarflipp

**Jón Gnarr** er vinsælasti skemmtikraftur landsins. Á næstunni koma pistlar hans út í bókinni Þankagangur en þar opinberar hann sínar skoðanir á þjóðfélaginu, fólkinu og sjálfum sér. **Freyr Gígja Gunnarsson** ræddi við hann um trúna og baráttu hans við sjálfan sig.



STERKTRÚAÐ BARN Jón var mjög sterktrúað barn en svo komu tímabil þar sem hann var andsnúinn trúnni. Nú er hún hans helsta vopn í baráttunni við sjálfið sem Jón líkir við illgresi. FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

Það krefst hugrekkis að vera einlægur. Það er svo freistandi að vera ekki einlægur. Þá er maður síður dæmdur," skrifar Jón Gnarr í formálanum. Það að Jón Gnarr skyldi skrifa pistla í dagblað kom ekki mörgum á óvart. Flestir bjuggust eflaust við að þarna myndi hann halda áfram á þeirri braut sem hafði aflað honum mikilla vinsælda meðal almennings. Margir biðu eftir því að geta hlegið sig máttlausan að kaldhæðni og útúrsnúningum Jóns Gnarr. „Ég var í raun orðinn skrásett vörumerki en þarna opinberaði ég hver væri maðurinn á bak við það vörumerki," segir Jón, pantar sér Earl Grey te og samloku enda hættur að drekka kaffi. „Ég var rosalega smeykur og hræddur daginn sem fyrsti pistillinn kom út. Vinur minn hringdi síðan í mig og hrósaði mér. Mér þótti svo vænt um það að ég fékk tár í augun."

## Ræktar ekki andann í líkamsrækt

Það er engum blöðum um það að fletta að Jón Gnarr er einn vinsælasti skemmtikraftur þjóðarinnar. Á sínum tíma mátti varla gera grín án þess að hann kæmi að því og hápunktinum var náð með sýningu hans „Ég var einu sinni nörd". Hún sló eftirminnilega í gegn og Jón barst töluvert á í þjóðlífinu en allt í einu vaknaði hann upp við vondan draum. „Ég hafði leitað mikið að lífsfyllingu og ekki síst við að verða sáttur við verk mín," útskýrir Jón og tekur sér smá tíma til að orða það sem honum fannst í upphafi raun ómögulegt að útskýra. „Það var mikilvægt í mínum huga að eiga húsið skuldlaust, vera með flatskjá og keyra um á jeppa," heldur hann áfram og fær sér bita af samlokunni. „Mér fannst ég vera mjög andlega sinnaður en fannst hið andlega mér ekki samboðið. Kirkjan og kristni voru bara rugl og á tímabili fannst mér að ég þyrfti að skapa ný trúarbrögð, fara jafnvel til Indlands eða Tíbets og finna þar Guð," segir hann.

Jón segir að hann hafi verið orðinn mjög veikur. „Ég var sífellt hræddur og ótti lék æ stærra hlutverk í mínu líf. Varð þunglyndur og reiður yfir því að vera að hamast svona mikið en fá engu ágengt," útskýrir hann og fær sér sopa af teinu. „Ég var með lélega sjálfsmynd og streitueinkenni eins og magaverki og andþyngsli," heldur hann áfram. „Ég hafði eignast mikla peninga og eigur en síðan hrundi líf mitt af því að ég hafði gert svo margt vitlaust," segir Jón af einlægni.

Þegar allt kom til alls gerði hann sér grein fyrir því að hann væri að leita eftir andlegri fullnægju í gegnum veraldlega hluti. „Það er eins og rækta andann með líkamsrækt," segir hann og hlær. Jón fór í auknum mæli að leita í bænina sem hann hafði miklar mætur á en aldrei notað. „Ég hafði alltaf treyst og leitað til fólks í gegnum tíðina en hætti því og lagði þess í stað allt mitt traust á Guð," segir hann. „Ég var í þannig aðstöðu að ég hefði getað verið í símanum að skammast í fólki allan daginn. Í staðinn dró ég mig í hlé og bað til Guðs um að mál mín myndu leysast farsællega," segir hann. „Það kom síðan á daginn að þeir gerðu það."

## Er ekki að berjast við aðra trúhópa

Trúin er ekki ný fyrir Jóni. Hann var mjög sterktrúað barn en síðan komu tímabil þar sem hann var í andstöðu við hana. „Fyrir mér er trúin og trúleysið barátta milli sjálfsins og ekki-sjálfsins. Því meira sem ég stóla á sjálfan mig og eigin kraft því lengra er ég kominn frá Guði," útskýrir Jón. Mesta barátta hans er hvorki við annað fólk né málefni heldur sjálfan sig. „Ég berst við mitt eigið stolt, eigin hégóma og mína eigingirni." Trúin er honum nauðsynleg til að geta tekist á við egóið sitt sem hann líkir við illgresi. „Sumir geta kljást við það án skipulagðrar trúar og ég öfunda það fólk. Þetta get ég hins vegar ekki. Ef ég sinni ekki mínu trúarlífi, fer ekki í mínar messur þá er ég bara í slæmum málum," segir Jón. „Ég er eins og dópisti gagnvart Guði því ég þarf á honum að halda."

Jón gekk í kaþólsku kirkjuna vegna þeirrar nauðsynjar að hafa trúna sýnilega. „Ég er ekki að gera þetta til að sýnast heldur er kaþólskan að mínu mati sýnilegri og svona „back to the basics"," segir Jón og telur hana vera mjög gott mótvægi við þá firringu sem er í gangi. „Ég krýp fyrir Jesú Kristi og þegar ég geri það þá er ég ekki að beygja mig fyrir manni í náttkjól sem var uppi fyrir tvö þúsund árum," útskýrir hann. „Ég er að krjúpa fyrir hinu auðmjúka og fallega í öðru fólki. Með því að lúta höfði fæ ég að vera þátttakandi." Þar að auki hafi hann alltaf tengst Landakoti. Sem strákur lá hann á Landakotsspítala, strákarnir hans tveir voru báðir í Landakotsskóla og ekki skemmir fyrir að hann býr nálægt Krists kirkju. „Hún er fyrir mér og marga aðra afdrep. Hún er alltaf opin og þangað get ég leitað," segir hann.

## Sterk siðferðiskennd

Öfugt við það sem margir halda hefur Jón haldið sínum trúmálum algjörlega fyrir sjálfan sig. Strákarnir hans fermdust hjá Siðmennt enda segist hann ekki vera í einhverri pólitískri baráttu gagnvart öðrum trúarhópum. „Það hefur verið mikið ritað á netinu um það sem ég hef birt og margir hafa tekið eitthvað sem ég hef skrifað sem sneið til sín," segir hann en telur það af og frá að svo sé. „Margur heldur mig sig," bætir hann við.

*„Það er ekki til neitt frelsi án ábyrgðar. Það er eins og að éta sælgæti en vilja ekkert fitna."*

Jón fer ekki leynt með skoðanir sínar á því þjóðfélagi sem við lifum í. Frelsið, hjónabandið og samlíf kynjanna eru honum oftar en ekki hugleikin. „Ég held reyndar að samfélagið hafi alltaf verið sjúkt. Sukk og svínerí hefur alltaf verið til. Mér finnst yfirgengilegt og fáránlegt að fara heim með einhverjum til að eiga þar einnar nætur gaman. Það er eins og að borða kókósbollu í kvöldmat," segir hann af sannfæringu og er augljóslega kominn á flug. „Þetta tærir sálina og það vita allir sem stunda þetta að svona líferni skilur eftir sig tómleika," heldur hann áfram og bætir við að honum finnst við vera komin langt fram yfir allt jafnvægi í kynlífi. „Allt sem er gott ber að fara með í hófi."

Frelsi kemur einnig töluvert mikið fyrir í pistlunum og hann hefur sterkar skoðanir á því hugtaki sem honum finnst vera misskilið. „Það er ekki til neitt frelsi án ábyrgðar," segir hann, „Það er eins og að éta sælgæti en vilja ekkert fitna," heldur hann áfram. „Þetta eru bara tvær hliðar á sama teningnum en því miður er fólk oft að taka sér frelsi sem það hefur ekki ábyrgð til að bera," segir hann og telur þetta kristallast ágætlega í uppeldi barna. „Foreldrar eru hræddir við að setja börnunum mörk því það vill vera svo gott en hefur slæma samvisku yfir fáum samverustundum," segir hann. „Síðan kemur einhver ein helgi og þá er dekrað við barnið en það eina sem það þarf eru samskipti og kærleiksrík mörk," segir hann.

Jón er sáttur við það sem hann er að gera. Hann nýtur þess að vera til og geta gefið. „Í upphafi gaf ég bara myntir sem ekki var hægt að nota í stöðumæla," segir hann og hlær. „Nú get ég gefið meira en það hefur tekið mig mörg ár að ná þessu." Hann vonar að þetta sé ekki bara eitthvert trúarflipp eins og hjá Bob Dylan. „Ég er þakklátur lífinu og fólkinu fyrir að umbera mig og hef ekki yfir neinu að kvarta." ■

Af hverju er sagt að vín þurfi að anda?

Vínsýningin 2005 verður haldin í Vetrargarðinum í Smáralind, 19.-20. nóvember.

Markmiðið með sýningunni er að veita gestum betri innsýn í heim vínsins og verður hún stórglæsileg í hvívetna. Meðal þátttakenda eru allir helstu vínbirgjar landsins sem kynna meðal annars vín sem henta með hátíðarmatnum. Að auki verður gestum boðið að bragða dýrindis mat með vínunum.

Opið frá kl. 13.00 til 18.00
Miðaverð 1.000 kr.
20 ára aldurstakmark

VÍN SÝNINGIN 2005
19.-20. nóv.
í Smáralind

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

ALLT SEM ÞÚ VILT VITA UM LÉTTVÍN




Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

ÁHRIFAVALDURINN ÞÓRA SIGURÐARDÓTTIR

# *Að hafa sannfæringu og láta vaða*

„Mestu áhrifavaldarnir í mínu lífi eru Hlíf Ingibjörgsdóttir og Sigríður Ragna Sigurðardóttir hjá Ríkisútvarpinu,“ segir Þóra Sigurðardóttir, umsjónarmaður Stundarinnar okkar og rithöfundur, eftir að hafa hugsað sig um í drykklanga stund. „Það voru þær sem réðu mig í Stundina okkar á sínum tíma og veittu mér tækifæri, þótt ég væri algjörlega blaut á bak við eyrun. Það hefur sennilega ollið meiri straumhvörfum í mínu lífi en nokkuð annað hingað til.“



**SIGRÍÐUR RAGNA** Þóra er henni þakklát fyrir að taka áhættu.

Þóra trúir hiklaust að ákveðið fólk og atburðir valdi vatnaskilum í lífi allra og setji mark sitt á tilveru þeirra það sem eftir er. „Við erum umkringd fólki sem hefur svo mikið fram að færa, ég tala nú ekki um eldra fólkið í fjölskyldunni, og við þurfum að staldra reglulega við og huga að því að það hefur margt stórmerkilegt fram að færa.“

Af Sigríði og Ingibjörgu segist Þóra helst hafa lært að oftar en ekki borgi það sig að fylgja eigin sannfæringu og láta vaða. „Einhverjum hefur sjálfsagt þótt það djarft af þeim að veðja á grænjaxl eins og mig en stundum borgar það sig að taka áhættu.“

Þá segir Þóra að ýmsar bækur hafi líka sett sitt mark á hana og mótað hennar þankagang. „ Mér dettur helst í hug þriðjudagar með Morrie eftir Mitch Albom,“ segir hún. „Hún fjallar um ungan strák sem heimsækir alltaf gamlan mann að nafni Morrie á þriðjudögum og sá gamli kennir þeim stutta ýmislegt um lífið sem samfélagið eins og það er í dag kennir okkur ekki. Svo dettur mér líka í hug sagan af Pí eftir Yann Martel. Ég man að mér þótti ekki mikið til hennar koma þegar ég las hana en þetta er svona bók sem maður losnar ekki við úr hausnum og fær mann til að hugsa heilmikið.“ ■



**ÞÓRA SIGURÐARDÓTTIR** Trúir hiklaust að ákveðið fólk og atburðir valdi vatnaskilum í lífi allra og setji mark sitt á tilveru þeirra það sem eftir er.






GÖTURNAR Í LÍFI MÍNU } Guðrún Guðmundsdóttir



# Öldugjálfur og páfagaukar

**Guðrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindarskrifstofu Íslands, er diplómatabarn og ferðaðist út um allan heim með fjölskyldunni í æsku. Anna Margrét Björnsson fékk að heyra meira um götur í Karakas, New York, Kosta-Ríka, Kaupmannahöfn og Vesturbænum.**

**Parque Central, Karakas**
Fagnaði eins árs afmælinu, lærði að ganga og fékk hitabeltið í blóðið.

**Waterside Plaza, New York**
Áskotnaðist amerískur hreimur á enskuna sem ég losna ekki við. Eftirminnilegast þegar jólasveinninn kom í þyrlu að heilsa upp á börnin í hverfinu, innahússskautasvellið og rosalegar hrekkjavökuhátíðir.

**Flyðrugrandi**
„Skeifublokkirnar“ í vesturbænum þar sem var allt morandi í krökkum. Stofnuð svakaleg leynifélög sem háðu blóðugar hrekkjaorrustur með lyftiduftsprengjum og vatnsblöðrum.

**Ásvallagata**
Vettvangur hinnar eftirminnilegu hrollvekju „Húsið“ . Yndislegt hús þar sem við bjuggum þó aðeins í skamman tíma því einn daginn tilkynnti mamma að við værum að flytja því hún þyldi lengur við vegna reimleika.

**Frostaskjól**
Hafði yfir að ráða hinni fullkomnu unglingsdyngju í kjallaranum þar sem Kvenfélagið ung og aðlaðandi hélt fundi og hugði á heimsyfirráð.

**Rue de Lausanne, Genf**
Þar bjuggum við öll sumur á uppvaxtarárum mínum. Gatan liggur meðfram fallegum garði við Genfarvatnið. Þar var buslað í vatninu og flækst um gamla bæinn.

**Safamýri**
Þar bjó ég um skamma hríð hjá yndislegri ömmu minni eftir að ég kom heim úr ferðalagi og komst að því að ég var heimilislaus því fjölskyldan hafði flust af landi brott og gleymt að láta mig vita. Þetta var þó svæsnara í tilfelli bróður míns sem var skiptinemi og hafði heldur ekki fengið fréttirnar. Hann kom óforvarandis í heimsókn og fékk áfall þegar ókunnug fjölskylda tók á móti honum á æskuheimilinu.

**PARQUE CENTRAL,** KARAKAS
**WATERSIDE PLAZA,** NEW YORK
**FLYÐRUGRANDI**
**ÁSVALLAGATA**
**FROSTASKJÓL**
**RUE DE LAUSANNE,** GENF
**SAFAMÝRI**
**STRANDGADE,** KAUPMANNAHÖFN
**VIKTORIAGADE,** KAUPMANNAHÖFN
**LAUGAVEGUR**
**HAFNARSTRÆTI**
**NAFNLAUSA GATAN,** KOSTARÍKA
**LAGUNA VISTA,** PLAYAS DEL COCO
**LJÓSVALLAGATA**

**Strandgade, Kaupmannahöfn**
Deildi íbúð með frábærri konu á besta stað í Kaupmannahöfn, í mörghundruðára gömlu húsi í eigu sérvitringsins Pernille Blum. Sögur herma að hún hafi leyft Arne Treholt að búa í húsinu á móti.

**Viktoriagade, Kaupmannahöfn**
Lítil íbúð í hliðargötu út frá Istedgade þannig að mannlífið var afar skrautlegt. Leigði með bakradda–söngkonunni Susanne. Neyddist til að flytja þegar hún fékk Celine Dion-æði og æfði sig alla daga.

**Laugavegur**
Þegar ég var í rússneskunni bjó ég á Laugavegi, á tímabili í kommúnu með skáldi, laganema, bifvélavirkja, lífskúnstner og tveimur óhuggulegum síamsköttum. Stórskemmtilegur tími og mikið um veisluhöld og furðulegar uppákomur.

**Hafnarstræti**
Bjó í einu elsta húsi Reykjavíkur um skeið eftir að ég fékk nóg af kommúnulífinu.Vaknaði eina nóttina við að ókunnugur maður var í íbúðinni sem sagðist hafa verið að hrekja á brott innbrotsþjófa. Ekkert hvarf nema stúdenta–skírteinið mitt sem fannst hálfu ári síðar í matsal á elliheimili hér í bæ. Málið var aldrei upplýst.

**Nafnlausa gatan, Kostaríka**
Kostaríkamönnum er meinilla við að notast við götunöfn og þarna var póstfangið „húsið með græna hliðinu, 300 metra norður af pizzeríunni Glaða lauknum“. Ljótasta íbúð sem ég hef séð en leigusalinn Rosario var mikið fyrir föndur og myntugrænan lit. Límónutré í garðinum, ísköld sundlaug og mikið skordýralíf.

**Laguna Vista, Playas del Coco**
Húsið okkar í Kostaríka er griðarstaður. Ekkert yndislegra en að sitja á svölunum og horfa á sólina setjast í víkinni og hlusta á öldu–gjálfrið og páfagaukana.

**Ljósvallagata**
Þar hef ég búið að mestu eftir að ég komst til vits og ára en ég held að ég eigi aldrei eftir að geta flutt annað í Reykjavík - ég er mikil miðbæjarrotta. Kyrrlát og hlýleg gata. Út um stofugluggann sé ég gamla kirkjugarðinn sem er sérstaklega fallegur um vetur.

## Samtök sykursjúkra

# Fætur og sykursýki

Sykursýki, tegund 2, er hættulegur sjúkdómur sem m.a. getur fylgt offitu. Breyttir lífshættir og tímanleg greining sykursýki 2 getur hægt á framgangi sjúkdómsins auk þess að koma í veg fyrir alvarlega fylgikvilla. Einn algengasti fylgikvilli sykursýki eru skemmdir í tauga- og æðakerfi, sem oft verður fyrst vart í fótunum.

Einkennin eru oft væg og geta auðveldlega farið fram hjá bæði sjúklingi og lækni.

Helstu einkenni sykursýki eru:

- Þorsti
- Tíð þvaglát
- Sjóntruflanir
- Kláði við þvagrás
- Þreyta

Laugardaginn 19. nóvember verða Samtök Sykursjúkra í Smáralind (Hagkaupsmegin) frá kl.12-17, ásamt samstarfsaðilum sínum, til að vekja athygli á gífurlegri aukningu á tíðni lífsháttatengdrar sykursýki hér á landi sem og annars staðar á Vesturlöndum. Innflytjendur blóðsykurmæla, Lyra sf, Bayer og Logaland ehf, bjóða upp á blóðsykurmælingar.
Össur hf og félag fótaaðgerðafræðinga veita ráðgjöf varðandi fótabúnað og umhirðu fótanna, en margir sykursjúkir glíma við vandamál vegna æðaskemmda í fótum.
Hjartavernd kynnir starfsemi sína.

**ÞAÐ GETUR VERIÐ AÐ ÞÚ EIGIR ERINDI!**
**KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ.**

ÖSSUR · HJARTAVERND · Bayer HealthCare · FÉLAG ÍSLENSKRA FÓTAAÐGERÐAFRÆÐINGA · LYRA






**FERÐALAG KEISARAMÖRGÆSANNA** Franska heimildarmyndin var aðsóknarmesta mynd hátíðarinnar.

# 15 þúsund manns á kvikmyndahátíð

Alls sóttu 15.500 manns kvikmyndahátíðina Októberbíófest sem hófst 26. október. Hátíðin fékk mjög góðar viðtökur hjá áhorfendum, erlendum gestum og gagnrýnendum.

Franska heimildarmyndin Ferðalag keisaramörgæsanna, eða La Marche De L'empereur, var valin besta mynd hátíðarinnar. Þúsundir manna gáfu myndunum einkunn á heimasíðu hátíðarinnar og þegar öll atvæði voru talin báru mörgæsirnar sigur úr býtum. Í öðru sæti lenti Kung Fu Hustle og í því þriðja varð danska myndin Drabet, sem var opnunarmynd hátíðarinnar.

Ferðalag keisaramörgæsanna var jafnframt aðsóknarmesta mynd hátíðarinnar. Kemur það ekki á óvart því hún er þegar orðin aðsóknarmesta franska mynd sögunnar og önnur aðsóknarmesta heimildarmynd sögunnar á eftir Fahrenheit 9/11.

Hrylllingsmyndin Hostel var hvorki gjaldgeng í kosningu um bestu myndina né á aðsóknarlistann vegna þess að hún væri sýnd aðeins tvisvar sinnum.

Hinir erlendu gestir hátíðarinnar voru afar hrifnir af landi og þjóð. Quentin Tarantino fullyrti að þetta væri langskemmtilegasta hátíð sem hann hefði nokkru sinni heimsótt. Vildi hann endilega starfa meira með Iceland Film Festival í framtíðinni.








**UPPI Í RÚMI** Lennon skrifaði textann að lagi sínu Give Peace a Chance í Kanada árið 1969.

# Keypti Ono textann?

Orðrómur er uppi um að Yoko Ono, ekkja Bítilsins fyrrverandi John Lennon, hafi keypt handskrifaðan texta lagsins Give Peache a Chanse á uppboði fyrir tæpar 27 milljónir króna.

Textinn var skrifaður aftan á umslag á meðan John Lennon og Yoko Ono lágu saman uppi í rúmi í vikutíma á hótelinu Queen Elizabeth í Kanada árið 1969 til að mótmæla Víetnamstríðinu. Textinn hafði týnst en kom í leitirnar á uppboðinu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarinn Matthew McConaughey hefur verið kjörinn kynþokkafyllsti maður veraldar af tímaritinu People. Í næstu sætum á eftir voru James Denton úr Desperate Housewifes, Matthew Fox úr Lost, Brad Pitt, Matt Damon, Terence Howard og Vince Vaughn. „Hann er eiginlega hinn fullkomni gaur," sagði talsmaður tímaritsins um sigurvegarann. „Svo virðist sem Penelope Cruz kunni að velja réttu mennina." Tom Cruise, fyrrum kærasti Cruz, var einmitt kjörinn kynþokkafyllstur árið 1990.



Hjartaknúsarinn Johnny Depp er á móti því að fólk sé lagt í einelti vegna reykinga sinna. Hann segist ekki ætla að sætta sig við hugsanlegt reykingabann í Bretlandi og er einnig á móti svipuðu banni í Bandaríkjunum. „Reykingar eru auðvitað ekki hollar og ég mæli ekki með þeim en fólk verður sjálft að finna leiðir til að hætta. Með því að segja fólki að það sé annars flokks manneskjur ef það reykir er út í hött," segir Depp, sem hefur sjálfur dregið úr reykingum sínum.



Leikkonan Nicole Kidman og Keith Urban hafa ítrekað vísað á bug fregnum um að þau séu par. Þau segjast jafnframt ekki vera trúlofuð þótt Kidman hafi sést með einhvers konar hring á fingri á dögunum. Nýlega birtust myndir af þeim að haldast hönd í hönd í Boston en þrátt fyrir það vilja þau ekki gefa neitt upp um sambandið. „Þetta er bara orðrómur. Þegar og ef þau vilja gefa út yfirlýsingu munum við koma fram með hana," sagði fjölmiðlafulltrúi Urbans.



# Hart barist um Lundúnaferð

Hin alþjóðlega tónlistarkeppni „The global battle of the bands" fer þessa dagana fram í Hellinum, tónleikasal Félags Tónlistarþróunarmiðstöðvar.

Keppnin er haldin í alls 24 löndum og munu sigurhljómsveitirnar úr hverju landi fyrir sig slást um stóra vinninginn í London þann 7. desember. Þetta er annað árið í röð sem keppnin er haldin hér á landi, en í fyrra sigraði hljómsveitin Lights on the Highway og keppti fyrir hönd Íslands í London. Tveimur undanúrslitakvöldum er lokið en það þriðja í röðinni fer fram næsta miðvikudagskvöld klukkan 20.00. Lokakvöldið verður síðan haldið 26. nóvember þar sem sigursveitirnar úr undanúrslitakvöldunum keppa innbyrðis um farmiðann til London.

Dómnefnd keppninnar er skipuð þeim Smára Jósepssyni, Ólafi Páli Gunnarssyni, Andreu Jónsdóttur, Trausta Júlíussyni og Davíð Sigurðarsyni. Atkvæði áhorfenda gilda tuttugu prósent á undanúrslitakvöldunum en í úrslitunum ræður dómnefndin öllu. Miðaverð er 500 krónur.



**SHIMA** Hljómsveitin Shima komst áfram eftir fyrsta undanúrslitakvöldið sem var háð á miðvikudag.









# STUÐ MILLI STRÍÐA: Flugvallaöryggi

**JÓHANNA SVEINSDÓTTIR** GLEYMDI AÐ PAKKA SPRENGJUNNI



Í vikunni átti ég góðan dag í London. Ráfaði um Oxford Street og leitaði að merkum minjum. Sá reyndar hvorki höll, né Stóra Benna eða lækjarsprænuna Thames. Hinsvegar fann ég um það bil átta StarBucks kaffistaði. Þegar kom að heimför stormaði ég út á flugvöll með eina litla tösku fyrir handfarangurinn og farmiðann á lofti. Eftir innritun hélt ég af stað út í terminal og þar biðu mín vígalegir öryggisverðir við öryggishlið og röntgentæki.

Fólk beið þolinmótt í röð eftir að láta róta í og skanna gegnum farangur sinn og þreknir öryggisverðir ráfuðu kringum svæðið líkt og blóðhundar og horfðu ásakandi augum á alla þessa líklegu hryðjuverkamenn. Og einhverja hluta vegna, þá varð ég stressuð. Í kringum mig voru allskyns skilti sem sögðu hvað má ekki hafa með sér í borð um flugvél, ekki pakka byssu og ekki pakka hníf og ekki pakka sprengju, ekki naglaþjöl og ekki dópi.

Öryggisverðirnir sveimuðu í kringum mig glottandi eins og þeir vissu að ég væri að leyna einhverju, að ég hefði pakkað einhverju sem ég mátti ekki pakka, en hafði ég gert það, ég var ekki viss, ég var full efasemda, pakkaði ég dópi, ég bara var ekki klár á því, hafði ég örugglega skilið sprengjuna eftir í ruslatunnu fyrir utan Starbucks eða var hún ennþá í töskunni, gleymdi ég að kveikja á henni, hafði ég slökkt á kaffivélinni þegar ég fór að heiman um morguninn, jesús minn, ég er með naglaþjöl í töskunni, og þeir sjá það örugglega, enda eru neglurnar mínar óaðfinnanlegar. Ég var orðin drullustressuð um að verða handtekin og sett um borð í Devon Holding and Leasing vél í stað Icelandair vélarinnar.

Um leið og taskan mín var búin í röntgen og ég komst blíbblaust gegnum öryggishliðið misstu verðirnir áhuga á mér og ég hljóp glæpamannslegu hlaupi með ólöglegu naglaþjölina í átt að hliðinu. Og þegar Flugleiðafluffan tók á móti mér við enda landgangsins með hatti og klút og söngladi „gooott kveeeld“ þá leið mér eins og ég stigi um borð í friðhelgi einkalífsins. Og átti fína flugferð heim, og naglaþjölin líka.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott







## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 4 | 2 | 9 | 3 | 8 | 6 | 7 |
| 8 | 6 | 7 | 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 9 |
| 3 | 9 | 2 | 7 | 6 | 8 | 5 | 1 | 4 |
| 2 | 1 | 8 | 5 | 4 | 6 | 9 | 7 | 3 |
| 9 | 3 | 6 | 1 | 8 | 7 | 4 | 5 | 2 |
| 4 | 7 | 5 | 3 | 2 | 9 | 6 | 8 | 1 |
| 7 | 8 | 9 | 6 | 3 | 2 | 1 | 4 | 5 |
| 5 | 2 | 1 | 8 | 7 | 4 | 3 | 9 | 6 |
| 6 | 4 | 3 | 9 | 1 | 5 | 7 | 2 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | 9 | | |
| | | | | 5 | 1 | 2 | | 3 |
| 7 | 5 | | 9 | | | | | |
| | 4 | | | 9 | | 5 | | |
| | 1 | | 4 | | 7 | | 3 | |
| | | 3 | | 1 | | | 8 | |
| | | | | | 9 | | 2 | 5 |
| 4 | | 7 | 2 | 3 | | | | |
| | | 5 | | | | | 4 | |

**Veldu Ford 4x4** Nýtt tákn um gæði

Nýtt tákn um gæði

## Komdu og skoðaðu Ford Escape 4x4 í dag

# Lægsta verð á öldinni. Núna.

Kauptu í dag. Ford 4x4 á lægra verði en áður.
Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Veldu Ford 4x4.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL - gci50056



| Ford Escape XLS 2,3i sjálfskiptur* | Ford Escape XLT 3,0i V6 sjálfskiptur* | Ford Escape XLT Sport 3,0i V6 sjálfskiptur* | Ford Escape Limited 3,0i V6 sjálfskiptur* |
|---|---|---|---|
| Kaupverð 2.690.000 kr. | Kaupverð 3.120.000 kr. | Kaupverð 3.250.000 kr. | Kaupverð 3.460.000 kr. |
| Bílasamningur 32.400 kr. | Bílasamningur 37.500 kr. | Bílasamningur 39.100 kr. | Bílasamningur 41.600 kr. |
| Rekstrarleiga 49.900 kr. | Rekstrarleiga 57.700 kr. | Rekstrarleiga 59.900 kr. | Rekstrarleiga 63.600 kr. |

*Kaffi og kleinur*
*Opið frá kl. 12 til 16*



**Jólatilboð Brimborgar**

**Jólin nálgast**
**Kynntu þér greiðslukjörin**
**Komdu í Brimborg**

**Þú færð að auki gæða vetrardekk frá Nokian að verðmæti 85.000 kr. með nýjum Ford Escape. Við setjum sumardekkin í farangursrýmið.**

*Ford Escape er í fjórum útfærslum. Tvær aflmiklar vélar eru í boði: 2,3 lítra, 153 hestafla og 3,0 lítra, V6 200 hestafla. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Veldu Ford Escape.*

## Vertu á stæðilegri bíl. Escape.

Nýr og fallegri Ford Escape. Skoðaðu vinsæla sportjeppann frá Ford. Afl, rými og ríkulegur búnaður ásamt frábærum aksturseiginleikum og hagstæðu verði gera það að verkum að ánægðir eigendur Toyota RAV4 og Honda CR-V skipta um bíl. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Veldu Ford Escape. Kjörin eru góð. Þú leigir Ford Escape eða kaupir og þú færð vestrænan sportjeppa í fullri stærð. Berðu saman bíla: Ford Escape og Toyota RAV. Komdu í Brimborg, vertu á nýjum Escape á jólahátíðinni.



**Jólatilboð Brimborgar**

Samfélagsleg ábyrgð Brimborgar er veruleiki. Við bjóðum þér lægsta verð á Ford 4x4 á þessari öld. Bílaframleiðendur og fjármálafyrirtæki þekkja nú orðið kröfur Brimborgar um lægsta verð og bestu kjör fyrir íslenskar fjölskyldur sem velja Ford. **Kynntu þér greiðslukjörin.** Nýttu þér jólatilboð Brimborgar. Komdu á öruggan stað. Veldu Ford.

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.****

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

**! Kl. 22.30**
*Bandaríski djasstrommuleikarinn **Gene Stone** heldur tónleika á Póstbarnum ásamt hljómsveit sem er skipuð þeim **Jóni Páli Bjarnasyni** á gítar, **Valdimar Kolbeini Sigurjónssyni** á bassa og saxófónleikurunum **Ólafi Jónssyni** og **Óskari Guðjónssyni**.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Myndir úr heimsreisu

Allnýstárleg ljósmyndasýning verður í Háskólabíói í dag þar sem myndum úr heimsreisu Gunnars V. Andréssonar ljósmyndara verður varpað á hvíta tjaldið.

„Þetta eru alls 250 myndir frá heimsreisu sem farin var í október norðan miðbaugs. Farið var um Þýskalands til Indlands, Taílands, Kína, Japans, Hawaii og síðasti viðkomustaður áður en heim var haldið var San Francisco,“ segir ljósmyndarinn, sem tók um það bil 2.500 ljósmyndir í ferðinni, sem stóð í þrjátíu daga.


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég var þarna með fjörutíu manna hópi undir fararstjórn Ingólfs Guðbrandssonar, þess sjóaða fararstjóra. Þarna var margt merkilegt og forvitnilegt að sjá og allt sem var kvikt var myndað.“

Ljósmyndum Gunnars verður varpað á tjaldið með aðstoð tölvutækninnar, en á meðan ætlar Ingólfur fararstjóri að segja ferðasöguna og kynna jafnframt áform sín um næstu heimsreisur.

Myndina sem birtist hér tók Gunnar á fljótamarkaði rétt fyrir utan Bangkok í Taílandi.

„Þar er allt selt úr bátum. Fólk kemur þangað með afurðir sínar, ávexti og annars konar varning. Taílendingar eru miklir handverksmenn og það var mjög gaman að sjá hvernig lífið gekk fyrir sig á þessum stað.“

### > Ekki missa af ...

... orgeltónleikum í Neskirkju á morgun þar sem **Steingrímur Þórhallsson** leikur verk eftir J.S. Bach og Frescobaldi.

... hinu árlega **málræktarþingi**, sem haldið verður undir merkjum dags íslenskrar tungu í Hátíðarsal Háskóla Íslands í dag.

... afmælistónleikum **Þuríðar Sigurðardóttur**, sem haldnir verða í Salnum í Kópavogi á morgun í tilefni af fjörutíu ára söngafmæli hennar.





Í dag **kl. 14.00** opnar Elsa Nielsen málverkasýningu
í baksalnum í Gallerí List, Skipholti 50d.
Vegna opnunarinnar höfum við opið í dag til **kl. 16.00**.
Allir hjartanlega velkomnir. Sýningin stendur til 2. desember.

Gallerí List
Skipholti 50d | Sími 581 4020


# Dansað í vatni með fiskum

**Tvö nýstárleg verk verða frumflutt í Íslensku óperunni í kvöld. Annað þeirra verður einnig sýnt í London í febrúar en hitt á næstu vikum í Japan.**

„Á vissan hátt má segja að vatnið í þessu verki sé tákn tímans. Það snýr aldrei til baka,“ segir Guðni Franzson, höfundur tónlistarinnar í dansverkinu Von eftir Láru Stefánsdóttur, sem frumsýnt verður í Íslensku óperunni í kvöld klukkan 20.

„Þetta gerist í vatni, sem hefur ekki upphaf og ekki endi heldur fer eitthvert og enginn veit hvert. Kristín Eva Þórhallsdóttir hefur gert filmu sem flæðir með verkinu þar sem alls konar fiskar synda fram og til baka.“

Dansinn er borinn uppi af sex dönsurum, tveimur af hverri kynslóð. Fulltrúar ungu kynslóðarinnar eru Saga Sigurðardóttir og Hannes Egilsson, sem bæði eru að þreifa fyrir sér á erlendum vettvangi um þessar mundir, Saga í Hollandi og Hannes í Englandi.

Danshöfundurinn, Lára Stefánsdóttir, er fulltrúi miðaldra dansara í verkinu ásamt Vicente Sancho, Spánverja sem hefur lagt fyrir sig látbragðsleik og gætir þess mjög í dansi hans í sýningunni.

Fulltrúar eldri kynslóðarinnar eru síðan þau Ingibjörg Björnsdóttir, sem lengi var skólastjóri Listdansskólans, og Sverrir Guðjónsson söngvari, sem hingað til hefur ekki verið þekktur fyrir dans.


**ÚR DANSVERKINU VON** Þau Ingibjörg Björnsdóttir og Sverrir Guðjónsson eru meðal dansara í verki Láru Stefánsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sjálfur segist Guðni vera dottinn inn í unglingaveröldina í tónlistinni.

„Það viðurkennist hér með. Ég er búinn að vera að fikta í tækjum og leika mér með alls konar upptökur sem heyrast þarna.“

Meðal annars heyrist upptaka með söng Sverris Guðjónssonar frá því hann var barnastjarna og söng í anda Robertinos hins ítalska.

Önnur sýning á Von verður síðdegis á morgun, en eftir það verður það ekki sýnt fyrr en í London í febrúar á næsta ári.

Ásamt dansverkinu verður frumflutningur á öðru verki, sem nefnist Áróra Bórealis. Þar verður sönghópurinn Voces Thules í fararbroddi.

Verkið Áróra Bórealis er hluti af efnisskrá sem fara mun til Japans í lok nóvember, til sýninga í sextán þarlendum borgum.






# Skröggur í íslenskri baðstofu

Leikfélagið Hugleikur frumsýnir í kvöld Jólaævintýri Hugleiks. Um er að ræða leikgerð á Jólaævintýri Dickens sem er fyrir löngu orðið sígilt.

Þetta er fyrsta íslenska leikgerðin á þessari sögu, sem hefur verið vinsælt viðfangsefni leikhússfólks síðan hún kom út árið 1843. Þetta er jafnframt viðamesta uppfærsla Hugleiks síðan söngleikurinn Kolrassa sló í gegn 2002.

Hugleikur hefur flutt leikritið úr Lundúnaþokunni yfir í íslenskt sveitaumhverfi.

Skröggur gamli er nú kominn inn í íslenska 19. aldar baðstofu, Tommi litli leikur sér með legg og skel og draugarnir þrír eru skottur og mórar. „Þetta er gömul hugmynd sem kviknaði á milli tveggja höfundanna fyrir mörgum árum,“ segir Þorgeir Tryggvason, einn af höfundum verksins.

„Þetta er saga sem er til í ótal útgáfum sem margir hópar hafa gert að sínum. Frægasta dæmið er kannski Prúðuleikararnir og síðan var þetta líka í gömlum Black Adder þætti og í Fame meira að segja. Okkur langaði að vera með í þessu og komumst að því að hliðstæðurnar við Ísland eru endalaust skemmtilegar,“ segir hann.


**JÓLAÆVINTÝRI HUGLEIKS** Þetta er viðamesta uppfærsla Hugleiks í langan tíma.

Auk Þorgeirs eru höfundar þau Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Sigrún Óskarsdóttir og Snæbjörn Ragnarsson. Með hlutverk Skröggs fer Björn Thorarensen en hljómsveitin Forynjur og draugar sér um undirleik. Plata með tónlist við verkið hefur þegar verið gefin út.

Jólaævintýri Hugleiks hefst klukkan 20.00 í kvöld í Tjarnarbíói. Sýningar standa yfir fram í miðjan desember og síðan verða tvær sýningar á milli jóla og nýárs.


Íslensku dívurnar
ásamt 25 manna stórhljómsveit, 150 manna kór skipuðum félögum úr Karlakór Fóstbræðra, Léttsveit Reykjavíkur og Stúlkna- & Kammerkór Bústaðakirkju og fjórum af þekktustu karlsöngvurum landsins
Frostrósir 2005
Regína Ósk
Vala Guðna
Margrét Eir
Hansa
Védís Hervör
Ragga Gísla
Guðrún Árný
STÓR-JÓLATÓNLEIKAR Í LAUGARDALSHÖLL
LAUGARDAGINN 10. DESEMBER KL. 20:00
Þann 10. desember næstkomandi verða haldnir stærstu jólatónleikar Íslandssögunnar í Laugardalshöll. Fram koma allar þær helstu söngkonur sem skipað hafa sæti hinna Íslensku díva undanfarin þrjú ár ásamt nokkrum okkar fremstu karlsöngvurum.
Á dagskrá tónleikanna verða öll vinsælustu lög undanfarinna tónleika Frostrósa auk þess sem eitthvað mun koma skemmtilega á óvart. Nýuppgerð Laugardalshöllin verður svo sannarlega færð í jólabúning og engu til sparað svo sviðið verði sem glæsilegast.
20% AFSLÁTTUR AF MIÐAVERÐI Í LOKAÐRI FORSÖLU
Í DAG, LAUGARDAG OG Á MORGUN, SUNNUDAG
FORSALA FYRIR VISA KREDITKORTHAFA HEFST Í DAG, LAUGARDAGINN 19. NÓVEMBER KL: 10:00 Á www.2112.is og í símum 517 1010 og 517 1001.
Forsalan er opin milli 10:00 og 18:00 í dag og á morgun, sunnudag en allan sólarhringinn á netinu.
NÚMERUÐ SÆTI!
ALMENN MIÐASALA HEFST KL 10:00 MÁNUDAGINN 21. NÓV. Á www.2112.is & Á SÖLUSTÖÐVUM Select
Verð í A svæði: Kr. 3.990,-
Verð í B, C og D svæði: Kr. 2.990,-
FROSTRÓSIR 2004 OG FROSTRÓSIR 3
Í VERSLANIR Í DAG, LAUGARDAG!
...ein glæsilegasta tónlistarútgáfa ársins í hljóði og mynd
Allir eru að hlusta!




PARS PRO TOTO - DANSVERKIÐ VON BOREALIS ENSABMLE - ÁRÓRA BOREALIS

Von, dansverk eftir Láru Stefánsdóttur, framleitt af Pars Pro Toto & Áróra Bórealis, brot úr nýju verki á gömlum merg, framleitt af Borealis Ensemble.

Laugardaginn 19. nóv. kl. 20 & Sunnudaginn 20. nóv. kl. 17
Miðaverð kr. 2.000.- Ath! Aðeins þessar tvær sýningar

„Ástir og örvænting" - Hádegistónleikar 29. nóv. kl. 12.15
HLín Petursdóttir, sópran, og Kurt Kopecky, píanó
Miðaverð kr. 1.000.- (MasterCardhafar kr. 800.-)

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ

| Stóra svið | | Nýja svið/Litla svið | |
|---|---|---|---|
| **Salka Valka** | | **Lífsins tré** | |
| Fi 24/11 kl. 20 | Fö 25/11 kl. 20 | Í kvöld kl. 20 | Fö 25/11 kl. 20 |
| Su 4/12 kl. 20 | Su 11/12 kl. 20 | Lau 26/11 kl. 20 | Fö 2/12 kl. 20 |
| Mi 28/12 kl. 20 | | Lau 3/12 kl. 20 | Þr 27/12 kl. 20 |
| **Woyzeck** | | **Alveg brilljant skilnaður** | |
| Í kvöld kl. 20 | Lau 26/11 kl. 21 | Su 20/11 kl. 20 UPPSELT | |
| Su 27/11 kl. 21 | Þr 29/11 kl. 20 UPPS | Su 27/11 kl. 20 UPPSELT | |
| Fi 1/12 kl. 20 | Fö 2/12 kl. 20 | Má 28/11 kl. 20 UPPS. | Su 4/12 kl. 20 UPPS |
| Mi 7/12 kl. 20 UPPS | Fi 8/12 kl. 20 | Fi 29/12 kl. 20 AUKAS. UPPSELT | |
| Fö 9/12 kl. 20 | Fi 29/12 kl. 21 | Fö 30/12 kl. 20 AUKAS. UPPSELT | |
| Fö 30/12 kl. 21 | | Síðustu sýningar! | |
| **Kalli á þakinu** | | **Manntafl** | |
| Su 20/11 kl. 14 UPPS | L au 26/11 kl. 14 | Fi 24/11 kl. 20 | Mi 30/11 kl. 20 |
| Su 27/11 kl. 14 | Su 4/12 kl. 14 | Mi 28/12 kl. 20 | |
| Su 11/12 kl. 14 | Má 26/12 kl. 14 | | |
| **Id - HAUST** | | **GJAFAKORT** | |
| Wonderland, Critic ´s Choice? | | GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN | |
| og Pocket Ocean | Su 20/11 kl. 20 | GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GILDA ENDALAUST | |
| Mi 23/11 kl. 20 | Aðeins þessar sýningar! | | |

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Í kvöld lau. 19/11 örfá sæti laus, fim. 24/11 örfá sæti laus, fös. 25/11 nokkur sæti laus, lau. 26/11 nokkur sæti laus. Síðustu sýningar.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 20/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 27/11 kl. 14:00 örfá sæti laus. Síðustu sýningar fyrir jól.

EDITH PIAF
Sun. 20/11 uppselt, sun. 27/11 uppselt, sun 4/12 uppselt - 90. sýning. Allra síðasta sýning.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

BRIM
Sun. 20/11 örfá sæti laus, mið 23/11 nokkur sæti laus, mið. 30/11 örfá sæti laus. Síðustu sýningar.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

FRELSI
Í kvöld lau. 19/11 örfá sæti laus, mið. 23/11 uppselt, fim 24/11 uppselt, lau. 26/11, mið. 30/11 uppselt, fim. 1/12 uppselt, fös. 2/12. Síðustu sýningar.

LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN

LEITIN AÐ JÓLUNUM
Frumsýning lau. 26/11 kl. 14:00 uppselt, sun. 4/12 kl. 14:00 og kl. 16:00, sun. 11/12 kl. 14:00 og kl. 16:00, sun. 18/12 kl. 14:00 og kl. 16:00.

LEIKHÚSKJALLARINN
Í kvöld lau. 19/11 kl. 22:30 Tangódansleikur "Milonga".
Sun. 20/11 kl. 22:30 Sunnudagsjass Múlans. Útgáfutónleikar "Ég um þig".
Agnar Már Magnússon og Kristjana Stefánsdóttir.

Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði Leikhúskjallarans í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

# Sungið í þágu fatlaðra

Samtökin Caritas á Íslandi efna á morgun til Styrktartónleika í þágu fatlaðra barna í Kristskirkju við Landakot. Flutt verða verk eftir Atla Heimi Sveinsson, Árna Thorsteinsson, Bach, Bizet, Bruckner, Händel, Kuran, Mozart, Palestrine, Saint-Säens, Schubert, Sigvalda Kaldalóns og Verdi.

Þeir sem koma fram á tónleikunum eru Jóhann Friðgeir Valdimarsson tenór, Hulda Björk Garðarsdóttir sópran, Bergþór Pálsson barítón, Sif Tulinius fiðluleikari, Gunnar Kvaran sellóleikari, Einar Jóhannesson klarinettuleikari, Elísabet Waage hörpuleikari og orgelleikararnir Hrafnhildur Valgarðsdóttir og Úlrik Ólason.

Einnig syngur Karlakórinn Fóstbræður, sem Árni Harðarson stjórnar, og kvennakórinn Vox Feminae, sem Margrét J. Pálmadóttir stjórnar, stjórnandi er Árni Harðarson. Allir listamennirnir gefa vinnu sína.

Þetta verða tólftu styrktartónleikarnir sem Caritas efnir til. Að þessu sinni mun allur ágóði renna til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.


**HLUTI TÓNLISTARHÓPSINS** Þau koma fram á styrktartónleikum Caritas á morgun ásamt fjölmörgum öðrum tónlistarmönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA













RÚSSNESK MENNINGARHÁTÍÐ

Tími Romanov-ættarinnar í Gerðarsafni
- sýningin stendur til 4. desember



Einstök sýning á dýrgripum úr eigu Romanov-ættarinnar í Rússlandi auk sýningar á rússneskum íkonum í eigu Íslendinga.
Sýningarnar eru opnar alla daga nema mánudaga frá kl. 11-17 og standa til 4. desember. Nánari upplýsingar á www.gerdarsafn.is.


**BRYNDÍS JÓNSDÓTTIR** Sýning hennar í Gallerí 100° er opin alla daga vikunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Blæs í gler

Nú stendur yfir sýning á glerverkum og ljósmyndum Bryndísar Jónsdóttur í galleríinu 100°, sem er í húsi Orkuveitu Reykjavíkur við Bæjarháls.

Bryndís kynntist glerblæstri úti í Svíþjóð fyrir nokkrum árum, þegar hún sótti þangað námskeið í vinnslu með eld, gler og járn. Hún segir að ekki sé hlaupið að því að blása í gler.

„Hún Sigrún Einarsdóttir í Kjósinni er sú eina sem hefur aðstöðu til að blása gler hér á Íslandi, en þetta sem ég er að gera er svo svakalega þungt að maður þarf alveg sérstaka tæknimenn í það,“ segir Bryndís, sem vann öll verkin á sýningunni úti í Tékklandi.

„Ef þú ætlar að blása verður þú að vera með rauðglóandi gler í ofni. Það er margra vikna ferli að slökkva á slíkum ofni. Úti í Tékklandi eru margir ofnar með hverjum lit fyrir sig, allir rauðglóandi allt árið um kring.“

Sýningin er opin á laugardögum frá klukkan 13 til 17, auk þess sem hún er opin virka daga frá klukkan 8.30 til 16.






## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

16 17 18 **19** 20 21 22

**Laugardagur**

### KVIKMYNDIR

☐ 16.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir tvær leiknar myndir kvikmyndagerðarmannsins **Ásgeirs Long** í Bæjarbíói í Hafnarfirði.

### TÓNLEIKAR

☐ 16.00 **Kristjana Stefánsdóttir** og **Agnar Már Magnússon** flytja sígild popplög í eigin djassútsetningum á tónleikum í Kaffitári í Reykjanesbæ.

☐ 17.00 **Guðrún Gunnarsdóttir** og **Friðrik Ómar Hjörleifsson** syngja saman íslenskar dægurlagaperlur á útgáfutónleikum í Salnum í Kópavogi. Með þeim spilar á gítar **Ólafur Gaukur**.

☐ 22.30 Bandaríski djasstrommuleikarinn **Gene Stone** heldur tónleika á Póstbarnum ásamt hljómsveit.

☐ 23.00 **Stórsveit Nix Noltes** ætlar að skemmta sér og öðrum með stórglæsilegu dansiballi í Iðnó.

### LEIKLIST

☐ 20.00 **Jólaævintýri Hugleiks**, gamanleikrit með söngvum byggt á A Christmas Carol eftir Dickens, verður frumsýnt í Tjarnarbíói.

### OPNANIR

☐ 14.00 Sýningin **Ósýnileiki** verður opnuð í sýningarsal Norræna hússins. Það eru þrír álenskir myndlistarmenn sem sýna, þau **Jonas Wilén, Henrika Lax** og **Annukka Turakka**.

☐ 16.00 **Þórarinn Blöndal** opnar sýninguna „Leir“ í Jónas Viðar Gallery, Listagilinu á Akureyri.

☐ 16.00 **Þóra Sigurðardóttir** og **Anne Thorseth** opna sýninguna „Þinn staður - minn staður II“ í sýningarýminu Suðsuðvestur, Reykjanesbæ.

☐ 17.00 **Jón Sæmundur Auðarson** opnar sýningu í galleri Box, Kaupvangsstræti 10, Akureyri.

☐ **TAKKAR - List sem heyrist í**, nefnist sýning **Tilraunaeldhússins** sem opnuð verður í Nýlistasafninu.

### SAMKOMUR

☐ 11.00 Hið árlega málræktarþing undir merkjum dags íslenskrar tungu verður haldið í hátíðasal Háskóla Íslands.

☐ 13.30 **Lionshreyfingin á Íslandi** heldur **menningarhátíð í Salnum** í Kópavogi.

### DANSLIST

☐ 20.00 Tvö ný sviðsverk, **Von**, dansverk eftir Láru Stefánsdóttur og **Áróra Boréalis**, brot úr nýju verki á gömlum merg, verða frumsýnd í Íslensku óperunni.

### DANSLEIKUR

☐ 21.00 **Milonga**, stemningsfullt tangóball að argentínskum hætti, verður haldið í Leikhúskjallaranum.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.














# Gangsetning Múlavirkjunnar



Múlavirkjun í Eyja- og Miklaholtshreppi verður gangsett fimmtudaginn 24. nóvember 2005

Í tilefni verkloka og gangsetningar Múlavirkjunar í Eyja og Miklaholtshreppi viljum við bjóða vinum og vandamönnum ásamt öllum fulltrúum fyrirtækja og einstaklingum sem aðstoðuðu okkur við framkvæmdirnar, að vera viðstaddir vígslu og gangsetningu véla í stöðvarhúsinu í Dufgusdal, fimmtudaginn 24. nóvember kl. 16:00.
Að því loknu verður gestum boðið upp á léttar veitingar í Félagsheimilinu Breiðabliki.

Opið hús í stöðvarhúsi virkjunarinnar verður laugardaginn 2. desember á milli 13:30 og 16:00, þar sem tækjabúnaður og húsakynni virkjunarinnar eru almenningi til sýnis.

Múlavirkjun ehf.




FRÍTT Í 14 DAGA!

Við hjá tónlist.is höfum aukið þjónustu okkar og opnum nú sjónvarpsstöð með tónlistarmyndböndum þar sem þú stjórnar dagskránni. Yfir 1.000 myndbönd og tónleikar með íslenskum og erlendum listamönnum. Fáðu prufuáskrift í 14 daga og þar með aðgang að 50.000 íslenskum lögum og yfir 1.000 tónlistarmyndböndum.



Misstir þú af Sálinni í Köben? Þú sérð hana á TONLIST.IS



> **Gullhanskar eru prýði ...**
*... og verja þær gegn kuldabola.*

# útlit

**SMEKKURINN: HERDÍS SIGURÐARDÓTTIR, KLIPPARI Á JÓA OG FÉLÖGUM**

## *Tímabiláhrifin flottust*

**Spáir þú mikið í tískuna?** Já heilmikið.

**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Hann er afar einfaldur en reffilegur, ég fíla ekki svona bling bling stíl.

**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?**

John Galliano, ekki spurning. Svo eru það bara notuð föt og ýmsar búðir í hliðargötum London sem ég versla í.

**Flottustu litirnir?** Svartur, hvítur og rauður. Ég er mjög hrifin af sterkum litum.

**Hverju ertu veikust fyrir?** Skóm og jökkum.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Ég keypti mér slá í Karen Millen.

**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Þessi tímabiláhrif finnst mér æðisleg. Þessi tíska frá 1930-1950. Það er mikill einfaldleiki ríkjandi í þeirri tísku og flíkurnar eru elegant og smart.

**Hvað ætlar þú að kaupa fyrir veturinn?** Allt of margt.

**Uppáhaldsverslun?** Ég myndi segja Kron, þar sem Íslendingum finnst skemmtilegast að versla.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Ég eyði ekki beinlínis spes upphæð á mánuði, tek syrpur. Þegar ég virkilega versla þá get ég verið óstöðvandi.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Rauða jakkans míns með hliðarrennilásnum, nýju stígvélanna sem ég keypti í London og þægilegu Camper-skórnir eru líka nauðsynlegir.

**Uppáhaldsflík?** Rauði jakkinn og svo pils sem ég keypti í Kron fyrir fimm árum.

**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Til London, ekki spurning.

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Ótrúlega margar. Ég hendi engu heldur geymi draslið þangað til það kemur aftur í tísku.





**MÓÐUR VIKUNNAR**

**> MARTA MARÍA FER YFIR MÁLIN**

# Galdurinn við gulrótabuxur

Ég verð að viðurkenna að niðurmjóar gallabuxur voru lengi að síast inn í undirmeðvitund mína. Ástæðan er einföld. Ég gerði grín að niðurmjóum gallabuxum í heilan áratug og kallaði þær aldrei neitt annað en gulrótarbuxur eða mörgæsabuxur. Þessi nöfn áttu að vera niðrandi en þegar ég hugsa um þau betur finnst mér þau bara nokkuð krúttleg og hef í hyggju að kalla þær þessum nöfnum áfram.

Þegar bera fór á gulrótarbuxunum á ný eftir rúmlega fimmtán ára fjarveru hugsaði ég með mér að þetta „trend“ yrði ekki langlíft, jafnvel þótt Kate Moss og Scarlett Johansson klæddust þeim. Í raun ályktaði ég að slíkar buxur væru bara fyrir mjóu týpurnar. Allar konur í kjörþyngd eða örlítið yfir kjörþyngd gætu aldrei látið sig dreyma um mörgæsir eða gulrætur.

Um daginn kom vinkona mín í heimsókn, en hún er bæði falleg og vel gefin. Þegar hún kom labbandi inn ganginn tók ég eftir að eitthvað var breytt, en ég gerði mér ekki grein fyrir því strax hvað það var. En svo tók ég eftir því að hún var í nýjum mörgæsabuxum.



Þetta gerði það að verkum að ég datt í hermikrákuna og keypti mér eins. Þegar ég velti þeirri spurningu fyrir mér: „Verð ég hamingjusamari ef ég eignast þær.“ var svarið mjög einfalt. Þessar buxur myndu gera mig æði hamingjusama hvern morgun sem ég myndi klæðast þeim.

Það er þó alls ekki nóg að mörgæsabuxurnar séu klæðilegar. Heildarmyndin skiptir öllu máli. Þær lágvöxnu verða til dæmis að vera í háum hælum við slíkar buxur. Annað hvort skóm sem koma undir buxurnar og leyfa þeim að krumpast pínulítið að neðan eða vera í stígvélum yfir. Loðstígvél með hæl gera fæturnar grennri og rassinn virkar líka minni ef þú klæðist víðum efri hluta. Nú er bara að prófa sig áfram, finna réttu gulrótarbuxurnar og dást að sjálfri sér í speglinum. Ef þú gerir það ekki gerir það enginn annar.

Hentar rautt eða hvítt betur með rjúpunni?

ALLT SEM ÞÚ VILT VITA UM LÉTTVÍN

VÍN SÝNINGIN 2005

19.-20. nóv.

í Smáralind

VÍNBÚÐ

lifum, lærum & njótum



**SKRAUTLEG** Laura Dern í ævintýralegum kjól þar sem ólíkum efnum er blandað saman.

**CHARLIZE THERON** skartaði sínu fegursta þegar hún mætti í Gucci-teitið ásamt Stuart Townsend.

**SUÐRÆN** Leikkonan Jessica Biel var sumarleg í síðkjól með fallegri bryddingu.

**EVA MENDES** leikkona bar af í þessum gyllta kjól.

**SVART OG HVÍTT** Leikkonan Elisha Cuthbert tók sig vel út í þessum munstraða kjól.

# Síðkjólar & smekklegheit

Beverly Hills iðaði af spenningi þegar Gucci-fyrirtækið efndi til teitis til að kynna vorlínuna 2006. Þar mættu helstu stjórstjörnurnar og var klæðaburðurinn til fyrirmynar. Ekki er ólíklegt að gestirnir hafi keppst við að vera sem smartastir þar sem fallega ríka fólkinu var aðeins boðið. Hjá kvenpeningnum voru kjólarnir allsráðandi, þó ein og ein væri í buxum. Mest var um síðkjóla sem segir okkur að þeir séu alls ekki á undanhaldi. Síðkjólarnir voru í flestum tilfellum alveg síðir svo varla sást í skótauið. Nokkrar voru í styttri kjólum og náðu flestir rétt niður að hné. Sú sídd er ný og frekar fersk því upp á síðkastið hefur hnésítt átt vinninginn ásamt alveg stuttum kjólum. Af myndunum að dæma eru munstur vinsæl og þó það væri vetur voru stjörnurnar óhræddar við að klæðast björtum og líflegum litum. Það er ekki hægt að segja annað en að þessi samkoma hafi lífgað upp á haustið í draumaborginni.

martamaria@frettabladid.is



**LINDSAY LOHAN** skartaði fallegum síðkjól með sérstöku sniði.

**DREW BARRYMORE** kann að klæða sig.

**DÚKKULEG** Frumleikinn var allsráðandi hjá Zooey Deschanel.

**EMMY ROSSUM** var hugguleg í síðkjól þegar hún mætti í Gucci-teitið.

**JESSICA SIMPSON** var óvenju dömuleg í þessum vel sniðna kjól.

**JULIE DELPY** var með svörtu tískuna á hreinu.

# Loðfóðruð fersk og frábær



Í vetrarkuldanum er eitt af lykilatriðunum að vera vel skóaður. Það er samt ekki hægt að vera eins og drusla til fara og því betra að eiga smekkleg vetrarstígvél. Eitt best geymda skóleyndarmálið í höfuðborginni er verslunin Iljaskinn á Háaleitisbraut. Þar er ekki bara verið að elta tískustrauma eða almenn smekklegheit heldur er heilsa fótanna sett í fyrsta sæti. Skósólarnir eru mjúkir svo þeir meiði ekki bakið en í versluninni er einnig hægt að kaupa innlegg í skó.

**- mmj**



# Leyndarmál vetursins

*Óværan færir þér Hollywood-hár.*

Lúsin hefur gert vart við sig í leikskólum og skólum landsins þennan veturinn og er víst óskammfeilnari og harðari af sér en nokkru sinni fyrr. Lokkaprúðar mæður hafa því einnig þurft að verja sig með öllum tiltækum ráðum því kvikindin hafa yndi af síðu hári. Ýmis ráð eru í boði í apótekum, allt frá kemísku eitri, sem stundum er bráðnauðsynlegt, upp í ilmolíur sem eiga að halda óværunni í burtu. Natraclear-sjampóið og hárnæringin eru gerð úr te-tré olíu til að halda lúsum frá smáum sem stórum höfðum, og hefur reynst mjög vel. Einnig hefur það óvæntar aukaverkanir sem eru sérlega fallegt, gljáandi hár, sem virðist hreinlega hafa öðlast nýtt líf. Munum þetta á næstu Edduverðlaununum - lúsasjampóið gefur Hollywood-glamúrinn. **- amb**













JARÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR





NEW YORK PÖNK ER MEÐAL TÍSKUFYRIRMYNDA JÖRU



ELSKA AÐ SJÁ GAMLAR KONUR Í SUNDI MEÐ VARALIT



MORGUNINN BYRJAR Á ÞVÍ AÐ ELDA HAFRAGRAUT FYRIR SONINN

# STÍLLINN HENNAR... JÖRU

**Hún er með ljóst sítt hár, smávaxin og tággrönn. Eins og álfur sem blandaðist kvikmyndagyðju frá sjöunda áratugnum. Hún hefur rokkað á sviði með Bang Gang og Singapore Sling, en nú er hún sóló og sló í gegn á Airwaves. *Anna Margrét Björnsson* fékk að vita meira um tónlistarkonuna Jarþrúði Karlsdóttur.**

**STÚLKAN:** Tónlistarmaður, söngkona, fiskur, hljóðmaður í Þjóðleikhúsinu. Hvaða hljóðfæri spilarðu á? „Ég er best á píanó og hljómborðshljóðfæri ýmiskonar en ég er stúdíófær á nokkur önnur, gítar, bassa og fleira. Ég sampla líka umhverfið í kringum mig og leik mér með þau hljóð. Ég er hálfgerður audio-pervert.“

**TÓNLISTIN:** „Er að gera einhverskonar popptónlist núna. Ég var lengi að gera tilraunakennda raftónlist en langaði að prófa mig áfram með popp. Þetta er svona draumkennt popp, vetrarpopp. „Hefurðu gefið eitthvað út? „Nei, ekki sólóefnið, en ég er að taka upp plötu núna sem ég stefni á að gefa út snemma á næsta ári og ég er búin að setja nokkur demo á netið á www.myspace.com/jaramusic og ætla að setja nýtt efni reglulega inn þar.

**FATASTÍLLINN:** „Mjög breytilegur. Allt frá svartri New York pönk stemningu yfir í pallíettur, blúndur og læti. Ég klæði mig frekar eftir skapi heldur en veður og tískustraumum. Hef mest verið í svörtu síðustu vikur... hmmmm ætti kannski að borða meiri vatnsmelónu.“

**MORGUNINN:** „Byrja flesta daga á því að elda hafragraut fyrir tæplega fimm ára son minn og hita chili-te fyrir mig. Þegar við erum vel vöknuð er það gönguferð í leikskólann og svo heim að vinna, í stúdíó eða upp í leikhús.“

**Á DAGINN:** „Yfirlett bara svartar gallabuxur og bolir við, stundum samt fínir kjólar og varalitur. Það fer algerlega eftir skapi.“

**Á KVÖLDIN:** „Mjög svipað og á daginn nema með aðeins úfnara hár, svartari augu og fleiri hálsfestar.“

**ÞRÍR HLUTIR SEM EINKENNA JÖRU:** „Svartar þröngar buxur, sokkar yfir buxurnar og krónískt úfið hár. „

**BÚÐIR:** „Hér heima eru það Nonnabúð, second hand-búðir og Fríða frænka. Úti eru það skranbúðir í stórborgum með falda fjarsjóði og líka hönnunarbúðir.

**BANNAÐ:** „Ég er lítið hrifin af bönnum. Ég er samt með ofnæmi fyrir brúnku og líkamsræktarvöðvum. Annars er ég mjög hrifin af ljótum fötum, ólögulegum sniðum og undarlegum efnum.“

**ÞRÁHYGGJA:** „Leitin að hinum fullkomnu gallabuxum hefur verið eins og leitin að hinum heilaga gral hjá mér. Kókoshnetur og allt.“

**SKARTGRIPIR:** „Plastperlufestar og krýningarskartgripir.“

**ILMVATN:** „Hypnotic Poison. Eða bara stela rakspíra hjá kærastanum.“

**HÁRIÐ:** „Ég þvæ það bara og svo sér það um sig sjálft. Það vill flækjast.“

**FARÐI:** „Oft enginn, líka oft svart i kringum augun og rauðar varir, meira á kvöldin þó. Ég elska líka að sjá gamlar konur í sundi með varalit. Ætla að byrja á því um sextugt.“

**FRÍ:** „Síðast skrapp ég til London og ég kíki svo líklega til Prag eftir áramót. Ég plana helst ekki mikið fram í tímann.“

**GRÆJUR:** „Ég vinn allt á makka og pro-tools, nota svo cubase, reason og fleira eftir þörfum. Keypti mér æðislegan Korg synta í London um daginn.“

**HEIMA:** „Hvítir veggir, nýja bláa dónalega flauelssófasettið mitt, allskonar skrautlegt skran og glingur. Hljóðfæri út um allt. Ég er svo að fara að mála nokkur gólf og veggi svarta. Meiri vatnsmelónu?“

**JÖRU-KVÖLD:** „Fara ýmist í að vinna, lesa eða leika mér með vinum mínum, borða, drekka og vera glöð.“

**BARINN:** „Sirkus. Þó ég kíki eitthvert annað enda ég alltaf þar.“

**DRYKKURINN:** „Kampavín.“

**TÓNLIST:** „Er mikið búin að vera að hlusta á jólaleg með Dolly Parton og Kenny Rogers síðustu daga..(hlær) Annars eignast ég ný uppáhaldslög, gömul og ný, að minnsta kosti tvisvar til þrisvar í viku og hlusta á þau á repeat. Síðustu tvö voru Do the Whirlwind með Architecture in Helsinki og I get along without you ver well með Chet Baker.“

**BÆKUR:** „Var að ljúka við Kafka on the Shore eftir Haruki Murakami og er að fara að lesa hana aftur held ég barasta.“

**TÍMARIT:** „Tónlistartímarit leiðast mér yfirleitt, of mikið af stöðluðum og „töff“ setningum. Mér finnast flottar ljósmyndir í franska og ítalska Vogue. Sama má segja um i-D. Kaupi sjaldan tímarit, þau kosta svipað og kiljur á Íslandi þannig ég fæ mér frekar bækur.“

**TÍSKUFYRIRMYND:** „Agnieszka Baranowska, stílisti.“

**BORGIN:** „Ég reyni að njóta þeirrar borgar sem ég er í hverju sinni til hins ítrasta. Núna er það Reykjavík.“

**BOÐORÐ:** „Peace and Love.“

**FRAMTÍÐIN:** „Klára plötu svo ég geti farið að byrja á næstu plötu. Vinna við Túskildingsóperuna eftir Brecht og Kurt Weil sem er jólaleikritið í Þjóðleikhúsinu. Leika mér, læra meira og verða góð húsmóðir. Og horfa á sjóndeildarhringinn. Ekki gleyma því.“




Leikjatilboð
Frábær pakki
Besti jólapakkinn ...Buzz
BUZZ!
PlayStation 2
Playstation2 leikjatölva og spurningaleikurinn Buzz saman á frábæru verði, aðeins í verslunum BT
14.999
PlayStation 2
Þá er Buzz mættur, en hann er stjórnandinn í einhverjum svakalegasta spurningaleik sem komið hefur á PlayStation 2. Þemað eru tónlistarspurningar og inniheldur leikurinn meira en 1000 lagabúta og meira en 5000 spurningar.
4.999
Frábært verð
Fartölvutilboð
MEDION SONOMA
MEDION C7 SONOMA
• Intel® Centrino™ mobile tækni
• Pentium® M 1.73 GHz örgjörvi (740)
• 15.4" WXGA skjár (1280x800)
• Nvidia GeForce Go 6200 skjástýring
• Sjónvarpskort og fjarstýring
• 1 GB DDR2 minni
• 80 GB diskur
• Super DVDRW +/- skrifari "DUAL LAYER"
• Hátalarar með bassaboxi
• 54Mbit þráðlaust netkort
• TV-Out, DVI, Firewire, S/PDIF, Bluetooth
• MediaBay kortalesari
• Lithium-Ion rafhlaða
• Þyngd 3 kg
FYLGIR
Quake4 fylgir með Medion Sonoma
15,4"
WIDE SCREEN
Öflugt skjákort
Öll nýjasta tækni s.s. Direct X 9.0, PureVideo™, PCI-Express, CineFX 3.0, UltraShadow II o.fl. tryggir þér bestu spilun í nýjustu leikjunum
Sjónvarpskort og fjarstýring
Gerir þér kleift að horfa á sjónvarp beint úr tölvunni, taka upp efni til geymslu eða til að setja á DVD.
Ný Intel tækni – Sonoma
Hraðari gagnabrautir, meiri stöðugleiki ásamt mun öflugri skjástýringu.
Útskiptanleg skjástýring
Nú er hægt að skipta um skjástýringu í fartölvunni. Hentar vel fyrir þá sem gera kröfur um hraða og vilja uppfæra fartölvuna þegar nýjar skjástýringar koma á markaðinn.
DV Ready
Gerir stafræna myndvinnslu að veruleika. Nú er leikur einn að færa myndskeið af stafrænni tökuvél og klippa til.
Frábær í leikina!
*4.537
4.537*
Tölvukaupalán 48 mán.
9.999**
Vaxtalaust 16 mán.
159.984
Staðgreitt
*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum
**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.
Ekki missa af þessu
Kaupauki
Kodak
Kodak C330
FYLGIR
• Upplausn 4.0Mpixlar • 3x optískur aðdráttur og 5x stafrænn
• 1,5" (3,8 cm) bjartur skjár • 17 tökustillingar • Video með hljóði eins og kort tekur
• 16 MB innraminni, tekur SD kort • Hægt að klippa til myndir í myndavél
• Auðvelt að deila myndum
35.988
BT
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444






# Tarantino og Eli Roth gerðir að víkingum

Það hefur varla farið framhjá nokkrum manni að Quentin Tarantino var hér á landi ásamt Eli Roth en þeir voru að kynna hryllingsmyndina Hostel. Tarantino kolféll fyrir landi og þjóð en hann hefur í hyggju að koma hingað aftur sem fyrst. Það var ekki síst orkan frá landinu sem og Íslendingasögurnar sem heilluðu leikstjórann upp úr skónum. Bæði hann og Roth hafa áhuga á að gera myndir eftir þessum hetjusögum.

Þá herma heimildir blaðsins einnig að endurnýjuð kynni Tarantino og Friðriks Þórs Friðrikssonar hafi heppnast svo vel að bandaríski leikstjórinn hafi í hyggju að skrifa handa Friðrik hlutverk í mynd eftir sig. Einn af hápunktum ferðarinnar var þó þegar Jóhannes Fjörugoði á Fjörukránni í Hafnarfirði vígði þá félaga inn í samfélag víkinga. ■



**ÓMÆLD GLEÐI** Hópurinn fékk höfðinglegar móttökur hvar sem hann kom. Ef einhver skyldi velkjast í vafa um hver Tarantino sé á þessari mynd þá er hann náungainn í miðjunni. Hópurinn allur var í skýjunum yfir heimsókninni.



**HLÁTURINN LENGIR LÍFIÐ** Eins og sjá má höfðu félagarnir ótrúlega gaman að þessu.



**CONNIESON OG ROTH** Tarantino heillaðist mikið af nafnahefð Íslendinga og lét skrá sig sem Connieson í höfuðið á móður sinni.



## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikkonan Denise Richards hefur verið kjörin kynþokkafyllsta móðirin í Hollywood af tímaritinu In Touch. Richards á tvö börn með leikaranum Charlie Sheen. Bar hún sigurorð af bombum á borð við Reese Witherspoon og Angelina Jolie. Á listann komust einnig Britney Spears, Heidi Klum og Gwyneth Paltrow.



Catherina Zeta Jones reynir að fara að sofa klukkan 20.30 á hverju kvöldi og segir það vera leyndardóminn á bak við útlit sitt. „Ég held að fegurð komi að innan og ég verð úrill ef ég sef ekki nóg,“ segir Zeta. „Svefn er besta fegrunarmeðal allra tíma.“ Ekki er þó víst að eiginmaður hennar Michael Dougles sé sáttur við að sjá á eftir konu sinni í rúmið svo snemma. Nýjasta mynd Zetu er framhaldsmynd með grímuklæddu hetjunni Zorro. Þar leikur Antonio Banderas á móti henni.



Leikarinn Leonardo DiCaprio hefur hvatt föður sinn til að hætta að aka um á mótorhjóli sínu eftir að hann lét næstum því lífið í umferðarslysi. Faðirinn George lenti í hörðum árekstri hinn 8. nóvember á umferðarþungri götu í Los Angeles. Missti hann meðvitund og braut nokkur rifbein.



















# Poppað inn í stofu

**[TÓNLIST]**

**UMFJÖLLUN**

Þessi stelpa fór lengri leiðina að því sem hún vildi. Imogen Heap hljóðritaði aðra breiðskífu sína sjálf, spilaði á flest hljóðfærin og sá alfarið um útsetningar í stofunni heima hjá sér. Hún stofnaði svo sitt eigið útgáfufyrirtæki og framleiddi plötuna sjálf, og seldi svo risaútgáfu réttinn. Nú verður plata hennar gefin út um allan heim og hún er sjálf við stjórn og getur haldið áfram að gera tónlist án pressu frá útgáfunni. Auk þess sem stærsti hluti peningakökunar fer inn í hennar ísskáp.

Þetta er önnur plata hennar, en hún er líka meðlimur í sveitinni Frou Frou. Aðdáendur Kate Bush ættu að geta tengt sig við þetta því áhrif hennar á Imogen er augljós. Tónlistin er elektrónískt popp og það eitt er oftast nóg til þess að fá samlíkingu við Björk „okkar“ Guðmundsdóttur í erlendu pressunni. En þær eru ekkert líkar. Imogen er hvergi jafn framsækin og vegur stundum salt á því hallærislega og flotta. Upphafslag plötunnar minnir mig t.d. á Miami Sound Machine sem Gloria Estefan var í áður en hún sló í gegn sem sólólistamaður. Það er ekki svalt, þó það sé eighties. Önnur lög hljóma bara eins og Kate Bush hafi keypt sér fartölvu og misst sig yfir öllum möguleikunum, sem er auðvitað hið besta mál.

Það að hún hafi gert allt sjálf er þannig bæði gott og slæmt. Ég trúi því að stundum hefði hjálpað henni að hafa auka par af eyrum, mörg hljómborðssándin eru t.d. afleit, en það verður að viðurkennast að margt hérna er listavel gert. Hún er líka fær lagasmiður og það er augljóst að þessi tónlist er beint frá hjartanu. Oft uppskrift af velgengni.

Imogen er á góðri leið með að verða þekkt stærð í tónlistarbransanum beggja megin Atlantshafsins. Hún verður t.d. með lokalagið í fyrstu myndinni í Narnía flokknum en hún skilar sér í bíó um allan heim fyrir jól.

Þetta er fínt stelpupopp, ekki of langt á kantinum til þess að rugla einn einasta hlustanda í ríminu og nægilega sérviturt til þess að fá samþykki grúskara. Ef þið finnið þessa plötu ekki út í búð heima getið þið prófað iTunes þar sem hún er vaxandi stjarna.

**Birgir Örn Steinarsson**




**IMOGEN HEAP: SPEAK FOR YOURSELF**

**Niðurstaða:**

**Önnur** plata Imogen Heap virðist vera nægilega aðgengileg til þess að opna Bandaríkjamarkað upp á gátt. Þetta er mjúk elektrónísk poppplata undir sterkum áhrifum frá Kate Bush.





Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.**

&

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ




### ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| LORD OF WAR | KL. 5.45-8-10.30 | B.I. 16 |
| LORD OF WAR VIP | KL. 8-10.30 | |
| ELIZABETH TOWN | KL. 5.30-8-10.30 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 2-4-6 | |
| LITLI KJÚLLINN VIP ísl. tal | KL. 2-4-6 | |
| CHICKEN LITTLE enskt tal | KL. 2-4-6-8-10.10 | |
| TWO FOR THE MONEY | KL. 10.30 | B.I. 12 |
| TIM BURTON´S CORPSE BRIDE | KL. 2-4-6-8-10.10 | |
| FLIGHTPLAN | KL. 8.15 | B.I. 12 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 1.45-3.45 | |

### KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 2-4 |
| SERENITY | KL. 5.40-10.30 |
| ZORRO 2 | KL. 5 |
| KISS KISS BANG BANG | KL. 10.30 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 2 |

### AKUREYRI

| | |
|---|---|
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 2-4-6 |
| SERENITY | KL. 8-10.10 |
| LORD OF WAR | 8-10.10 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 2-4 |
| VALIANT ísl. tal | KL. 6 |

### KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| SERENITY | KL. 5.45-8.10-10.30 | B.I. 16 |
| CHICKEN LITTLE enskt tal | KL. 6 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 12-1-2-4-6 | |
| TWO FOR THE MONEY | KL. 8-10.30 | B.I. 12 |
| KISS KISS BANG BANG | KL. 8-10.30 | B.I. 16 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 4 | |
| VALIANT ísl. tal | KL. 4 | |
| SKY HIGH | KL. 12-2 | |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170

| | | |
|---|---|---|
| LORD OF WAR | KL. 5.30-8-10.30 | B.I. 16 |
| ELIZABETH TOWN | KL. 8-10.30 | |
| LITLI KJÚLLINN | KL. 3-5 | |
| WALLACE & GROMIT enskt tal | KL. 4.45 | |
| TIM BURTON´S CORPSE BRIDE | KL. 3-8-10 | |
| CHARLIE & THE CH.. FACTORY | KL. 3 | |

| | |
|---|---|
| THE MARCH OF THE PENGUINS | KL. 3-6-8-10 |
| VOKSNE MENNESKER | KL. 6 |
| DRABET | KL. 8.15-10.15 |
| HIP HIP HORA! | KL. 6.30 |
| VALIANT ísl. tal | KL. 3 |

Háskólabíó

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Sadie Frost, fyrrverandi eiginkona leikarans Jude Law, er byrjuð aftur með hinum unga Jackson Scott. Frost og Scott hættu saman í ágúst en eru víst byrjuð aftur saman. Þegar þau hættu saman sögðust þau ætla að einbeta sér að vinnu sinni.

Söngkonan Kylie Minogue getur ekki eytt jólunum í heimalandi sínu Ástralíu vegna þess að hún er ekki orðin nógu heilsuhraust. Hún gengst nú undir meðferð við krabbameini í brjósti. Læknar hennar vilja ekki að hún ferðist heim fyrr en um miðjan janúar. Alla vega er ljóst að Minogue mun eyða jólunum með kærasta sínum, leikaranum Olivier Martinez.





Leikkonan Keira Knightley hefur viðurkennt að hún sé algjör klaufi. Hún segist alltaf vera að eyðileggja fötin sín með því að sulla mat eða drykk á þau. Knightley, sem sló í gegn í Pirates of the Caribbean, segist jafnframt vilja klæðast þægilegum fötum þegar hún þarf ekki að ganga eftir rauða dreglinum í Hollywood.

Jack Osbourne, sonur rokkarans Ozzy, segist ekki hafa komist hjá því að nota eiturlyf. Ástæðan er sú að hann er sonur föður síns, sem notaði eiturlyf í fjölmörg ár. Jack segist í undirmeðvitundinni hafa viljað verða fíkill. „Af einhverri ástæðu vildi ég prófa þennan lífsstíl. Ég hélt að það væri svalt að nota eiturlyf og detta í það," sagði hann. Jack fór síðan í meðferð og segist ekki hafa notað eiturlyf í rúmt ár.

















## Örn setti Íslandsmet

Sundkappinn Örn Arnarson er greinilega að finna sitt gamla form og í gær setti hann Íslandsmet í 50 metra flugsundi á Íslandsmótinu í sundi. Örn synti á sléttum 24 sekúndum og bætti fyrra metið um níu sekúndubrot.

**sport**

sport@frettabladid.is

Hlynur Bæringsson: Lið hans hefur ekki byrjað vel í Hollandi

# Þokkalega sáttur við mína frammistöðu




Íslenski landsliðsmaðurinn í körfuknattleik Hlynur Bæringsson hefur staðið í ströngu með hollenska liðinu Woonaris í vetur. Hann er nú í 3. sæti í deildinni yfir samanlagða tölfræði leikmanna en fjölhæfni hefur ávallt verið eitt af aðalsmerkjum Hlyns sem leikmanns. „Ég hef verið þokkalega sáttur við mína frammistöðu en liðinu hefur ekki gengið nógu vel. Við höfum unnið einn leik en tapað fimm og verðum að fara að snúa úrslitunum okkur í hag ef ekki á illa að fara á keppnistímabilinu. Leikmannahópurinn er frekar þunnskipaður og því eigum við það til að tapa niður forskoti ef við náum því, og svo hefur heppnin ekki alltaf verið með okkur. Vonandi fer okkur að ganga betur að snúa leikjum okkur í hag."

Sigurður Þorvaldsson er liðsfélagi Hlyns í Hollandi og segir Hlynur það skipta miklu máli. „Það munar miklu að hafa félaga sinn með sér þegar maður er stíga fyrstu skrefin á erlendri grundu. Kærasta mín er hérna líka sem er auðvitað gott. Lífsmynstrið hefur vanist fljótt og það er einstaklega notalegt að vera hér."

Munurinn á efstu deild hér á Íslandi og svo í Hollandi, er ekki mikill að sögn Hlyns og segir hann eina muninn vera fleiri útlendinga og svo auðvitað fleiri æfingar. „Deildin er töluvert sterkari hér í Hollandi en það má nú eiginlega bara rekja það til þess að það eru mun fleiri útlendingar hér en á Íslandi. Það eru þrír í okkar röðum, auk Ástrala og okkar Sigurðar. Liðin hér eru meira og minna borin uppi af útlendingum, enda Hollendingar ekki frægir fyrir að vera góðir körfuboltamenn."

## > Pressa frá Willum



Heyrst hefur að Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, leggi gífurlega hart að Arnari Gunnlaugssyni að ganga til liðs við Hlíðarendaliðið. Arnar lék með Valsmönnum gegn Fjölni á fimmtudag og skoraði þá tvö mörk í 6-2 sigri Vals. Arnar lék aðeins fyrri hálfleikinn í leiknum en var algjör yfirburðamaður á vellinum í þessar 45 mínútur. Það hjálpar Willum og Val að stíft æfingaprógramm Teits Þórðarsonar, þjálfara KR, er ekki sérstaklega aðlaðandi í huga Arnars.

# Roy Keane hættur hjá Man. Utd.

**Ensk knattspyrna fór á annan endann í gær þegar forráðamenn Manchester United tilkynntu að Roy Keane væri farinn frá félaginu. Líklegast þykir að Keane gangi til liðs við Glasgow Celtic í Skotlandi.**

**FÓTBOLTI** Manchester United og Roy Keane, sem í mörg ár hefur gegnt stöðu fyrirliða hjá félaginu, komust í gær að samkomulagi um að Keane hætti hjá félaginu eftir að hafa verið samningsbundinn því í meira en tólf ár.

Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, sagði Keane vera einstakan leikmann og líklega þann eftirminnilegasta sem hann hefði þjálfað. „Roy Keane er besti miðvallarleikmaður sinnar kynslóðar á heimsvísu. Hann er nú þegar orðinn ein af stærstu hetjum þessa félags og allir starfsmenn Manchester United óska honum velfarnaðar í framtíðinni."

David Beckham segir einn mesta leiðtogann í boltanum vera farin frá Man. Utd. „Allir leikmenn sem spilað hafa með honum líta upp til hans vegna leiðtogahæfileika hans. Þessar fréttir koma mér mikið á óvart þar sem ég bjóst fastlega við því að hann yrði áfram í nokkur ár til viðbótar og færi svo í þjálfun," sagði Beckham í gær.

Roy Keane hefur verið einn allra besti miðvallarleikmaður enskrar knattspyrnu um árabil og er ljóst að hans verður sárt saknað meðal knattspyrnuáhangenda, enda fáir eins eftirminnilegir keppnismenn. Roy Keane sagði það hafa verið forréttindi að leika fyrir Manchester United.

„Það hefur verið mikill heiður fyrir mig að leika með Manchester United. Ég hef notið þess að leika með mörgum af bestu leikmönnum heims og fyrir bestu stuðningsmenn veraldar. Ég hef alltaf lagt mig allan fram fyrir félagið. Ég óska félaginu og knattspyrnustjóranum, sem ég ber mikla virðingu fyrir, góðs gengis í framtíðinni."

Roy Keane gagnrýndi nokkra af leikmönnum félagsins á dögunum og sagði þá ekki nógu góða til þess að leika fyrir Manchester United. Viðtalið við hann, sem tekið var upp á sjónvarpsstöð félagsins, var ekki sýnt eins og til stóð og varð Keane virkilega reiður vegna þess.

David Gill, framkvæmdastjóri Manchester United, tjáði sig ekki um hvers vegna Keane hefði farið fram á að fá að hætta hjá félaginu en mærði hann hins vegar í bak og fyrir. „Roy Keane hefur verið leiðtogi og tákn fótboltahæfileika og keppnisskaps öll þau ár sem hann hefur spilað fyrir félagið. Hann er án nokkurs vafa einn besti leikmaður félagsins frá upphafi og óskum við honum alls hins besta á nýjum vígstöðvum."




**ÞRÍR GÓÐIR SAMAN** Hér sést Keane í kunnuglegri stöðu, að rífast við Julian Dicks, leikmann West Ham, á meðan Eric Cantona reynir að stilla til friðar, aldrei þessu vant.

**FERILL KEANE HJÁ MAN. UTD.**

**1993**: Gengur í raðir Man. Utd. frá Nott. Forest fyrir 3,75 milljónir punda. Þá hæsta upphæð fyrir leikmann á Englandi.
**1994**: Hjálpar Man. Utd að vinna bæði ensku deildarkeppnina og bikarkeppnina.
**1996**: Vinnur aftur bæði ensku deildarkeppnina og bikarkeppnina.
**1997**: Deildarmeistari.
**1999**: Fyrirliði liðsins sem vinnur þrennuna. Missir þó af úrslitaleik Meistaradeildarinnar vegna leikbanns. Á hátindi ferls síns.
**2000**: Deildarmeistari.
**2003**: Deildarmeistari.
**2004**: Vinnur sinn fjórða bikarmeistaratitil með Manchester United og setur met, með sínum sjötta bikarúrslitaleik.
**2005**: Hættir hjá félaginu.

Roy Keane þarf að finna sér nýtt lið:

# Portsmouth lýsir yfir áhuga



**MILAN MANDARIC**

**FÓTBOLTI** Portsmouth varð fyrsta félagið til þess að sýna Roy Keane áhuga eftir að tilkynnt hafði verið um brotthvarf hans frá Manchester United í gær, en Milan Mandaric, forseti félagsins, hefur mikinn áhuga á því að fá Keane til félagsins og telur hann vera leikmann sem Portsmouth þurfi nauðsynlega.

Framkvæmdastjóri Portsmouth, Peter Storrie, vonast til þess að Keane komi til félagsins en gerir sé samt grein fyrir því að það sé ekki líklegt. „Það eru eflaust mörg félög sem vilja fá Keane í sínar raðir enda stórkostlegur leikmaður," sagði Storrie í gær

- mh



**DAVID MAY** Liggur undir feldi og íhugar hvort hann eigi að koma til Íslands og spila með Fylki. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Beðið eftir David May:

# Ekki rætt nein launamál

**FÓTBOLTI** Hörður Antonsson, formaður meistaraflokksráðs, segir að mál Davids May sé á frumstigi og ekki sé byrjað að ræða launamál eða annað er snertir samningsmál. Fyrst sé að fá jákvætt svar við beiðninni og í kjölfarið verður rætt um önnur mál.

„Þetta er spennandi en í óvissu. Við erum búnir að viðra við hann hugmyndina að koma hingað og bíðum eftir svari. Það hefur ekkert meira verið gert. Það er í raun litlu við að bæta frétt ykkar í dag (í gær)," sagði Hörður en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ekki búist við því að launakröfur May verði Fylki ofviða ákveði hann að koma til Íslands enda gerir hann sér vel grein fyrir stærð íslenska boltans og veit sem er að leikmenn fá ekki milljónir í laun þótt launin fari vissulega hækkandi.

- hbg

Markús Máni Michaelsson Maute gekkst undir aðgerð á hné í gær:

# Væntanlega ekki með á EM

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn Markús Máni Michaelsson gekkst undir aðgerð á hné í gær en hann varð fyrir skelfilegum meiðslum í leik með Düsseldorf gegn Lemgo í vikunni. Markús lenti illa og sleit liðband í hnénu ásamt því að hnéskelin færðist út á hlið.

Markús Máni verður í spelku næstu vikurnar og óvíst er hvenær hann getur farið að æfa á ný en mjög hæpið er að hann verði orðinn klár fyrir EM í Sviss sem hefst 26. janúar.

„Aðgerðin gekk vel og ég er nokkuð hress," sagði Markús við Fréttablaðið skömmu eftir aðgerðina í gær en hann verður á sjúkrahúsinu næstu þrjá dagana. „Ég er að vonast til þess að ná EM og stefni á það en geri mér samt grein fyrir því að ansi margt þarf að ganga upp til að ég verði með landsliðinu á mótinu."



**MARKÚS MÁNI MICHAELSSON** Sést hér á fullri ferð með landsliðinu á HM í Túnis. Hann verður tæplega með á EM í Sviss.

Markús segir þetta ekki hafa verið skemmtilega lífsreynslu og játar að fá ónotatilfinningu þegar hann hugsi til baka. „Það var auðvitað áfall að sjá hnéskelina út á hlið og alls ekki þægilegt. Ég get ekki sagt að mér líði vel þegar ég rifja atvikið upp í huganum," sagði Markús Máni.

- hbg





AÐALFUNDUR GKG

Aðalfundur GKG Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar verður haldinn laugardaginn 26. nóvember n.k. í Flataskóla í Garðabæ. Fundurinn hefst klukkan 15:00. Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf skv. 10gr. laga félagsins. Reikningsár / starfsár klúbbsins er frá 1. nóvember til 31. október.

Dagskrá aðalfundar GKG
1. Fundarstjóri og fundarritari kosnir.
2. Fundargerð síðasta aðalfundar lesin.
3. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis.
5. Umræður og atkvæðagreiðsla um tillögur skv. 8. grein laga GKG.
6. Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
7. Lagabreytingar.
8. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
9. Kosnir tveir endurskoðendur.
10. Önnur mál.

Atkvæðisrétt hafa fullgildir félagar.
Fullgildir félagar teljast skuldlausir félagar 18 ára og eldri.

Stjórn GKG

hausverk / sía



515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE
STÆRSTI
LEIKUR
ÁRSINS
REAL MADRID
BARCELONA
Í KVÖLD KLUKKAN 18:50
Í DAG
12.20 Glasgow Celtic - Glasgow Rangers
14:15 World Golf championship
18:50 Real Madrid - Barcelona
20:50 Sevilla - Betis
02:00 Floyd Mayweather vs. Sharmba Mitchell
04:55 A1 Grand prix
Á MORGUN
13:00 World Golf championship
19:20 Inter - Parma
21:50 Cincinnati - Indianapolis
sýn
– besta sætið



SÁTTUR VIÐ SAMNINGINN Ronaldo sést hér kátur við undirskriftina í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

GLEÐIFRÉTTIR FYRIR STUÐNINGSMENN MAN. UTD.:

# Cristiano Ronaldo framlengdi til tveggja ára

**FÓTBOLTI** Portúgalski vængmaðurinn Cristiano Ronaldo hefur framlengt samning sinn við Manchester United til tveggja ára. Barcelona og Real Madrid hafa bæði verið sterklega orðuð við Ronaldo síðustu vikur en þau geta lagt áhuga sinn á hilluna þar sem Ronaldo er nú samningsbundinn til ársins 2010.

„Ég er mjög ánægður og stoltur af því að hafa framlengt samninginn minn við félagið. Þetta er mikilvægur kafli í mínu lífi og nú get ég einbeitt mér að því að bæta minn leik,“ sagði Ronaldo við undirskriftina en hann er búinn að vera hjá félaginu síðan í ágúst 2003.

„Þessi samningur undirstrikar þá trú sem við höfum á ungu strákunum okkar og Ronaldo á eftir að verða að stórbrotnum leikmanni hjá okkur,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri United, en sex mánuði tók að landa samningnum við Ronaldo.

- hbg



Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is



MIKE TYSON Með enn eina endurkomuna.

Mike Tyson:

# Ekki dauður úr öllum æðum

**HNEFALEIKAR** Járnmaðurinn Mike Tyson er að íhuga að snúa aftur í hringinn enn á ný, að sögn náinna vina hans og umboðsmannsins Andy Booker. Tyson hefur nokkrum sinnum tilkynnt að hann sé hættur í íþróttinni en sökum bagalegs fjárhags hefur hann neyðst til að setja hanskana upp á nýjan leik.

Booker, sem hefur þekkt Tyson í 22 ár, segir að hann muni líklega berjast við Antonio Tarver í Dubai í Sameinuðu arabísku Furstadæmunum. „Tyson ætlar að taka þeirri áskorun að berjast við Tarver. Hann er mjög afslappaður og vel upplagður og er klár í einn bardaga til viðbótar,“ segir Booker.

- vig

Jelena Isinbajeva:

# Ræður Bubka sem þjálfara

**STANGARSTÖKK** Jelena Isinbajeva, margfaldur heimsmethafi í stangarstökki kvenna, hefur ráðið goðsögnina Sergej Bubka sem þjálfara sinn í stað Jevgeny Trofimovs, sem þjálfað hefur Isinbajevu síðan hún var fimmtán ára gömul.

Ekki er vitað hvers vegna Isinbajeva tekur þessa ákvörðun en undir leiðsögn Trofimovs hefur hún komið sér á sama stall í kvennaflokki og Bubka var á sínum tíma í karlaflokki.



DAGFINN ENERLY Sést hér í leik með Rosenborg í Meistaradeildinni árið 2003.

Dagfinn Enerly:

# Ætlar að ná fullum bata

**FÓTBOLTI** Dagfinn Enerly, norski knattspyrnumaðurinn sem hálsbrotnaði eftir samstuð í norsku úrvalsdeildinni fyrir skemmstu, tjáði sig í gær í fyrsta sinn um atvikið hörmulega og segist hann staðráðinn í því að fá mátt í fæturna á ný.

„Ég meiddist mjög alvarlega og það kemur til með að taka mig langan tíma að ná mér. En ég hef alltaf verið bjartsýnn og það hefur ekkert breyst þrátt fyrir þetta slys,“ segir Enerly.

Læknar eru ekki vissir um hvort Enerly muni nokkurn tíma fá tilfinningu í fæturna en fyrirhugað er að hann fari í stóra aðgerð eftir nokkrar vikur þar sem allt verður gert til að flýta fyrir bata hans. „Ég hef fundið fyrir miklum hlýhug frá ólíklegasta fólki síðustu vikur og það sem er efst í huga mínum og fjölskyldu minnar er að koma fram þakklæti til allra þeirra sem hafa stutt okkur í gegnum þessa erfiðu tíma,“ segir Enerly.

- vig

Knattspyrnuleikur ársins fer fram í Madríd í kvöld þegar Real Madrid tekur á móti erkifjendunum í Barcelona:

# Hinn nýi Maradona mætir hinum nýja Pelé

**FÓTBOLTI** Það er ekki á hverjum degi sem leikmenn á borð við Ronaldo, Zidane, Beckham og Eto´o eru í aukahlutverki í einum og sama leiknum. Sú verður aftur á móti raunin í kvöld þegar Real Madrid tekur á móti Barcelona á Santiago Bernabeu. Flestra augu verða á ungstjörnunum Robinho hjá Real Madrid og Lionel Messi hjá Barcelona sem og á besta knattspyrnumanni heims, Ronaldinho.

Robinho er ósjaldan líkt við Pelé og Messi er hinn nýi Maradona fyrir mörgum Argentínumönnum. Þeir tveir eiga að kveikja í Heimsmeistarakeppninni næsta sumar en reynsluleysið hefur helst háð þeim. Gengi þeirra í vetur kemur til með að ráða miklu um hlutverk þeirra á HM. Robinho stóð fyllilega undir væntingum fyrst þegar hann kom til Madrid en fljótlega fór að halla undan fæti og hann hefur lítið gert síðustu vikur.

„Þetta hefur verið erfitt fyrir mig enda er breytingin á lífi mínu mikil og ég hef lítið náð að kynnast þessum nýja heimi," sagði Robinho en Real Madrid hafði mikið fyrir því að fá hann frá Santos.

Messi hefur meiri reynslu af evrópskum fótbolta en Robinho enda gekk hann í raðir Barcelona aðeins þrettán ára að aldri. Hann fór á kostum með unglingaliðum Barca og Frank Rijkaard, þjálfari Barcelona, gaf honum tækifæri með aðalliðinu þegar hann var aðeins 16 ára gamall. Messi leiddi U-21 árs lið Argentínu til heimsmeistaratitils síðasta sumar og eftir það hefur hann verið kallaður hinn nýi Maradona.

Væntingarnar til beggja þessara drengja eru gríðarlegar og flestir spá því að þeim verði hent í ljónagryfjuna í kvöld. Fyrr læra þeir ekki að verða alvöru knattspyrnumenn. Leikurinn hefst klukkan 19 í kvöld og er í beinni á Sýn.

henry@frettabladid.is






**SNILLINGAR** Lionel Messi og Robinho verða í eldlínunni með sínum liðum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**NÓVEMBER**

16 17 18 **19** 20 21 22

**Laugardagur**

### LEIKIR

- ☐ 14.00 **Stjarnan** og **ÍBV** mætast í DHL-deild karla í handbolta í Garðabæ.
- ☐ 16.15 **Vík/Fjö** og **Haukar** mætast í DHL-deild karla í handbolta í Grafarvogi.
- ☐ 16.15 **Selfoss** og **Valur** mætast í DHL-deild karla í handbolta á Selfossi.
- ☐ 12.00 **Keflavík** og **ÍS** mætast í Powerade-bikar kvenna í körfubolta í Laugardalshöll.
- ☐ 14.15 **Haukar** og **Grindavík** mætast í Powerade-bikar kvenna í körfubolta í Laugardalshöll.
- ☐ 16.10 **Fjölnir eða KR** og **Keflavík eða Njarðvík** mætast í úrslitum Powerade-bikar karla í körfubolta í Laugardalshöll.

### SJÓNVARP

- ☐ 08.00 **Undankeppni HM** á Sýn. Sýnt verður frá leik Tékklands og Noregs í umspilinu.
- ☐ 09.45 **Fifth Gear** á Sýn.
- ☐ 10.20 **A1 Grand Prix** á Sýn. Utsending frá heimsbikarnum í kappakstri í Malasíu.
- ☐ 12.05 **Upphitun** á Enska boltanum.
- ☐ 12.25 **US PGA Tour** á Sýn.
- ☐ 12.35 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Wigan**og **Arsenal**
- ☐ 13.00 **World Golf Championsship** á Sýn.
- ☐ 14.15 **Fyrirtækjabikarinn** á RÚV. Bein útsending frá leik **Hauka**og **Grindavíkur** í Powerade-bikar kvenna.
- ☐ 14.45 **Á vellinum með Snorra Má** á Enska boltanum.
- ☐ 15.00 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Chelsea**og **Newcastle**. Allir aðrir leikir dagsins verða sýndir á öðrum rásum Skjásins.
- ☐ 15.45 **Handboltakvöld** á RÚV. Endursýndur þáttur.
- ☐ 16.05 **Fyrirtækjabikarinn** á RÚV. Bein útsending frá úrslitaleik karla.
- ☐ 16.00 **Skoski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Celtic**og **Rangers**.
- ☐ 17.15 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **WBA**og **Everton**
- ☐ 17.40 **Ensku mörkin** á Sýn. Sýnd verða mörkin úr ensku 1. deildinni.
- ☐ 18.15 **Spænsku mörkin** á Sýn.
- ☐ 18.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Real Madrid**og **Barelona**.
- ☐ 20.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Sevilla**og **Real Betis**.
- ☐ 02.00 **Hnefaleikar** á Sýn. Bein útsending frá bardaga Floyd Mayweather og Sharmba Mitchell.




Kvennalið Breiðabliks ekki hætt að versla:

# Erla fylgir Ásthildi

**FÓTBOLTI** Íslands- og bikarmeistarar Breiðabliks í kvennaflokki hafa verið duglegar að bæta við sig mannskap undanfarið og meðal þeirra leikmanna sem gert hafa samning við Blikana síðustu vikur eru landsliðskonurnar Guðrún Sóley Gunnarsdóttir og Ásthildur Helgadóttir. Einnig hafa þær Vanja Stefanovic og Elín Anna Steinarsdóttir gengið í raðir Blika.

Flestir sparkspekingar eru á því að Breiðablik sé fyrir löngu komið með mannskap sem muni rúlla upp deildinni næsta sumar en það nægir forráðamönnum Breiðabliks ekki því að minnsta kosti eitt púsl vantar í spilið og það er á leiðinni fljótlega.


**ERLA STEINA** Á leið í Breiðablik eins og fleiri knattspyrnukonur.

Það er Erla Steina Arnardóttir sem leikið hefur með Mallbäcken í sænsku úrvalsdeildinni, Hún er í fríi í Egyptalandi sem stendur en kemur heim í næstu viku og mun þá ganga frá sínum málum. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum mun hún semja við Breiðablik enda ku hún hafa mikinn áhuga á þvi að spila með Ásthildi Helgadóttur. **- hbg**

Vondur dagur fyrir stuðningsmenn Man. Utd.:

# Best aftur á gjörgæslu

**FÓTBOLTI** Það er ekki hægt að segja að dagurinn í gær hafi verið sá besti fyrir aðdáendur Manchester United. Fyrir utan brotthvarf Roy Keane bárust fregnir frá því í gærmorgun að fyrrum hetja liðsins, George Best, hefði verið lögð inn á gjörgæslu á ný en segja læknar að ástand hans sé ekki eins alvarlegt og fyrir nokkrum vikum síðan.

„Ástand hans er stöðugt og hann er að tala við fjölskyldu sína og vini. Hann þurfti aðeins á hjálp að halda til að komast yfir öndunarerfiðleika,“ sagði talsmaður sjúkrahússins sem hann dvelur á.


**GEORGE BEST** Er enn á ný orðinn alvarlega veikur og á líklega lítið eftir.

Hins vegar sagði læknir Best, Roger Williams, að sjúklingur sinn hefði fengið alvarlega sýkingu og væri í mjög annarlegu ástandu. „Hann lítur skelfilega út í augnablikinu en við vonumst til að hann muni ná sér að fullu.“


**ALEX FERGUSON** Undir mikilli pressu um þessar mundir.

David Gill hjá Man. Utd.:

# Vill sjá árangur í Evrópu

**FÓTBOLTI** David Gill, yfirmaður knattspyrnumála hjá Manchester United, segir að félagið krefjist árangurs af leikmönnum og stjóra liðsins í Meistaradeild Evrópu í ár. Lærisveinar Alex Ferguson hafa ekki verið sannfærandi í síðustu leikjum og eiga enn á hættu að komast ekki í sextán liða úrslit keppninnar. Liðið leikur gegn Villarreal á þriðjudaginn og verða að vinna til að komast áfram.

„Tap mun kosta okkur mikla peninga,“ segir Gill en talið er að Man. Utd. verði af 1,7 milljörðum hið minnsta með því að detta úr keppni. „Við vitum öll að árangurinn utan vallar byggist á árangrinum sem næst innan vallar. Það kemur ekki til greina að tapa þessum leik,“ sagði Gill ákveðinn í gær og sendi þannig skýr skilaboð til Alex Ferguson. **- vig**

Defoe fær óblíðar móttökur:

# Ókvæðisorðin munu efla mig

**FÓTBOLTI** Jermain Defoe, framherji Tottenham Hotspur, býst við því að stuðningsmenn West Ham muni baula á hann allan leikinn þegar Tottenham og West Ham mætast á White Hart Lane, heimavelli Tottenham.

„Mér finnst líklegt að aðdáendur West Ham muni öskra á mig allan leikinn. Þeir voru ekki sáttir þegar ég fór til Tottenham. En ég mun ekki láta það á mig fá. Öskrin munu aðeins hvetja mig til dáða,” segir Defoe, sem hefur engan veginn náð sér á strik fyrir Tottenham í ár eftir að hafa verið aðalmarkaskorari liðsins síðustu tvö keppnistímabil. **- mh**


**MICHAEL SCHUMACHER** Michael er ánægður með umboðsmann sinn.

Willi Weber umdeildur:

# Starfar áfram með Michael

**FORMÚLA 1** Michael Schumacher segir samband sitt við umboðsmann sinn Willi Weber enn vera í góðu lagi, þrátt fyrir að Ralf Schumacher, bróðir Michael, hafi ákveðið að slíta samstarfinu við Willi. „Samskipti okkar Weber hafa alltaf verið góðu lagi og eru enn. Þó ég og Ralf séum bræður er ekki þar með sagt að við höfum sömu skoðanir á öllum hlutum. Weber hefur komið vel fram við mig og ég ætla mér að hafa hann áfram sem umboðsmann.“

Weber hefur hjálpað þeim bræðrum mikið á ferlinum og maðurinn sem útvegaði þeim fyrstu tækifærin í Formúlunni. **- mh**



## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Powerade-bikar karla:*

FJÖLNIR-KR 80-87

**Stig Fjölnis:** Fred Hooks 33, Nemanja Sovic 20, Lárus Jónsson 11, Marvin Valdimarsson 6, Hörður Axel Vilhjálmsson 4, Guðni Valentínusarson 3, Magnús Pálsson 2, Hjalti Þór Vilhjálmsson 1.

**Stig KR:** Omar Westley 32, Fannar Ólafsson 15, Níels Páll Dungal, Pálmi Sigurgeirsson 9, Brynjar Þór Björnsson 6, Skarphéðinn Ingason 4, Baldur Ólafsson 5, Darri Hilmarsson 2.

KEFLAVÍK-NJARÐVÍK

**Leiknum var** ekki lokið þegar blaðið fór í prentun.

### *DHL-deild karla:*

KA-AFTURELDING 30-24

**Mörk KA:** Goran Gucic 9, Magnús Stefánsson 5, Jónatan Magnússon 5, Hörður Fannar Sigþórsson 5, Ólafur Sigurgeirsson 2, Nikola Jankovic 2, Andri Snær Stefánsson 2.

**Mörk Aftureldingar:** Ernir Hrafn Anarsson 6, Haukur Sigurvinsson 5, Aleks Kuzmans 3, Ásgeir Jónsson 2, Hilmar Stefánsson 2, Hrafn Ingvarsson 1.

**STAÐAN:**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. VALUR | 9 | 7 | 0 | 2 | 272 | 247 | 14 |
| 2. FRAM | 10 | 6 | 2 | 2 | 263 | 252 | 14 |
| 3. FYLKIR | 11 | 6 | 1 | 4 | 301 | 273 | 13 |
| 4. KA | 11 | 4 | 3 | 3 | 299 | 293 | 13 |
| 5. ÍR | 10 | 5 | 1 | 3 | 313 | 285 | 11 |
| 6. HAUKAR | 7 | 5 | 1 | 1 | 211 | 187 | 11 |
| 7. AFTURELDING | 11 | 4 | 2 | 5 | 283 | 288 | 10 |
| 8. ÞÓR A. | 11 | 3 | 3 | 5 | 305 | 319 | 9 |
| 9. STJARNAN | 9 | 3 | 2 | 4 | 240 | 231 | 8 |
| 10. ÍBV | 10 | 3 | 1 | 6 | 292 | 334 | 7 |
| 11. FH | 10 | 3 | 1 | 6 | 278 | 280 | 7 |
| 12. SELFOSS | 9 | 3 | 1 | 5 | 255 | 285 | 7 |
| 13. HK | 9 | 3 | 1 | 5 | 254 | 261 | 7 |
| 14. VÍK/FJÖL | 10 | 2 | 1 | 7 | 260 | 291 | 5 |

KR-ingar leika til úrslita í Powerade-bikarkeppninni:

# Frábær byrjun KR felldi Fjölni



**KÖRFUBOLTI** KR-ingar lögðu Fjölnismenn að velli í undanúrslitum Powerade-bikarsins með 87 gegn 80 í miklum spennuleik. Greinilegt var á leik beggja liða að mikið var í húfi en KR-ingar höfðu þó frumkvæðið lengst af.

KR-ingar lögðu þó grunninn að sigrinum með ótrúlegri byrjun. Herbert Arnarson, þjálfari KR, var ánægður með leik sinna manna og sagði sterka liðsheild hafa lagt grunninn að sigrinum. „Spilamennska okkar einkenndist af góðum varnarleik og hraða sem Fjölnisliðið réð ekki við, sérstaklega til þess að byrja með. Við náðum að nota liðsheildina vel og skiptingarnar gengu vel. Frumkvæðið var okkar allan leikinn og eftir góða byrjun okkar áttu Fjölnismenn í vandræðum. Ég reikna með erfiðum leik, hver sem andstæðingurinn verður. Nú verðum við að nýta okkur þennan sigur til þess að efla sjálfstraustið fyrir komandi leiki.“

Hinum undanúrslitaleiknum, milli Keflavíkur og Njarðvíkur, var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun. **- mh**



**JENS SÆVARSSON** Jens hefur allan sinn feril leikið með Þrótti.

Fylkir fær liðsstyrk:

# Jens frá Þrótti til Fylkis

**FÓTBOLTI** Jens Sævarsson mun leika með Fylki á næsta tímabili í Landsbankadeild karla en hann hefur verið á mála hjá Þrótti allan sinn feril. Jens, sem er 25 ára gamall, vonast til þess að geta bætt sig sem knattspyrnumaður hjá Fylki. „Mér fannst þetta góður tímapunktur til þess að breyta til. Mér líst mjög vel á Leif Garðarsson, þjálfara Fylkis, og er viss um að ég muni bæta mig sem leikmaður undir hans stjórn.“

Jens hefur verið einn af bestu leikmönnum Þróttar undanfarin ár og er ljóst að brottför hans mun veikja lið Þróttar.

Þróttur og Fylkir hafa ekki gengið formlega frá félagsskiptunum ennþá en Jens átti von á því það gerðist á næstu dögum. **- mh**







## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„As long as there's, you know, sex and drugs, I can do without the rock and roll.“**

**Svar:**
Mick Shrimpton úr kvikmyndinni This is Spinal Tap frá árinu 1984

# dagskrá

## Í TÆKINU ERIC LEIKUR Í DUDLEY DO-RIGHT Í SJÓNVARPINU KL. 20.40

# *Handritahöfundur, leikari og músíkant*



Eric Idle fæddist í Durham í Englandi árið 1943. Hann missti föður sinn í bílslysi á aðfangadagskvöld aðeins tveggja ára gamall.
Þegar Eric var sjö ára var hann sendur í heimavistarskóla sem hann lýsti síðar sem hálfgerðu munaðarleysingjahæli. Þar eyddi hann næstu tólf árum ævinnar og þótti klár skólastrákur með náttúrulega hæfileika í ensku.
Nítján ára gamall fékk Eric inni í háskóla í Cambridge. Hann sótti um í leikfélaginu Cambridge Footlights þar sem hann kleif fljótt upp metorðastigann. Einungis ári síðar lék hann aðalhlutverkið í sýningu á Edinborgarhátíðinni (þar sem hann hitti fyrst Michael Palin og Terry Jones) og var kosinn formaður Footlights næsta árið.
Eftir útskrift lék Eric í ýmsum leikhúsuppfærslum og tók til við handritaskrif fyrir útvarp og sjónvarp. Við skrifin kynntist hann Terry Gilliam og í framhaldinu hófst samvinna með fimm frekar skrýtnum einstaklingum – Monty Python-hópnum. Ekki er pláss til að rekja sögu þeirra hér enda þekkja hana flestir. Eric var alltaf með einhver hliðarverkefni við Monty Python.
Eitt af þeim var myndin The Rutles, sem fjallaði í heimildarmyndastíl um feril bítlahljómsveitar. Þar komu fram margar stjörnur, til dæmis Dan Akroyd, Bill Murray, Mick Jagger og George Harrison.
Eric er mikill músíkant og hefur nú á dögunum einbeitt sér mikið að tónlist. Hann er bæði góður gítarleikari og söngvari og í byrjun þessa árs setti hann upp söngleikinn Spamalot á Broadway sem byggður er á myndinni Monty Python & the Holy Grail.

**Þrjár bestu myndir Erics:** **Life of Brian** – 1979 **The Rutles: All You Need Is Cash** – 1978 **Monty Python and the Holy Grail** – 1975



▶ **20.10** *Gaman*

SPAUGSTOFAN



▶ **19.40** *Gaman*

STELPURNAR



▶ **21.50** *Raunveruleiki*

ÁSTARFLEYIÐ



▶ **21.15** *Bíó*

POLICE ACADEMY 2



▶ **22.50** *Hnefaleikar*

ANTONIO TARVER – ROY JONES JR.

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Gurra grís (29:52) **8.08** Kóalabræður (42:52) **8.19** Pósturinn Páll (12:13) **8.37** Franklín (68:78) **9.02** Bitti nú! (39:40) **9.28** Gormur (44:52) **9.54** Gló magnaða (25:52) **10.18** Kóalabirnirnir (11:26) **10.45** Stundin okkar **11.15** Kastljós **11.45** Mannkyn í mótun (1:2)

**12.40** Eldflaugamaðurinn **14.15** Fyrirtækjabikar kvenna í körfubolta **15.45** Handboltakvöld **16.05** Fyrirtækjabikar karla í körfubolta **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Hope og Faith (33:51)

**18.30** **Frasier** (Frasier XI)
**18.54** **Lottó**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40** **Hljómsveit kvöldsins**
▶ **20.10** **Spaugstofan**
**20.40** **Dáðadrengurinn Dudley** (Dudley Do-Right)Bandarísk gamanmynd frá 1999 um riddaralöggu í Kanada sem er ekki eins skarpur og hann lítur út fyrir að vera og á í baráttu við útsmoginn svindlara.
**22.05** **Blómin hans Harrisons** (Harrison's Flowers) Frönsk bíómynd frá 2000. Ljósmyndari frá Newsweek hverfur í stríðinu í Júgóslavíu og konan hans fer að leita að honum. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára.

**0.15** Þagnarmúr **1.50** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Jellies, Ljósvakar, Músti, Heimur Hinriks, Grallararnir, Kærleiksbirnirnir, Með afa, Kalli á þakinu, Rudolf the Red-Nosed Reind, Home Improvement 3 Leyfð öllum aldurshópum.)

**12.00** Hádegisfréttir **12.15** Bold and the Beautiful **12.35** Bold and the Beautiful **14.00** Idol – Stjörnuleit 3 **14.55** Idol – Stjörnuleit 3 **15.35** Eldsnöggt með Jóa Fel (4:8) **16.10** Amazing Race 7 (11:15) **17.10** Sjálfstætt fólk **17.45** Oprah (7:145)

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.54** **Lottó**
**19.00** **Íþróttir og veður**
**19.15** **George Lopez (9:24)**
▶ **19.40** **Stelpurnar (12:20)**
**20.05** **Bestu Strákarnir** Strákarnir Auddi, Sveppi og Pétur Jóhann tóku upp á ýmsu í vikunni.
**20.35** **Það var lagið**
**21.35** **Loch Ness** Létt og skemmtileg mynd um vísindamanninn Dempsey sem fer til Skotlands til að rannsaka Loch Ness skrímslið. Niðurstaða rannsóknarinnar lætur á sér standa en Danson kynnist raunverulegum töfrum og verður ástfanginn af Lauru, sem er einstæð móðir. Aðalhlutverk: Ian Holm, Ted Danson, Joely Richardson.Leyfð öllum aldurshópum.

**23.10** Spider (Bönnuð börnum) **0.45** Deliver Us from Eva **2.25** Pirates of the Caribbean: The **4.45** Strákarnir **5.15** Sjálfstætt fólk **5.45** Fréttir Stöðvar 2 **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**15.30** Ford fyrsætukeppnin 2005 **16.00** David Letterman **16.45** David Letterman **17.35** Hogan knows best (7:7) **18.00** Friends 4 (18:24)

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Game TV**
**19.30** **Fabulous Life of**
**20.00** **Friends 4 (19:24)**
**20.25** **Friends 4 (20:24)**
**20.50** **Ford fyrsætukeppnin 2005**
**21.20** **Sirkus RVK** Sirkus Rvk er nýr þáttur í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar, þar sem hann tekur púlsinn áöllu því heitasta sem er að gerast.Tíska, menning, skemmtanir, kvikmyndir, matur, bílar, tækni og nýjungar, förðun,heilsa og skemmtilegt fólk er meginþema þáttarins .
▶ **21.50** **Ástarfleyið (5:11)** Sirkus er farin af stað með stærsta verkefnið sitt í haust, veruleikaþátttinnÁstarfleyið.
**22.30** **HEX (7:19)** Yfirnáttúrulegir þættir sem gerast í skóla einum í Englandi.

**23.15** Idol extra 2005/2006 **23.45** Girls Next Door (3:15) **0.10** Joan Of Arcadia (20:23) **0.55** Paradise Hotel (20:28) **1.40** David Letterman **2.25** David Letterman

## SKJÁREINN

**11.00** Spurningaþátturinn Spark (e) **11.30** Popppunktur (e)

**12.30** Rock Star: INXS (e) **14.05** Charmed (e) **15.00** Íslenski bachelorinn (e) **16.00** America's Next Top Model IV (e) **17.00** Survivor Guatemala (e) **18.00** Þak yfir höfuðið

**19.00** **Will & Grace (e)**
**19.30** **The O.C. (e)**
**20.25** **House (e)** Splunkunýr vinkill á spennusögu þar sem hrappurinn er sjúkdómur og hetjan er óvenjulegur læknir.
▶ **21.15** **Police Academy 2: Their First Assignment** Á laugardagskvöldum í nóvember og desember mun SkjárEinn taka til sýninga hinar stórskemmtilegu Police Academy myndir.Myndirnar voru gríðarlega vinsælar á 9. áratug síðustu aldar og má gera ráð fyrir að margir sjónvarpsáhorfendur verði ánægðir með að geta endurnýjað kynnin við ungu lögreglunemana á skjánum. Nú eru vinirnir útskrifaðir úr lögregluskólanum og hafa fengið sitt fyrsta verkefni! Í aðalhlutvekum eru sem fyrr Steve Guttenberg, Bubba Smith og David Graf.

**23.00** Bubbi: Ást í 6 skrefa fjarlægð frá Paradís **23.30** New Tricks **0.25** C.S.I. (e) **1.20** Law & Order – lokaþáttur (e) **2.10** Boston Legal (e) **3.05** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.35** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

besta sætið

**8.00** HM 2006 **9.45** Fifth Gear **10.15** A1 Grand Prix

**12.20** Enski boltinn **14.15** World Golf Championship 2005 **17.15** Inside the US PGA Tour 2005 **17.40** Ensku mörkin **18.15** Spænsku mörkin **18.15** Spænsku mörkin

**18.50** **Spænski boltinn** (Real Madrid – Barcelona) Bein útsending frá 12. umferð í spænska boltanum. Meðal liða sem mætast eru Real Madrid og Barcelona en þetta er lang stærsti leikur umferðarinnar. Bæði liðin eru ein af þeim allra sterkustu í Evrópu enda eru skærustu og bestu knattspyrnumenn heims í þessum liðum. Í fyrra unnu bæði liðin sinn heimaleik þegar þau mættust.
**20.50** **Spænski boltinn** (Sevilla – Betis) Bein útsending frá 12. umferð í spænska boltanum.
▶ **22.50** **Hnefaleikar** (Antonio Tarver – Roy Jones Jr.) Útsending frá einvígi Antonio Tarver og Roy Jones Jr. Kappanir mættust í október 2005.

**0.00** Hnefaleikar **4.55** A1 Grand Prix

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Core (Bönnuð börnum) **8.10** The Mighty **10.00** Stuttur Frakki **12.00** Cosi **14.00** The Mighty **16.00** Stuttur Frakki **18.00** Cosi **20.00** **The Core** (Kjarninn) Aðalhlutverk: Aaron Eckhart, Hilary Swank, Stanley Tucci. 2003. Bönnuð börnum. **22.10** **The Matrix Reloaded** (Matrix 2) Bönnuð börnum. **0.25** Adventures Of Ford Fairlaine (Stranglega bönnuð börnum) **2.05** U.S. Seals II (Str. b. börnum) **4.05** The Matrix Reloaded (B. börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** 101 Craziest TV Moments **13.00** 101 Craziest TV Moments **14.00** It's Good To Be **14.30** The Soup UK **15.00** The E! True Hollywood Story **17.00** 50 Biggest Fashion Dos & Don'ts **18.00** E! Entertainment Specials **19.00** E! News Weekend **20.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Kill Reality **23.00** The Soup UK **23.30** The Anna Nicole Show **0.00** Wild On Tara **0.30** Wild On Tara **1.00** The E! True Hollywood Story

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**19.00** **Upphitun** Knattspyrnustjórar, leikmenn og aðstandendur úrvalsdeildarliðanna spá og spekúlera í leiki helgarinnar.
**19.30** **Spurningaþátturinn Spark (e)**
**20.00** **Spurningaþátturinn Spark** Spark er splunkunýr spurningaþáttur um fótbolta og fótboltatengt efni.
**20.30** **Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“ (e)**
**21.30** **Upphitun (e)**
**22.00** **Dagskrárlok**




## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Real Madrid – Barcelona** Sýn kl. 18.50

### *Stærsti leikurinn*



Í kvöld verður bein útsending frá 12. umferð í spænska boltanum. Það eru liðin Real Madrid og Barcelona sem munu mætast og er þetta langstærsti leikur umferðarinnar. Liðin tvö eru með þeim allra sterkustu í Evrópu enda með skærustu og bestu knattspyrnumenn heims innanstokks. Í fyrra unnu bæði liðin sinn heimaleik þegar þau mættust. Þetta er leikur sem enginn má missa af og eins gott að vera vel undirbúinn fyrir sófaátök í kvöld!

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Bílaþáttur **10.03** Laugardagsmorgunn

**12.10** Hádegisútvarpið **13.00** Bókmennaþátturinn **14.00** Úr skríni **15.03** Glópagull og gisnir skógar e **16.00** Sannar kynjasögur eftir Cheiro. **17.03** Frjálsar hendur Illuga e. **18.00** Hitt og þetta úr Allt&sumt e. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Bílaþáttur e. **20.00** Laugardagsmorgunn e. **22.00** Hádegisútvarpið e. **23.00** Bókmenntaþátturinn e.

**0.00** Úr skríni e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Samfélagið í nærmynd **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Bókaþing **11.00** Í vikulokin

**12.00** Hádegisútvarp **13.00** Laugardagsþáttinn **14.00** Púsl **14.40** Vítt og breitt **15.30** Með laugardagskaffinu **16.10** Orð skulu standa **17.05** Til allra átta

**18.28** Í kvöld um kaffileytið **19.00** Íslensk tónskáld: Haukur Gröndal **19.30** Stefnumót **20.15** Silfurplötur Iðunnar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Uppá teningnum **23.10** Danslög

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **8.00** Fréttir **8.05** Morguntónar **9.00** Fréttir **9.03** Helgarútgáfan **10.00** Fréttir **10.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Með grátt í vöngum

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Auglýsingar **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ-senan **22.10** Næturvörðurinn

**0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsd. **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartans. **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielss. **3.00** Rósa Ingólfs **4.00** Kjartan G. Kjartanss. **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**10.05** *Fræðsla*

SÖGUR AF FÓLKI

## NFS

**10.05** Sögur af fólki – með Helgu Völu Helgadóttur. **11.00** Helgin – með Eiríki Jónssyni.

**12.00** Fréttir **12.10** Íþróttafréttir. **12.15** Veðurfréttir **12.18** Leiðarar blaðanna. **12.25** Maður vikunnar. **13.00** Frontline **13.45** Morgunþættir (e) **14.05** Helgin **15.00** Sögur af fólki **16.05** Skaftahlíð 24. **16.40** Vikuskammtur **18.00** Fréttayfirlit. **18.02** Veðurfréttir. **18.12** Íþróttafréttir.

**18.30 Kvöldfréttir**
**18.58 Yfirlit frétta og veðurs.**
**19.10 Endurteknir helgarþættir**

**22.45 Endursýningar**

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.30** Football: Top 24 Clubs **13.00** Football: Goooal ! **13.15** Luge: World Cup Torino **14.00** Bobsleigh: World Cup Lake Placid **15.00** Luge: World Cup Torino **15.30** Cross-country Skiing: World Cup Beitostolen **16.00** Bobsleigh: World Cup Lake Placid **17.00** Cross-country Skiing: World Cup Beitostolen **18.00** Sumo: Aki Basho **19.00** Fight Sport: Fight Club **22.00** Xtreme Sports: Yoz Mag **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Fight Sport: Fight Club **0.45** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**

**12.30** Passport to the Sun **13.00** Doctors **13.30** Doctors **14.00** Doctors **14.30** Doctors **15.00** My Hero **15.30** Yes Prime Minister **16.00** Top of the Pops **16.35** Top of the Pops 2 Specials **16.55** The Weakest Link **17.40** Strictly Come Dancing **18.40** Casualty **19.30** Strictly Come Dancing:results Show **20.00** Grumpy Old Women **20.30** George Vi **21.30** Phobias **22.20** Top of the Pops **22.45** Top of the Pops 2 Specials **23.10** Table 12 **23.20** Table 12 **23.30** The League of Gentlemen **0.00** Building the Impossible **1.00** The Private Life of a Masterpiece **2.00** Sperm Wars

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Seconds From Disaster **13.00** Seconds From Disaster **14.00** Seconds From Disaster **15.00** Seconds From Disaster **16.00** Seconds From Disaster **17.00** Seconds From Disaster **18.00** Seconds From Disaster **19.00** Seconds From Disaster **20.00** Seconds From Disaster **21.00** Four Days in November **23.30** The Search for Kennedy's PT-109 **0.30** Battlefront **1.00** Battlefront **1.30** Battlefront

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Miami Animal Police **13.00** George and the Rhino **14.00** Cousins **15.00** Monkey Business **15.30** Meerkat Manor **16.00** Big Cat Diary **16.30** Predator's Prey **17.00** Crocodile Hunter **18.00** Austin Stevens – Most Dangerous **19.00** Wild Africa **20.00** Fate of the Panda **21.00** Island of the Monkey God **22.00** Miami Animal Police **23.00** Austin Stevens – Most Dangerous **0.00** George and the Rhino **1.00** Cousins

**DISCOVERY**

**12.05** The Greatest Ever **13.00** Space **14.00** Rides **15.00** Extreme Machines **16.00** Spy **17.00** Ray Mears' Extreme Survival **17.30** Ray Mears' Extreme Survival **18.00** Super Structures **19.00** Aircraft Carrier **20.00** American Chopper Special **21.00** Rides **22.00** 5th Gear **22.30** 5th Gear **23.00** Trauma **0.00** Body Spectacular **1.00** FBI Files

**MTV**

**10.00** Madonna Weekend Music Mix **15.00** Trl **16.00** Dismissed **16.30** Just See Mtv **17.30** Think Mtv: Rocked – Sum 41 IN Congo **18.00** European Top 20 **19.00** The Fabulous Life Of... **19.30** Cribs **20.00** Viva LA Bam **20.30** Pimp MY Ride **21.00** Top 10 AT Ten – Jay Z **22.00** Jackass **22.30** Andy Milonakis Show **23.00** SO 90'S **0.00** Just See Mtv






## HRÓSIÐ

*...fær Edda Björgvinsdóttir fyrir að ábyrgjast Áramótaskaupið í ár.*

## NÚNA · BÚIÐ



**Mango Mojito**. Mojito er kominn í alls kyns nýjar útgáfur þessa dagana. Prófaðu þessa, sem er með fersku mangómauki og fullt af klaka.



**Bað.** Sparaðu sturtuna, ekkert er notalegra á vetrarkvöldum en heitt og notalegt bað með ilmkertum, rauðvínsglasi og jafnvel félagsskap.



**Klesstur maskari.** Sixtís lúkkið er inni, og því fylgja margar, margar, margar umferðir af maskaraburstanum.



**Cosmopolitan.** Ekki ertu ennþá að drekka hann? Dó um leið og Sex and the City leið undir lok.



**Rakaðir karlmenn.** Plís, ekki hlusta á Gillzenegger og raka alla kynþokkafulla og karlmannlega parta. Haldið rakvélinni við skeggrótina.



**Lopapeysur.** Voða fallegar og þjóðlegar, en ekki svo spennandi lengur þegar öll þjóðin gengur í þeim hversdagslega.



**LÁRÉTT 2** tæma **6** í röð **8** gljúfur **9** stefna **11** klukkan **12** töng **14** einkennis **16** rykkorn **17** hlaup **18** þakbrún **20** tveir eins **21** tröll.

**LÓÐRÉTT 1** fituskán **3** einnig **4** land **5** einkar **7** stífkrampi **10** saur **13** starfsgrein **15** óhapp **16** for **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** losa, **6** rs, **8** gil, **9** átt, **11** kl, **12** kjafi, **14** aðals, **16** ar, **17** gel, **18** ufs, **20** yy, **21** risa.
**LÓÐRÉTT: 1** brák, **3** og, **4** sikiley, **5** all, **7** stjarfi, **10** tað, **13** fag, **15** slys, **16** aur, **19** ss.



**RAGNA FRÓÐA** Er bjartsýn á að tískusýningin á Hótel Borg á morgun heppnist vel enda mikil gróska í hönnun á Íslandi um þessar mundir
FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

TÍSKUSÝNING Á BORGINNI: BARÐI JÓHANNSSON SÉRHANNAR TÓNLIST

# Gamalt og sígilt í bland við nýja strauma

„Þetta er rosalegt verkefni," segir Ragna Fróða fatahönnuður, en hún stendur fyrir veglegri tískusýningu ásamt starfssystur sinni Ástu Guðmundsdóttur og skartgripahönnuðinum Guðbjörgu Kr. Ingvarsdóttur. Fara herlegheitin fram á Hótel Borg á morgun klukkan þrjú en ekkert hefur verið til sparað svo að sýningin verði sem glæsilegust. Hárgreiðslustofan Rauðhetta og úlfurinn sér um að allir séu rétt greiddir, Margrét Einarsdóttir verður stílísti og Fríða María hefur umsjón með förðuninni. Þar að auki hefur tónlistarmaðurinn Barði Jóhannsson sett saman sérstaka tónlist fyrir sýninguna en kynnir verður leikkonan Bryndís Guðjónsdóttir.

„Þetta er algjörlega okkar eigið framtak en það er bráðnauðsynlegt fyrir hönnuði að halda svona sýningar því þá getum við sýnt hvað við erum að gera," útskýrir Ragna en viðurkennir jafnframt að heilmikil vinna liggi að baki til að slík sýning geti orðið að veruleika. „Það er mjög gott að við erum þrjár því þá höfum við alltaf úr þremur hugmyndum að moða í stað einnar," útskýrir hönnuðurinn.

Spurð af hverju Hótel Borg hafi orðið fyrir valinu segir Ragna að staðurinn búi yfir sérstöku andrúmslofti. „Tískusýningar eru oft svona „cool" en Borgin passar vel við þá stemningu sem við erum í," segir hún. „Staðurinn er fallegur og gamaldags," útskýrir hún og segir þær leitast eftir að skapa klassíska dramatíska stemningu í bland við nýja strauma. „Borgin er eini staðurinn sem hefur yfir þessu andrúmslofti að ráða," bætir hún við en segir að í ljósi þess að þær starfi allar á sama blettinum í Reykjavík hafi aldrei komið til greina að rjúfa tryggðina við miðborgina.

Ragna segir að þær renni vissulega hálf blint í sjóinn en það sé ekki ástæða til neins annars en bjartsýni því mikil gróska sé í hönnun á Íslandi. „Ef vel tekst til þá erum við til í að endurtaka þetta innan skamms," segir hún. freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Það ber nokkuð á að raunverulegar persónur skjóti upp kollinum í nýjum íslenskum skáldsögum og nægir í því sambandi að nefna skáldsögu **Kristjóns Kormáks Guðjónssonar**, Frægasti maður í heimi, og glæpasögu **Ævars Arnar Jósepssonar**, Blóðberg, en þar kemur **Friðrik Sophusson** við sögu sem forstjóri Landsvirkjunnar. Fyrirtækið er í brennidepli í söguni þar sem Kárahnjúkasvæðið er vettvangur glæpsins. Kristjón Kormákur fór þá leið að flétta þjóðkunna einstaklinga inn í sögu sína að þeim forspurðum en Ævar fékk leyfi hjá Friðrik til þess að nota nafn hans og þakkar hann forstjóra Landsvirkjunnar sérstaklega í eftirmála bókarinnar fyrir að hafa látið þennan hégóma eftir sér.





**Eiríkur Bergmann Einarsson**, stjórnmálafræðingur og Evrópuspekingur, sendi frá sér sína fyrstu skáldsögu, Glapræði, á dögunum. Hann hefur fengið heldur slæma útreið hjá gagnrýnendum. **Friðrika Benónýs** finnur bókinni ýmislegt til foráttu í Morgunblaðinu og **Páll Baldvin Baldvinsson**, gagnrýnandi DV, sæmir bókina hauskúpu sem segir líklega flest um það hvernig bókin lagðist í hann en Glapræði er fyrsta bókin sem verður þessa vafasama heiðurs aðnjótandi hjá DV. Þessir hörðu dómar komu Eiríki sjálfum nokkuð í opna skjöldu enda hafði **Valur Gunnarsson** áður ritað jákvæðan dóm um Glapræði í tímaritið Sirkus. „Það er merkilegt hvað bókadómar geta verið misjafnir. Síðastliðinn föstudag fjallaði Valur Gunnarsson á tímaritinu Sirkus Rvk. einkar lofsamlega um bókina mína Glapræði og sagði hana lýsa lífinu á skemmtilegan hátt og vera auk þess afar fyndna," segir Eiríkur á bloggi sínu og þakkar svo fyrir að Friðrika „skuli hafa nennt að lesa bókina til enda þrátt fyrir alla þessa ágalla og ennfremur séð ástæðu til að fjalla um hana á síðum Morgunblaðsins."









# Nylon tekur Rolling Stones-lag



**NYLON** Syngur fyrir íslenska aðáendur sína og enska blaðamenn. Flokkurinn mun setja nýtt lag í spilun í janúar á næsta ári en þar kveður við nýjan tón.

Stelpurnar í Nylon fagna útkomu nýjustu afurðar sinnar, Góðir hlutir, í Loftkastalanum klukkan fjögur í dag. Sveitin hefur á rúmu ári eignast stóran aðdáendahóp og platan náði nýverið efsta sæti tónlistans og er uppseld hjá útgefanda. „Þetta gengur alveg frábærlega," segir Steinunn Kamilla Sigurðardóttir af sinni alkunnri hógværð en stúlkurnar voru að máta föt hjá Oni sem þær verða í á tónleikunum. „Það gengur líka mjög vel," segir hún og hlær.

Stelpurnar munu þó ekki eingöngu syngja fyrir aðdáendur sína því fjölmiðlafólk frá Bretlandi kemur til með að vera á tónleikunum auk tökuliðs frá enskum sjónvarpsþætti. Steinunn sagði stelpurnar þó fjarri því að vera eitthvað hræddar við þetta. Þær ætluðu að halda sér á jörðinni og tæku því bærist opnum örmum. „Kannski heppnast allt og kannski floppar það," segir Steinunn. „Hvað sem verður þá erum við mjög ánægðar yfir því að vera komin þangað sem við erum í dag," bætir hún við og segir þær stöllur taka öllu umstanginu með stökustu ró.

Ný smáskífa fer í spilun á Englandi í janúar en það er endurútgáfa af Rolling Stones-laginu Have You Seen Your Mother, Baby, Standing in the Shadow? Heimildir Fréttablaðsins herma að lagið hafi mælst vel fyrir en þar kveði við algjörlega nýjan tón hjá stúlkunum og jafnvel stúlknasveitum yfirhöfuð. Steinunn segist ekki vera hrædd við að útgáfa þeirra eigi eftir að styggja hina fjölmörgu Stones-aðdáendur. „Við erum ekki í þessu til þess að pirra neinn," segir hún og tekur jafnframt undir það að þessi hljómur sé alveg nýr af nálinni. „Þetta er stutt, öðruvísi og pínulítið gamaldags," segir hún.

- fgg

SKÍFAN KYNNIR

# HEITAR LUMMUR
## 11 ÆÐISLEG LÖG!






NÝTT!
Helgartilboð
1.799 kr.

Heitar lummur árita
í Skífunni Smáralind
í dag kl. 14.00!

Heitar Lummur eru:

**Helgi Þór**
**Kalli Bjarni**
**Arndís Ólöf**
**Alma Rut**

Lagalisti:
Disco frisco, Gaggó vest, Ég er á leiðinni, Vertu ekki að plata mig, Dagar og nætur, Draumaprinsinn, Harðsnúna Hanna, Riddari götunnar, Í útvarpinu heyrði ég lag, Ég lifi í voninni, Seinna meir.

BaseCamp

## Helgartilboð í Skífunni!

S·K·Í·F·A·N
...skemmtir þér ; )

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**


GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR


## Gott mál

Það gladdi mitt langþreytta frjálslynda hjarta að lesa um það í blöðunum að nú skyldi réttarstaða samkynhneigðra bætt til muna. Samkynhneigðu fólki skal gefinn kostur á því að ættleiða börn og konur í staðfestri sambúð mega fara í tæknifrjóvgun. Ég hef aldrei skilið þá sem er á móti því að samkynhneigðir fái þessi réttindi. Fólk verður ekki slæmir uppalendur bara við það að vera samkynhneigt.

**FÓLK** getur orðið slæmir uppalendur ef það er til dæmis haldið drykkjusýki á háu stigi, er haldið djúpstæðum dómgreindrarbrestum, hefur litla sem enga réttlætiskennd eða er kannski alltaf í slag. Maður veit ekki. Þjóðfélagið er stútfullt af alls konar dæmum um gagnkynhneigt fólk sem ekki hefur farist það sérstaklega vel úr hendi að ala upp börnin sín. Þá skiptir litlu að það fólk skuli vera gagnkynhneigt, eins og það eigi að vera einhver gæðastimpill. Gagnkynhneigt fólk er oft til mikilla vandræða.

**ÞAÐ** er eins og fólk hafi haldið að hommar gætu ekki alið upp börn vegna þess að þeir væru svo uppteknir við það að kaupa sér þröngar leðurbuxur með keðjum. Eða að lesbíur gætu það ekki vegna þess að þær væru svo uppteknar við að safna hári í handarkrikann. Í gegnum tíðina hefur náttúrlega ekki staðið steinn yfir steini í fordómunum. Þess vegna er þetta nýja frumvarp ríkisstjórnarinnar eins og ferskur vindur. Loksins eitthvað rétt. Og nú er bara að sjá hversu gamaldags kirkjan ætlar sér að vera. [RÖDD breytist.]

**EN** af þessu tilefni vil ég gjarnan nota tækifærið sem hér hefur skapast til þess að nefna... eh... þá ágalla sem ég sé í fljótu bragði á því fyrirkomulagi að barn, eða börn, alist upp hjá.. eh... samkynhneigðum, eins og sagt er, foreldrum. Fyrir það fyrsta ber þess að geta að nokkrar líkur eru á, að börn lesbískra, eins og það er kallað, kvenna, muni eiga erfitt uppdráttar þegar kemur til þess í þeirra lífi að þau eigi sjálf að leita sér maka. Líkur eru á að þeir aðilar sem helst muni koma til greina sem makar muni setja það fyrir sig að eiga í framtíðinni tvær tengdamömmur.

**Í** annan stað er líklegt að það muni teljast galli í framtíðinni að vera barn tveggja karla. Líklegt er að tiltektir innan heimilis verði af skornum skamti og matseld verði einhæf. Þá gæti sú staða einnig komið upp, eins og bent hefur verið á í mín eyru, að ef karlarnar tveir slitu samvistum myndi barnið búa við endalausar pabbahelgar, á báða bóga, með tilheyrandi dekri, sem ekki yrði gott fyrir barnið til lengri tíma litið. Barnið gæti borið sálrænan skaða af því að þurfa endalaust að gefa öndunum brauð, fara í Húsdýragarðinn, horfa á vídeó og borða skyndifæði.

**AÐ** mörgu ber því vissulega að hyggja þegar uppeldi samkynhneigðra á börnum er annars vegar. Góðar stundir.


